



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Áföll, vald, samskipti

Upplifun prédikarans á áttakátímum í ljósi prédikunarfræði

Fritz Már Jörgensson Berndsen

Ritgerð lögð fram til doktorsprófs í guðfræði

12. Mars 2026

GUÐFRÆÐI- OG TRÚARBRAGÐAFRÆÐIDEILD

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands

hefur metið ritgerð þessa hæfa til varnar

við doktorspróf í guðfræði

Reykjavík, 12 mars 2026

Arnfríður Guðmundsdóttir

deildarforseti

Doktorsnefnd:

Sigríður Guðmarsdóttir leiðbeinandi, Pétur Pétursson leiðbeinandi,
Hjalti Hugason, Þorbjörn Broddason

Áföll, vald, samskipti: Upplifun prédikarans á áttakátimum í ljósi prédikunarfræði

© Fritz Már Jörgensson Berndsen
Reykjavík 2026

Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Allur réttur áskilinn. Ritgerðina má ekki afrita, að hluta eða í heild, svo sem með ljósmyndun, skönnun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis höfundar.

ORCID <https://orcid.org/0009-0005-2550-949X>

Útdráttur

Prédikunarfræði (e. *homiletics*) snerist löngum um undirbúning prédikunar, flutning hennar og miðlun. Á síðari árum hafa prédikunarfræðingar beint sjónum sínum að reynslu prédikarans sjálfs. Í ritgerðinni sem hér er sett fram er fengist við þau áhrif sem sjónarhóll og upplifanir prédikara hafa á prédikun. Samfélagslegar aðstæður áheyrenda eru einnig lykilþáttur í prédikunarfræðilegri umfjöllun ritgerðarinnar þar sem færð eru rök fyrir því að prédikunarfræðingar hafi almennt ekki gefið nægjanlegan gaum að þeim samfélagslegu áföllum er prédikarar og áheyrendur hafa upplifað.

Tímabilið frá lokum 20. aldar til upphafs 21. aldar voru átakatímar fyrir þjóðkirkjuna sem þurfti að fást við mál er ollu henni og þjónum hennar vandræðum. Málin sem valin voru eru ferns konar og byggja sögulega greiningu ritgerðarinnar. Ein hjúskaparlög og kirkjuleg hjónavígsla hinsegin fólks olli deilum í samfélaginu og innan þjóðkirkjunnar. Næst kemur hið svokallaða biskupsmál er hófst árið 1996 þegar tvær konur ásökuðu páverandi biskup Ólaf Skúlason um kynferðisbrot. Þá má nefna Kristnitökuhátið á Þingvöllum sem var gagnrýnd vegna náins samstarfs þjóðkirkjunnar við Alþingi og valdamenn í stjórnmálum. Að lokum er fjallað um efnahagshrunið á Íslandi árið 2008 sem var einstakur viðburður sem leiddi af sér samfélagslegt áfall.

Áskoranir átakatímabilsins fyrir, í og eftir hrun höfðu áhrif á hina evangelísk-lúthersku þjóðkirkju á Íslandi sem glímdi á þessu tímabili við ýmsar áskoranir af félagslegum toga. Höfundur rannsakar áhrif prédikunar á þessu tímabili og greinir áhrif þessa átakatímabils á prédikara og prédikun þeirra. Í ljósi prédikunarfræða má álykta að atburðir sem þessir geti haft áhrif á hvort tveggja, prédikara og áheyrendur þeirra. Átakatímabil vísar hér til samfélagslegra og stofnanatengdra umbreytinga sem höfðu áhrif á íslenskt samfélag, þjóðkirkju og prédikun presta á tímabilinu 1995-2015.

Rannsóknarspurning ritgerðarinnar er: Hver er upplifun presta á Íslandi af því að prédika á átakatímum í aðstæðum hruns og áfalla?

Ein af hinum stóru áskorunum ritgerðarinnar lýtur að áhrifum ólíkra tegunda valds og mögulegum áhrifum valdastöðu og misbeitingar valds á prédikun. Þessir þættir verða rannsakaðir út frá kenningum um áfallatengda prédikun. Aðrar kenningar sem ritgerðin byggir á lúta að tungutaki og samskiptum í prédikun. Í samtímanum verða samskipti prédikara við áheyrendur stöðugt flóknari, rétt eins og aðferðir til miðlunar á prédikun. Umræða í prédikunarfræði tengd hugmyndum úr síðnýlenduhyggju (e. *postcolonialism*) um áföll og vald hefur haft þau áhrif að nýjar rannsóknir á birtingarmyndum þessara þátta hafa fengið aukið rými.

Ritgerðin byggir á eiginlegri viðtalsrannsókn þar sem tekin voru viðtöl við átta starfandi presta innan Þjóðkirkjunnar um reynslu þeirra og upplifanir í samfélagslegu áfalli efnahagshrunsins. Viðtölin eru síðan greind og túlkuð út frá áður nefndum kenningum. Viðmælendur rannsóknarinnar, rétt eins og áheyrendur þeirra, þurftu að fást við afleiðingar áfalla í eigin lífi, starfi og prédikun. Rætt er um mál sem tengjast lykilhugtökum ritgerðarinnar og prédikun tengda þeim. Þar ber á góma málefni á borð við traust, sjálfsmat presta, texta, tungutak, túlkun, samfélagsleg álitamál og áfallaaðstæður.

Niðurstöður ritgerðarinnar benda til þess að átakatíminn ásamt samfélagslegu áfalli hruntímans hafi haft mikil áhrif á prédikara og áheyrendur þeirra. Í niðurstöðunum er að finna samsvörun við aðrar rannsóknir á reynslu prédikara af samfélagslegum áföllum. Nýsköpun þessarar ritgerðar felst í því að rannsaka reynslu íslenskra presta á umbrotatímum í sögu íslensks samfélags og Þjóðkirkju.

Abstract

Homiletics has primarily been concerned with research on how sermons were prepared, delivered and mediated to the audience. In the last decades, homiletics has also been engaged in research on the preacher him- or herself. Homileticians have gradually become more attentive to the social conditions, where preaching takes place, and argue that homiletics has generally not paid enough attention to the collective trauma that preachers and recipients have experienced. This dissertation focuses on the impact of the perspectives and experiences of preachers on their own preaching practice.

The end of the twentieth century and the beginning of the twenty-first century were periods of conflict for the national church of Iceland, which had to grapple with issues that caused difficulties for both the institution itself and its clergy. The cases that form the basis of the dissertation's historical analysis begin with the debate on unified marriage legislation and the church's solemnization of same-sex marriages. This is followed by the so-called "bishop case," which began in 1996 when two women accused the then-bishop, Ólafur Skúlason, of sexual harassment. The celebration of millennium of Christianity in Thingvellir is addressed it was criticized because of the close cooperation between the national church, Alþingi, and political authorities. Finally, the dissertation addresses the economic collapse in Iceland in 2008, an unprecedented event that resulted in widespread social trauma.

The challenges of the period of conflict before, during, and after the economic collapse had a significant impact on the national church of Iceland (ELCI), which during this time faced a range of socially rooted challenges. The author examines the role and impact of preaching during this period and analyzes how this era of conflict affected both preachers and their preaching. From the perspective of homiletical studies, it may be inferred that events of this kind can influence both preachers and their congregations. The term „period of conflict” is used to describe the broad societal and ecclesial crises that shaped the study period (1995–2015).

The research question of the study is: How do clergy in Iceland experience the act of preaching during periods of conflict marked by societal collapse and collective trauma?

The theoretical framework of the dissertation is focused on various dimensions of authority, and how authority and its abuse can affect the practice of preaching. These dimensions are explored from the standpoint of trauma-related preaching. Other theoretical aspects focus on language and communication in preaching. The postcolonial discourses on trauma, power and communication have gained more attention in homiletics in recent years.

The dissertation builds on qualitative interviews with eight practicing pastors in ELCI about their experience of the collective trauma under the collapse. The interviews are then analyzed and interpreted in light of the theories mentioned. Like the listeners in the pews, the interviews portray the interviewees of the study as having to deal with the consequences of collective trauma in their own lives, work and preaching. Discussions in results demonstrate the impact of these factors on listeners, preachers, and preaching. Discussions in the final chapter express the practice of preaching in times of collapse and social trauma and can be categorized as issues of trust, pastors’ self-esteem, language and interpretation, social issues, and preaching in traumatic situations.

The findings of the thesis indicate that the period of conflict, together with the societal trauma of the collapse, had a significant impact on preachers and their congregations. The results show correspondence with other studies on preachers’ experiences of societal trauma. The originality of this thesis lies in its examination of the experiences of Icelandic clergy during times of upheaval in the history of Icelandic society and the national church.

Formáli

Það hefur verið mikið ævintýri og lífsreynsla að vinna þessa doktorsrannsókn sem hér er birt. Ég hef upplifað hvort tveggja, góða daga og slæma, við ritun og rannsóknarvinnu. Margt hefur verið rannsakað og ritað sem ekki er birt í ritgerðinni en gegndi engu að síður mikilvægu hlutverki við fæðingu hennar og tilurð. Ég er sannfærður um að margt af því góða efni muni nýtast sem spennandi grunnur í fræðigreinar er fram líða stundir.

Vinnubrögð akademíunnar hafa smám saman síast inn í vöðva- og hugarminni mitt eftir því sem verkinu hefur undið fram. Sumt var auðvelt að tileinka sér og annað tók lengri tíma. Sumir kaflarnir í lokagerð ritgerðarinnar voru að sama skapi erfiðari en aðrir.

Það er afar ánægjulegt að geta skilað af sér verki sem hefur átt huga minn og tíma í nokkur ár. Að sama skapi býr með mér von um að það muni gagnast einhverjum og vonandi láta gott af sér leiða.

Ég þakka af heilum hug leiðbeinendum mínum, Sigríði Guðmarsdóttur og Pétri Péturssyni, fyrir ótal góð ráð, ótrúlega þolinmæði og hvatningu á erfiðum tímabilum við rannsóknir og skrif. Sigríði þakka ég sérstaklega fyrir að gefa mér endalausán tíma og natni við að hjálpa mér við að rétta kúrsinn þegar þess þurfti, auk þess að gefa mér aðgang að þekkingu sinni á ritstýringu akademísku efnis. Ég færi einnig öðrum meðlimum doktorsnefndar minnar, þeim Hjalta Hugasyni og Þorbirni Broddasyni, innilegar þakkir fyrir frábær ráð og athugasemdir á ferlinum.

Eiginkonu minni, Brynju Guðmundsdóttur, færi ég þakkir fyrir góð ráð, yfirlestur og allt umburðarlyndið, þolinmæðina og hvatninguna þegar allur aukatími sem til var fór í doktorsritgerðina. Sömu leiðis færi ég börnunum mínum og barnabörnum þakkir með loforði um að þau fái öll meiri tíma á næstunni.

Efnisyfirlit

Útdráttur	iii
Abstract	iv
Formáli	vi
1 Inngangur.....	3
1.1 Ritgerðin í hnotskurn	7
1.1.1 Rannsóknarspurning.....	9
1.1.2 Yfirlit um aðferðafræði	9
1.2 Sögulegur bakgrunnur	11
1.2.1 Ein hjúskaparlög og kirkjuleg hjónavígsla (1995–2015)	15
1.2.2 Biskups málið (1996–2012)	19
1.2.3 Kristnitökuhátíð á Þingvöllum (1999-2001).....	23
1.2.4 Hrunið (2008–2013)	26
1.3 Lykilhugtök ritgerðarinnar	30
1.4 Staða þekkingar	34
1.4.1 Empírískar rannsóknaraðferðir í prédikunarfræði.....	37
1.4.2 Prédikun í skugga áfalla	41
1.5 Uppbygging ritgerðarinnar.....	45
2 Kenningar í prédikunar- og trúarlífsfélagsfræði	47
2.1 Kenningar í prédikunarfræði	47
2.1.1 Tungutak og samskipti.....	47
2.1.2 Jaðarhópar, miðja og vald	54
2.1.3 Áföll og sál gæsla	57
2.2 Kenningar í trúarlífsfélagsfræði	62
2.2.1 Siðrof á hruntíma.....	62
2.2.2 Þrjár tegundir valds: Hefðarvald, regluvald og náðarvald	66
3 Aðferðafræði.....	72
3.1 Kynning á viðtalsrannsókninni	72
3.2 Eiginlegar rannsóknaraðferðir	72
3.2.1 Opin viðtöl	75
3.2.2 Aðleiðsla	76
3.2.3 Fyrirbærafræði	77
3.2.4 Siðferði og gæðamat rannsókna	79
3.2.5 Persónuvernd	80
3.2.6 Þátttakendur - ekki þversnið	82
3.2.7 Framkvæmd, gagnaöflun og greining gagna	84
4 Útkoma viðtalsrannsóknarinnar	88

4.1	Viðmælendur rannsóknarinnar.....	88
4.2	Yfirlit rannsóknarinnar	89
4.2.1	Prédikun í kringumstæðum átaka	90
4.2.2	Siðrof	99
4.2.3	Boðun í stafrænu rými.....	104
4.2.4	Traust.....	112
4.3	Samantekt á niðurstöðum útkomukafla viðtalsrannsóknarinnar	117
5	Greining viðtalsrannsóknarinnar	120
5.1	Hefðarvald og náðarvald í stólum	120
5.1.1	Valdvensi og orðræða	125
5.1.2	Traust og trúnaðarbrestur	129
5.1.3	Sjálfsmat presta í prédikun.....	133
5.1.4	Texti og túlkun.....	137
5.2	Siðrof og prédikun.....	142
5.2.1	Tungutak og aðgengi	144
5.2.2	Samfélagsleg rýni í prédikun	147
5.2.3	Prédikun dákoniunnar	152
5.2.4	Sálgæsla í áfallaaðstæðum	155
6	Umræður og lokaorð.....	159
6.1	Áskoranir prédikunar á tímum átaka, hruns og samfélagslegra áfalla.....	160
6.1.1	Prédikun á átakatímum	160
6.1.2	Prédikun og traust	165
6.1.3	Prédikun - texti, tungutak og túlkun.....	168
6.1.4	Prédikun og samfélagsleg álitamál	171
6.1.5	Prédikun í áfallaaðstæðum.....	174
6.2	Lokaorð	177
6.2.1	Inngangur	177
6.2.2	Takmarkanir rannsóknarinnar	177
6.2.3	Nýbreytni og frekari rannsóknir	182
6.2.4	Samantekt	183
	Heimildaskrá	185

1 Inngangur

Í upphafi nýrrar aldar stóð íslenska þjóðkirkjan frammi fyrir málum er reyndust henni erfið viðfangs. Umræða og átök um ein hjúskaparlög hófst árið 1995, lagasetningin laut að réttindum hinsegin fólks um að fá kirkjulega vígslu í hjónaband. Þjóðkirkjan setti sig á móti slíkum hjúskap. Átök urðu um málið innan veggja þjóðkirkjunnar og utan þeirra. Biskups málið sem svo var kallað hófst árið 1996 með ásökunum um kynferðisbrot af hálfu Ólafs Skúlasonar biskups. Málið olli langvarandi átökum innan þjóðkirkjunnar. Þriðja málið sem snerti þjóðkirkjuna sérstaklega var kristnitökuhátíðin sem haldin var á Þingvöllum árið 2000. Framkvæmd hennar olli mikilli gagnrýni í garð þjóðkirkju.

Fjallað er um þessi mál ásamt Hruninu í ritgerðinni. Eftir mikla uppsveiflu í íslensku efnahagslífi sem hófst árið 2002 stóð íslenska þjóðin andspænis efnahagslegu hruni árið 2008. Í kjölfarið skall á kreppa, verð á nauðsynjavöru hækkaði og niðurskurður varð í heilbrigðismálum og félagsþjónustu. Vegna hruns krónunnar hækkuðu lán og margir stóðu frammi fyrir því að missa allt sitt. Fólk upplifði reiði, sorg og örvæntingu og fór að leita skýringa. Hvað olli hruninu? Hver var sekur? Hverjir voru ábyrgir? Spurningar um siðferði, dyggðir og ábyrgð leituðu á þjóðina. Hrunið, aðdragandi þess og eftirmálar hafði víðtæk áhrif á þjóðkirkjuna,¹ sem samkvæmt stjórnarskrá landsins hefur þann sess sem kemur fram í 62. gr: „Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.“²

Prédikunin var upprunnin í samkunduhúsi gyðinga þar sem útlistun á textum var fastur liður í helgisiðum á hvíldardeginum. Í Lúk 4.16 og Mark 1.21 má lesa að Jesús Kristur prédikaði í samkunduhúsum. Í Postulasögunni kemur fram að Barnabas og Páll hafi prédikað í samkunduhúsinu í Antíokkíu.³ Postular Drottins voru sendir um allan heim að prédika. „Jesús sagði við þá: Farið út um allan heim og prédikið fagnaðarerindið öllu mannkyni.“⁴ Það má sjá í bréfum Nýja testamentisins og Postulasögunni hversu mikilvægt hlutverk prédikunarinnar var í frumkirkjunni. Á tímabili á miðöldum var nánast hætt að prédika í guðsþjónustum nema á stórhátíðum. Förumunkar héldu þó áfram að prédika þótt það væri fyrst og fremst utan guðsþjónustunnar. Siðaskiptamenn lögðu áherslu á prédikanir og innleiddu þær að nýju sem fastan lið guðsþjónustunnar. Prédikunin er fastur liður í guðsþjónustum samtímans.⁵

¹ Sjá kafla 1.2.4, 25-30.

² Alþingi, „Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands.“ 1944 nr. 33 17. júní. Sótt 20.10.2024 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1944033.html>

³ Biblían, Post 13 (6. íslenska útgáfa).

⁴ Biblían, Mark 16.16.

⁵ Fritz Már Jörgenson, „Prédikun í opinberu rými,“ í *Trú og þjóðfélag: Afmælisrit til heiðurs Pétri Péturssyni prófessor*, ritstj. Bjarni Randver Sigurvinsson, Egill Benedikt Hreinsson og Jónas Elíasson. (Háskólaútgáfan, 2021), 259–261.

Einar Sigurbjörnsson (1944–2019), fyrrum prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands, útskýrir prédikun með eftirfarandi orðum:

Meginskylda prests er samkvæmt vígsluheiði að prédika Guðs orð. Prédikun felst í því að útleggja orð Ritningarinnar, útlista merkingu þeirra og sýna fram á gildi þeirra fyrir samtímann. Í prédikuninni leitast prestur við að gera innihald Ritningarinnar skiljanlegt, útskýra orðin og heimfæra þau samtímanum, svo að orð Guðs birtist söfnuðinum. Prédikun á alltaf að vera boðun Guðs orðs.⁶

Einar bendir á að hlutverk prédikunarinnar sé að tala til fólks og í því ljósi sé leitast við að túlka Ritninguna út frá aðstæðum í samtímanum.⁷ Hjalti Hugason, prófessor emerítus í kirkjusögu við Háskóla Íslands, segir prédikun hafa það að markmiði að „vekja söfnuðinn til trúar, vonar og kærleika. Til að ná því má predikun vera ágeng og ögrandi, stingandi og stuðandi.“⁸ Prédikun fjallar um fagnaðareri Jesú Krists og samfélagsleg og trúarleg málefni sem tengjast lífi fólks. Hún snýst í grunninn um það að leggja út ritningartexta sem prédikað er út frá og tengja við hvers konar knýjandi mál í samtímanum. Hér ber að taka fram að heimilt er að prédika út frá öðrum textum Biblíunnar en þeim sem finna má í guðspjöllunum en prédikanir þar sem lagt er út frá guðspjallatextum eru þó langalgengastar. Presturinn prédikar með orðinu og miðlar því til áheyrenda. Samkvæmt 5. grein Ágsborgarjåtningarinnar er þjónusta orðsins í prédikun afar mikilvæg. Samkvæmt jåtningunni mótar Guðs orð kirkjuna sem byggir á orði Guðs sem hefur reist hana og heldur henni stöðugri.⁹

Einn af viðmælendum viðtalsrannsóknarinnar lýsti upplifun sinni af stöðu þjóðkirkjunnar í aðdraganda hrunsins með eftirfarandi orðum: „...íslenska þjóðkirkjan var færð út á jaðar hins góða og siðferðilega í vitund hins vitiborna íslenska almennings.“¹⁰ Í ritgerðinni kemur fram að fólk virðist þykja vænt um kirkjuna sína. Rætt er um mun á þjóðkirkjunni sem stofnun eða heimasöfnuðum sem eru þá kirkjur í heimabyggð en þeim tilheyra allir er sækja þangað þjónustu auk þeirra er starfa við söfnuðinn, hvort heldur er í launaðri vinnu eða sjálfboðastarfi.

Viðfangsefni doktorsritgerðarinnar er prédikun í skugga átaka og efnahagshruns á Íslandi árið 2008 sem flokka má sem samfélagslegt áfall (e. *collective trauma*).¹¹ Markmið rannsóknarinnar er að dýpka skilning á reynslu og upplifunum þeirra prédikara sem urðu fyrir samfélagslegum áföllum á tímum efnahagshrunsins og rannsaka hvernig prédikunarfræðin geti unnið úr þeim. Áleitnar spurningar komu fram hjá þjóðkirkjunni í kjölfar hrunsins. Meðan á hruni stóð má álykta að prédikarar hafi orðið fyrir álíka áföllum og aðrir í samfélaginu en hafi

⁶ Einar Sigurbjörnsson, *Embættisgjörð, Guðfræði þjónustunnar í sögu og samtíð*, (Guðfræðistofnun, 2012), 135.

⁷ Einar Sigurbjörnsson, *Embættisgjörð, Guðfræði þjónustunnar*, 142.

⁸ Hjalti Hugason, „Trú og pólitik“, í *Kirkjublaðið*, 21. október 2024. Sótt 18.11.2024 af <https://www.kirkjubladid.is/gestaglugginn/tru-og-politik/>

⁹ Einar Sigurbjörnsson, *Kirkjan játar: Saga og mótun kristinna trúarjåtninga og yfirlit yfir helstu kirkjudeildir kristinnar jåtningarrít íslensku þjóðkirkjunnar með skýringum*, (Skálholtsútgáfan, 2002), 206.

¹⁰ Sjá kafla 4.2.4, 115.

¹¹ Sjá nánar í kaflanum um lykilhugtök.

á sama tíma staðið frammi fyrir því að þurfa að mæta sóknarbörnum sínum í prédikun við afar krefjandi kringumstæður.¹² Þeir hafa þurft að prédika með sálgæslu í huga og fjalla um áföll og aðstæður fólks í kjölfar hrunsins. Samhæfa má það sem kemur fram hér að ofan við hugmyndir Wilfried Engemanns, prófessors í hagnýtri guðfræði og prédikunarfræði við Universitát Wien. Hann er þeirrar skoðunar að prédikun byggji að hluta á persónulegri upplifun prédikara. Hann telur að mikilvægt sé að halda þessu til haga bæði við undirbúning prédikunar og flutning hennar.¹³ Kringumstæður sem prédikari er þátttakandi í og geta valdið honum persónulegum vandræðum hafa að líkindum áhrif á þann boðskap sem hann flytur í prédikun. Prédikarar þurfa því bæði að takast á við eigin raunveruleika og annarra.

Doktorsritgerðin er á sviði prédikunarfræði (e. *homiletics*). Prédikunarfræði fellur undir hagnýta guðfræði og tengist því öðrum viðfangsefnum ritgerðarinnar eins og sálgæslufræði, helgisiðafræði og díakóníufræði. Prédikunarfræðin nýtir sér aðrar greinar guðfræðinnar og hagnýtar aðferðir eins og trúfræði, siðfræði, biblíufræði, túlkunarfræði, ritskýringu og mælskulist. Eberhard Harbsmeier, prófessor emerítus í hagnýtri guðfræði við Háskólann í Árósum, og Hans Raun Iversen, prófessor emerítus í hagnýtri guðfræði við Kaupmannahafnarháskóla, skiptu umfjöllunarefnum prédikunarfræðinnar upp í fjórar spurningar undir lok síðustu aldar. Spurningarnar lutu að því hvað prédikun væri, hvernig undirbúningi hennar væri háttað, hvernig prédikun væri flutt og hvernig væri tekið á móti henni.¹⁴ Iversen og Harbsmeier benda á að spurningarnar hafi í gegnum tíðina haft mismikið vægi. Fyrri spurningarnar tvær fjalli um undirbúning prédikunarinnar. Seinni spurningarnar snúist um flutning hennar, miðlun og viðtöku. Einnig megi sjá að þær tvær fyrri séu guðfræðilegar en þær seinni líklega frekar tengdar öðrum sviðum eins og samskiptakenningum og mælskufraði.¹⁵

Þeir benda á að líta megi þannig á þessar spurningar að þær tvær fyrri útskýri hvernig prédikun eigi að vera (d. *normativ*) en seinni spurningarnar lýsi prédikunarháttum (d. *deskriptiv*). Spurningar Iversens og Harbsmeiers eru enn í fullu gildi en við þær hafa einnig bæst fleiri spurningar og umfjöllunarefni í prédikunarfræði. Þar ber fyrst að nefna þá kenningu að sjónarhóll og upplifun prédikarans liti prédikunina. Í öðru lagi má nefna áherslu margra prédikunarfræðinga á hversu mikilvægar þær samfélagslegu aðstæður eru sem söfnuðurinn glímir við sem taka á við prédikuninni. Þessi ritgerð fjallar annars vegar um síðari spurningar Iversens og Harbsmeiers um flutning, miðlun og viðtöku og hins vegar um síðastnefndu áherslurnar um upplifun og aðstæður prédikarans. Nánar er rætt um þessi atriði í síðari hluta þessa inngangskafila er fjallar um stöðu þekkingar.

¹² Sjá kafla 4.2.4, 115.

¹³ Engemann, *Homiletics: Principles and Patterns of Reasoning*, þýð. Anna Walschofer (De Gruyter, 2019), 55.

¹⁴ Eberhard Harbsmeier og Hans Raun Iversen, *Praktisk teologi*, (Anis, 1995), 348.

¹⁵ Harbsmeier og Iversen, *Praktisk teologi*, 348.

Færð eru rök fyrir því í ritgerðinni að prédikunarfræðin hafi almennt ekki gefið þeim samfélagslegu áföllum er prédikarar og áheyrendur hafa upplifað nægjanlegan gaum. Fyrsta megináskorunin sem ritgerðin fæst við fjallar um áhrif ólíkra tegunda valds samkvæmt greiningum trúarlífsfélagsfræðinnar. Önnur áskorunin snýr að því hvernig valdastaða og misbeiting valds geti haft áhrif á prédikun. Í samhengi prédikunarinnar geta þau áhrif átt hvort tveggja við um prédikara og áheyrendur. Því er mikilvægt að rannsaka þá þætti með hliðsjón af áfallatengdri prédikun. Þriðja viðfangsefnið sem ritgerðin fjallar um varðar tungutak og samskipti í prédikun. Samskipti prédikara við áheyrendur verða sífellt flóknari. Tungutak prédikana er oft erfitt og jafnvel torskilið. Að sama skapi kallar miðlun prédikunar á fleiri leiðir til samskipta við áheyrendur.

Á síðustu árum hafa orðið til nýjar rannsóknir á birtingarmyndum áfalla, valds og samskipta í prédikuninni. Gefið verður yfirlit yfir nokkrar þeirra í lok inngangskafans þar sem fjallað er um stöðu þekkingar. Gerð verður grein fyrir sérstöku framlagi þessarar ritgerðar sem er að skoða og dýpka skilning á upplifunum íslenskra prédikara í samhengi átakamála er snertu þjóðkirkjuna, íslenska efnahagshrúnsins og þeirra áfalla sem þeir urðu fyrir á átakatímum samfélagslegs áfalls og annarra áskorana sem íslenska þjóðkirkjan tókst á við á fyrsta áratug 21. aldar. Eigindleg rannsókn með viðtölum við presta um reynslu þeirra af prédikun í hrúninu er mikilvægur þáttur ritgerðarinnar. Nýsköpun er fólgin í niðurstöðum varðandi ofangreinda þætti prédikunarfræðinnar í umhverfi samfélagslegs áfalls er skekur heila þjóð.

Í þessum fyrsta kafla ritgerðarinnar eru lesandanum lagðir til ýmsir lykjar að ritgerðinni allri. Fyrst er sagt frá rannsókninni í hnotskurn. Síðan er rannsóknarspurning sett fram. Að því búnu gefur kaflinn yfirlit yfir aðferðafræði. Þá byggir höfundur sögulega sviðsmynd af aðstæðum (e. *contextualization*) átakatímabilsins,¹⁶ með þjóðkirkjuna sérstaklega í huga. Fjallað er um þjóðkirkjuna á tímabili samfélagsbreytinga og aðstæðurnar sem valdar hafa verið eru ferns konar: Ein hjúskaparlög og kirkjuleg hjónavígsla fólks af sama kyni (1995–2015). Hið svokallaða biskupsból (1996–2012). Kristnitökuháttíðin á Þingvöllum (1999–2001) og loks hrúnið (2002–2013). Í ritgerðinni er orðið hrúntími notað um tímabil samfélagslegra umbreytinga sem spanna aðdraganda hrúns (2002–2008), efnahagshrúnið sjálft (2008–2009) og eftirleik þess. Í þessari ritgerð er miðað við að tímabili hrúnsins hafi lokið þegar EFTA dómstóllinn úrskurðaði um Icesave kröfurnar í byrjun árs 2013.¹⁷ Eftir að sviðsmyndin hefur verið teiknuð upp er kaflinn þar sem helstu lykilhugtök sem unnið er með í ritgerðinni við greiningu á útkomu rannsóknarinnar eru útskýrð fyrir lesendum. Að þessu loknu er fjallað um stöðu þekkingar í prédikunarfræði út frá þeim viðfangsefnum er hér hafa verið sett fram.

¹⁶Sjá kafla 1.2, 13.

¹⁷Stjórnarráðið, *EFTA-dómstóllinn sýknar Ísland – Icesave-málinu lokið*. Sótt 10.01.2026 af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2013/01/28/EFTA-domstollinn-syknar-Island-Icesave-malinu-lokid/>

1.1 Ritgerðin í hnotskurn

Nálgun doktorsritgerðarinnar er þverfagleg á sviði félagsvísinda með eigindlegum rannsóknum (e. *qualitative research*) og túlkunaraðferðum sem eru félagsvísindalegar og hugvísindalegar. Ritgerðin byggir á eigindlegri viðtalsrannsókn. Viðtöl voru tekin við átta presta innan Þjóðkirkjunnar um upplifun þeirra á prédikun og flutningi hennar í íslensku samfélagi eftir áföll efnahagshrunsins. Unnið er með upplýsingar frá tíma efnahagshrunsins og aðstæður í aðdraganda þess og eftirleik. Viðmælendur rannsóknarinnar gáfu til kynna hvernig þeir upplifðu áföll sem tengjast hruninu og segja það hafa haft áhrif á hvort tveggja, hinn vígða þjón í sínum ólíku persónulegu hlutverkum og á þjónustuna sem hann veitti á tímabilinu.

Kenningum í prédikunarfræði og trúarlífsfélagsfræði (e. *sociology of religion*) er beitt til að greina útkomu viðtalsrannsóknarinnar. Að lokum túlkar höfundur niðurstöðurnar í lokakafla ritgerðarinnar. Höfundur ákvað að taka viðtöl við starfandi presta í söfnuðum innan Þjóðkirkjunnar enda fjallar ritgerðin um eitt helsta viðfangsefni þeirra sem er að flytja prédikanir. Prestarnir sem valdir voru sem viðmælendur starfa allir í Þjóðkirkjunni og vinna við mjög áþekka þætti í sínu starfi. Höfundur ákvað að velja presta til viðtalanna og var það gert til að leitast við að viðfangsefni þeirra í starfi væru af svipuðum toga og þar með fengist samanburður og greining út frá líkum þáttum í starfi þeirra. Nánar er skýrt frá vali viðmælenda í 3. kafla ritgerðarinnar.

Fjallað er um Þjóðkirkjuna á áttatímum, tímabili samfélagsbreytinga. Þjóðkirkjan fékkst við mál er reyndust henni þung í skauti og fjallað er ítarlega um í undirkaflanum um sögulegan bakgrunn. Málin sem valin voru eru ferns konar: Ein hjúskaparlög og kirkjuleg hjónavígsla fólks af sama kyni. Hið svokallaða biskupsból. Kristnitökuháttir á Þingvöllum og hrúnið. Efnahagshrunið á Íslandi var einstakur viðburður er leiddi af sér samfélagslegt áfall. Höfundur ákvað að rannsaka áhrif prédikunar á áttatíma og greina áhrif samfélagslegs áfalls á prédikara og prédikun þeirra. Veruleiki og upplifanir hins íslenska prédikara á álags eða áttatímum hafa til þessa verið lítt þekktar eða rannsakaðar. Markmiðið var að greina hvaða þættir hafi áhrif og birtast í upplifunum prestanna sem tóku þátt í viðtalsrannsókninni. Prestar umgangast fólk af öllum kynjum, með ólíkar skoðanir, viðhorf og gildi í sínu starfi og má þannig færa rök fyrir því að um þverskurð samfélagsins sé þar að ræða. Í rannsókninni koma fram niðurstöður er tengjast prédikunum viðmælendanna, undirbúningi þeirra og flutningi. Niðurstöður komu einnig fram tengdar lífi sóknarbarna þeirra í skugga efnahagshrunsins. Mat höfundar er að hrúnið hafi haft margvísleg áhrif á samfélagið sem endurspeglast í líðan viðmælendanna og í því hvernig þeir segja frá þjónustu sinni. Hrúnið hefur samkvæmt því sem lesa má úr útkomu viðtalsrannsóknarinnar haft mikil áhrif á líf og fjárhagslega afkomu margra sóknarbarna viðmælendanna. Fram kemur í viðtölum við prestana að margir skjólstæðingar hafi sótt sér styrk til kirkjunnar. Lesa má úr viðtölunum að viðmælendurnir sjálfir hafi verið að fást við afleiðingar hrunsins á eigið líf auk þess sem þeir lögðu sóknarbörnum og skjólstæðingum líð. Útkoma viðtalsrannsóknarinnar gefur því niðurstöður er snerta áhrif margra þátta á prédikun prestanna. Einn áhrifaþáttur á prédikun þeirra er Þjóðkirkjan og staða

hennar í samfélaginu. Annar varðar sóknarbörn og líðan þeirra á tímum hrunsins. Þriðji þátturinn er reynsla prestanna sjálfra og líðan þeirra í hruninu.

Hrunið varð þess valdandi að þjóðin öll þurfti með einhverjum hætti að takast á við áföll tengd þeim efnahagslegu hamförum sem áttu sér stað. Í ritgerðinni er miðað við tímabilið 2002–2013 í umræðu um hrunið og þá reiknað með að aðdraganda hrunsins megi rekja til ársins 2002. Þetta viðmið byggir á því álitu að sérfræðingar hafi séð fyrstu hættumerki óeðlilegrar þenslu verða til við einkavæðingu bankanna árið 2002 sem er áhrifaþáttur hrunsins.¹⁸ Hrunið sjálft varð svo í október árið 2008 þegar neyðarlög voru sett á Íslandi.¹⁹ Samkvæmt Guðna Th. Jóhannessyni, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, varði hrunið til ársins 2009.²⁰ Eftirleikur hrunsins er hér skilgreindur frá árinu 2009-2013.

Að mati viðmælenda var erfitt og vandasamt að prédika í aðstæðum hrunsins. Sjálfir höfðu þeir upplifað og glímt við ýmsa erfiðleika tengda því. Fyrst og síðast glímdu þeir við að hjálpa sóknarbörnum sínum að takast á við þau áföll er hrunið olli. Fjöldi þeirra leitaði til hjálparstarfs kirkjunnar og heimasafnaða sinna. Í viðtalsrannsókninni kom fram að prestarnir prédiki um áföll og sálgæslu í prédikunum sínum þegar það á við en séu óöruggir með hvernig þeir nálgist sálgæslu með þeim hætti. Þeim finnst að þeir ættu að geta fjallað um samfélagsleg mál í prédikun en þeirra eigin staða hafi jafnframt áhrif á það hvernig þeim finnst þeir geta prédikað við þessar aðstæður. Trúverðugleiki þeirra er þar með í ákveðnu uppnámi að þeirra eigin mati. Greina má í viðtalsrannsókn ritgerðarinnar að viðmælendur virðast upplifa að valdastaða presta hafi breyst á undanförunum árum og áratugum. Sé þetta rétt má draga má þá ályktun að slíkar breytingar hafi haft áhrif á prédikun presta og viðtöku hennar. Sú afstaða kom einnig fram í viðtalsrannsókninni að sumir viðmælendur virðast telja að þjóðkirkjan sem stofnun hafi ekki lengur þá valdastöðu í samfélaginu sem hún hafi áður haft. Einnig hafi hlutverk prestanna breyst, það fækki í þjóðkirkjunni og prestarnir hafi ekki lengur sömu völd og áhrif í samfélaginu. Fram kemur í kafla um útkomu viðtalsrannsóknarinnar að viðmælendur telji fólk treysta heimasöfnuðum sínum en vantroysta þjóðkirkjunni sem stofnun. Óvarlegt væri að áætla að þetta sé algilt. Nánar er fjallað um þetta atriði í niðurstöðukafla ritgerðarinnar. Hér að framan er sagt frá ýmsu er bar á góma í viðtalsrannsókn ritgerðarinnar til að gefa lesendum nasasjón af þeim niðurstöðum er fram koma í henni. Útkoma viðtalsrannsóknarinnar er túlkuð og greind í fimmta kafla. Að lokum eru niðurstöður dregnar saman og metnar í lokakaflanum. Fleiri niðurstöður úr rannsókninni verða settar fram í þessum inngangi.

¹⁸ Sigríður Benediktsdóttir, Jón Daníelsson og Gylfi Zoëga. „Lessons from a Collapse of a Financial System.“ *Economic Policy* 26, nr. 66 (2011): 183–235. doi:10.1111/j.1468-0327.2011.00260; Sigríður Benediktsdóttir, Jón Daníelsson og Gylfi Zoëga, „Lessons from a Collapse of a Financial System,“ *Economic Policy* 26 (2011): 183–184. doi:10.1111/j.1468-0327.2011.00260.x

¹⁹ Lög nr. 125/2008, Heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, sótt 18.06.2024 af <https://www.althingi.is/altext/136/s/0085.html>

²⁰ Guðni Th. Jóhannesson, *Hrunið: Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*, (JPV útgáfa, 2009), 362.

1.1.1 Rannsóknarspurning

Rannsóknarspurning ritgerðarinnar er:

Hver er upplifun presta á Íslandi af því að prédika á áttakátímum í aðstæðum hruns og áfalla?

1.1.2 Yfirlit um aðferðafræði

Í þessum kafla er gefið yfirlit um helstu rannsóknaraðferðir sem notaðar eru í ritgerðinni. Farið verður ítarlegar yfir þær í þriðja kafla.

Í eigindlegri rannsókn þessa verkefnis er stuðst við aðleiðslu (e. *inductive*), fyrirbærafræði (e. *phenomenology*) og túlkunarfræði (e. *hermeneutics*) þegar útkomur rannsóknarinnar eru settar fram. Þær eru greindar út frá kenningum og hugtökum í prédikunarfræði og trúarlífsfélagsfræði. Að lokum er greiningin túlkuð og sett fram sem niðurstöður ritgerðarinnar.

Fyrirbærafræði á uppruna sinn í heimspeki og telst bæði heimspekileg aðferð og hluti af eigindlegri rannsóknaraðferð. Upphafsmáður fyrirbærafræðinnar er Edmund Husserl (1859–1938) sem gaf út ritið *Hugmyndir um hreina fyrirbærafræði og fyrirbærafræðilega heimspeki* eða *Ideen zu einer reinen Phänomenologie und Phänomenologischen Philosophie* eins og hún heitir á frummálinu. Í ritinu tilkynnir hann fæðingu „nýrrar vísindalegrar aðferðar – fyrirbærafræði – til að rannsaka mannleg fyrirbæri.“²¹ Samkvæmt Sigríði Halldórsdóttur, prófessors í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri, er „hin fyrirbærafræðilega aðferð lýsandi rannsóknaraðferð sem byggist á tilliðslu (e. *inductive*)“. Orðið aðleiðsla sem notað er hér í ritgerðinni hefur sömu merkingu og tilliðsla.²² Hugmyndafræði fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferðar í eigindlegri rannsókn er að nýta mannlega reynslu til að skilja betur það sem rannsakað er. Með viðtölum við fólk er leitast við að hlusta og átta sig á hvernig það fæst við þætti og reynslu í eigin lífi og hvernig sú reynsla er upplifuð. Niðurstaðan er notuð til að útskýra hvers kyns fyrirbæri og hugmyndin er að leita til þeirra sem hafa ákveðna reynslu. Þrátt fyrir að vitað sé að reynsla sé til staðar er ekki hægt að bregða á hana mælistiku. Í ljósi þess er markmið fyrirbærafræðinnar að leitast við að skilja reynslu fólks. Þannig má öðlast þekkingu og fá upplýsingar sem ekki fást með öðrum hætti. Markmið fyrirbærafræðinnar er að öðlast meiri skilning og þekkingu á fyrirbærum en ekki að fullyrða um niðurstöður.²³ Nánar er fjallað um fyrirbærafræði og tengingar hennar við eigindlegar rannsóknir í þriðja kafla ritgerðarinnar.

²¹ Sigríður Halldórsdóttir, „Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir,“ í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstj. Sigríður Halldórsdóttir, (Háskólaútgáfan, 2021), 199.

²² Sjá kafla 1.3, 30.

²³ Sigríður Halldórsdóttir, „Fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferð,“ í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstj. Sigríður Halldórsdóttir, (Háskólaútgáfan, 2021), 255–256.

Sigríður Halldórsdóttir leggur áherslu á að mikilvægt sé að átta sig á merkingu fyrirbæra. Túlkunarfræði hefur verið notuð um aldir, fyrst til að leita að merkingu fornra texta. Hún felur í sér tjáningu (e. *expression*), túlkun (e. *interpretation*) og þýðingu (e. *translation*).²⁴ Samkvæmt Sigríði er Friedrich Schleiermacher (1768–1834), heimspekingur og guðfræðingur, oftast talinn upphafsmaður nútímatúlkunarfræði. Fleiri fræðimenn, eins og til dæmis heimspekingurinn Hans Georg Gadamer (1900–2002), hafi síðar komið að framgangi túlkunarfræðinnar. Því hefur verið haldið fram að túlkunarfræði sé ekki „hefðbundin rannsóknaraðferð heldur felur hún í sér verufræðilega stöðu (e. *way of being-in-the-world*), markmiðið er að leita merkingar og leitast við að öðlast skilning.“²⁵ Af ofangreindu má sjá að túlkunarfræði á sér langa hefð innan hug- og félagsvísinda.

Páll Skúlason (1945–2015), heimspekingur og fyrrverandi rektor Háskóla Íslands, hélt því fram að leit að merkingu sé lykilatriði í túlkunarfræði. Sem dæmi má nefna þýðingu tungumála sem felst í því að flytja merkingu þess sem er sagt eða ritað frá einu tungumáli yfir í annað. Spyrja þurfi hvernig tungumál túlki veröldina og aðstæður manneskjunnar. Hann tiltekur einnig að tungumálið grundvallist á notkun orða og það þurfi að túlka orð til að öðlast skilning á þýðingu þeirra.²⁶ Páll var þeirrar skoðunar að skilningur túlkanda á umhverfi textans hafi áhrif á túlkun hans.²⁷ Hann hélt því fram að túlkanir væru: „sjaldnast afstæðar í þeim skilningi að þær eigi sér enga stoð í hinum túlkuðu textum eða algildar í þeim skilningi að þær séu algerlega óháðar einstaklingsbundnum viðhorfum túlkenda.“²⁸ Höfundur vinnur með tungutak og áhrif tungumáls í ritgerðinni sem fellur vel að því er Páll setur fram um túlkunarfræði.

Við túlkun á viðtölum rannsóknarinnar er stuðst við gögn sem safnað var í viðtalsrannsókninni. Frásögnum þátttakenda af eigin upplifun og reynslu var safnað saman með einstaklingsviðtölum. Í viðtalsrannsókninni komu fram eftirfarandi þemu: Prédikun, siðrof, boðun í stafrænu rými, traust, undirbúningur, græðgi, rými þjóðkirkjunnar, flutningur, hrún, samfélagsmiðlar, samviska safnaðar, lifandi orð, sálgæsla og sértæk boðun.

Framangreind þemu voru lögð til grundvallar við greiningu á útkomu viðtalsrannsóknarinnar. Þemun voru síðan borin saman við kenningar prédikunarfræði og trúarlífsfélagsfræði. Þegar þeim var stillt upp saman og þau túlkuð út frá kenningunum komu upp margir sameiginlegir og óvæntir snertifletir. Þeir voru: Sjálfsmat presta í prédikun, samfélagsleg rými í prédikun, texti og túlkun, tungutak og aðgengi, valdvensl og orðræða, traust og trúnaðarbrestur, prédikun dákóníunnar, sálgæsla í áfallaáðstæðum, siðrof og prédikun, hefðarvald og náðarvald í stólum.

²⁴ Sigríður Halldórsdóttir, „Yfirlit yfir eiginlegar rannsóknaraðferðir,“ 201.

²⁵ Sigríður Halldórsdóttir, „Yfirlit yfir eiginlegar rannsóknaraðferðir,“ 201.

²⁶ Páll Skúlason, „Nokkur hugtök og úrlausnarefni í túlkunarfræði,“ í *Mál og túlkun: Safn ritgerða um mannleg fræði með forspjalli eftir Pál Skúlason*, ritstj. Páll Skúlason, (Hið íslenska bókmenntafélag, 1981), 177.

²⁷ Páll Skúlason, „Nokkur hugtök og úrlausnarefni,“ 178.

²⁸ Páll Skúlason, „Nokkur hugtök og úrlausnarefni,“ 184–185.

Þessi sameiginlegu stef íslenskrar eftirhrunsreynslu og alþjóðlegrar prédikunarfræði mynda ramma um greiningarkafla ritgerðarinnar (5. kafla).

Aðferðafræði ritgerðarinnar er þverfagleg vegna skörunar félagsfræði og guðfræði. Höfundur nýtir sér helst aðleiðsluaðferðina en grunnur hennar er að leggja af stað í reynsluheimi þeirra sem talað er um eða til og færa sig síðan áfram, skref fyrir skref, í átt að niðurstöðu. Í þessu ljósi verður til ný þekking þegar litið er til prédikunar á vettvangi átaka og samfélagslegra áfalla og prédikunar í efnahagshruni heillar þjóðar. Rannsóknin varpar einnig nýju ljósi á áhrif félagslegs taumhalds á prédikun og sjálfsupplifun prestsins.

Eigindlegar rannsóknaraðferðir eiga uppruna sinn í félagsvísindum þar sem þær hafa helst verið notaðar. Hér eru notuð hálfopin viðtöl til að öðlast innsýn í upplifun og reynslu þátttakanda.²⁹ Gögnum er safnað með því að rannsaka ritaðar heimildir, fylgjast með hegðun og með viðtölum. Viðhorf þátttakanda í hálfopnu viðtali geta breyst, bæði vegna þess sem lærist í viðtalinu og vegna framvindu viðtalsins. Þátttaka rannsakanda í viðtali lýtur því sama. Áherslur hans í næsta viðtali geta breyst og spurningar geta fengið nýjar áherslur. Sveigjanleiki eigindlegra rannsókna er allnokkur.³⁰ Samkvæmt Helgu Jónsdóttur, prófessor í hjúkrunarfræði, gefa viðtalsrammar möguleika á að fara út fyrir þær spurningar sem hafa verið undirbúnar. Höfundur getur þá spurt spurninga sem verða til í framhaldi af svörum viðmælanda og þar með fengið nýja vídd í viðtalið.³¹

Í undirkaflanum var fjallað um þær rannsóknaraðferðir sem höfundur nýtir sér í ritgerðinni. Greint var frá aðleiðslu, fyrirbærafræði og túlkunarfræði. Fjallað var um rannsóknargögn og þau þemu er komu fram við túlkun, greiningu rannsóknarinnar og aðferðafræði. Að lokum var gefið stutt yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir.

1.2 Sögulegur bakgrunnur

Þjóðkirkjan á tímum samfélagsbreytinga

Í inngangi er fjallað um krefjandi aðstæður þjóðkirkjunnar í byrjun 21. aldar. Þessar aðstæður hafa haft mótandi áhrif á umræðu um þjóðkirkjuna. Af viðtölunum má greina að þessi mál hafi haft áhrif á prédikun viðmælandanna. Málin sem sett eru í forgrunn og fjallað um í tímaröð eru fjögur. Þau eru barátta fyrir einum hjúskaparlögum, biskupsmálið, kristnitökuhátíð á Þingvöllum og hrúnið. Málin sem snerta ein hjúskaparlög fjalla um baráttu fólks fyrir samkynja hjónaböndum og hjónavígsluréttindum á við gagnkynhneigt fólk, afstöðu þjóðkirkjunnar og átaka innan hennar vegna þessa. Þegar biskupsmálið er rætt er átt við mál er komu fram vegna

²⁹ Kristin G. Esterberg, *Qualitative methods in social research*, (McGraw Hill, 2002), 1–10; Karen O'Reilly *Ethnographic Methods*, (Routledge, 2005), 25–30.

³⁰ John Swinton og Harriet Mowatt, *Practical Theology and Qualitative Research*, 2 útg. (SCM Press, 2016), 80.

³¹ Helga Jónsdóttir, „Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð,“ í *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*, ritstj. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson, (Háskólaútgáfan, 2003), 145–146.

ásakana um kynferðisbrot fyrrverandi biskups Íslands. Umfjöllun um kristnitökuhátíðina á Þingvöllum fjallar um framkvæmd hátíðarinnar og samspil þjóðkirkjunnar og ríkisins í framkvæmd hátíðarinnar. Að lokum er fjallað um efnahagshrunið á Íslandi, unnið er út Fjallað verður um þessi viðfangsefni og leitast við að kynna framgang þeirra.

Í þeim undirköflum sem fara hér á eftir er teiknað upp sögulegt samhengi sem veitir bakgrunnsupplýsingar fyrir viðtalsrannsókn ritgerðarinnar. Greint er frá áhrifum hrunsins á íslenskt samfélag og þar með talið þjóðkirkjuna. Svið málanna sem fjallað er um er umfangsmikið og því velur höfundur að nýta sér umfjallanir nokkurra fræðimanna til að lýsa samhenginu en þeir eru sérfræðingar í þeim efnum sem fjallað er um og hafa lagt áherslu á viðkomandi efni í rannsóknum sínum. Að auki er vitnað til opinberra gagna en þar má meðal annars nefna *Rannsóknarskýrslu kirkjubings* sem byggð er á niðurstöðum rannsóknarnefndar þingsins er „kjörin var til að rannsaka viðbrögð og starfshætti vígðra þjóna og annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot.“³² Þannig er unnið með áskoranir þjóðkirkjunnar sem dregnar eru fram og varða tiltekna atburði eins og meint kynferðisbrot biskupsins en einnig samfélagsbreytingar sem hafa átt sér stað á undanförunum áratugum. Til að útskýra þessar breytingar verður í upphafi litið til stöðu þjóðkirkjunnar án þess þó að gera stóra sögulega greiningu á tímabilinu sem rætt er um. Þetta er gert með því að gera grein fyrir samfélagsbreytingum sem þjóðkirkjan hefur verið hluti af og þurft að laga sig að. Í kjölfar þessa verður fjallað um ofangreindar áskoranir sem þjóðkirkjan hefur þurft að takast á við í upphafi 21. aldar.

Áður en vikið verður að sérstökum áskorunum í upphafi 21. aldarinnar mun höfundur líta um öxl til stórra samfélagsbreytinga á Íslandi við lok nítjándu aldar. Þessar breytingar höfðu mikil áhrif á stöðu íslensks kirkjulífs og leiddu til hægfara trúarlífsþróunar sem gætti alla tuttugustu öldina. Hjalti Hugason fjallaði stuttu eftir hrun um krísur þjóðkirkjunnar á öldinni sem leið í grein sinni *Kirkja í krísu: Íslenska þjóðin mætir nútímanum*. Þar heldur hann því fram að þjóðkirkjan hafi brugðist við krísum með gömlum viðhorfum.³³ Hann notar hugtökin „innhverfing“, „skerping“ og „samhljómur“ í því samhengi.³⁴ Hjalti fjallar annars vegar um viðbrögð þjóðkirkjunnar við breyttri heimsmynd (e. *paradigm*) nútímans í lok 19. aldar og upphafi 20. aldar og hins vegar um þá erfiðleika er kirkjur gengu í gegnum á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar.³⁵

³² Rannsóknarnefnd kirkjubings, *Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot*, (Kirkjubing, 2011), 11. Sótt 19.06.2024 af <https://kirkjan.is/library/Samnyttar-myndir/Skrar/skyrsla-rannsoknarnefndar-kirkjuthings.pdf>

³³ Hjalti Hugason, „Kirkja í krísu: Íslenska þjóðin mætir nútímanum,“ *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar* 12, nr. 2 (2012): 30.

³⁴ Hjalti Hugason, „Kirkja í krísu,“ 11.

³⁵ Hjalti Hugason, „Kirkja í krísu,“ 9–11.

Hjalti segir eftirfarandi: „stundum eru þó átök milli þjóðkirkjunnar og trúarlegs, menningarlegs og samfélagslegs umhverfis hennar. Stundum gætir einnig átaka innan kirkjunnar sjálfrar.“³⁶ Hann bendir í þessu samhengi á að lúthersk kirkja hafi mögulega þróað með sér einhvers konar „krísu-guðfræði“. Hjalti veitir því fyrir sér hvort hugtökin sem kynnt eru hér að ofan séu leiðir sem þjóðkirkjan geti nýtt sér „vilji hún varðveita stöðu sína sem þjóðkirkja í einhverri mynd.“³⁷ Höfundur les það úr grein Hjalta að hann hafi nýtt sér hugtökin „samhljóm“ og „innhverfingu“ við greiningu sína á viðbrögðum þjóðkirkjunnar. Hjalti nýtir sér hugtakið „skerping“ til greiningar en segir að þjóðkirkjan hafi ekki nýtt sér þá lausn. Í ljósi þess sem fram kemur hér að framan verða hugtökin „innhverfing“, „samhljómur“ og „skerping“ nýtt við að skoða viðbrögð þjóðkirkjunnar við hruninu, einum hjúskaparlögum og biskups málinu sem fjallað er um hér í kaflanum.

Hugtakið „samhljóm“ skilgreinir Hjalti út frá því að forystumenn þjóðkirkjunnar „hafi leitað samhljóms við veraldlegar stefnur og straua, verið jákvæðir gagnvart menningu og samfélagi samtímans og verið opnir fyrir vaxandi einstaklingshyggju.“³⁸ Hann tekur fram að líkur séu á að þjóðkirkjan hafi nýtt sér samhljóm þegar samfélagslegar breytingar áttu sér stað á mótum 19. og 20. aldar.³⁹ Hjalti útskýrir hugtakið „innhverfing“ þannig:

Pau viðbrögð sem lesa má út úr „nýju kirkjustefnunni“ skulu hér nefnd innhverfing. Eins og það heiti ber með sér felast viðbrögðin í því að kirkjan hverfur inn á við, til eigin arfs, hefðar og sögu sem á stundum er raunar fremur ímynduð eða hagrædd saga en að hún sé reist á viðtekinni kirkjusögulegri þekkingu.⁴⁰

Hugtakið skerpingu greinir Hjalti svo:

Með skerpingu er átt við að trúarbrögð afmarki sig frá öðrum átrúnaði eða lífsskoðunum, leggi áherslu á sérstöðu sína og sérkenni, og aðgreini sig þar með frá öðrum trúarbrögðum, samfélaginu almennt og menningu þess.⁴¹

Á þeim tímapunkti sem greinin er skrifuð var hrunið nýafstaðið. Hjalti leggur til að þjóðkirkjan skoði hvaða áhrif innhverfing hafi haft á framgang hennar og hvaða áhrif hún muni hafa til frambúðar. Hann bendir á að þjóðkirkjan hafi þurft að bregðast við málum sem hafi snert hana og nefnir þar biskups málið sem dæmi. Hann tiltekur að innhverfing þjóðkirkjunnar hafi raunar birst í formi neikvæðra viðbragða sem feli í sér ákveðna varnarhætti. Þjóðkirkjan er áfram umræðuefni Hjalta þegar hann spyr: „Getur hún eitthvað lært af sögu sinni á 20. öld?“ Hann spyr einnig hvort þjóðkirkjan standi frammi fyrir nýrri krísu.⁴²

³⁶ Hjalti Hugason, „Kirkja í krísu,“ 9.

³⁷ Hjalti Hugason, „Kirkja í krísu,“ 31.

³⁸ Hjalti Hugason, „Kirkja í krísu,“ 24.

³⁹ Hjalti Hugason, „Kirkja í krísu,“ 21.

⁴⁰ Hjalti Hugason, „Kirkja í krísu,“ 29–30.

⁴¹ Hjalti Hugason, „Trúarbrögð og trúarstofnanir í upphafi 21. aldar: Hlutverk og áskoranir,“ *Ritröð Guðfræðistofnunar* 22, nr. 35 (Háskóli Íslands, 2012), 79.

⁴² Hjalti Hugason, „Kirkja í krísu,“ 30–31.

Í kjölfar umfjöllunarinnar hér að framan um þjóðkirkjuna og krísur ákvað höfundur að nefna það tímabil í sögu þjóðar og þjóðkirkju sem hér er fjallað um, „átakatími“. Höfundur markar að tímabilið sem um ræðir sé frá árinu 1995 þegar upphaf máls um ein hjúskaparlög verður til. Tímabilinu lýkur árið 2015 þegar þeim átakamálum sem fjallað er um í ritgerðinni er formlega lokið. Hluti þessara mála eiga við alla þjóðina en önnur frekar um þjóðkirkjuna, málin eru bakgrunnur og marka upphaf og endi þess tímabils sem um ræðir. Tímabilið markast af miklum samfélagslegum breytingum líkt og lesa má úr málunum sem hér eru til umfjöllunar. Hrunið var stórt samfélagslegt áfall sem snerti alla þjóðina. Hin málin hafa án nokkurs vafa valdið áföllum í smærri mengjum samfélagsis. Þar má nefna hinsegin fólk og mögulega þolendur kynferðislegs ofbeldis sem dæmi. Spyrja má að því að hvaða leyti sé fengist við samfélagsleg áföll og að sama skapi hvar sé fengist við þróun samfélagsins.

Í kjölfar þessarar umræðu er rétt að líta örstutt til umfjöllunar Hjalta um afhelgun (e. *secularization*) samfélagsins. Hann greinir á milli afhelgunar stofnana og hugarfars fólks en telur að hvort tveggja hafi átt sér stað í ákveðnum mæli. Afhelgunar hugarfarsins hafi þó síðar tekið að gæta en stofnananna.⁴³ Í lok nítjándu aldar hafi orðið miklar samfélagsbreytingar sem leiddu til þess að kirkjur voru byggðar á nýjum stöðum í takt við þær breytingar sem fylgdu þéttbýlisþróun. Samkvæmt Þórunni Valdimarsdóttur, sagnfræðingi, hafa þær breytingar sem urðu á 19. og 20. öld haft mikil áhrif á lögskipaða helgi samfélagsins, samfélagið sjálft og þjóðkirkjuna.⁴⁴ Í kenningakafli ritgerðarinnar er fjallað nánar um tegundir valds og áhrif þess, breytingar á valdaáhrifum þjóðkirkjunnar og viðmælendanna og tengist það þá mögulega breytingum á samfélaginu.

Líkt og Hjalti telur Haraldur Hreinsson, lektor í trúarbragðasögu við Háskóla Íslands, að afhelgun samfélagsins hafi haft áhrif á stöðu þjóðkirkjunnar í samfélaginu.⁴⁵ Framangreint tengist einnig hugmyndum Péturs Péturssonar, trúarlífsfélagsfræðings og prófessors emerítus í praktískri guðfræði við Háskóla Íslands, sem heldur því fram að valdastaða og áhrif kirkju og tengdra aðila dvíni samhliða afhelgun.⁴⁶ Pétur er þeirrar skoðunar að afhelgun og samfélagslegir þættir þurfi ekki að standa í samhengi hvert við annað og segir: „Guðstrú [er] margvísleg og trúarlífsálfraeðingar greina á milli þeirrar guðshugmyndar sem kirkjan og predikarar boða í nafni kristninnar og byggir á biblíunni og trúarlærdómum annars vegar og guðstrú sem er persónulegs eðlis og mótast af reynslu og uppeldi.“⁴⁷ Ofangreint undirstrikar að afhelgun geti birst með ólíkum hætti. Fyrirbærið hefur ólík áhrif á afstöðu til trúar í samfélaginu auk þess að draga mögulega úr áhrifum og valdastöðu þjóðkirkjunnar.

⁴³ Hjalti Hugason, „Kirkja í krísu,“ 29.

⁴⁴ Þórunn Valdimarsdóttir, „Til móts við nútímann: Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar,“ í *Kristni á Íslandi*, IV. bindi, ritstj. Hjalti Hugason, (Alþingi, 2000), 92.

⁴⁵ Haraldur Hreinsson, „Guðfræði- og trúarbragðafræðideild í breyttu samfélagi,“ *Ritröð Guðfræðistofnunar* 36, nr. 56 (Háskóli Íslands, 2023), 12–13.

⁴⁶ Pétur Pétursson, „Stofnun eða andi: Kirkjukreppur frá einveldi til lýðræðis,“ *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar* 12, 2 (2012): 79.

⁴⁷ Pétur Pétursson, „Fyrir og eftir árið 2000: Félagssfræðilegar kannanir á trúarlífi Íslendinga.“ *Rannsóknir í félagsvísindum VI*, ritstj. Úlfar Hauksson (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005), 125.

Samkvæmt því sem Haraldur heldur fram hefur þjóðkirkjan þurft að taka tillit til breyttra aðstæðna þegar hún tekur þátt í samfélagslegri umræðu. Í þessu samhengi ræðir hann um breytingar á valdastöðu þjóðkirkjunnar sem fellur vel að því sem rætt hefur verið hér. Haraldur er þeirrar skoðunar að þjóðkirkjan þurfi með einhverjum hætti að útskýra sjálfa sig og hlutverk sín.⁴⁸ Pétur heldur því fram að samskipti á milli þjóðkirkju og stjórnvalda geti leitt til kreppuástands og átaka. Hann segir að taka þurfi tillit til mismundandi skoðana þegar fjallað er um hið veraldlega og hið trúarlega.⁴⁹

Staða þjóðkirkjunnar í samfélaginu hefur breyst mikið á nýrri öld. Þættir eins og samfélagslegar breytingar, aukning innflytjenda og trúarlegt umhverfi hafa haft áhrif á stöðu þjóðkirkjunnar í samtímanum. Samkvæmt því sem fram kemur hjá Hjalta, Pétri og Haraldi má álykta að afhelgun hafi að einhverju marki átt sér stað í íslensku samfélagi og þar með haft áhrif á stöðu þjóðkirkjunnar í samfélaginu. Hér hafa verið sett fram úr smiðju Hjalta hugtökin „innhverfing“, „samhljómur“ og „skerping“. Tilgangur þess er að hafa þau í bakgrunninum þegar haldið er áfram með sögulega greiningu og velta því upp hvort hægt sé að tengja viðbrögð þjóðkirkjunnar við þeim stóru málum er hér verður fjallað um við þessi þrjú hugtök.

1.2.1 Ein hjúskaparlög og kirkjuleg hjónavígsla (1995–2015)

Stór áskorun þjóðkirkjunnar sem hófst á síðasta áratug 20. aldar var barátta hinsegin fólks fyrir einum hjúskaparlögum og réttur para af sama kyni til að fá kirkjulega hjónavígslu. Hér er gert ráð fyrir því að umfjöllun málsins hafi hafist árið 1995 í aðdraganda þess að lög voru sett um staðfesta samvist. Málarekstur hafi staðið óslitið fram til ársins 2015 er skorið var úr um það hvort prestar gætu hafnað því að gefa hinsegin fólk saman á grundvelli samviskufrelsis. Í þessari umfjöllun er unnið út frá fræðilegum skrifum Sólveigar Önnu Bóasdóttur, prófessors í guðfræðilegri siðfræði við Háskóla Íslands, en rannsóknir hennar spanna vítt svið í málum hinsegin fólks. Hún hefur lengi fært rök fyrir hjónabandi fólks af sama kyni. Í bók hennar *Ást, kynlíf og hjónaband* frá árinu 2008 er umræða um baráttu hinsegin fólks lykilþáttur. Sólveig Anna fullyrðir að Norðurlöndin hafi verið í fararbroddi þegar komi að málum hinsegin fólks. Ein hjúskaparlög voru fyrst sett í Hollandi árið 2000. Í byrjun árs 2009 var Noregur fyrstur Norðurlandanna að taka upp hjúskaparlöggjöf sem gildi fyrir alla, óháð kyni. Ísland var fjórða í röð Norðurlandanna til að samþykkja ein hjúskaparlög árið 2010.⁵⁰ Í umfjöllun undirkaflans er ferill málsins settur fram í tímaröð til þess að hægt sé að glöggva sig á ferli og þróun umræðunnar um ein hjúskaparlög innan þjóðkirkjunnar.

⁴⁸ Haraldur Hreinsson, „Guðfræði- og trúarbragðafræðideild,“ 14–15.

⁴⁹ Pétur Pétursson, „Stofnun eða andi,“ 79–80.

⁵⁰ Jens Rydström, *Odd Couples: A History of Gay Marriage in Scandinavia* (Amsterdam University Press, 2011), doi:10.1515/9789048514854; Hrefna Friðriksdóttir, „Leyfilegar og óleyfilegar fjölskyldur: Mannréttindi og lagaleg staða samkynhneigðra fjölskyldna,“ í *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf*, ritstj. Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson (Háskólaútgáfan, 2003), 47–74; Hrefna Friðriksdóttir, „The Nordic Gay and Lesbian Marriage: No children allowed.“ (LL.M ritgerð, Harvard Law School, 1996); Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást, kynlíf og hjónaband* (Salka, 2008), 7–9.

Söguleg tengsl ríkis og kirkju eru mikil á Íslandi og prestar hafa um aldir haft heimild til að annast hjónavígslur að lögum. Stjórnvöld áttu samstarf við þjóðkirkjuna þegar löggjöf um hjónaband samkynhneigðra var í undirbúningi. Mikil umræða átti sér stað innan þjóðkirkjunnar sem studdi setningu laganna um staðfesta samvist.⁵¹ Færa má rök fyrir því að formleg afskipti þjóðkirkjunnar af málaflokknum hafi hafist í byrjun árs 1995 er Alþingi bað biskup Íslands að greina frá afstöðu þjóðkirkjunnar varðandi það hvort heimila ætti prestum að vera vígslumenn staðfestrar samvistar. Spurt var um fleiri þætti málsins, til dæmis hvort prestum væri skylt að annast slíka vígslu gengi hún gegn sannfæringu þeirra. Biskup Íslands sem þá var Ólafur Skúlason svaraði fyrirspurn ráðuneytisins um haustið þar sem eftirfarandi kom fram:

Kirkjan gerir sér vitanlega grein fyrir því að prestar hennar eru ekki aðeins í þjónustu trúarlegs aðila, heldur einnig opinberir starfsmenn, sem hljóta að lúta lögum ríkisins og fyrir mælum. Hins vegar óskar kirkjan alls ekki eftir því og telur það mjög vafasamt að mælt verði fyrir því í lögum að heimild sé veitt til kirkjulegrar vígslu samkynhneigðra. Hitt er vitanlega sjálfgefið, að prestar og aðrir kirkjulegir aðilar munu biðja fyrir þeim, sem leita eftir slíku og er þá aðeins spurt um þörf en ekki grennslast fyrir um stöðu viðkomandi.⁵²

Lesi má úr þessum viðbrögðum þjóðkirkjunnar um miðjan tíunda áratuginn að forysta hennar hafi verið því andsnúin að gera kirkjulega helgiathöfn fyrir staðfesta samvist sem hafi sömu stöðu og hjónaband gagnkynhneigðs fólks. Hins vegar væri hún tilbúin til að biðja fyrir sambúð samkynhneigðs fólks. Á kirkjuþingi árið 1996 var sett fram greinargerð um málefni samkynhneigðra og ályktað að kirkjan ætti að vera jákvæðari í garð samkynhneigðs fólks.⁵³ Í greinargerð nefndar um samkynhneigð og kirkju sem birt var á kirkjuþingi 1996 kemur fram að þjóðkirkjan hafi skyldur gagnvart öllum í samfélaginu, taka þurfi tillit til ólíkra sjónarmiða innan hennar og sinna ólíkum hópum innan samfélagsins. Nefndin gerði tillögu um að þjóðkirkjan myndi móta ritúal er innifæli bæn og blessun vegna staðfestrar samvistar.⁵⁴ Karl Sigurbjörnsson sem þá var nýtekinn við störfum sem biskup Íslands lét semja blessunarritúal um staðfesta samvist árið 1998.⁵⁵

Árið 2003 skipaði þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddson, nefnd til að kanna réttarstöðu samkynhneigðra á Íslandi. Fram kom í greinargerð með þingsályktunartillögu um skipan nefndarinnar að leiðrétta þyrfti lög til að ná jafnræði meðal samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu. Um hafi verið að ræða rétt til að eignast og ala upp börn og

⁵¹ Alþt, 2009–10, A-deild, 4539.

⁵² Alþt, 1995–96, A-deild, 2640–2641.

⁵³ Kirkjuþing, *Gerðir kirkjuþings* (Kirkjuþing, 1997), 111–112. Sótt 15.06.2024 af <https://timarit.is/page/6491228?iabr=on#page/n3/mode/2upg>

⁵⁴ Kirkjuþing, *Gerðir kirkjuþings* (Kirkjuþing, 1996), 183. Sótt 12.06.2024 af <https://timarit.is/page/6491340#page/n115/mode/2up>

⁵⁵ Alþingi, *Öll erindi í 485. máli: Hjúskaparlög, staðfest samvist o.fl.* Sr. Sigríður Guðmarsdóttir og fleiri prestar (till. og undirskriftarlistar), sótt 10.06.2024 af <https://www.althingi.is/altext/erindi/138/138-2719.pdf>

réttarstöðu samkynhneigðs fólks í sambúð.⁵⁶ Þjóðkirkjan var hvött til að samþykkja vígslu samkynhneigðra með sama hætti og gagnkynhneigðra. Mat nefndarinnar var að breytingar yrðu að verða á viðhorfi þjóðkirkjunnar til að forsenda væri fyrir lagabreytingum svo hægt væri að gefa samkynhneigt fólk saman í kirkjulegri vígslu.⁵⁷

Umræður um ein hjúskaparlög áttu sér stað innan þjóðkirkjunnar, á vettvangi Prestafélags Íslands, á vettvangi kirkjuþings og innan annarra stofnana þjóðkirkjunnar. Árin 2004 og 2005 stóðu Prestafélag Íslands ásamt Samtökum foreldra og aðstandenda hinsegin fólks fyrir málþingum þar sem fjölskyldur og hjúskaparmöguleikar samkynhneigðs fólks voru til umræðu. Einnig var rætt hvort kirkjan gæti átt frumkvæði í málefnum samkynhneigðra.⁵⁸ Samkvæmt skýrslu forsætiráðuneytisins var árið 2004 þegar hafin vinna við endurskoðun á fjölskyldustefnu laganna.⁵⁹

Árið 2005 lagði nefnd forsætisráðherra áherslu á að þjóðkirkjan vígði samkynhneigt fólk í hjónaband. Eftirfarandi kemur fram í skýrslunni: „Nefndin hvetur þjóðkirkjuna til þess að breyta afstöðu sinni gagnvart hjónaböndum samkynhneigðra þannig að samkynhneigðir geti fengið kirkjulega vígslu eins og gagnkynhneigð pör.“⁶⁰ Í niðurstöðum ráðgjafanefndar biskups um kenningarleg málefni þjóðkirkjunnar kom fram að „þjóðkirkjan styðji hjónabandið sem sáttmála karls og konu á forsendum hins kristna kærleika og kirkjan styðji enn fremur önnur sambúðarform á sömu forsendum. Þá styðji þjóðkirkjan þá einstaklinga af sama kyni sem vilji búa saman í ást og trúmennsku og staðfesta samvist sína.“⁶¹

Á kirkjuþingi árið 2007 var lögð fram þingsályktunartillaga út frá álitum kenningarnefndar sem vísað er til hér að framan. Þar kemur fram að mikil umræða hafi átt sér stað um málið en einnig að kirkjan standi við hefðbundna skilgreiningu hjónabandsins.⁶² Ályktun kirkjuþings var í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar. Þingið ályktaði um „stuðning við vígsluheimild presta.“⁶³ Lögum um staðfesta samvist var breytt árið 2008 og fengu prestar íslensku þjóðkirkjunnar leyfi til að staðfesta samvist að lögum.⁶⁴ Eftir að breytingar á lögum um vígsluheimild presta tóku gildi árið 2009 staðfesti kirkjuþing samþykktir er innihalda kafla „um framkvæmd kirkjulegrar staðfestingar samvistar“. Í kjölfar gildistöku breytingarlaga nr. 55/2008, um vígsluheimild presta, voru staðfestar á kirkjuþingi árið 2009 samþykktir um innri málefni þjóðkirkjunnar þar sem m.a. er að finna kafla um framkvæmd á kirkjulegri staðfestingu samvistar.⁶⁵

⁵⁶ Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást, kynlíf og hjónaband* (Salka, 2008), 8.

⁵⁷ Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást, kynlíf og hjónaband*, 10.

⁵⁸ Alþt, 2009–10, A-deild, 4539.

⁵⁹ Forsætisráðuneytið, *Skýrsla nefndar forsætisráðherra um réttarstöðu samkynhneigðra* (Forsætisráðuneytið, 2004), 84. Sótt 23.11.2024 af https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/Skyrslur/Rettarstada_samkynhneigdra.pdf

⁶⁰ Alþt, 2009–10, A-deild, 4539.

⁶¹ Alþt, 2009–10, A-deild, 4540.

⁶² Alþt, 2009–10, A-deild, 4540.

⁶³ Alþt, 2009–10, A-deild, 4540.

⁶⁴ Lög um breytingar á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög), nr. 65/2020.

⁶⁵ Alþt, 2009–10, A-deild, 4540.

Í júní 2010 var send til allsherjarnefndar Alþingis tillaga 90 presta, djákna og guðfræðinga er sett hafði verið fram á prestastefnu sama ár. Í tillögunni var birt eindregin stuðningsyfirlýsing við frumvarp um ein hjúskaparlög er samþykki hjónaband samkynhneigðra. Fram kemur að prestarnir, djáknarnir og guðfræðingarnir telji íslensku þjóðkirkjuna hæfa til að gefa samkynhneigða einstaklinga saman í hjónaband. Ekki hafi verið fjallað um umræðu níutíu menninganna á prestastefnunni þar sem naumlega hafi verið samþykkt að vísa tillögunni til biskups Íslands í stað þess að greiða atkvæði um hana. Í greinargerð er fylgir tillögunni er rakinn ferill baráttunnar fyrir einum hjúskaparlögum og bent á að reglulega hafi verið fjallað um málið á prestastefnum frá árinu 1996 til ársins 2007.⁶⁶ Ein hjúskaparlög voru samþykkt á Íslandi árið 2010 og prestar gátu þar með strax vígt hjón af sama kyni.⁶⁷

Þegar löggin voru sett var það skilningur laganna að prestar gætu tekið að sér hjónavígslur fólks af sama kyni eða hafnað því í samræmi við eigin skoðanir og samvisku. Ekki voru allir sáttrir við að prestar hefðu möguleika á að hafna vígslu. Þannig gerði Steinunn Þóra Árnadóttir, alþingiskona, eftirfarandi fyrirspurn á Alþingi: „Eru einhverjar reglur um samviskufrelsi presta í gildi innan þjóðkirkjunnar sem heimila þeim að neita fólki um þjónustu á grundvelli kynhneigðar? Ef svo er, á hvaða heimild byggjast þær reglur?“⁶⁸ Fram kemur í svari ráðherra að „sem opinberir starfsmenn megi prestar ekki mismuna fólki á grundvelli kynhneigðar.“⁶⁹ Leitað var eftir svari Karls Sigurbjörnssonar, biskups Íslands, varðandi ofangreint mál. Í svari segir að ekki hefðu verið settar reglur vegna samviskufrelsis og ástæðan væri sennilega sú „að ekki hafi verið talin þörf á því vegna þess að umrædd þjónusta sé tryggð innan þjóðkirkjunnar.“⁷⁰ Kirkjuþing 2015 ályktaði að „prestum þjóðkirkjunnar sé ekki heimilt að synja tveimur einstaklingum um hjónavígslu á grundvelli kynhneigðar.“⁷¹ Var málið þar með að mestu leyti útrætt á vettvangi þjóðkirkjunnar.

Miklar breytingar hafa orðið á almennu viðhorfi til mála er tengjast hinsegin fólki. Til marks um það má benda á að á fyrsta áratug 21. aldar gengu einstakir prestar með Áhugahóp samkynhneigðra um trúarlíf og aðstandendum þeirra í Gleðigöngunni (*e. Reykjavík Pride*). Í kjölfar þess hóf Æskulýðssamband þjóðkirkjunnar að taka þátt í göngunni og hefur fólk (þ.m.t. prestar) gengið á vegum sambandsins allt fram til þessa. Höfundur hefur alloft tekið þátt í göngunni og telur að þátttaka presta í göngunni hafi vaxið sýnilega á undanförunum árum. Sigríður Guðmarsdóttir greindi guðfræði Gleðigöngunnar út frá sjónarmiðum hinsegin guðfræði og baráttu hinsegin fólks til að fá að ganga í hjónaband árið 2010. Hún spyr með

⁶⁶ Alþingi, *Öll erindi í 485. máli: hjúskaparlög, staðfest samvist o.fl.* Sr. Sigríður Guðmarsdóttir og fleiri prestar (till. og undirskriftarlistar), sótt 10.06.2024 af <https://www.althingi.is/altext/erindi/138/1382719.pdf>

⁶⁷ Lög um breytingar á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög), nr. 65/2020.

⁶⁸ Þskj. 167, 145. lögb. 2009–2010, 1–4.

⁶⁹ Þskj. 167, 145. lögb. 2009–2010, 1–4.

⁷⁰ Þskj. 167, 145. lögb. 2009–2010, 1–4.

⁷¹ Kirkjuþing, *Gerðir kirkjuþings* (Kirkjuþing, 2015). Sótt 06.10.2024 af https://kirkjan.is/library/Files/KirkjuThing/Gerdir_kirkjuThings/Ger%c3%b0ir%20kirkju%c3%beings%202015.pdf

hvaða hætti hinsegin fólk og líf þess geti upplýst kirkjuna.⁷² Prestarnir í Gleðigöngunni hafi stigið út úr þægindaramma sínum til að sýna stuðning við hinsegin fólk.⁷³ Í máli Sigríðar kemur fram hversu miklar breytingar hafi orðið á viðhorfum presta og kirkjunnar til hinsegin fólks í aðdraganda einna hjúskaparlaga.

Sólveig Anna Bóasdóttir heldur því fram að viðhorf kristinnar kynlífssiðfræði hafi einkennst af gagnkynhneigðarhyggju (*e. heteronormativity*) sem gangi út frá því að gagnkynhneigð hjónabönd og gagnkynhneigt kynlíf sé það eina rétta þegar kemur að þessum þáttum lífsins. Gagnkynhneigðarhyggja hafi mótað lagalegar, efnahagslegar, félagslegar, pólitískar og kirkjulegar stofnanir í samfélaginu og hafi einnig haft áhrif á viðhorf almennings.⁷⁴ Sólveig Anna telur að breyta þurfi kristinni kynlífssiðfræði. Margbreytileiki einkennir samfélagið. Áskorun kristinnar kynlífssiðfræði sé að leggja gagnkynhneigðarhyggju til hliðar og láta það vera að meta hvort sambönd fólks séu í lagi út frá því hvort fólk af sama kyni eða gagnstæðu kyni eigi hlut að máli.⁷⁵

Samband þjóðkirkjunnar og ríkisvaldsins vegna málefna hinsegin fólks á því tímabili er hér um ræðir var flókið. Innan þjóðkirkjunnar voru miklar umræður og átök um málið og skoðanir ólíkar. Athyglisvert er að skoða viðbrögð þjóðkirkjunnar með hugtök Hjalta Hugasonar í huga. Ekki virðist vafi á því að viðbrögð þjóðkirkjunnar í ferli einna hjúskaparlaga hafi í meginatriðum einkennst af skerpingu. Þjóðkirkjan sá að lokum að sér eftir að hafa sýnt viðbrögð sem snerust um varnarhætti með því að halda í það sem áður var og leggja áherslu á það hvernig þessum málum hafði alltaf verið háttað innan þjóðkirkjunnar. Það má halda því fram að undir lokin hafi þjóðkirkjan hrokkið úr vörn og sýnt viðbrögð samhljóms með því að taka undir og viðurkenna stefnur og straua samfélagsins í mannréttindamálum.

1.2.2 Biskups málið (1996–2012)

Þjóðkirkjan þurfti að fást við fleiri áskoranir í upphafi nýrrar aldar. Sú áskorun sem rædd er í þessum undirkafla fólst í ásökunum um kynferðsbrot af hálfu biskups Íslands. Því var haldið fram að þjónar og stofnanir þjóðkirkjunnar hafi ekki brugðist á fagmannlegan hátt við ásökununum. Hér er miðað við að biskups málið hafi spannað tæplega einn og hálfan áratug frá árinu 1996 til 2012. Málið komst í há mæli árið 1996, í ritgerðinni er gert ráð fyrir að því hafi lokið með því að Karl Sigurbjörnsson biskup sagði lét af embætti og annar biskup tók við árið 2012. Ásakanirnar ollu því að átök áttu sér stað innan þjóðkirkjunnar og á almennum vettvangi. Deilt var um réttmæti ásakananna um langt skeið og telja má víst að málið hafi haft áhrif á samfélagslega umræðu um þjóðkirkjuna. Í undirkaflanum er fyrst og fremst stuðst við skýrslu rannsóknarnefndar kirkjubings um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna

⁷² Sigríður Guðmarsdóttir, „In that Vesture, Let There be Diversity: Reading Augustine at Gay Pride Reykjavík,“ *Journal of the European Society of Woman in Theological Research* 18, (2010): 125–136, doi: 10.2143/ESWTR.18.0.2056275

⁷³ Sigríður Guðmarsdóttir, „In that Vesture,“ 125–127.

⁷⁴ Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást, kynlíf og hjónaband*, 79–80.

⁷⁵ Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást, kynlíf og hjónaband*, 88–90.

ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot og málið verður reifað í tímaröð. Í inngangi skýrslunnar kemur eftirfarandi fram: „Rannsóknarnefnd Kirkjubings var kjörin til að rannsaka viðbrögð og starfshætti vígðra þjóna og annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot.“⁷⁶ Höfundur valdi að nota skýrsluna hér vegna þess hversu umfangsmikil og ítarleg hún er. Rætt er við fjölda fólks er kom nálægt máli biskupsins með einum eða öðrum hætti og málsatvik í kjölfar ásakananna rakin. Í lokahluta skýrslunnar „er að finna ályktanir og niðurstöður nefndarinnar um mistök, vanrækslu eða þöggun.“⁷⁷ Einnig eru lagðar fram tillögur rannsóknarnefndarinnar til úrbóta. Nefndinni var ekki ætlað að fjalla um sannleiksgildi ásakana á hendur biskupi heldur að rannsaka sérstaklega: „hvort vígðir þjónar eða aðrir starfsmenn þjóðkirkjunnar hefðu gert mistök, vanrækt skyldur sínar eða gerst uppvísir að vísvitandi þöggun eða tilraun til þöggunar varðandi þær ásanir er fram komu.“⁷⁸ Með ofantöldu var ætlunin að fá úr því skorið með hvaða hætti þjóðkirkjan og starfsmenn hennar hefðu brugðist við ásökunum á hendur biskupi sem gegnir veigamiklu hlutverki sem leiðtogi kirkjunnar. Niðurstaða rannsóknarnefndarinnar er að ýmislegt hafi farið úrskaiðis og mistök verið gerð.

Þrjár konur lögðu ásanirnar fram í upphafi. Málið komst fyrst í hámmæli þegar ein af konunum ritaði bréf og sendi Prestafélagi Íslands í janúar 1996. Þar lýsti hún samskiptum sínum við Ólaf Skúlason biskup og þeim atburðum er leiddu til þess að ásanirnar voru settar fram.⁷⁹ Þegar þáverandi formaður Prestafélags Íslands, Geir Waage, kom fyrir Rannsóknarnefnd kirkjubings sagði hann frá því að á fundi með Ólafi Skúlasyni biskupi hafi hann beðið sig að „stinga gögnunum undir stól“ og að hann hafi hafnað þeirri beiðni.⁸⁰ Geir sendi erindið til siðanefndar Prestafélagsins sem hélt nokkra fundi um málið. Niðurstaða nefndarinnar var að láta það niður falla með einhvers konar fyrirgefningarbeiðni af hálfu sóknarprests er setið hafði fund með einum ásakandanum.⁸¹ Í ódagsettu álitu Jóns Kalmanssonar, nefndarmanns í siðanefnd Prestafélagsins, sem rannsóknarnefndin hafði undir höndum komu fram efasemdir hans um að biskup gæti gegnt starfi sínu áfram.⁸²

Ólafur Skúlason biskup varðist í málinu og óskaði eftir opinberri rannsókn á ærumeiðingum í sinn garð vegna framangreindra atvika. Eftir að hafa rannsakað málið úrskurðaði saksóknari að ekki væri tilefni til slíkrar rannsóknar. Biskup krafðist aftur opinberrar rannsóknar vegna rangs sakarburðar og ærumeiðandi aðdróttana. Sú rannsókn fór fram en leiddi ekki til ákæru vegna málsins.⁸³ Seinna um vorið ákvað ríkissaksóknari að fella niður rannsóknina.⁸⁴ 1. mars 1996 birti kirkjuráð yfirlýsingu þar sem fram kemur að ráðið finni til með sóknarbörnum

⁷⁶ Rannsóknarnefnd Kirkjubings, *Skýrsla um viðbrögð*, 11.

⁷⁷ Rannsóknarnefnd Kirkjubings, *Skýrsla um viðbrögð*, 11.

⁷⁸ Rannsóknarnefnd Kirkjubings, *Skýrsla um viðbrögð*, 11.

⁷⁹ Rannsóknarnefnd Kirkjubings, *Skýrsla um viðbrögð*, 40–41.

⁸⁰ Rannsóknarnefnd Kirkjubings, *Skýrsla um viðbrögð*, 51.

⁸¹ Rannsóknarnefnd Kirkjubings, *Skýrsla um viðbrögð*, 53.

⁸² Rannsóknarnefnd Kirkjubings, *Skýrsla um viðbrögð*, 55.

⁸³ Rannsóknarnefnd Kirkjubings, *Skýrsla um viðbrögð*, 64.

⁸⁴ Rannsóknarnefnd Kirkjubings, *Skýrsla um viðbrögð*, 124.

kirkjunnar sem telji sig hafa orðið fyrir óréttlæti vegna framkomu þjóna hennar fyrr og nú. Kirkjuráð lýsti yfir harmi vegna ásakananna í garð biskups og sagði þær vera „alvarlega atlögu að æru hans og heiðri kirkjunnar þjóna.“ Lokaorð yfirlýsingarinnar eru eftirfarandi: „Kirkjuráð vottar biskupi Íslands og fjölskyldu hans dýpstu samúð og kærleika og treystir honum til að leiða þessi alvarlegu mál til lykta, kirkju og þjóð til heilla og blessunar.“⁸⁵ Prófastafélag Íslands gaf út yfirlýsingu 7. mars 1996 þar sem fram kemur að prófastar harmi ásakanir í garð biskups og telji þær aðför að honum. Fram kemur í yfirlýsingunni að prófastar telji málatilbúnað allan ómaklegan. Þáverandi formaður prófastafélagsins bar fyrir sig minnisleysi þegar hann var spurður að því hvort Ólafur hefði haft áhrif á það að slík yfirlýsing væri birt.⁸⁶ Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar er fjallað um fundi er sr. Karl Sigurbjörnsson og sr. Hjálmar Jónsson áttu með meintum þolendum málsins í Hallgrímskirkju í mars 1996.⁸⁷ Karl hafi haft tvöfalda aðkomu að málinu. Annars vegar hafi hann setið í kirkjuráði því sem sendi frá sér téða yfirlýsingu um biskupsmálið. Hins vegar hafi hann verið annar prestanna sem hittu tvær af konunum sem ásakað höfðu biskupinn. Karl sagði að skýr krafa hefði verið gerð af hálfu Ólafs um að ásakanir kvennanna yrðu láttnar niður falla.⁸⁸

Hér að framan hefur verið stiklað á atburðum til að gera grein fyrir umfangi og alvarleika rannsókna þeirrar er rannsóknarnefnd kirkjubings stóð fyrir. Ólafur Skúlason lét formlega af störfum sem biskup 2. janúar 1998 og tók þá Karl Sigurbjörnsson við en hann hafði hlotið kjör sem biskup í september 1997. Ekki er að sjá samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar að fjallað hafi verið um biskupsmálið með formlegum hætti innan kirkjunnar eða stofnana hennar fram að því að nefndin hóf rannsókn sína. Sett var á laggirnar fagrúð um meðferð kynferðisbrota innan kirkjunnar árið 1998 og telur nefndin ljóst að ráðið hafi verið stofnað í kjölfar þeirrar reynslu er fékkst af biskupsmálinu.⁸⁹

Segja má að biskupsmálið hafi legið í dvala þegar Ólafur Skúlason lét af embætti en málið var endurvakið meira en áratug síðar þegar frásögn dóttur Ólafs Skúlasonar um meint kynferðisbrot föður hennar gagnvart henni og viðbrögð kirkjunnar við þeim komst í hárnæli. Samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndarinnar fékk dóttir Ólafs áheyrnarfund hjá kirkjuráði 17. ágúst 2010.⁹⁰ Í kjölfar fundarins sendi kirkjuráð frá sér yfirlýsingu þar sem sagt var að ráðið legði trúnað á frásagnir kvennanna er ásakað hafi biskup. Kirkjuráð bað konurnar fyrirgefningar fyrir hönd þjóðkirkjunnar. „Fyrir hönd þjóðkirkjunnar biður kirkjuráð þær og aðra þá sem brotið hefur verið á af hálfu starfsmanna og þjóna kirkjunnar fyrirgefningar. Kirkjuráð harmar þá þjáningu og sársauka sem þau hafa liðið.“ Sérstaklega var tekið fram í bréfinu að kynferðisbrot væru ekki liðin innan þjóðkirkjunnar.⁹¹

⁸⁵ Rannsóknarnefnd Kirkjubings, *Skýrsla um viðbrögð*, 66–67.

⁸⁶ Rannsóknarnefnd Kirkjubings, *Skýrsla um viðbrögð*, 98–100.

⁸⁷ Rannsóknarnefnd Kirkjubings, *Skýrsla um viðbrögð*, 71.

⁸⁸ Rannsóknarnefnd Kirkjubings, *Skýrsla um viðbrögð*, 85.

⁸⁹ Rannsóknarnefnd Kirkjubings, *Skýrsla um viðbrögð*, 125.

⁹⁰ Rannsóknarnefnd Kirkjubings, *Skýrsla um viðbrögð*, 126.

⁹¹ Rannsóknarnefnd Kirkjubings, *Skýrsla um viðbrögð*, 140–141.

Í niðurstöðum rannsóknarnefndarinnar kemur fram að tímabilið sem rannsakað hafi verið sé miðað við þann tíma er ásakanir um að Ólafur Skúlason hafi gerst sekur um kynferðisbrot hafi komið fram. Meðal annars kemur fram í niðurstöðunum að mögulega hafi valdaátök innan þjóðkirkjunnar haft áhrif á framvindu biskups málsins.⁹² Einnig er fjallað um að áhrif biskups gagnvart samstarfsmönnum sínum og öðrum starfsmönnum kirkjunnar hafi verið veruleg og að hann hafi með framgöngu sinni haft mótandi áhrif á aðgerðir einstaklinga er að málinu komu, hvort heldur á vettvangi kirkjuráðs, Prófastafélags Íslands eða Prestafélags Íslands.⁹³ Nefndin kemst að því að trúnaðarbrot hafi átt sér stað og að yfirlýsing Prófastafélags Íslands hafi borið merki um þöggunartilburði.⁹⁴ Tekið er fram að Ólafur Skúlason hafi reynt að hindra eða kveða niður umræður um málið.⁹⁵ Kirkjuþing komst einnig að eftirfarandi niðurstöðu: „Réttara hefði verið af hálfu ráðsins að eiga frumkvæði að því á árinu 2008 eða á síðasta lagi þegar mál Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur var til umfjöllunar á vettvangi kirkjuráðs á árinu 2009 að gefa henni kost á liðsinni eða annarri aðstoð fagráðs í samræmi við starfsreglur þess.“⁹⁶

Prófastar eru átaldir fyrir aðkomu sína að málinu með yfirlýsingu þar sem þeir studdu í raun þann er ásakanir beindust gegn og hafi þar með ekki metið framkomnar ásakanir af réttisyni. Einnig er það niðurstaða nefndarinnar að siðanefnd Prestafélags Íslands hefði átt að bregðast við með því að kynna málið fyrir stjórn Prestafélagsins með formlegum hætti.⁹⁷ Karl Sigurbjörnsson, þáverandi biskup, er í niðurstöðunum gagnrýndur fyrir að hafa orðið á alvarleg mistök í málinu, þ.e. að hann hafi ásamt fleirum „gert tilraun til að þagga niður í Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur.“⁹⁸ Einnig að Karl sem biskup hafi borið ábyrgð á mistökum. Fram kemur að „á skorti að verulegu leyti að faglega væri leyst úr máli Guðrúnar Ebbu og þá einnig í samræmi við þau gildi og grundvallarhugsjónir sem þjóðkirkjan stendur fyrir í íslensku samfélagi.“⁹⁹

Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor í samstæðilegri guðfræði við Háskóla Íslands með áherslu á kvennaguðfræði, segir að það sé vilji allra er tilheyri kirkjunni að upplifa að þar sé öryggi.¹⁰⁰ Hún notar hugtakið öryggi í víðum skilningi. Fólk þurfi að vera öruggt gagnvart kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Hún greinir frá því að frá 1. janúar 1999 hafi verið í gildi reglur um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar og fagráð um meðferð slíkra mála hafið störf. Hún getur þess einnig að rannsóknarnefnd hafi verið sett á stofn 2010 til að rannsaka viðbrögð þjóðkirkjunnar við ásökunum á hendur Ólafi Skúlasyni um kynferðisbrot. Fram komi í skýrslunni að brotalóm hafi verið í meðferð málsins þegar það kom fyrst til kasta þjóðkirkjunnar, hvort tveggja árið 1996 og á árunum 2008 til 2010. Arnfríður bendir á að íslenska þjóðkirkjan hafi greitt konunum sem ásökuðu Ólaf Skúlason skaðabætur vegna þess að

⁹² Rannsóknarnefnd Kirkjuþings, *Skýrsla um viðbrögð*, 153.

⁹³ Rannsóknarnefnd Kirkjuþings, *Skýrsla um viðbrögð*, 162–173.

⁹⁴ Rannsóknarnefnd Kirkjuþings, *Skýrsla um viðbrögð*, 153.

⁹⁵ Rannsóknarnefnd Kirkjuþings, *Skýrsla um viðbrögð*, 162–173.

⁹⁶ Rannsóknarnefnd Kirkjuþings, *Skýrsla um viðbrögð*, 161.

⁹⁷ Rannsóknarnefnd Kirkjuþings, *Skýrsla um viðbrögð*, 173–180.

⁹⁸ Rannsóknarnefnd Kirkjuþings, *Skýrsla um viðbrögð*, 202–205.

⁹⁹ Rannsóknarnefnd Kirkjuþings, *Skýrsla um viðbrögð*, 202–205.

¹⁰⁰ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Kirkjan sem öruggur staður: Um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar,“ í *Ritröð Guðfræðistofnunar* 22, nr. 34 (2012), 10.

ásakanirnar hafi ekki hlotið réttláta málsmeðferð.¹⁰¹ Margt hafi breyst síðan mál Ólafs kom fram, bæði innan þjóðkirkjunnar og í samfélaginu. Þjóðkirkjan hafi lært af reynslunni og unnið í því að bæta vinnubrögð og verkferla varðandi meðferð kynferðisbrota innan sinna vébanda.¹⁰² Hún bendir einnig á að skilaboð þjóðkirkjunnar þurfi að vera skýr um að hún þoli ekki undir neinum kringumstæðum ofbeldi eða misnotkun valds af nokkru tagi.¹⁰³ Þjóðkirkjan þurfi að láta vita af því „að hún vilji vera öruggur staður fyrir alla.“ Hún nefnir sérstaklega þátt prédikunarinnar til að koma slíkum skilaboðum á framfæri.¹⁰⁴

Af framansögðu má draga þá ályktun að orðstír þjóðkirkjunnar, biskups og presta hafi beðið hnekki af málinu. Málið og rekstur þess varði um langan tíma sem gerði það að verkum að afleiðingar þess urðu alvarlegri en ella. Að mati höfundar kemur skýrt fram hér hversu mikill valdamunur getur verið á milli prests og skjólstæðings hans, rétt eins og að mikill valdsmunur er í samskiptum biskups og presta. Umræða í samfélaginu um kynferðisbrot hefur þróast og þroskast á jákvæðan hátt á undanförunum tveimur áratugum.

Höfundur telur að viðbrögð þjóðkirkjunnar hafi einkennst af því sem Hjalti Hugason kallar skerpingu. Rökin fyrir því eru að áhersla hafi verið lögð á að þagga niður ásakanir kvennanna. Þannig má halda því fram að búin hafi verið til saga sem var ímynduð eða hagrædd eftir því sem hentaði þjóðkirkjunni. Hún brást enn við með varnarháttum, hafnaði staðreyndum og leitaðist við að stjórna viðbrögðum og því sem viðkom málinu innan hennar. Þar með hefur þjóðkirkjan mögulega orðið til þess að málin hafi ekki verið rannsökuð innan stofnana hennar. Þegar málið var aftur tekið upp var það sama uppi á teningunum en þáverandi biskup átti einnig hagsmuna að gæta vegna aðkomu að málinu á fyrri stigum þess. Þjóðkirkjan lét á endanum af varnarháttum sínum og valdi þá samhljóm sem viðbrögð sín.

1.2.3 Kristnitökuhátíð á Þingvöllum (1999-2001)

Enn ein áskorun þjóðkirkjunnar var kristnitökuhátíðin á Þingvöllum árið 2000. Vorið 1999 var sett kristnitökuhátíð, haldnir voru atburðir víða um land til að halda upp á kristnitöku á Íslandi árið 1000. Hápunktur hátíðarhaldanna var hátíð á Þingvöllum í byrjun júlí sumarið 2000. Fjöldi Íslendinga sóttu hátíðina og tóku þátt í dagskrá hennar og helgihaldi. Hátíðin hafði verið undirbúin af þjóðkirkjunni og ríkisvaldinu sem greiddi fyrir hátíðarhöldin á Þingvöllum. Þjóðkirkjan sætti mikilli gagnrýni vegna framkvæmdar hátíðarinnar og náins samstarfs við Alþingi og valdamenn í stjórnámálum. Uppgjör vegna hátíðarinnar var birt árið 2001 og markar það að mati höfundar lok hennar. Umræður um kristnitökuhátíð á Þingvöllum árið 2000 voru áberandi á fyrsta áratug 21. aldar. Það má halda því fram að þjóðkirkjan hafi verið samstarfsaðili ríkisvaldsins um framkvæmd hátíðarinnar. Málið reyndist áskorun fyrir þjóðkirkjuna sem varð fyrir gagnrýni vegna samspils við ríkisvaldið og valdamenn í samfélaginu. Skrif Péturs Péturssonar eru meginheimild höfundar en hann hefur rannsakað málið og ritað um það greinar.

¹⁰¹ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Kirkjan sem öruggur staður,“ 10.

¹⁰² Arnfríður Guðmundsdóttir, „Kirkjan sem öruggur staður,“ 11.

¹⁰³ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Kirkjan sem öruggur staður,“ 32.

¹⁰⁴ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Kirkjan sem öruggur staður,“ 32.

Það má fullyrða að kristnitökuhátiðin hafi verið tímamótaviðburður þegar litið er til tengsla þjóðkirkjunnar og ríkisvaldsins. Hátiðin virðist hafa verið hugsuð sem hátið er hafi átt að draga fram sögulegan, trúarlegan og menningarlegan arf íslensku þjóðarinnar. Viðburðurinn hefur verið túlkaður sem birtingarmynd þess samspils sem var á milli þjóðkirkju og ríkisvalds í byrjun 21. aldar, þegar þjóðkirkjan var mikilvægur þáttur í sjálfsmynd þjóðarinnar.¹⁰⁵

Kristnitökuhátiðin virðist hafa verið mikilvæg fyrir ráðamenn kirkjunnar. Í hirðisbréfum Péturs Sigurgeirssonar biskups og Ólafs Skúlasonar eftirmanns hans má greina að hátiðarinnar hafi verið beðið með eftirvæntingu. Pétur Sigurgeirsson minnst á það í hirðisbréfi sínu að það styttist í kristnitökuhátið sem kirkjan myndi fagna árið 2000. Hann tiltekur þess hversu mikilvæg sterk þjóðkirkja sé í huga þjóðarinnar og hversu ríkur stuðningur við hana komi frá ríkinu.¹⁰⁶ Ólafur Skúlason eftirmaður Péturs á biskupsstóli tekur undir sýn hans um mikilvægi sterkrar þjóðkirkju.¹⁰⁷ Það virðist hafa skipt miklu máli fyrir Alþingi og ráðamenn að undirbúningur og framkvæmd hátiðarinnar var að miklu leyti í höndum opinberra aðila. Hátiðin var kostuð að mestu leyti af ríkinu. Þetta fyrirkomulag hefur verið túlkað sem vísbending um sterk og nán tengsl ríkis og þjóðkirkju á tíma þar sem kirkjan naut enn stöðu sinnar sem sjálfgefinn fulltrúi trúarlegs arfs þjóðarinnar í opinberu samhengi.¹⁰⁸

Pétur Pétursson hefur bent á að í stað þess að endurspegla sameiginlegan fögnuð þjóðarinnar gagnvart kristnum arfi hafi kristnitökuhátiðin orðið táknræn fyrir fjarlægð milli kirkju og samfélags. Að hans mati hafi hátiðin leitt til álitshnekkis fyrir þjóðkirkjuna. Meðal annars vegna kostnaðar, skipulags og þess að hún náði ekki að virkja þann breiða hóp sem henni var ætlað að höfða til.⁵ Í þessum skilningi má halda því fram að hátiðin hafi vakið spurningar um lögmæti, vald og trúverðugleika kirkjunnar í hinu opinbera rými.

Svanur Kristjánsson prófessor emeritus í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands segir þjóðkirkjuna hafa alla burði til að vinna traust Íslendinga. „Þar skiptir miklu að kirkjan finni á ný samhljóm við kröfu kristninnar um virkt lýðræði, bæði í eigin ranni og í þjóðfélaginu öllu.“ Svanur hélt því fram að þjóðkirkjan ætti að taka þátt í því með þjóðinni að endurreisa lýðræðið í landinu.¹⁰⁹

Pétur heldur því fram að kristnitökuhátiðin hafi orðið vendipunktur í upplifun almennings á stöðu þjóðkirkjunnar. Umræða skapaðist um þjóðkirkjuna og hvort hún hefði ofmetið stöðu sína og samfélagslegt traust. Hann heldur því fram að hátiðin hafi dregið fram veikleika í

¹⁰⁵ Pétur Pétursson, „Kristnitökuhátiðin á Þingvöllum og staða þjóðkirkjunnar við þúsaldamót,“ í *Ritroð Guðfræðistofnunar*, 42, nr. 1 (2016), 35-36.

¹⁰⁶ Pétur Sigurgeirsson, *Kirkjan öllum opin: Hirðisbréf til presta og safnaða á Íslandi*, Reykjavík: Biskupsembættið, 1986.

¹⁰⁷ Ólafur Skúlason, *Við tímamót: Hirðisbréf Ólafs Skúlasonar*, Reykjavík: Skálholt, 1997.

¹⁰⁸ Pétur Pétursson, *Kristnitökuhátiðin á Þingvöllum*. 35-36.

¹⁰⁹ Svanur Kristjánsson, *Kirkjan og lýðræðishefðin. Í Þjóðkirkjan og lýðræðið. Erindi frá málþingi í Skálholtsdómkirkju 23.-24. ágúst 2009*, ritstj. Gunnar Kristjánsson og Skúli S. Ólafsson (Kjalarnessprófastsdæmi, 2009), 111-120.

tengslum kirkjunnar við samtímann í stað þess að styrkja þau.¹¹⁰ Færa megi rök fyrir því að mikill kostnaður og léleg aðsókn að hátíðinni hafi skaðað ímynd þjóðkirkjunnar á þessum tíma. Hann tengir þessa þróun jafnframt við biskups málið, sem síðar varð eitt alvarlegasta álitamál í sögu þjóðkirkjunnar. Einnig tengir hann málið við átök innan kirkjunnar vegna umræðu um ein hjúskaparlög.¹¹¹

Þótt kirkjan hafi enn notið formlegs stuðnings ríkisvaldsins á þessum tíma, hefur komið í ljós að slíkt stofnanatengt vald tryggði ekki lengur sjálfgefið vald, traust eða samfélagslegan samhljóm. Svanur Kristjánsson ræddi um þjóðkirkjuna sem ríkiskirkju er nyti ekki trausts og hefði í félagsskap spilltra valdamanna sem voru tilbúnir til að greiða kostnað við kristnitökuhátíð valið að halda upp á 1000 ára afmæli kristni í landinu. Þannig hefði verið sýnt að völd ráðamanna hafi náð inn í kirkjuna á þeim tíma. Það var mat Svans að þjóðkirkjan þyrfti að horfast í augu við sjálfa sig og fortíð sína.¹¹² Í framhaldi af þessu lítur höfundur til Hjalta Hugasonar sem beinir athyglinni að hugtakinu „krísa“ en almenn merking þess orðs er að hans sögn „straumhvörf eða aðstæður sem móta alla frekari þróun á ákveðnu sviði til langs eða skamms tíma.“ Að sögn Hjalta hefur lúterska kirkjan þróað sérstaka „krisugöðfræði“ sem feli í sér að kirkjan sé stöðugt í aðstæðum sem séu einhvers konar krísuástand.¹¹³

Pétur Pétursson ræðir um ríkiskirkjufyrirkomulagið sem segja má að hafi verið til staðar á Íslandi þegar kristnitökuhátíð var haldin. Hann segir: „En hér á landi ríkti og ríkir að vissu leyti enn ríkiskirkju fyrirkomulag að því marki að formleg tengsl eru milli ríkisins og þjóðkirkjunnar m.a. í landslögum og stjórnarskrá og prestar hennar gegna vissum embættishlutverkum fyrir ríkisvaldið“.¹¹⁴ Hann bendir á að neikvæð umræða hafi orðið þjóðkirkjunni erfið viðfangs. Þetta hafi leitt til þess að aðgangur hennar að opinberu rými hafi minnkað á sama tíma og fjölmening hafi haft þau áhrif á þessum tíma að tengsl þjóðkirkju og þjóðfélags hafi ekki orðið þau sömu og áður.¹¹⁵

Ætla má að vonir ráðamanna þjóðkirkjunnar hafi verið sú að hátíðin myndi styrkja stöðu hennar. Þegar viðbrögð þjóðkirkjunnar eru skoðuð með hugtök Hjalta Hugasonar í huga virðist ekki vafi á því að viðbrögð þjóðkirkjunnar við gagnrýni á kristnitökuhátíðina hafi í meginatriðum einkennst af skerpingu. Í ljósi umræðu um vald og traust má draga þá ályktun að kristnitökuhátíðin á Þingvöllum hafi haft áhrif á hugmyndir almennings um tengsl þjóðkirkjunnar og valdhafa. Það með hafi hátíðin getað haft áhrif á þær umbreytingar samfélags og afhelgunar sem mótuðu starfsumhverfi presta og stöðu prédikunar á fyrstu árum 21. aldar.

¹¹⁰ Pétur Pétursson, Kristnitökuhátíðin á Þingvöllum, 38-39.

¹¹¹ Pétur Pétursson, Kristnitökuhátíðin á Þingvöllum, 39.

¹¹² Svanur Kristjánsson, Kirkjan og lýðræðishefðin, 111-120.

¹¹³ Hjalta Hugason, „Kirkja í krísu,“ 9.

¹¹⁴ Pétur Pétursson, Kristnitökuhátíðin á Þingvöllum, 28.

¹¹⁵ Pétur Pétursson, Kristnitökuhátíðin á Þingvöllum, 39.

1.2.4 Hrunið (2008–2009)

Í þessum undirkafla er fjallað um þá efnahagslegu áskorun sem samfélagið allt, að þjóðkirkjunni meðtaldri, stóð frammi fyrir á fyrsta áratug 21. aldar. Bankahrunið á Íslandi eða hrunið eins og það er oftast kallað vísar til gjaldþrots þriggja stærstu viðskiptabanka á Íslandi í október 2008. Á þeim eina og hálfu áratug sem liðinn er frá gjaldþrotinu hefur þó nokkuð verið rannsakað og skrifað um hrunið. Bók sagnfræðingsins og forseta Íslands á árunum 2016–2024, Guðna Th. Jóhannessonar, *Hrunið: Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar* frá árinu 2009, er hér nýtt sem meginheimild þegar rætt er almennt um atburði hrunsins. Bók Guðna var valin í ljósi þess að hann fjallar um hrunið í víðu samhengi og út frá sjónarhóli ólíkra aðila í samfélaginu.¹¹⁶ Aðrar heimildir eru notaðar í undirkaflanum fyrir þengra sjónarhorn.¹¹⁷

Í lögum um fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði kemur fram að íslensk stjórnvöld hafi yfirtekið rekstur bankanna nokkrum dögum fyrir hrun og strax eftir það. Þann 6. október 2008 voru sett neyðarlög á Íslandi.¹¹⁸ Tilgangi laganna er lýst á þennan hátt: „Megintilgangur laganna var að gera stjórnvöldum kleift að bregðast tafarlaust við því ástandi sem ríkti á fjármálamörkuðum og tryggja þar með virkni greiðslumiðlunar, áframhaldandi innlenda bankastarfsemi og öryggi innistæðna þótt stóru bankarnir færu í þrot.“¹¹⁹ Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, hélt tölu í beinni útsendingu í sjónvarpi og útvarpi þar sem hann talaði um að koma þyrfti í veg fyrir upplausnarástand ef bankarnir yrðu óstarfhæfir. Geir höfðaði til landsmanna og lagði áherslu á að samstaða væri þjóðfélaginu mikilvæg og að landsmenn þyrftu að sýna ró og jafnvægi á komandi tímum.¹²⁰ Boðað var til mótmæla vegna ástandsins sem ríkti í landinu.¹²¹ Hrun íslensku krónunnar olli miklum búsisfjum.¹²²

¹¹⁶ Guðni Th. Jóhannesson, *Hrunið: Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar* (JPV útgáfa, 2009), 27.

¹¹⁷ Fræðimenn og hagsmunaaðilar hafa ritað bækur og greinar um hrunið og hér er bent á nokkrar til fróðleiks. Stefán Ólafsson, „Íslenska efnahagsundrið: Frá hagsæld til frjálshyggju og fjármálahruns,“ *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 2 (2008), 231–256. doi:10.13177/irpa.a.2008.4.2.6; Eiríkur Bergmann, *Iceland and the International Financial Crisis: Boom, Bust and Recovery* (Palgrave, 2014). Guðrún Johnsen hagfræðingur starfaði með rannsóknarnefnd Alþingis í bankahruninu: Guðrún Johnsen, *Bringing Down the Banking System, Lessons from Iceland* (Palgrave MacMillan, 2014).

¹¹⁸ Lög nr. 125/2008, Heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, sótt 18.11.2024 af <https://www.althingi.is/altext/136/s/0085.html>

¹¹⁹ Efnahags- og viðskiptaráðuneytið, *Skýrsla efnahags- og viðskiptaráðherra til Alþingis* (Efnahags og viðskiptaráðuneytið, 2012), 31. Sótt 18.02.2024 af <https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6925/Framtidarskipan-fjarmalakerfisins.pdf?sequence=1>

¹²⁰ Guðni Th. Jóhannesson, *Hrunið*, 122–128.

¹²¹ Guðni Th. Jóhannesson, *Hrunið*, 27.

¹²² Guðni Th. Jóhannesson, *Hrunið*, 38–39.

Karl Sigurbjörnsson, þáverandi biskup Íslands, prédikaði um ástandið 12. október 2008, aðeins sex dögum eftir að neyðarlög voru sett. Guðni fullyrðir að Karl hafi fundið fyrir reiði og gremju í samfélaginu. Þetta hafi hann nýtt sér í prédikun sinni þar sem hann sagði:¹²³

Nú er tími umhyggju og samstöðu. Síðan kemur tími uppgjörsins er reikningar verða gerðir upp og saga skráð. Gætum þess að stund sannleikans verði einnig tími sáttargjörðar. Leitum ekki sökudólga og blórabögglal!¹²⁴

Í ræðunni talaði biskup um hörmungar þær sem væru að ganga yfir almenning á Íslandi og flutti hvatningar- og huggunarorð til fólks í prédikun sinni.¹²⁵ Guðni telur að prédikun Karls hafi ekki náð eyrum fólks.¹²⁶ Í kjölfar hrunsins varð órói í landinu og mótmæli uxu og hörðnuðu. Fréttir bárust af því að margir hygðust flytja af landi brott. Guðni segir harðnandi mótmæli hafa verið „táknmyndir óvissu, andófs og reiði sem hafi grafið um sig í samfélaginu.“¹²⁷ Mikil átök urðu sem lauk með stjórnarslitum.¹²⁸ Guðni telur að tugþúsundir manna hafi tjáð sig um samfélagsleg málefni á þessum tíma. Facebook var nýtt af fjölda Íslendinga og hafði þau áhrif að margir hagsmunahópar er tengdust hrunmálum voru stofnaðir á netinu.¹²⁹ Eins og áður sagði hvatti Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, til þess að landsmenn sýndu hver öðrum umhyggju strax eftir hrun en að tími reikningsskila kæmi síðar. Við eilítið annan tón kvað í nýársprédikun biskups í ársbyrjun 2009. Hann ávítti þjóðina fyrir óráðsíuna sem hafði átt sér stað. Í prédikun sinni segir Karl:

Ísland hefur verið á forsíðum virtustu dagblaða heimsins og því haldið fram að þjóðin hafi farið á neyslufyllerí. Nú gjöldum við dýru verði græðgi og hroka undangenginna ára og berum þyngri skuldaklafa en nokkur önnur þjóð er bundin. Við vorum í hópi ríkustu þjóða heims og lifðum hátt. Öllu virtist vikið til hliðar nema nauðsynjum fjármagnsins, fátt virtist álitíð heilagt nema rétturinn að græða.¹³⁰

Biskup talaði tæpitungulaust um þær kringumstæður er sköpuðust í hruninu. Hjá því verður ekki litið að í prédikun Karls má finna tón hvatningar og huggunar. Í prédikun sem vísað er til hér framar í kaflanum (flutt 12. október 2008) flutti Karl einnig hvatningarorð til fólks á erfiðum tímum. Í orðum hans sem vísað er til hér að ofan má sjá að um leið setur hann ofan í við áheyrendur sína og hefur talið sig vera staddan í siðrofsástandi¹³¹ þegar hann segir eftirfarandi: „Öllu virtist vikið til hliðar nema nauðsynjum fjármagnsins, fátt virtist álitíð heilagt nema rétturinn að græða.“¹³²

¹²³ Guðni Th. Jóhannesson, *Hrunið*, 136.

¹²⁴ Karl Sigurbjörnsson, „Nú er tími umhyggju og samstöðu,“ *Trú.is*, 12. 10. 2008, sótt 15.03.2026 af <https://kirkjan.is/kirkjan/tru.is/grein/?itemid=60efbbe1-2a11-ea11-810a-005056bc594d>

¹²⁵ Karl Sigurbjörnsson, „Nú er tími umhyggju og samstöðu.“

¹²⁶ Guðni Th. Jóhannesson, *Hrunið*, 136.

¹²⁷ Guðni Th. Jóhannesson, *Hrunið*, 279–287.

¹²⁸ Guðni Th. Jóhannesson, *Hrunið*, 279–287.

¹²⁹ Guðni Th. Jóhannesson, *Hrunið*, 291.

¹³⁰ Karl Sigurbjörnsson, „Tvennir tímar,“ *Trú.is*, 01.01.2009. Sótt 13.03.2026 af <https://kirkjan.is/kirkjan/tru.is/grein/?itemid=44a6c3db-2a11-ea11-810a-005056bc594d>

¹³¹ Sjá kafla 1.3, 28–30.

¹³² Karl Sigurbjörnsson, „Tvennir tímar.“

Í kjölfar hrunsins leitaði almenningur eftir skýringum á því sem hafði gerst. Sumar þessara skýringa settu ábyrgð hrunsins á almenning. Sigríður Guðmarsdóttir sem var kynnt framár í ritgerðinni tengdi vangaveltur um óráðsú almenning við það sem hún kallar „flatskjárskýringu“ sem hún segir að hafi snúist um það að útskýra hrunið út frá mikilli neyslu almennings í aðdraganda hrunsins. Flatskjáir og flottir bílar hafi verið á innkaupalista fólks án þess að það ætti fyrir þeim. Neysla almennings hafi valdið mikilli verðbólgu sem aftur hafi haft veruleg áhrif á fjármálakerfi þjóðarinnar.¹³³

Eftir allt sem á undan hafði gengið var staða almennings orðin erfið. Fram kemur í skýrslu Hjálparstarfs kirkjunnar starfsárið 2008–2009 að starfsfólk og sjálfbóðaliðar þess hafi skynjað óöryggi, reiði og áhyggjur hjá þeim sem leituðu sér aðstoðar. Hjálparstarf kirkjunnar brást við efnahagshruninu með því að auka við og samræma kærleikspjónustu sem fram fór í nafni þjóðkirkjunnar. Stofnunin aðstoðaði fólk í neyð með ýmsum hætti, til dæmis með matargjöfum, peningagjöfum og með því að bjóða upp á ráðgjöf. Eftir efnahagshrunið haustið 2008 fjölgaði umsóknum um aðstoð hjá Hjálparstarfi kirkjunnar verulega og fólk sótti um aðstoð sem hafði ekki áður verið meðal umsækjenda. Stór hópur þess fólks er leitaði til hjálparstarfsins var án atvinnu. Ráðgjafar leiðbeindu fólki í atvinnuleit og kenndi því að nýta þau úrræði sem stóðu til boða. Í kjölfar þessarar miklu aukningar þurfti að breyta starfsaðferðum hjá hjálparstarfinu. Lögð var áhersla á að finna úrræði og úrlausn á stöðu hvers og eins. Börn voru studd bæði með bókakaupum í byrjun skólaárs og til sumardvala eða leikjanámskeiða. Einnig fengu foreldrar stuðning í formi gjafakorta til jólagjafakaupa og til að kaupa fatnað.¹³⁴ Samkvæmt skýrslunni hélt umsóknum áfram að fjölga starfsárið 2009–2010 og þá hafi aftur þurft að breyta vinnulagi til að ráða við álagið. Af skýrslunni má ráða að stofnunin hafi ekki ráðið við þennan umsóknarfjölda til langs tíma, hvorki faglega né fjárhagslega. Félagsleg samsetning þeirra sem sóttu um aðstoð breyttist, atvinnulausum fjölgaði verulega og hlutfall öryrkja minnkaði meðal heildarfjölda umsækjanda. Fram kemur að ekki hafi verið hægt að aðstoða alla þar sem þeir uppfylltu ekki fjárhagsleg skilyrði sem sett voru um þá sem ættu rétt á hjálp. Ráðgjöf félagsráðgjafa Hjálparstarfs kirkjunnar jókst einnig verulega. Meginuppistaða starfsins snérist um mataraðstoð með það að markmiði að fólk gæti haldið heimili og fætt fjölskyldur sínar.¹³⁵

Af framangreindu má ráða að afleiðingar hrunsins hafi haft alvarleg áhrif á líf fjölda manna og einkum þeirra sem verst stóðu fjárhagslega. Atvinnuleysi varð víðtækt, afkoma fólks versnaði til muna og á tímabili varð upplausnarástand í samfélaginu. Af þessu ályktar höfundur að

¹³³ Sigríður Guðmarsdóttir, *The dissemination of Vikings. Postcolonial contexts and economic meltdown*, í *Contextual theology, Skills and Practices of Liberating Faith*, ritstj. Sigurd Bergmann og Mika Vähäkangas (Routledge, 2020): 122–123. doi:10.4324/9780429348006-7.

¹³⁴ Hjálparstarf kirkjunnar, *Starfsskýrsla 2008–2009* (Hjálparstarf kirkjunnar, 2009). Sótt 17.03.2025 af

<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/12622/%C3%81rssk%C3%BDrsla%202008%20%202009%20net%C3%BAtg%C3%A1fa%20%281%29.pdf?sequence=1>

¹³⁵ Hjálparstarf kirkjunnar, *Starfsskýrsla 2009–2010* (Hjálparstarf kirkjunnar, 2010). Sótt 17.03.2025 af

<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/12622/%C3%81rssk%C3%BDrsla%202009%20%202010%20net%C3%BAtg%C3%A1fa.pdf?sequence=2>

hrunið hafi snert almenning í landinu og haft áhrif á líðan fólks. Viðmælendurnir í viðtalsrannsókninni eru á einu máli um það að hafa þurft að sinna sálgæslu í hruninu, hvort tveggja í einkasamtölum og í prédikun sinni.

Alvarleg kreppa í landinu hafði mikil áhrif á þjóðina. Staða heimilanna varð slæm og þurfti Hjálparstarf kirkjunnar að bæta verulega við starf sitt til að sinna þeim er leituðu til þess. Fram kemur að starfsmenn Hjálparstarfsins hafi skynjað reiði, óöryggi og áhyggjur hjá skjólstaðingum sínum. Af þessu má draga þá ályktun að prestar hafi þurft að starfa í mjög krefjandi aðstæðum er kölluðu á sálgæslu og prédikanir um þau mál er valdið höfðu vandræðum í samfélaginu. Eins og áður sagði breytast áherslur í prédikun biskups Íslands hratt á fyrstu mánuðum hrunsins. Í upphafi ræddi biskup hrunið í anda sálgæslu og samstöðu og hvatti til skilnings og huggunar. Á nýársdag, tæpum tveimur mánuðum síðar, virðist biskupinn telja að komið sé að „reikningsskilum“ og að kreppan sé afleiðing mikillar neyslu í samfélaginu.

Leiða má líkum að því að prédikurum hafi verið vandi á höndum þegar fengist var við stöðu almennings í prédikun hrunsáranna. Hægt er að finna ákveðin líkindi á milli prédikana biskups og prédikana viðmælenda rannsóknarinnar á tímum hrunsins. Prédikanir biskups fólu í sér einhvers konar tilraun til að sýna samhljóm við stefnur og strauma í samfélaginu. Álíka áherslur má greina í máli viðmælenda ritgerðarinnar sem leituðust við að sýna skilning á samfélagsaðstæðum og hvetja og styðja fólk í hruninu og gáfu þannig fólki samhljóm. Einnig er hægt að halda því fram að viðbrögð Hjálparstarfs kirkjunnar, sem er ein af stofnunum þjóðkirkjunnar, hafi sýnt samhljóm með þeim sem áttu fjárhagslega erfitt á tímum hrunsins. Hér má greina merki um að þjóðkirkjan geti brugðist við með því að samhæfa þjónustu sína við menningu og samfélag samtímans, í það minnsta í málum sem beinast ekki að henni með beinum hætti. Í umfjöllun rannsóknarinnar er gengið út frá því að eftirleik hrunsins hafi lokið þegar EFTA dómstóllinn felldi dóm um Icesave kröfurnar í ársbyrjun 2013. Þar sem Ísland var sýknað af kröfum ESA um að hafa gerst brotlegt við EES samninginn.¹³⁶

Í kaflahlutunum hér að ofan voru fjögur mál reifuð sem fullyrða má að eigi það sameiginlegt að hafa haft áhrif á íslenskt samfélag og þjóðkirkju í upphafi 21. aldar. Eins og áður var nefnt er rætt um sameiginlegt tímabil málanna hér í ritgerðinni sem átakatíma. Baráttan um ein hjúskaparlög olli sundrung innan þjóðkirkjunnar og samfélagsins. Í biskupsmálinu var þjóðkirkjan ásökuð um að hafa ekki brugðist með faglegum hætti við ásökunum um kynferðislegt ofbeldi. Kristnitökuhátíðin á Þingvöllum varð tilefni mikillar gagnrýni í garð þjóðkirkjunnar fyrir að hafa haldið hátíðina í samstarfi við ríkið og varð einskonar dæmi um tengsl þjóðkirkju og valdhafa. Hrunið var samfélagslegt áfall sem reið yfir þjóðina með afleiðingum sem enginn gat séð fyrir. Öll málin uppfylla þau skilyrði að geta flokkast sem samfélagsleg áföll, þrátt fyrir að áhrif þeirra falli á misstóra hópa. Í ritgerðinni er hugtakið samfélagslegt áfall notað í víðari merkingu en eingöngu um áföll er snerta samfélagið í heild. Hugtakið er notað um áfallatengdar aðstæður sem snerta allt frá einni þjóð og niður í smærri

¹³⁶ Stjórnarráðið, *EFTA-dómstóllinn sýknar Ísland – Icesave-málinu lokið*. Sótt 10.01.2026 af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2013/01/28/EFTA-domstollinn-syknar-Island-Icesave-malinu-lokid/>

einingar samfélagsins.¹³⁷ Hér er í ofangreindu samhengi einkum átt við þjóðkirkjuna, þar sem gagnrýni, vantraust og átök höfðu veruleg áhrif á stöðu hennar og þar með á starfsaðstæður presta. Gera má ráð fyrir að átök geti orðið að áföllum þegar þau valda siðferðilegu eða stofnanalegu rofi. Málin voru hluti samfélagslegrar umræðu sem tengdist þjóðkirkjunni og því dregur höfundur þá ályktun að þau hafi haft umtalsverð áhrif á prédikun innan þjóðkirkjunnar.

1.3 Lykilhugtök ritgerðarinnar

Í eftirfarandi undirkafla er að finna stuttar skilgreiningar hugtaka er gegna mikilvægu hlutverki við greiningu viðtalsrannsóknar ritgerðarinnar. Til að auðvelda leiðina að hugtökunum eru þau sett hér fram í stafrófsröð.

Aðleiðsla

Aðleiðsla (e. *inductive reasoning*) er oft tengd eiginlegum rannsóknum. Aðferðin felur það í sér að gögnum sé safnað og ályktanir dregnar út af þeim gögnum. Kenningar eru að lokum unnar út frá þeim og settar fram. Aðleiðsla færir sig frá því sem er sértækt til þess sem er almennt.¹³⁸

Áfall

Áfall (e. *trauma*) getur átt sér stað þegar fólk verður fyrir óvæntum, hræðilegum atburðum er hafa umbreytandi og neikvæð áhrif á líf þess. Áfallaáburðir geta orðið þess valdandi að fólk upplifi verulega ógn í lífi sínu. Afleiðingarnar hafa oft hvort tveggja andleg og líkamleg áhrif á manneskjur. Áhrifin geta verið langvarandi sé ekki unnið með þau.¹³⁹

Átakatími. Átakatími er samheiti yfir tímabil málanna sem fjallað er um í undirköflum sögulegrar greiningar. Tímabilið varir frá árinu 1995 þegar upphaf máls um ein hjúskaparlög verður til og fram til ársins 2015 þegar því máli líkur formlega.

DissemiNation

Hugtakið DissemiNation fjallar um tvístrun þjóðarhugtaks á ákveðnu menningarsvæði.¹⁴⁰

Fyrirbærafræði

Fyrirbærafræði (e. *phenomenology*) er rannsóknaraðferð upprunnin í heimspeki þar sem leitast er við að horfa til reynslu fólks og nýta hana til að sjá tilveruna og lífið eins og viðmælendur rannsóknar upplifa það. Lykilatriðið er að leitast við að skilja reynslu sem hvorki er hægt að mæla né vega.¹⁴¹

¹³⁷ Kessler, R. C., Sonnega, A., Bromet, E., Hughes, M. og Nelson, C. B. *Posttraumatic stress disorder in the national comorbidity survey.* (Archives of General Psychiatry, 52, 1995), 1048-1060.

¹³⁸ Esterberg, *Qualitative Methods*, 15.

¹³⁹ Berglind Guðmundsdóttir, „Áföll og áfallahjálpar: Hvað er rétt að gera og hvað ekki?“ *Læknablaðið*, 108, nr. 05 (2022), doi: 10.17992/|bl.2022.05.689

¹⁴⁰ Sigríður Guðmarsdóttir, „The dissemiNation of Vikings,“ 114.

¹⁴¹ Esterberg, *Qualitative Methods*, 15.

Hefðarvald

Hefðarvald (e. *traditional authority*) er tegund valds sem erfist á milli manna og byggir á hefðum. Valdið getur grundvallast á guðrækni eða persónu sem fær vald og verður bundin því samkvæmt hefð en dæmi um slíkt er konungsvald. Dæmi eru um að náðarvald breytist í hefðarvald. Höfundur dregur þá ályktun að prestar hafi haft hefðarvald í ljósi stöðu þess embættis er þeir gegndu.¹⁴²

Heimasöfnuður

Heimasöfnuður er í ritgerðinni aðgreindur frá þjóðkirkjunni sem miðstýrðri stofnun. Átt er við kirkju í heimabyggð þar sem prestur og aðrir vígðir þjónar eða starfsmenn sókna sinna sóknarbörnum kirkjunnar og öðrum þeim er nýta þjónustu hennar í helgihaldi og safnaðarstarfi hvers konar. Ekki er gert ráð fyrir að þeir sem sækja þjónustu heimasafnaðar séu endilega skráðir félagar í þjóðkirkjunni.

Hruntími

Þegar rætt er um hruntímamann í ritgerðinni er átt við tímabil árána 2002–2013. 2002–2008 er aðdragandi efnahagshrunsins. 2008–2009 er hrunið sjálft. 2009–2013 er eftirleikur hrunsins.

Jaðar

Í ritgerðinni er fjallað um jaðar (e. *periphery*) með fjölbreyttum hætti. Hugtakið er sérstaklega mikilvægt fyrir prédikara er nýta sér orðfæri síðnýlenduhyggju og vísar ekki aðeins til landfræðilegrar heildar heldur einnig til valdvensla innan samfélags. Jaðarsetning fólks tengist mörgum þáttum lífsins, landfræðilegri búsetu, kyni, kynþætti og kynhneigð svo eitthvað sé nefnt. Jaðarhópar eru oft skilgreindir í neikvæðu ljósi út frá einhvers konar valdmikilli miðju.¹⁴³

Kærleikþjónusta

Kærleikþjónusta (e. *diaconia*) er kristið hugtak sem vísar til umönnunar þeirra sem eru fátækir, einangraðir, standa höllum fæti í samfélaginu og/eða eru kúgaðir. Kærleikþjónusta miðar að því að mæta fólki með trú, von, jafnrétti og náungakærleik sem er lykilorð þjónustunnar. Í kærleikþjónustu felst umhyggja gagnvart fólki. Þjónustan beinist að því að sinna ýmsum þörfum fólks og fræðslu þegar það á við.¹⁴⁴

Miðja

Miðja (e. *center*) er samkvæmt því sem kemur fram í síðnýlendufræðum andstæða jaðars. Miðjan táknar þannig samþjöppun valds yfir þeim sem skilgreind eru sem jaðarhópar. Miðjan, valdhafarnir, misnota þá gjarnan vald sitt.¹⁴⁵

¹⁴² Max Weber, *Economy and Society*, þýð. og ritstj. Keith Tribe (Harvard University Press, 2019), 342.

¹⁴³ Eunjoo Mary Kim, *Preaching in an Age of Globalization* (Westminster John Knox Press, 2010), 23–24.

¹⁴⁴ Einar Sigurbjörnsson, *Embættisgjörð*, 110.

¹⁴⁵ Sarah Travis, *Unspeakable: Preaching and Trauma-informed Theology* (Cascade books, 2021), 49.

Miðlun

Miðlun (e. *mediation*) er hugtak sem skilgreinir flutning eða birtingu prédikunar og þau samskipti sem verða til þegar prédikun er birt. Miðlun getur verið með margs konar hætti. Hún getur átt sér stað með beinum flutningi prédikara, með flutningi í ljósvakamiðlum eða stafrænum miðlum. Auk orða hafa þættir eins og líkamleg tjáning og myndræn túlkun áhrif á miðlunina sem samskiptaform.¹⁴⁶

Náðarvald

Náðarvald (e. *charismatic authority*) er skilgreint sem vald þess sem hefur náðargáfu sem hrifur fólk með sér og verður til þess að viðkomandi eignast fylgjendur. Náðarvald er oft talið vera yfirnáttúrulegt. Slíkt skapar sterka leiðtoga sem fólk fylgir, gjarnan án þess að rök liggja að baki. Oft verður pólitískt vald til vegna náðarvalds sem hefur mikil samfélagsleg áhrif. Möguleikinn á að prédikari hafi náðarvald er til staðar.¹⁴⁷

Regluvald

Regluvald byggir á skipuriti þar sem fólk hefur skilgreind hlutverk og ábyrgð. Valdið fylgir þar með hlutverki viðkomandi. Regluvald er samkvæmt Weber byggt á lögum og hann nefnir að lýðræði sé ágætt dæmi um það.¹⁴⁸

Samfélagslegt áfall

Samfélagslegt áfall (e. *collective trauma*) verður þegar atburðir sem hafa alvarlegar afleiðingar gerast af mannlegum völdum eða vegna náttúruhamfara sem snerta heilt samfélag eða afmörkuð mengi innan þess. Samfélagsleg áföll geta haft víðtæk áhrif í samfélaginu og snert marga þætti, hvort tveggja félagslega og veraldlega. Afleiðingar slíkra áfalla á fólk eru af sama meiði og ef um einstaklingsbundið áfall er að ræða.¹⁴⁹

Sálgæsla

Í sálgæslu (e. *pastoral care*) er leitast við að styðja manneskjuna. Á stundum þegar fólk fæst við erfiðleika í lífinu er hlutverk sálgæslunnar að mæta fólki. Á tímum sorgar og áfalla er viðfangsefni sálgæslunnar að aðstoða fólk í þeim kringumstæðum og vera til staðar fyrir þau sem þurfa á hlustun og nærveru að halda. Þegar sálgæsla er veitt er ekki spurt um trú eða lífsskoðun.¹⁵⁰

¹⁴⁶ Engemann, *Homiletics*, 240–245.

¹⁴⁷ Max Weber, *The Theory of Social and Economic Organization*, þýð. A. M. Henderson og Talcott Parsons (Oxford University Press, 1947), 63–66.

¹⁴⁸ Max Weber, *Economy and Society*, þýð. og ritstj. Keith Tribe (Harvard University Press, 2019), 342–354.

¹⁴⁹ Jack Saul, *Collective Trauma, Collective Healing, Promoting Community Resilience in the Aftermath of Disaster* (Taylor & Francis, 2022), 1.

¹⁵⁰ Howard Clinebell, *Basic Types of Pastoral Care & Counseling: Resources for the Ministry of Healing & Growth* (Abingdon Press, 2011), 20–22.

Siðrof

Siðrof (fr. *anomie*) vísar til samfélagslegs upplausnarástands. Lögleysa verður í samfélagi eða hluta þess þegar samfélagslegir þættir veikjast, siðferðisleg viðmið og gildi veikjast eða hverfa og við tekur lögleysa. Kreppur eða mikill efnahagslegur vöxtur virðast hafa á áhrif á möguleikann á siðrofi.¹⁵¹

Síðnýlenduhyggja

Með síðnýlenduhyggju (e. *postcolonialism*) er átt við að nýlendutímanum sé í raun ekki lokið. Enn sé verið að beita valdniðslu þrátt fyrir að þeir sem áður voru undir valdi kúgunar eigi að heita frjálsir. Mannréttindabrot gegn þeim sem hefur verið stjórnað með kúgun og ofbeldi geta fallið undir hugtakið. Þeir sem leggja stund á síðnýlenduhyggjurýni telja mikilvægt að hlusta á einstaklinga og hópa sem orðið hafa fyrir kúgun og viðurkenna mannréttindi til að takast á við brot kúgunar og misréttis.¹⁵² Í doktorsritgerðinni er unnið með kenningar og hugtök prédikunarfræðinga er nýta sér orðræðu síðnýlenduhyggjunnar.

Taumhald

Félagslegt taumhald (e. *social control*) er mikilvægt við að viðhalda reglu og félagslegri samstöðu. Durkheim hélt því fram að samfélagið setti einstaklingum utanaðkomandi skorður sem stýra hegðun þeirra, og þessi áhrif séu svo mikil að þau virki sem þvingun (e. *coercion*). Einstaklingar finna sig knúna til að fylgja reglum, viðmiðum og venjum jafnvel án meðvitaðrar ákvörðunar. Félagslegir þættir verða til þess að einstaklingar séu beittir einhvers konar þvingunum.¹⁵³

Tungutak

Með tungutaki (e. *language/discourse*) er hér átt við það orðfæri sem notað er í tjáskiptum á milli fólks, þ.e.a.s. þau orð sem notuð eru til að tjá veruleika, hugmyndir eða hvaðeina. Sem dæmi má taka að fermingardrengur talar mögulega mál sem afi hans skilur ekki alltaf og sjálfur gæti hann átt í basli með að skilja tungutak afa síns. Tungutak er skilgreint hér í ritgerðinni sem það orðfæri sem notað er í prédikun og trúarlegum textum.

Valdatákn

Með valdatáknum er átt við hvers konar framkomu, tákn eða hugmyndir sem tengjast kerfum er hafa haft þann tilgang að veita valdhöfum táknrænan rétt til þess að hafa stjórn á fólki.¹⁵⁴

¹⁵¹ Scott Appelrouth og Laura D. Edles, *Classical and Contemporary Sociological Theory* (Sage Publications, 2016), 101.

¹⁵² Emmanuel Y. Lartey, „Postcolonial Studies in Practical Theology,“ í *International Handbook of Practical Theology*, ritstj. Birgit Weyel, Wilhelm Gräb, Emmanuel Lartey og Cas Wepener (De Gruyter, 2022), 674–675, doi:10.1515/9783110618150-050

¹⁵³ Émile Durkheim, *The Division of Labour in Society*, þýtt af W. D. Halls (Macmillan, 1984), 50.

¹⁵⁴ Sarah Travis, *Decolonizing Preaching: The Pulpit as Postcolonial Space* (Cascade Books, 2014), 5–8.

Þriðja rýmið

„Þriðja rýmið“ (e. *the third space*) tengist tungutaki síðnýlenduhyggjunnar. Homi K. Bhabha, prófessor í bókmenntafræði við Harvard háskóla, telur framsetningu hvaða menningar sem er eiga sér stað í þriðja rýminu þar sem ólíkir heimar mætist og nýir verði til.¹⁵⁵ Orðið vísar til menningar sem nærast á ókunnu svæði þar sem merking hluta getur verið óræð, tvíbent og margræð.¹⁵⁶

Í undirkaflanum voru lykilhugtök ritgerðarinnar útskýrð í stuttu máli en þau gegna lykilhlutverki í greiningarkafla ritgerðarinnar. Þau voru skoðuð vandlega og leitaðist höfundur við að greina merkingu þeirra í samræmi við hlutverk þeirra í rannsókn ritgerðarinnar. Í langflestum tilfellum var leitast við að nýta almennar skilgreiningar og hugmyndir frá fræðimönnum þeim er höfundur nýtir í greiningum á rannsókn ritgerðarinnar.

1.4 Staða þekkingar

Eftir að hafa fjallað um sögulegar aðstæður prédikunarinnar í upphafi 21. aldar og gert grein fyrir lykilhugtökum er sjónum nú beint að prédikunarhefð þar sem höfundur vill staðsetja ritgerðina. Gerð er grein fyrir þeim þremur stefnum prédikunarfræðinnar sem ritgerðin tilheyrir. Prédikun sem höfðar til reynslu þeirra sem koma til kirkju þarf að geta tekist á við samhengið. Höfundur glímir ekki við kenningarkerfi síðnýlenduhyggjunnar sem slíkrar en leitast við að draga fram ákveðin umhugsunarefni á borð við vald, miðju, jaðar og áföll frá prédikunarfræði sem er undir áhrifum hennar. Fjallað er um áföll, vald og samskipti sem samfélagsleg viðfangsefni sem prédikunin tekst á við. Í inngangi undirkaflans nýtir höfundur kortlagningu prédikunarfræðingsins Marlene Ringgaard Lorensen á empírískum rannsóknum í prédikunarfræði á Norðurlöndunum. Lorensen er lektor í praktískri guðfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Með því að nýta greiningu hennar staðsetur höfundur þannig ritgerðina meðal norrænna stefna í empírískum rannsóknum.

Lorensen heldur því fram að „prédikunarfræði er staðsett á milli ritningartexta, guðfræðilegra hefða og samtíma samhengis. Saga prédikunarfræðinnar sýnir að hún sveiflast á milli guðfræði prédikunarinnar, prédikunar út frá ritningartextum, áheyrenda og prédikara.“¹⁵⁷ Lorensen bendir á að norræn prédikunarfræði beini sjónum sínum í meira mæli að reynslu áheyrendanna og prédikarans.¹⁵⁸ Empírískar rannsóknir, ekki síst þær sem byggja á eigindlegum rannsóknaraðferðum, byggja á persónulegri reynslu viðmælendanna. Af þessum ástæðum telur Lorensen að norrænir prédikunarfræðingar sem hafa reynslu áheyrenda í hávegum nýti sér empírískar rannsóknir í auknum mæli.

¹⁵⁵ Homi K. Bhabha, „Tvístrun þjóðarinnar: Tími, frásögn og jaðar nútímaþjóðarinnar,“ *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar* 2 (2005), 179.

¹⁵⁶ Bhabha, „Tvístrun þjóðarinnar,“ 178.

¹⁵⁷ Marlene Ringgaard Lorensen, „Nýere nordisk homiletik: Empirisk vending, fremmedhed og resonans,“ *Norsk Tidsskrift for Praktisk Teologi* 37, nr. 1 (2020): 42, sótt 26.06.2025 af <https://journals.mf.no/tpt/article/view/5304/4339>

¹⁵⁸ Lorensen, „Nýere nordisk homiletik,“ 42.

Um miðbik 20. aldar voru birtar kenningar undir nafninu ný prédikunarfræði (e. *new homiletics*) sem horfðu á reynsluna sem mikilvægan útgangspunkt prédikunarinnar. Þessar kenningar hafa lifað áfram og fræðimenn hafa fjallað um þær lengi. Helsti frumkvöðull nýju prédikunarfræðinnar var Fred B. Craddock (1928–2015) sem notaði aðleiðsluáðferðina en hún er eitt helsta einkenni nýju prédikunarfræðinnar. Hún byggir á þeirri forsendu að prédikunin hefjist í reynsluheimi áheyrandans. Hún færir sig til þess sem er lýsandi (e. *descriptive*) í stað þess normatíva. Craddock segir að fólk lifi samkvæmt aðleiðslu en ekki afleiðslu.¹⁵⁹ Aðrir framámenn nýju prédikunarfræðinnar eru David Buttrick (1927–2017), en hans nálgun sem áður hefur verið nefnd er fyrirbærafræðileg (e. *phenomenological method*), og Eugene Lowry, fyrrum prófessor í prédikunarfræðum við Saint Paul School of Theology í Kansas, sem lagði áherslu á frásagnaraðferðina (e. *narrative method*).¹⁶⁰

Flokkar Lorensen hafa nýst höfundur við að staðsetja rannsóknir sínar innan norrænnar prédikunarfræði. Eitt af því sem gerir það að verkum að höfundur samsamar sig við Lorensen og flokkun hennar er að í ritgerðinni er unnið út frá nýju prédikunarfræðinni og notuð empírísk rannsóknaraðferð. Áhersla rannsóknarinnar er á áföll, vald og samskipti með það að markmiði að dýpka skilning á upplifunum þeirra prédikara sem urðu fyrir samfélagslegum áföllum á áttatímanum. Sú áhersla er í samræmi við þá flokka sem Lorensen kallar 1, 2, 3 og 5, þ.e.a.s. hið empíríska sjónarhorn fyrir framan textann, „annars konar prédikunin“, prédikun sem ávarpar samfélagsleg málefni og prédikun sem leitar sannleikans í reynslunni. Umræða um vald kallast á við fyrsta flokk Lorensen þar sem hún fjallar um norræna áherslu á veröldina fyrir framan textann en þá er átt við reynslu þeirra sem heyra textann á hverjum tíma fyrir sig. Þegar rætt er um veröldina aftan við textann, sem algengt er í ritskýringu og prédikunarfræðum, er átt við það sem liggur til grundvallar skilningi og túlkun í menningarlegu og sögulegu samhengi textans. Sem dæmi má taka að samtími eða sú menning sem var til staðar þegar bækur Biblíunnar voru ritaðar er ekki mjög aðgengilegur fyrir Vesturlandabúa á okkar dögum. Þess vegna getur þurft að túlka textann með hliðsjón af menningu og sögu þess samfélags þar sem hann varð til.¹⁶¹ Lorensen flokkar norræna prédikunarfræði út frá nútímabirtingarmyndum nýju prédikunarfræðinnar á Norðurlöndum og greinir nýlegar rannsóknir í norrænni prédikunarfræði með áherslu á empíríska rannsóknaraðferð.¹⁶² Hér eru nefndar helstu flokkar hennar.

Fyrsti flokkur Lorensen er empírískt sjónarhorn á veröldina framan við textann. Nýja prédikunarfræðin hefur lagt áherslu á þetta, þ.e. reynslu þeirra sem heyra textann á hverjum tíma. Eldri túlkunarhefðir byggja frekar á veröldinni aftan við textann (menningarlegu og sögulegu samhengi textans) eða veröldinni í textanum (textinn sem bókmenntir tilheyra innan tiltekinna hefða). Lorensen telur að empírískar rannsóknir geti komið að góðu gagni við slíka

¹⁵⁹ Fred B. Craddock, *As One Without Authority, Revised and With New Sermons* (Chalice Press, 2001), 43–60.

¹⁶⁰ Craddock, *As One Without Authority*, 53–60.

¹⁶¹ Lorensen, „Nyere nordisk homiletik,“ 44.

¹⁶² Lorensen, „Nyere nordisk homiletik,“ 44.

prédikun en bendir jafnframt á að þess háttar rannsóknir geti vakið áhuga á að skoða ritningartexta enn frekar. Einnig sé mikilvægt að nota hefðbundnar aðferðir til að greina hvernig fólk túlki ritningartexta út frá eigin samhengi.¹⁶³

Önnur áhersla Lorensen er hin svonefnda „annars konar prédikun“ (e. *other-wise preaching*). Hún segir að „annars konar prédikun“ sé á einhvern hátt ólík því sem er hefðbundið. Prédikunin skilgreini hvort tveggja, reynslu áheyrenda og prédikara. „Annars konar prédikun“ snúist um að mæta ókunnugum, ólíkri reynslu. Lorensen veltir því upp hvort „annars konar prédikun“ geti haft áhrif á það að prédikun sem beint er til ákveðinna hópa í samfélaginu, til dæmis fólks með ólíkt tungutak, gæti haft neikvæð áhrif á söfnuði þar sem fólk á ólíkum aldri og með ólíkan bakgrunn komi saman.¹⁶⁴

Þriðji flokkur Lorensen er prédikun sem guðfræðileg túlkun á samfélagslegum málefnum. Empírískar aðferðir til að greina upplifanir áheyrenda gefa vísbendingar um pólitískt hlutverk og áhrif rannsókna. Hið sama má segja um viðhorf þeirra er prédika. Samfélagslegur boðskapur prédikunar geti varpað ljósi á samhengi fjölmargra samfélagslegra þátta á lífi fólks. Lorensen segir að þessi angi prédikunar fái allnokkurt rými í prédikunarrannsóknum á Norðurlöndum.¹⁶⁵

Lorensen afmarkar í fjórða lagi þá stefnu að rannsaka upplifanir áheyrenda, prédikaranna sjálfra þar með talinna. Hér vísar Lorensen í empírískar rannsóknir sem framkvæmdar eru í þeim tilgangi að skilja hvernig áheyrendur upplifa það sem gerist þegar prédikun er flutt. Hún bendir á að vísbendingar um niðurstöður hafi fengist er gögn sem fengust úr rannsókninni voru flokkuð í þrjú meginþemu, félagsleg samskipti (d. *associerende interaktion*), gagnrýnin samskipti (d. *kritisk interaktion*) og ígrunduð samskipti (d. *kontemplativ interaktion*).¹⁶⁶

Fimmta og síðasta áherslan sem Lorensen greinir er prédikun á mörkum sannleika og rökhyggju. Empírískar rannsóknir geta mögulega hjálpað prédikurum að finna sannleika með því að skoða reynslu annarra. Máli skiptir að prédikari sé sannur í því sem hann birtir í prédikun. Oft geti það farið á móti þörfum mannsins að setja sannleikann fram. Mögulega leiði þó leitin að sannleikanum til þess að prédikari horfi fyrst og síðast í eigin barm og leiti í sínum eigin veruleika sem er ekki endilega í takt við veruleika annarra.¹⁶⁷

Umfjöllun um áhrif síðnýlenduhyggju á prédikunarfræði á sér samhljóm í annarri áherslu Lorensen um „annars konar prédikun“ sem felur í sér umhugsun um ólíkan menningar- og reynsluheim áheyrenda. Þriðji flokkurinn, þ.e. prédikun sem fjallar um guðfræðilega túlkun á samfélagslegum málefnum, kallast á við umræðuna um vald. Fjórði flokkur Lorensen fjallar um upplifanir áheyrenda og prédikara. Höfundur nýtir sér fræðimennsku Marianne Gaarden í ritgerðinni en rannsóknir hennar falla undir þennan flokk. Fimmta áhersla Lorensen fjallar um

¹⁶³ Lorensen, „Nyere nordisk homiletik,“ 44.

¹⁶⁴ Lorensen, „Nyere nordisk homiletik,“ 49.

¹⁶⁵ Lorensen, „Nyere nordisk homiletik,“ 44.

¹⁶⁶ Lorensen, „Nyere nordisk homiletik,“ 48.

¹⁶⁷ Lorensen, „Nyere nordisk homiletik,“ 50–51.

prédikun á mörkum sannleika og rökhbyggju, um samskipti og miðlun prédikunar. Flokkar Lorensen eiga auk þessa fjölmargar tilvísanir í umfjöllunarefni rannsóknarinnar og útkomu hennar.

Í næstu undirköflum verður umræða innan þeirra þriggja stefna sem hafa haft mikil áhrif á rannsóknir þær sem hér eru birtar. Fjallað verður nánar um empírískar rannsóknir í norrænni prédikunarfræði út frá flokkun Lorensen. Höfundur kynnir jafnframt Marianne Gaarden, prédikunarfræðing og biskup innan dönsku þjóðkirkjunnar. Báðar hafa þær nýtt sér empírískar rannsóknaraðferðir við rannsóknir í prédikunarfræði. Að lokum mun höfundur setja fram samræður um áföll og völd út frá prédikunarfræðilegri umræðu tengdri síðnýlenduhyggju í ljósi hugmynda Sarah Travis, prófessors í prédikunarfræði við Knox College í Kanada, Eunjo Mary Kim, prófessors í prédikunarfræði við Vanderbilt University í Bandaríkjunum og Sigríðar Guðmarsdóttur.

1.4.1 Empírískar rannsóknaraðferðir í prédikunarfræði

Empírískar rannsóknir byggja á reynslu eða gögnum og geta verið hvort heldur sem er megindelegar eða eigindlegar.¹⁶⁸ Megináhersla rannsóknarinnar er á upplifanir presta sem prédikara. Markmiðið er að skoða veröldina og umhverfið fyrir framan textann sem getur gefið viðmælendum rannsóknarinnar tækifæri til að skoða viðhorf sín til prédikunar í nýju ljósi. Í þessum kafla verður vikið að aukinni notkun empírískra rannsókna í prédikunarfræðum á Norðurlöndum, bæði í eigindlegum og megindelegum rannsóknum. Hugtök er tengjast síðnýlenduhyggju koma fram hér í kaflanum. Þar má nefna hugtakið „þriðja rýmið“ (e. *third space*) en það er útskýrt sérstaklega í kaflanum út frá hugmyndum síðnýlenduhyggju tengdri prédikunarfræðum. Einnig er rétt að benda á hugmyndina um „fjölröddun“ (e. *polyphony/polyvocality*).¹⁶⁹ Hugtök sem eiga uppruna sinn í síðnýlenduhyggju eru því að ryðja sér rúms í prédikunarfræðirannsóknum sem vísa ekki beint til þessa uppruna.

Kenningar Marianne Gaarden, doktors í prédikunarfræði og biskups í Danmörku, og Marlene Ringgaard Lorensen sem áður hefur verið kynnt eru í fyrirrími umræðu þessa undirkafla. Samkvæmt flokkunum Lorensen heyra rannsóknir Gaarden undir prédikunarfræði sem beinist að reynslu áheyrenda og prédikara. Gaarden framkvæmdi empíríska rannsókn sem fólst í því að ræða við kirkjugesti að lokinni guðsþjónustu. Hugmynd hennar var að rannsaka með hvaða hætti áheyrendur skilja það sem þeir upplifa í prédikun og setja í samhengi við guðfræðilega sannfæringu sína og trú. Hlustunarferlið

¹⁶⁸ Ragnheiður Harpa Arnardóttir, „Aðferðafræði megindelegra rannsókna: Yfirlit yfir helstu rannsóknarsvið,“ í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstj. Sigríður Halldórsdóttir (Háskólaútgáfan, 2021), 255–276.

¹⁶⁹ Sjá nánar um fjölröddun í Emmanuel Y. Lartey, „Postcolonial Studies in Practical Theology,“ í *International Handbook of Practical Theology*, ritstj. Birgit Weyel, Wilhelm Gräb, Emmanuel Lartey og Cas Wepener, (De Gruyter, 2022): 668, doi:10.1515/9783110618150-050

er í eðli sínu trúarlegt ferli. Í einni niðurstöðu hennar kemur fram hugtakið fjölröddun sem einnig má finna í umræðu síðnýlenduhyggjunnar en hjá henni kom fram að fjölröddun hafi áhrif á trúarupplifun kirkjugesta. Áheyrendur nemi ekki eingöngu samskipti í kirkjunni heldur einnig utan hennar. Þessi fjölröddun skapar rými þar sem kirkjugestir túlka og raða saman því sem þeir heyra og upplifa í kirkjunni.¹⁷⁰

Í eigindlegri rannsókn Gaarden ræddi hún við 29 kirkjugesti frá fimm mismunandi kirkjum og fimm prédikara.¹⁷¹ Hún sagði tilgang sinn hafa verið að horfa til margbreytileika fenginna niðurstaðna og að rannsaka hvernig kirkjugestir tengi við prédikun til að öðlast nýjan skilning á því sem þeir heyri. Kirkjugestir setja upplifun sína af prédikun í samhengi við trúarlegt ferli sem gefur til kynna að þeir upplifi hana sem slíkt.¹⁷² Ein niðurstaðna rannsóknar Gaarden var að áheyrendur skapi í raun prédikun sjálfir. Prédikarinn sé í nokkurs konar aðstoðarhlutverki í því ferli sem á sér stað þegar prédikun er flutt.¹⁷³

Hugtakið „þriðja rýmið“ (e. *the third space*) tengist tungutaki síðnýlenduhyggjunnar. Bhabha, prófessor í bókmenntafræði við Harvard háskóla, telur framsetningu hvaða menningar sem er eiga sér stað í þriðja rýminu þar sem ólíkir heimar mætist og nýir verði til.¹⁷⁴ Orðið vísar til menningar sem nærast á ókunnu svæði þar sem merking hluta getur verið óræð, tvíbent og margræð.¹⁷⁵ Gaarden nýtir sér hugtakið í umfjöllun um prédikun sem þriðja rýmið. Lorensen bendir á að í rannsókn Gaarden verði til nýjar merkingar á milli orða, reynslu og upplifana. Skilningur sem áheyrandi öðlast þegar hann hlýðir á prédikun þarf því ekki nauðsynlega að tengjast því sem prédikarinn ætlaði sér að miðla. Þátttaka og upplifun áheyrenda gefa vísbendingar um niðurstöður.¹⁷⁶ Í niðurstöðum Gaarden kemur fram að upplifun áheyrenda af því sem þeir hafa heyrt í prédikun sé ólík. Sumir upplifa að eitthvað hafi gerst í prédikuninni sem færir þeim innri frið og ró.¹⁷⁷ Það hefur þar af leiðandi orðið til einhvers konar þriðja rými á milli prédikara og áheyrenda þar sem sjónarhorn og skilningur á því sem flutt var í prédikuninni hefur fæðst. Fjölröddun sem innifelur rödd prédikara og raddir áheyrenda í sameiginlegu rými getur opnað leið í nýjan veruleika sem færir sumum áheyrendum góða líðan sem einkennist af innri ró og friði. Samkvæmt lýsingum rannsóknarinnar er ekki hægt að stjórna þessu innra rými fjölröddunar en það er hægt að taka þátt í því sem ein rödd af mörgum.¹⁷⁸

¹⁷⁰ Marianne Gaarden og Marlene Ringgaard Lorensen, „Listeners as Authors of Preaching: Empirical and Theoretical Perspectives,” *Homiletic* 38, nr. 1 (2013): 28. Sótt 23.10.2024 af <https://homiletic.net/index.php/homiletic/article/view/3832>

¹⁷¹ Gaarden og Lorensen, „Listeners as Authors of Preaching,” 31.

¹⁷² Gaarden og Lorensen, „Listeners as Authors of Preaching,” 29.

¹⁷³ Gaarden og Lorensen, „Listeners as Authors of Preaching,” 31.

¹⁷⁴ Homi K. Bhabha, „Tvístrun þjóðarinnar: Tími, frásögn og jaðar nútímapjóðarinnar,” *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar* 2 (2005), 179.

¹⁷⁵ Bhabha, „Tvístrun þjóðarinnar,” 178.

¹⁷⁶ Lorensen, „Nyere nordisk homiletik,” 48.

¹⁷⁷ Gaarden og Lorensen, „Listeners as Authors of Preaching,” 43.

¹⁷⁸ Gaarden og Lorensen, „Listeners as Authors of Preaching,” 45.

Gaarden skilgreinir eigindlegar rannsóknir þannig að þær feli í sér aðferðir sem túlka og nálgast viðfangsefni sín (viðmælendur) í umhverfi þar sem þeim líður vel. Gaarden segist velja þessa leið þar sem hún henti vel til að lýsa upplifun þátttakenda sem hlýða á prédikanir. Gaarden heldur því fram að gögn bíði ekki eftir rannsakanda heldur þurfi hann að fá þau frá þeim sem taka þátt í eigindlegri rannsókn og hrein gögn fáist ekki án utanaðkomandi áhrifa. Rannsakandi og þátttakendur skapa gögnin meðan á viðtali stendur.¹⁷⁹ Gaarden segist þurfa að gæta sín á að tengjast ekki viðmælendum á rannsóknarferlinum. Þetta sé til að fyrirbyggja að viðmælendur hennar myndi einhvers konar sálgæslusamband við hana þar sem hún er prestur.¹⁸⁰ Að mati Gaarden ætti að nýta eigindlegar, empírískar aðferðir við rannsóknir í hagnýtri guðfræði meira. Hún telur að fólk með ólíkan menntunarbakgrunn túlki eigindleg rannsóknargögn með ólíkum hætti. Veikleikar og styrkleikar rannsóknar geta breyst eftir því hver framkvæmir hana.¹⁸¹ Empírísk, eigindleg gögn rannsakanda eru fjölbreytt og undir meiri áhrifum frá honum sjálfum en rituð gögn. Manneskjur sem er rætt við eru heimildir rannsóknarinnar og fjölbreytileiki þeirra hefur áhrif á niðurstöðurnar.¹⁸² Hér má bæta við því sem Lorensen tiltekur um rannsóknir Gaarden að skynjun prédikunar með fjölröddun takmarkist ekki við rými helginnar eða athöfnina sem slíka heldur kvikni hún við kringumstæður prédikunarinnar. Þriðja rýmið sem verður til sé þannig hvorki stjórnað né yfirtekið af áheyrenda eða prédikara. Rými sé fyrir þátttöku beggja aðila.¹⁸³

Samkvæmt Lorensen eru norrænir rannsakendur í prédikunarfræði farnir að nýta sér empírískar rannsóknir í auknum mæli. Í flestum þessara rannsókna er sjónum beint að viðhorfum ákveðinna aldurshópa. Hún nefnir sem dæmi empíríska rannsókn sem Tone Stangeland Kaufmann, prófessor í hagnýtri guðfræði við Menighetsfakultetet í Osló, leiðir um viðhorf barna, fermingarbarna og unglunga til guðsþjónustunnar.¹⁸⁴ Að mati Lorensen er margt ólíkt með rannsókn Stangeland Kaufmann og þeim rannsóknnum sem beinst hafi að viðtöku prédikana með viðtölum við kirkjugesti. Í rannsókn Stangeland Kaufmann er öll guðsþjónustan lögð undir til að hægt sé að öðlast betri skilning á hagnýtu hlutverki prédikunarinnar og þannig litið á prédikunina í samhengi helgisiðanna.¹⁸⁵ Lorensen talar um að empírískar prédikunarrannsóknir beinist í nokkrum mæli að hefðbundnum rannsóknarefnum prédikunarfræðinnar. Hér á hún við rannsóknir sem snúast um að greina prédikun út frá sjónarhorni prédikara eða viðtakenda. Hún telur áriðandi að rannsaka hvort tveggja, viðtöku áheyrenda og prédikara, til að leitast við að öðlast skilning á því sem á sér stað í prédikun.¹⁸⁶

¹⁷⁹ Marianne Gaarden, *The Third Room of Preaching: The Sermon, the Listener, and the Creation of Meaning*, (Presbyterian Publishing, 2017), kafli 2 (538–543 loc).

¹⁸⁰ Gaarden, *The Third Room*, kafli 2 (538–543 loc).

¹⁸¹ Gaarden, *The Third Room*, kafli 2 (1053–1085 loc).

¹⁸² Gaarden, *The Third Room*, kafli 2 (567–569 loc).

¹⁸³ Marlene Ringgaard Lorensen og Kirstine Helboe Johansen, „Homiletics in the Nordic Countries,” *Praktische Theologie* 2, nr. 55 (2020): 88–89, doi:10.14315/prth-2020-550207

¹⁸⁴ Lorensen, „Nyere nordisk homiletik,” 48.

¹⁸⁵ Lorensen, „Nyere nordisk homiletik,” 48.

¹⁸⁶ Lorensen, „Nyere nordisk homiletik,” 49.

Eins og Lorensen tiltekur í flokkun sinni hefur Gaarden fjallað um „annars konar prédikun“ sem einnig mætti þýða sem „annars konar visku“. Að mati höfundar felur það í sér að prédikari geti tæplega prédikað nema hann sé með alla áheyrendur í huga, hvort sem uppruni þeirra, viðhorf eða menning eru honum kunnug eða ekki. Við notkun aðferðarinnar er áhersla lögð á prédikunarþáttinn og merkingu þess sem er framan við textann. Tengingin sem verður á milli prédikara, texta og áheyrenda skiptir miklu máli. Í nýju prédikunarfræðinni hefur verið gert ráð fyrir að reynsla áheyrenda sé sameiginleg. Með annars konar prédikun/annars konar visku kemur sú hugmynd fram að reynsla áheyrenda sé sameiginlega rýnd. Prédikari ætti að ganga út frá því að manneskjur séu ólíkar og með ólíkan reynsluheim. Þar með er einn hornsteina nýju prédikunarfræðanna fjarlægður að mati Gaarden sem kallar á nýjar áskoranir fyrir prédikunarfræðina.¹⁸⁷ Samkvæmt annars konar prédikun/annars konar visku ætti prédikarinn að taka tillit til annars konar væntinga og skilnings áheyrenda sem mæta prédikaranum þegar hann talar til kirkjugests sem er skilgreindur sem „hinn aðilinn“ (d. *den anden*). Annars konar prédikun/annars konar viska gerir ráð fyrir að prédikarinn sé eins konar gestgjafi við hringborð þar sem samtal eigi sér stað. Ólíkum röddum er boðið til þátttöku í undirbúningi eða vinnslu prédikunar. Hinn aðilinn, sem prédikarinn þekkir ekki, þarf að koma sínu áliti á framfæri þannig að prédikarinn heyrir það en slíkt getur gerst þegar þeir mætast og með því að prédikarinn hlusti á upplifun hins aðilans af prédikunartextanum í guðsþjónustunni.¹⁸⁸ Lorensen er á líkum nótum en hún heldur því fram að prédikunarfræðingar beini aukinni athygli að minnihlutahópum eins og til dæmis innflytjendum og að það leiði til aukinnar áherslu á alþjóðlega prédikunarfræði. Hún ræðir um ólíka hópa í samhengi við prédikun og tungumál og bendir á að skilningur geti breyst eftir því hverjir séu í guðsþjónustu. Þannig geti ólík menning haft áhrif á það sem fólk tekur með sér úr prédikun í ljósi þess að það taki með sér mismunandi þætti úr því sem það heyrir eftir því hverjir eru viðstaddir.¹⁸⁹

Lorensen heldur því fram að norrænar prédikunarfræðirannsóknir hafi hallast í átt að empírískum rannsóknum á síðustu tveimur áratugum og hafi beinst að ákveðnum hópum áheyrenda. Prédikunarfræðilegi þátturinn er hluti af samfélagslegri, kirkjulegri og akademískri þróun. „Nýja kynslóðin hefur gagnrýnt hefðbundna „one-size-fits-all“ prédikunarfræði.“¹⁹⁰ Samkvæmt henni þurfa breytingar á prédikunarfræðilegum rannsóknum alls ekki að hafna hefðbundnum vangaveltum prédikunarfræðinnar heldur feli þær í sér þann möguleika að setja fram ný sjónarhorn. Lorensen telur að það sé ákveðin tilhneiging til að hafna hefðbundnum einkennum empírískra prédikunarfræðilegra rannsókna. Í því samhengi bendir hún á að nýjar empírískar rannsóknir hafi í auknum mæli beinst að skilgreindum hópum áheyrenda. Einnig hafi samfélagsleg þróun haft áhrif á rannsóknir prédikunarfræðinnar. Lorensen segir að þetta megi túlka sem leit eftir samhæfni tónlistar, texta, lista og upplifana og að prédikun rannsaki veröldina framan við textann og kalli þar með eftir nýjum rannsóknum.¹⁹¹

¹⁸⁷ Marianne Gaarden, „Den skjulte kirkegænger,“ í *Kritisk forum for Praktisk teologi*, (Forlaget Anis, 2014), 54.

¹⁸⁸ Gaarden, „Den skjulte kirkegænger,“ 54.

¹⁸⁹ Lorensen, „Nyere nordisk homiletik,“ 50.

¹⁹⁰ Lorensen, „Nyere nordisk homiletik,“ 51.

¹⁹¹ Lorensen, „Nyere nordisk homiletik,“ 51–52.

Fram kemur hér í undirkaflanum að hugtök síðnýlenduhyggjunnar hafa fundið sér leið inn í almenna prédikunarfræði og er það afar áhugaverð þróun að mati höfundar án þess að fjallað verði frekar um það hér. Kortlagning Lorensen á helstu straumum norrænnar empírískrar prédikunarfræði sýnir hversu mikilvægar empírískar rannsóknaraðferðir eru fyrir norræna prédikunarhefð. Hjá Gaarden má finna einkenni fleiri en einnar áherslu úr flokkun Lorensen sem er að mati höfundar vísbending um hversu vel rannsóknaraðferðirnar samtvinnast. Reynsla höfundar er að með viðtölum við prédikara fáist dýrmæt sýn á upplifun þeirra á starfi þeirra og samskiptum við áheyrendur.

1.4.2 Prédikun í skugga áfalla

Undirkaflinn sem hér hefst, sem jafnframt er lokahluti umfjöllunar um stöðu þekkingar, fjallar um áfallaprédikun. Með það til hliðsjónar valdi höfundur að tileinka sér þekkingu fræðimanna í hagnýtri guðfræði og prédikunarfræði sem hafa mikið unnið með rannsóknir í prédikunarfræði undir áhrifum frá orðræðu síðnýlenduhyggjunnar. Prédikunarfræðin vinnur á þeim vettvangi með áföll og völd er tilheyra einstaklingum, samfélögum og menningu. Einnig vinnur hún að því að samhæfa fólk af ólíkum uppruna, kyni, kynhneigð, litarhætti o.s.frv. Höfundur horfir einkum til hugmynda og kenninga Sarah Travis og Eunjoo Mary Kim en þær hafa báðar rannsakað síðnýlenduhyggju með augum prédikunarfræði. Að sama skapi hafa þær báðar unnið með rannsóknir á áhrifum prédikunar á minnihlutahópa og í tengslum við sálgæslu og áfallavinnu. Höfundur mun í þessari síðustu umræðu um stöðu þekkingar tengja kenningar Travis og Kim við hugmyndir Sigríðar Guðmarsdóttur en hún hefur í rannsóknum sínum tengt síðnýlenduhyggju við praktíska guðfræði og prédikunarfræði við greiningu á íslenskri samtímaguðfræði.

Travis heldur því fram að rými prédikunarinnar sé í miðju heimsveldisins (e. *empire*). Þessa staðhæfingu rökstyður hún með því að yfirráðasemi nýlenduhyggjunnar hafi valdið því að fólk hafi tvístrast vítt og breitt um veröldina vegna þrælahalds og síðar í leit að betri efnahag.¹⁹² Þessir fólksflutningar hafi haft áhrif á menningu, hagkerfi og dreifingu valds. Afleiðingarnar séu hvort tveggja jákvæðar og neikvæðar. Þannig hafi fjölmenningsleg samfélög blómstrað en á sama tíma hafi kynþáttafordómar valdið spennu. Travis telur að prédikunarfræði síðnýlenduhyggjunnar skilgreini heimsveldi bæði sem sögulegt viðfangsefni liðinnar tíðar og sem samtímalegt viðfangsefni sem erfitt sé að gera upp. Prédikunarfræði síðnýlenduhyggjunnar nálgast viðfangsefni sitt með rannsóknum á ýmsum þáttum. Rannsóknirnar leita að merkjum um áhrif heimsveldisins til að hægt sé að afhjúpa óréttlæti, valdbeitingu til kúgunar eða aðskilnað.¹⁹³

¹⁹² Sarah Travis, „Troubled Gospel: Postcolonial Preaching for the Colonized, Colonizer, and Everyone In Between,” *Homiletic* 40, nr. 1 (2015): 48. Sótt 11.05.2024 af <https://homiletic.net/index.php/homiletic/article/view/4121>

¹⁹³ Travis, „Troubled Gospel,” 48.

Umræður Travis hér að framan má skoða í samhengi við rannsóknir Sigríðar Guðmarsdóttur en hún hefur fjallað um efnahagshrunið á Íslandi með gleraugum síðnýlenduhyggjunnar.¹⁹⁴ Hún nýtir sér hugtakið „dissemiNation“ sem Bhabha hefur með rithætti sínum gefið nýja meiningu þar sem hugtakið fjallar um tvístrun þjóðarhugtaks á ákveðnu menningarsvæði.¹⁹⁵ Sigríður bendir á mikilvægi tungutaksins og hversu snúið það geti verið að þýða það sem sagt er á einu tungumáli yfir á annað. Íslendingar hafa verið undir stjórn Danakonungs en þó að einhverju leyti byggt sjálfsmynd sína á því að vera afkomendur norrænna víkinga sem setji þjóðina hvort tveggja í hlutverk hinna undirskipuðu í nýlenduveldinu og í hjarta þeirrar menningar sem hefur verið hafin upp til yfirburða í því sama veldi. Hún fjallar um ræðu fyrrverandi forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, sem hann flutti þegar svokölluð efnahagsbólva var að ryðja sér til rúms í aðdraganda hrunsins og Íslendingar ætluðu sér stóra hluti í alþjóðlegum fjármálum. Ræða forsetans hafi að ákveðnu marki verið tilraun til að upphefja sjálfsmynd svokallaðra útrásarvíkinga. Útrás Íslendinga hafi verið túlkuð sem sögulegur víkingaarfur framsækni og kjarks í aðdraganda hrunsins.¹⁹⁶

Í þessu samhengi er áhugavert að líta til þess sem Bhabha bendir á, að kraftar félagslegs valds og niðurrífsstarfs geti birst í merkingum sem hafa flust til. Hvort tveggja getur verið áhrifaríkt í pólitískum skilningi. Þannig getur beiting valds jafnt haft pólitísk og sálræn hughrif. Bhabha segir að það geti valdið kreppu í mótun orðræðu og merkingar að þurfa að standa fyrir ákveðnar táknrænar hugmyndir um þjóðfélagsheildir.¹⁹⁷ Sigríður nýtir hugmyndir Bhabhas um tvístrun þjóðar til að gagnrýna ræðu þáverandi forseta Íslands. Hún segir að líta megi á ræðuna sem tilraun til að setja fram eðlislæg víkingaeinkenni íslensku þjóðarinnar sem útskýringu á góðu gengi hennar og drifkrafti í viðskiptum. Þessi aðferðafræði forsetans gangi út á að byggja ímynd, rífa hana niður og byggja síðan nýja. Slíkt geti vakið vonir og þrár hjá fólki og sé á þann hátt áhugaverður kostur til guðfræðilegra rannsókna. Hún heldur því einnig fram að mýtan sem fram kemur hjá forsetanum um uppruna þjóðarinnar skapi þjóðerniskennd (e. *national identities*) og styrki dýrðarljóma hinna nýsköpuðu fjármálajöfra sem hafi lagst í friðsaman víking á fjármálaslóðir öllum til hagsbóta. Ef veldi er mótað með flóði erlendra gjaldmiðla hafa íslensku víkingarnir séð sjálfa sig sem einkennilega blendni á öldum kapítalismans, þ.e. sem yfirburðafólk.¹⁹⁸

Höfundur telur að álykta megi af hugmyndum Travis og Sigríðar að prédikari þurfi að leggja sig fram um að undirbúa og flytja prédikun með það í huga að uppruni fólks og menning séu ólík og með hinar ýmsu stórsögur um yfirburði í huga. Í því samhengi er áhugavert að líta til Eunjoo Mary Kim sem heldur því fram að í hnattrænum (e. *globalized*) heimi 21. aldarinnar búi æ fleiri í fjölmenningslegu umhverfi. Hún telur óhjákvæmilegt að kirkjur taki hnattrænar aðstæður

¹⁹⁴ Sigríður Guðmarsdóttir „The dissemiNation of Vikings,“ 112–125.

¹⁹⁵ Sigríður Guðmarsdóttir, „The dissemiNation of Vikings,“ 114.

¹⁹⁶ Sigríður Guðmarsdóttir, „The dissemiNation of Vikings,“ 114–116.

¹⁹⁷ Bhabha, „Tvístrun þjóðarinnar,“ 188.

¹⁹⁸ Sigríður Guðmarsdóttir, „The dissemination of Vikings,“ 118.

alvarlega með því að aðlagast menningarlegum breytingum í umhverfi sínu.¹⁹⁹ Kim bendir á að þrátt fyrir að margar kirkjur þjóni fólki án tillits til þess hvaðan það kemur eða hvernig það lítur út sé algengt í hinum ýmsu guðfræðiskólum að kennt sé út frá einsleitri menningu og að litúrgískar áherslur sé settar samkvæmt því. Hún segir mikilvægt að söfnuðir taki tillit til fjölmenningslegs uppruna þeirra er sækja samkomur í kirkjum.²⁰⁰

Kim hvetur prédikara til að hafa menningarlegan og sögulegan bakgrunn áheyrenda í huga. Kristið fólk býr í veröld sem er flókin að byggingu, menningarlega, félagslega og trúarlega. Fólk af fjölbreyttum uppruna er með ólíkan trúarlegan og menningarlegan bakgrunn. Kim telur samhengi kristinnar vera eftir-kristið (e. *post-christendom*) og því sé afar mikilvægt að taka tillit til þeirra þátta er hér hafa verið nefndir. Oft geti myndast spenna á milli ráðandi menningar og þeirra menningarbrota sem lifa í samfélaginu. Afar mikilvægt sé að taka til endurskoðunar hugmyndir um heimssýn, trúarvenjur og siði. Gera þurfi ráð fyrir að einhvers konar umbreyting gæti þurft að eiga sér stað.²⁰¹ Kim er þeirrar skoðunar að frjótt ímyndunarafli sé farsæll farvegur prédikunar og tilbeiðslu í fjölmenningslegu samhengi.²⁰² Af orðum fræðimannanna sem vísað er í hér að ofan má draga þá ályktun að notkun þriðja rýmisins í prédikun gæti verið gagnlegt fyrir prédikara sem ávarpa notkun valds eða misréttis í prédikun sinni. Þriðja rýmið mætti þá nýta sér með því að ávarpa samfélagsleg mál út frá skilningi ólíkra menningarheima, uppruna og jafnvel tungumáls. Draga má þá ályktun að þriðja rýmið verði til þegar orð í prédikun mæta áheyrendum sem eiga samskipti óháð bakgrunni eða uppruna. Af framangreindu má ráða að prédikarar geti nýtt sér möguleika þriðja rýmisins þegar þeir ávarpa áheyrendur sem koma úr ólíkum áttum eða fást við kringumstæður af misjöfnum toga.

Samsvarandi stef og hér hafa verið slegin hjá Travis og Kim má lesa í grein Sigríðar, „Rof-Kristur og konan með blóðlátin“ frá árinu 2007. Í upphafi greinarinnar ræðir hún um að það sé eitt af hlutverkum kirkjunnar að skilgreina þann boðskap er hún setji fram. Þetta sé gert í tengslum við þau mál sem samtíminn faist við hverju sinni. Sigríður tengir þetta við prédikunina og að hlutverk hennar sé að leggja út frá ritningartextum í takt við samtímenn. Hún bendir á að hugtakið „samtími“ verði sífellt flóknara og hafi áhrif á útlæggingu á orði Krists. Menningin í samfélaginu sé í ofanálagn orðin flóknari.²⁰³ Sigríður vitnar í lok greinar sinnar í rannsóknir Musa W. Dube, prófessors í Nýja Testamentisfræðum við Emory Candler School of Theology. Dube túlkar veikindi konunnar með blóðlátin í samhengi við þá kúgun og arðrán sem þjóð hennar varð fyrir. Hún byggir guðfræði sína á aðstæðum síðnýlenduhyggjunnar í heimalandi sínu og öðrum fyrrum nýlendum. Í túlkun Dube blæðir Mömmu Afríku eins og konunni með blótlátin í guðspjallssögunni. Hún lýsir ofbeldi nýlenduhyggjunnar á mjög áhrifaríkan hátt og telur að engin þeirra bjargráða sem konan sækir sér skili árangri. Það er ekki fyrr en hún leitar eftir því að snerta Jesú sem hún nær lengra.²⁰⁴

¹⁹⁹ Eunjoo Mary Kim, *Christian Preaching and Worship in Multicultural Contexts: A Practical Theological Approach*, (Liturgical Press, 2017), 114.

²⁰⁰ Kim, *Christian Preaching and Worship*, 144.

²⁰¹ Kim, *Christian Preaching and Worship*, 214.

²⁰² Kim, *Christian Preaching and Worship*, 274.

²⁰³ Sigríður Guðmarsdóttir. „Rof-Kristur og konan með blóðlátin: Tengsl Krists og samtíma af sjónarhóli Graham Wards og kvennaguðfræði.“ *Ritröð Guðfræðistofnunar* 17, nr. 25 (2007): 45–64. Sótt 12.02.2025 af <https://timarit.is/page/6558848#page/n46/mode/2up>

²⁰⁴ Sigríður Guðmarsdóttir, „Rof-Kristur og konan með blóðlátin,“ 61–66.

Í greininni „The DissemiNation of Vikings“ (2021) sem áður hefur verið nefnd tekur Sigríður aftur upp þennan síðnýlenduþráð frá síðustu árunum fyrir hrun. Eins og áður hefur verið getið telur Sigríður að orðfæri heimsveldisins hafi ekki verið gert upp á Íslandi eftir hrun heldur hafi það breytt um ásýnd. Eftir að breski forsætisráðherrann setti hryðjuverkalög á Íslendinga hafi þjóðin brugðist við með því að leggja sérstaka áherslu á að sýna sig sem ljóshærða, bláeygða einstaklinga sem að þeirra mati passi engan veginn við ímynd hryðjuverkamanna. Hreinleikinn hafi átt að vísa til upprunans, þ.e. víkinganna. Allt þetta hafi svo átt að benda til þess hversu einstök íslenska þjóðin væri. Hún vísar einnig til þess að leitað hafi verið að sökudólgum eftir hrúnið á Íslandi og bent á marga aðila sem mögulega hafi átt meiri sök á því sem gerðist en aðrir.²⁰⁵ Lykilatriðið í umræðunni hér hlýtur þó að vera það hversu skýrt þjóðerni og staða Íslands sem hreins lands og hreinnar þjóðar var kynnt og að prédikunin þurfi að spyrna á móti slíkum hugmyndum um yfirburði vegna t.a.m. þjóðernis.

Kim heldur því fram að prédikun eigi sér stað í samhengi sem móti líf bæði prédikara og áheyrenda. Aðstæður geta táknað samfélag, menningu og félagslegt umhverfi svo eitthvað sé nefnt. Hún bendir á mikilvægi alþjóðavæðingar í þessu samhengi. Dramatískar breytingar í veröldinni hafa átt sér stað vegna alþjóðavæðingarinnar sem hafi haft áhrif á félagsleg og menningarleg skilyrði. Í því ljósi er mikilvægt fyrir prédikara að vera meðvitaðir um að umhverfi prédikunar er öll veröldin sem tengist efnahagslega, menningarlega og félagslega. Gera má þær kröfur til prédikara að þeir átti sig á og skilji flókið umhverfi alþjóðavæðingar og taki tillit til þess í prédikun sinni.²⁰⁶ Kim telur að 21. öldin bjóði upp á fjölbreytileika í prédikun út frá því umhverfi sem alþjóðavæðing hefur skapað. Aldrei hafi verið tímabil í sögunni þar sem alþjóðavæðing hafi ekki haft áhrif en í samtímanum sé fólk tengt alþjóðlegu neti tengsla óháð búsetu.²⁰⁷

Í samhengi við það sem Kim heldur fram er áhugavert að líta til þess sem Sigríður veltir upp í eftirfarandi texta:

Might the theological work, perplexing and bewildering as it is in the current context, lie in these broken images of blue-eyed Vikings, natural power, and clear difference? Might the chaotic spaces where new departures are born, and where past insecurities become resources for dissemiNation, provide new cons for contextualisation? Perhaps we ain't seen nothing yet.²⁰⁸

Mynd Sigríðar af ljóshærða víkingnum sem þarf að tvístra sjálfsmynd sinni um þjóðerni eftir hrun kallast á við Travis. Travis telur að jafnvel þótt það sé auðvelt fyrir hvíta prédikara og áheyrendur að taka þátt í gagnrýni síðnýlenduhyggjunnar séu nokkur atriði sem þurfi

²⁰⁵ Sigríður Guðmarsdóttir, „The dissemiNation of Vikings,“ 122.

²⁰⁶ Eunjoo Mary Kim, *Preaching in an Age of Globalization*, (Westminster John Knox Press, Kindle útgáfa, 2010), 288 (loc).

²⁰⁷ Kim, *Preaching in an Age of Globalization*, 368 (loc).

²⁰⁸ Sigríður Guðmarsdóttir. „The dissemiNation of Vikings,“ 123.

sérstaklega að athuga. Prédikun sem ætlað er að tala inn í kringumstæður síðnýlenduhyggju eigi að vera annað og meira en tilraun til að gera eitthvað öðruvísi. Hún segir að fólk sem tilheyrir akademíu- og kirkjuhverfi Vesturlanda sé bundið skipulagi veldisins. Þrátt fyrir allt haldi íbúar Vesturlanda áfram að hagnast á stefnunni sem talað er gegn. Þetta er raunveruleiki prédikara. Óháð kynþætti, uppruna, kyni eða reynslu af veldi nýlenduhyggjunnar hvílir sérstök ábyrgð á þeim sem tilheyra miðju veldisins. Þeir þurfa að þekkja eigin forréttindi og bregðast við þeim. Áskorunin fyrir prédikara sem fylgir þessu er að spegla sjálfa sig í þessum kringumstæðum, að skynja eigin stöðu innan veldisins og þörf fyrir frelsi. Niðurstaða Travis er að mikilvægt sé að taka ábyrgð á orðum, forréttindum og gjörðum er takmarki frelsi annarra.²⁰⁹

Orðræða nýlenduhyggjunnar hefur sett mark sitt á prédikunarfræði. Tenging hagnýtu guðfræðinnar og prédikunarfræðinnar við síðnýlenduhyggju er að mati höfundar dýrmæt fyrir prédikara. Hægt er að taka margt úr því sem síðnýlenduhyggjan leggur til í prédikun og heimfæra á daglegt líf til að opna augu fólks fyrir ólíkum upplifunum, ólíkri menningu, ólíkum uppruna, ólíkum viðhorfum og svo mætti lengi telja. Í kaflanum hér á eftir verður uppbygging ritgerðarinnar kynnt.

1.5 Uppbygging ritgerðarinnar

Í eftirfarandi undirkafla er gerð grein fyrir uppbyggingu ritgerðarinnar. Ritgerðin skiptist í sex kafla. Inngangskaflinn markar upphaf ritgerðarinnar og inniheldur almenna kynningu á ritgerðinni í heild. Í inngangskaflanum var gerð grein fyrir rannsókninni í hnotskurn, sagt frá þeim prédikunarfræðilegu vandamálum sem leitast er við að leysa í ritgerðinni, sett fram rannsóknarspurning og fjallað um aðferðafræði ritgerðarinnar. Í öðrum hlutum kaflans var teiknuð upp söguleg sviðsmynd hrunsins og sagt frá þremur stórum samfélagsáskorunum þjóðkirkjunnar í upphafi 21. aldarinnar, þ.e. hrununu, ásökunum um kynferðisbrot á hendur biskupi Íslands og baráttunni fyrir einum hjúskaparlögum og kirkjulegri hjónavígslu hinsegin fólks. Í kjölfar þess tók við umfjöllun um lykilhugtök ritgerðarinnar. Þá var brugðið upp mynd af stöðu þekkingar sem stuðst er við í ritgerðinni og gerð grein fyrir þremur stefnum í prédikunarfræði sem ritgerðin tilheyrir. Í fimmta og síðasta undirkafla fyrsta kafla er uppbygging ritgerðarinnar kynnt með stuttri lýsingu á hverjum kafla fyrir sig.

Í öðrum kafla ritgerðarinnar eru ræddar valdar kenningar sem höfundi þótti hæfa þeim þemum sem komu fram í rannsókninni. Gerð er grein fyrir notkun tungumáls og/eða tungutaks í prédikun með það í huga hvernig prédikun er flutt. Þetta er gert til að greina hvaða leiðir eru færar til að koma prédikun á framfæri með skilvirkum hætti. Einnig er fjallað um túlkun á textum og öðru efni er tengist prédikun. Í kaflanum er einnig fjallað um jaðarhópa og vald. Þetta er gert til að greina hvaða leiðir eru færar við að ræða í prédikun um málefni minnihlutahópa í samfélaginu. Að sama skapi er fjallað um áhrif valds í samfélaginu, áföll og misbeitingu valds. Rannsakað er með hvaða hætti vald birtist í prédikun og umhverfi

²⁰⁹ Travis, „Troubled Gospel,“ 50–51.

prédikunar og hvaða áhrif það hefur. Prédikun í kringumstæðum áfalla er rannsökuð með sálgæslu og kærleiksbjónustu í huga. Gerð er grein fyrir kenningum og hugtökum í trúarlífsfélagsfræði sem tengjast kenningum og hugtökum prédikunarfræðinnar. Fjallað er nánar um hugtökin siðrof, náðarvald, regluvald og hefðarvald sem nýtast við greiningar á niðurstöðum er tengjast efnahagshruninu, eftirleik þess og stöðu þjóðkirkjunnar hvað varðar traust í hennar garð.

Þriðji kaflinn kynnir rannsóknaraðferð og aðferðafræði hinnar eigindlegu rannsóknar. Í kaflanum eru rannsóknarnálgun og aðferðir eigindlegra rannsókna útskýrðar. Einnig er farið yfir markmið og gildi rannsóknarinnar. Sagt er frá framkvæmd og undirbúningi hennar, þátttakendum, gagnaöflun og greiningu viðtala. Fjallað er um takmarkanir rannsóknarinnar og siðferðileg álitamál. Í framhaldi af þessu er ítarleg umfjöllun um siðferði rannsókna til að skýra út hvernig höfundur undirbjó viðtalsrannsóknina og hvers konar ígrundun var nýtt við úrvinnslu viðtalanna.

Fjórði kaflinn geymir útkomu eigindlegrar viðtalsrannsóknar doktorsritgerðarinnar. Í kaflanum er rætt um rannsóknina út frá þeim þemum sem birtust í henni. Leitað var að fleiri þemum sem urðu til þegar útkoman var greind. Farið var ítarlega yfir viðtöl við þátttakendur og þau rædd og greind með eigindlegum rannsóknaraðferðum. Helsti lærdómur sem draga má af viðtalsniðurstöðum er settur fram í lok kaflans.

Í fimmta kafla er útkoma viðtalsrannsóknarinnar greind með notkun trúarlífsfélagsfræðilegra og prédikunarfræðilegra hugtaka og kenninga. Kaflanum er skipt í tvo hluta. Í fyrri hlutanum eru greiningar á þáttum í prédikun er tengjast innra lífi og starfi prédikara. Í seinni hlutanum er unnið með greiningar er tengjast ytri þáttum í starfi prédikarans.

Í sjötta kaflanum sem jafnframt er lokakafli ritgerðarinnar eru vísbendingar um niðurstöður dregnar saman og ræddar. Í kaflanum er unnið áfram með niðurstöður rannsóknarinnar. Unnið er með þau álitamál sem fram hafa komið í ritgerðinni og þeim svarað út frá greiningum fimmta kaflans.

2 Kenningar í prédikunar- og trúarlífsfélagsfræði

Í þessum kafla er fjallað um kenningagrundvöll rannsóknarinnar og hún þemagreind. Unnið er með fjögur aðalþemu og ellefu undirþemu. Kaflinn er tvískiptur. Fyrst er fjallað um lykilhugtök og kenningar í prédikunarfræði og í kjölfarið í trúarlífsfélagsfræði. Í hluta kenningakaflans eru meðal annars dregin fram ákveðin umhugsunarefni á borð við vald, miðju, jaðar og áföll í prédikunarfræði sem er undir áhrifum frá síðnýlenduhyggju. Þetta er gert þrátt fyrir að höfundur fáist ekki við kenningarkerfi síðnýlenduhyggjunnar sem slíkrar í doktorsritgerðinni.²¹⁰

2.1 Kenningar í prédikunarfræði

Umræða undirkaflanna er tengd við þau hugtök og kenningar prédikunarfræðanna sem fjallað er um í þeim. Lykilhugtök eru kynnt í upphafi hvers undirkafla. Rætt er um kenningar í prédikunarfræði er vinna með skilgreiningar á túlkun og tungutaki í prédikun, jaðarhópa og vald og að lokum sálgæslu og áföll. Áhrif þessara málaflokka og birtingar þeirra í prédikun verða skoðaðar í ljósi kenninga í niðurstöðukafla doktorsritgerðarinnar.

2.1.1 Tungutak og samskipti

Tungutak (e. *language/discourse*) er eitt af meginhugtökum þessarar doktorsritgerðar. Þrátt fyrir að Íslendingar tali íslensku er ekki endilega víst að allir Íslendingar skilji það sem sagt er á íslensku. Ein ástæðan fyrir þessu er þróun tungumálsins sem tekur stöðugum breytingum. Gamla fleirtalan sem var hluti af málinu allt fram á áttunda áratug síðustu aldar er nánast horfin úr daglegu tungutaki á Íslandi og nýjar kynslóðir þekkja lítið sem ekkert til hennar.²¹¹ Í nýjustu þýðingu Biblíunnar frá árinu 2007 er sú fleirtala enn notuð og þar með er slíkt tungutak notað í flestum kirkjum á Íslandi þar sem lesið er beint upp úr Biblíunni og í textum helgihaldsins sem mótast af biblíumálinu. Í ljósi þróunar tungumálsins má álykta að tungutakið sem notað er í kirkjum sé ekki lengur aðgengilegt yngra fólki sem ekki ólst upp við það.

Í þessum kafla er rætt um kenningar er tengjast tungutaki í prédikun. Leitað er í smiðju þriggja fræðimanna en tveir þeirra hafa komið við sögu í fyrsta kaflanum, þ.e. Wilfried Engemanns, Eunjoo Mary Kim og Wilhelm Gräbs (1948–2023) fyrrum prófessors við Humboldt Universität í Berlín. Engemann og Gräb hafa báðir lagt áherslu á að rannsaka notkun tungumáls í

²¹⁰ Sjá nánar kafla 1.4., 31.

²¹¹ Guðrún Kvaran, „Hvað er tvítala og hvaða dæmi um greinarmun tvítölu og fleirtölu finnast í nútíma íslensku?“ *Vísindavefurinn*, 24. janúar 2002, sótt 29.06.2024 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=2067>

prédikunum og hvort tungutak hafi áhrif á það hvort hægt sé að ná til fólks. Helstu rannsóknarefni Kim líta að samskiptum ólíkra menningarheima og fjölmenningu. Skoðun Gräbs er að erfitt geti verið að skilja tungutak prédikunarinnar.²¹² Hann heldur því einnig fram að gera þurfi ráð fyrir afhelgun í samfélaginu þegar prédikað er og taka tillit til þess með þeim orðum sem notuð eru við flutning prédikunar. Hann telur að prédikari eigi að geta greint samfélagslegar breytingar í prédikun sinni.²¹³

Umfjöllun Gräbs um það sem hann kallar „hvað“ í prédikun kallar að hans mati á túlkanir á textum, kenningum og samfélagi.²¹⁴ Gräb veltir því upp hver sú hugsun er sem verður til í kjölfar prédikunar. Prédikun er trúarleg ræða og miðuð við trúarlegar spurningar samtímans.²¹⁵ Prédikarar þurfa samkvæmt Gräb að hafa skilning á trúnni og hæfni til að láta þann skilning skína í gegn í prédikun sinni á sannfærandi hátt. Þegar unnið er með biblíutexta er hluti prédikunarundirbúnings að líta til áheyrenda og samfélagslegra aðstæðna með það að markmiði að boðskapur byggður á ritningartextum geti orðið að trúarlegri prédikun.²¹⁶ Gräb segir að prédikarar nýti eigin sannfæringu til að koma boðskap sínum til áheyrenda og með þeim hætti hafi þeir áhrif á viðhorf þeirra. Því er reynsla prédikara og trúarleg sannfæring þeirra mikilvæg í flutningi prédikunar.²¹⁷

Wilfried Engemann bætir við og dýpkar hugmyndir Gräbs. Hann er þeirrar skoðunar að prédikari hafi áhrif á merkingu þess er hann flytur í prédikun og þannig taki hann þátt í að skapa ákveðinn veruleika. Gæta þurfi þess að prédikun sé flutt með tungutaki sem eigi við á hverjum tíma og að tjáning sé skýr og skiljanleg.²¹⁸ Samkvæmt Engemann snýst prédikun fyrst og síðast um það sem prédikarinn hefur sjálfur að segja og tengingin við hversdaginn er mikilvæg. Einnig skiptir máli að prédikun sé samhæfð við þá þætti sem áheyrandi upplifir í eigin lífi, það sem er gott og það sem er erfitt en einnig það sem dregur úr honum kjark og það sem hughreystir hann og upplifgar. Engemann telur að prédikunarfræði snúist um mannskilning prédikunarinnar annars vegar og helgihaldsins hins vegar.²¹⁹ Hann er þeirrar skoðunar að prédikun sem er sannfærandi beri þess merki að líf prédikarans sé tengt innihaldi og tjáningu hennar. Prédikarar þurfa að hafa hugrekki til að draga úr orðum sínum, tjá það sem þeir hafi raunverulega upplifað og vera tilbúnir til að prédika um það af heilum hug.²²⁰

²¹² Wilhelm Gräb, *Orðið er laust: Um prédikun í samtímanum*, ritstj. Gunnar Kristjánsson, þýð. Gunnar Kristjánsson og Kristín Þórunn Tómasdóttir (Kjalarnessprófastsdæmi, 2013), 10.

²¹³ Gräb, *Orðið er laust*, 15–18.

²¹⁴ Fritz Már Jörgenson, „Prédikun í opinberu rými,“ 261–262.

²¹⁵ Gräb, *Orðið er laust*, 16–17.

²¹⁶ Gräb, *Orðið er laust*, 10–12.

²¹⁷ Gräb, *Orðið er laust*, 48–53.

²¹⁸ Wilfried Engemann, „Prédikunarundirbúningur og prédikunargreining í hóp,“ í *Skynjun og skilningur, prédikunarseminar í Skálholti 26.–28. október 2008* (Kjalarnesprófastsdæmi, 2008), 60.

²¹⁹ Wilfried Engemann, „Samtal í prédikun,“ í *Jesús og jaðarfólkið: Mannskilningur og trú*, prédikunarseminar í Skálholti 10.–11. október 2010 (Kjalarnesprófastsdæmi, 2010), 25–34.

²²⁰ Engemann, *Homiletics*, 46–47.

Engemann heldur því fram að í prédikunarfræðikennslu sé lítil áhersla á tungutak, áherslan sé á innihald og uppbyggingu út frá tilgangi prédikunar. Guðfræðilegar (e. *theological*), litúrgískar (e. *liturgical*) og prédikunarfræðilegar umræður fari ekki lengra en að innihaldi, uppbyggingu og tilgangi prédikunar.²²¹ Það sem má kalla truflandi framkomu „talsmanna tungumálsins“ (e. *advocate of language*) gefur möguleika á því að samþætta tungumál og prédikun í guðsþjónustum.²²² Hér er átt við að talsmaður tungumálsins sé sá sem leggur áherslu á að styðja við tungumálið. Hann gætir að því hvort innihald (í þessu tilfalli prédikunar) sé flutt með viðeigandi tungutaki, þ.e. hvort tjáning og orðræða séu skýr og trúverðug og hvort röksemdarfærslur standist. Þessu hefur verið lýst sem töfrandi þáttum tungumálsins (e. *magical aspects of language*). Tungumálið er miðill (e. *medium*) sem getur afhjúpað það sem áður var hulið sjónum fólks.²²³ Engemann telur að tungutakið sé mikilvægasti miðill prédikunar og þrátt fyrir að hvers kyns orðræða sé nýtt grundvallist prédikun á því sem heyrir og skiljist. Tungutakið sem notað er til að prédika um guðfræðileg málefni er tæplega tungutakið sem notað er til að ná til almenns hlustanda.²²⁴

Engemann telur að sjálfspækning og skilningur á því með hvaða hætti persóna prédikara verki í samskiptum við áheyrendur sé mikilvægur þáttur í starfi prédikara. Við undirbúning prédikunar og flutning hennar verður óumflýjanlega að takast á við þætti í fari prédikarans er varða líf hans. Prédikari þarf að þekkja sig til að flytja fagnaðarerindið þannig að það falli að hans persónulega skilningi. Engemann bendir á að það er mikilvægt fyrir prédikara að tengjast samtímanum því aðeins þannig geti hann þjónað boðskap og áheyrendum á sama tíma.²²⁵ Persónuleiki fólks hefur áhrif á afstöðu þess til veraldarinnar og því er persónuleiki prédikarans einnig viðfangsefni prédikunarfræðinnar. Prédikunarvinna felur í sér sjálfsvinnu, ekki er hægt að takast á við hlutverk prédikara nema vinna með sjálfan sig.²²⁶ Engemann fjallar einnig um mikilvægi þess að prédikarar séu meðvitaðir um eigin tilfinningar. Áríðandi er að hafa í huga að tilfinningaleg spenna tengist alltaf lífi fólks. Hann segir að reynslan sýni að þegar fólk biður um að fá að lesa prédikun aftur eða þegar áheyrendur sýna tilfinningar hafi prédikunin snert fólk.²²⁷ Engemann segir að sú lífsvitund sem miðlað er í prédikun sé mikilvæg, hún gefi prédikun svip og birti gildismat prédikarans.²²⁸

Í ákveðnum tilfellum eru prédikanir fluttar þannig að mati Engemanns að þær skiljast illa. Slíkt getur leitt til þess að áheyrendur gefist upp og nái ekki að átta sig á tilgangi þess að hlusta. Engemann telur að notkun tungumálsins eða málfræðileg framsetning þess geti ekki talist rétt eða röng, árangursrík eða klaufaleg. Miklu frekar megi skilgreina notkun málsins út frá því

²²¹ Engemann, *Homiletics*, 214.

²²² Engemann, *Homiletics*, 214.

²²³ Engemann, *Homiletics*, 214.

²²⁴ Engemann, *Homiletics*, 212–214.

²²⁵ Wilfried Engemann, *Á mælikvarða mannsins: Leiðin til samtíma prédikunar*, ritstj. og þýð. Gunnar Kristjánsson (Kjalarnesprófastsdæmi, 2012), 20.

²²⁶ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 22.

²²⁷ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 68–69.

²²⁸ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 70.

hverju á að koma til skila. Með munnlegri tjáningu hefur fólk náð að forma og skapa raunveruleikann og markmið þess er þá að eitthvað gerist hjá þeim sem hlusta. Engemann segir að hægt sé að hjálpa fólki með orðum þegar áföll ríða yfir og veita þannig sálgæslu. Einnig er mögulega hægt að taka þátt í rökræðum um tiltekin mál og vinna út frá niðurstöðum þeirra. Sýnt hefur verið fram á það með rannsóknum að ákveðin/staðföst ræða (e. *assertive speech*) er ríkjandi í prédikun. Með því er átt við að mál er flutt með skýrum hætti en á sama tíma gætt að því að sýna áheyrendum og skoðunum þeirra virðingu. Ef þetta stenst þá þýðir það að aðrar aðferðir við tjáningu séu víkjandi, til dæmis orðræða sem bendir á að eitthvað sé mögulegt, orðræða sem virkjar fólk eða orðræða sem tjáir tilfinningu viðkomandi prédikara. Engemann telur ekki óvenjulegt að áheyrendur séu óvissir um það eftir prédikanir hvað hafi raunverulega verið rætt í þeim. Í slíkum tilfellum segir Engemann venjulega hægt að sjá út úr prédikun að þar sé lítið að finna annað en raðir yfirlýsinga eða ályktana. Prédikunin missi gildi sitt sem samskiptamáti sé hún byggð upp með slíkum hætti og tengist ekki almennu tungutaki. Samkvæmt Engemann byggja prédikanir sjaldnast á daglegu tungumáli fólks. Margar prédikanir uppfylla því ekki kröfur um málfarsleg samskipti.²²⁹ Rétt er að geta þess að rannsóknir Engemanns eiga sér stað á þýskumælandi svæðum. Höfundur gerir ráð fyrir að umræðan hér að ofan geti átt við á Íslandi.

Rannsóknir sem fjalla um hvernig snerta á og ná til fólks með tungumáli og tungutaki eiga sér langa sögu. Vafalaust er prédikun oft flutt með formlegum hætti sem byggir á venjulegu, almennu tungutaki. Raunsæi byggir á tungumáli sem grundvallast á hegðun og ávarpar það með orðum hvernig á að taka á þáttum lífsins. Unnið er með sameiginlega notkun tungumálsins, þ.e. samvinnu þess sem talar og þess sem hlustar.²³⁰ Engemann fullyrðir að ef prédikun dragi fram eitthvað sem tengist sjálfsmýnd prédikara sé hún í raun vitnisburður. Slíkur vitnisburður er alltaf skapandi, jafnvel þótt hann sé birtur með einföldum hætti. Mikilvægt er að í prédikun myndist tenging við líf þess sem prédikar.²³¹

Mat Engemanns er að eitt helsta vandamálið við að skilja það tungumál sem notað er í prédikun liggir í sögu prédikunarfræðinnar. Ekki hafi verið litið á tungumálið sem tæki til miðlunar heldur frekar sem „hálf-vélrænt“ (e. *quasi-mechanical*) tól sem notað er til að greina frá hlutgerðum sannleika. Niðurstaðan hefur verið sú að í prédikunarfræði er litið framhjá þeirri staðreynd að prédikun er miðlun (e. *mediation*) sem getur brugðist, jafnvel þótt það sem sagt er sé satt og rétt. Tungumál vísar þannig ekki einungis til staðreynda heldur einnig til upplýsinga um þær, um þann sem talar o.s.frv. og allt hefur þetta áhrif á þau hughrif sem prédikun vekur. Prédikun ætti að stefna að samspili við áheyrendur svo hún geti miðlað þeim boðskap sem henni er ætlað. Engemann nefnir einnig að tungutak prédikunarinnar sé oft og tíðum tungutak ritningarinnar. Orðaforði og orðatiltæki komi úr Biblíum sem þýddar eru á

²²⁹ Engemann, *Homiletics*, 216.

²³⁰ Wilfried Engemann, „Maðurinn fram í dagsljósið: Mannfræðilegar forsendur trúariðkunar,“ í *Ritröð Guðfræðistofnunar* 29, nr. 43, (Háskóli Íslands, 2016), 222–3, sótt 18.05.2024 af <https://ojs.hi.is/index.php/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2517>

²³¹ Engemann, *Homiletics*, 47.

tungumál sem er úrelt í samtímanum. Þá nefnir Engemann að vegna notkunar á biblíutextum hafi tungumálið sjálft eða tungutakið sem beitt er setið á hakanum í prédikun. Jafnvel hafi svo rammt kveðið að þessu að persónuleg áhrif prédikara hafi ekki skipt máli. Prédikarar hafi aftur á móti gjarnan verið varaðir við því að trufla eða rjúfa með einum eða öðrum hætti þau áhrif sem orð Guðs, er kemur úr ritningunni, á að hafa á áheyrendur. Áhersla hafi verið á að orðið sjái einfaldlega um sig sjálft, einnig þegar prédikun á sér stað.²³²

Áhugavert er í þessu samhengi að líta til þess sem Gräb segir um að ræðuform prédikunarinnar henti ekki lengur á tímum margmiðlunar og gagnkvæmra tjáskipta. Innihald prédikana sé þannig ekki merkilegt þegar komi að almennt umræðu. Prédikun samtímans fellur ekki að þeim raunveruleika sem fólk þekkir og er því einhvers konar tímaskekka. Í þessu ljósi telur Gräb að innihaldslegt gildi prédikunarinnar geti verið ofmetið.²³³ Hann er þeirrar skoðunar að fólk sé með opinn huga ef verið er að fást við spurningar varðandi trú og tilgang lífsins í samhengi við sjálfsþætti manneskjunnar (sjálfstraust, sjálfsmat, sjálfsvirðingu o.s.frv.). Gräb segir að hægt sé að þýða það sem hann kallar „lífstilboð“ kristinnar trúar með tungutaki sem skiljist þannig að trúarleg merking verði aðlaðandi.²³⁴ Hann bendir einnig á að ekki sé hægt að prédika orð Guðs eins og stundum er sagt. Eingöngu sé hægt að heyra orð Guðs í prédikun sem gerist þegar áheyrandi upplifir að það sem prédikað er um fjalli um hans eigið líf og tilvist.²³⁵ Í þessu ljósi er rétt að líta til Engemanns sem fullyrðir að félagslegar og persónulegar aðstæður skipti máli þegar prédikun og pólitísk ræða eru túlkaðar en þær hafi einnig áhrif á öll samskipti hversdagsins. Þannig hafi atburðir í lífi fólks félagsleg og einstaklingsbundin áhrif á skilning þess. Í því ljósi geta kringumstæður haft áhrif á samskipti og skilning.

Í prédikun heyra áheyrendur túlkun prédikarans á því hvernig sú framtíðarsýn sem þar er flutt getur haft áhrif á líf þeirra. Prédikun getur því tæplega verið ópólitísk. Hún styður ákveðna valkosti en gagnrýnir aðra. Hún kallar manninn til ábyrgðar á sköpunarverki Guðs og gerir hann þar með þátttakanda á hinu pólitíska sviði.²³⁶ Prédikun er einnig pólitísk vegna þess að hún tekur afstöðu og skipar sér mögulega í ákveðinn flokk. Slík afstaða þarf þó ekki að birtast í því hvort eða hversu mikið stefnu stjórnmalaflokka sé samsinnt. Prédikun tekur hins vegar alltaf mið af „afstöðu Guðs með manneskjunni, með frelsi hennar, gegn kúgun með friði á móti ofbeldi, heill manneskjunnar gegn tortímingu hennar.“²³⁷ Hér má greina hjá Engemann samhljóm með orðræðu síðnýlenduhyggjunnar sem kynnt var í inngangskafli. Prédikari sem leitast við að tala í kringum hlutina gerir lítið úr frelisis- og hjálpræðisverki Guðs. Prédikun getur hvort tveggja gagnrýnt pólitískar ákvarðanir og fagnað þeim. Hæfileiki safnaðarins og dómgreind hans til að greina á milli þeirra kosta sem ræddir eru og þeirra sem ekki eru í umræðunni skiptir máli.²³⁸

²³² Engemann, *Homiletics*, 240–245.

²³³ Gräb, *Orðið er laust*, 15.

²³⁴ Gräb, *Orðið er laust*, 20.

²³⁵ Gräb, *Orðið er laust*, 28.

²³⁶ Engemann, *Samtal í prédikun*, 179–180.

²³⁷ Engemann, „Samtal í prédikun“, 181.

²³⁸ Engemann, „Samtal í prédikun“, 181.

Þegar prédikari ræðir pólitísk mál með beinum hætti og tengir greiningu sína við fagnaðareriðið vakna prédikunarfræðileg viðfangsefni. Fari trú áheyrenda ekki saman við sjónarmið prédikara þarf áheyrandi að velja hvort hann meti það sem hann heyrir út frá eigin trúarskilningi eða því sem prédikarinn flytur í prédikun sinni.²³⁹ Gräb segir að fyrir sig sem prédikara sé mikilvægt að skilja nútímasamfélag og nútímamenningu. Prédikari þarf að tileinka sér sálfræði til að skilja þau lífsmynstur sem kirkja og trú hafi tekið þátt í að móta. Prédikara sem áttar sig á samfélagslegum breytingum og menningu tekst frekar að meta þau samskiptaform og gildi sem eru uppi við ólíkar aðstæður. Taka þarf tillit til þess að fólk er orðið þátttakandi í því að vinna í eigin sjálfsmynd og lífsskilningi. Trúin er þar með ekki lengur ein um að gefa lífinu tilgang en setur það í merkingarfullt samhengi.²⁴⁰ Prédikun þarf að ná til áheyrenda í hversdeginum með trúarlegri boðun. Hún þarf að hafa trúarlega aðkomu að lífi mannsins. Þess vegna er mikilvægt fyrir prédikunina að beina athyglinni að aðstæðum lífsins þar sem fólk tekst á við hina trúarlegu spurningu.²⁴¹

Engemann kemst að þeirri niðurstöðu að pólitísk prédikun kalli fólk til ábyrgðar. Afleiðing þessa er að hún getur falið í sér von um breyttan heim og betri aðstæður. Manneskjan ætti, óháð áhrifum frá hugmyndafræði eða öðru fólk, að geta barist án valdbeitingar gegn óréttlæti. Fólk ætti að geta unnið í þágu réttlætis og friðar. Pólitísk prédikun getur sýnt fram á hversu langt fólk er tilbúið að ganga til að skapa aðstæður í samfélaginu. Hún sýnir jafnframt hvaða skilyrði þurfa að vera til staðar svo fólk sé tilbúið að breyta lífi sínu og leggja framtíðina að veði. Pólitísk prédikun bendir á það sem Engemann kallar „kerfissyndir samfélagsins“ og hægt er að taka þær til umfjöllunar í prédikun sem mannlegar syndir. Í pólitískri prédikun er hægt að ræða aðferðir þeirra sem völdin hafa og með hvaða hætti fólk nýtir sér stöðu sína í eigin þágu. Prédikari sem tekur pólitískt hlutverk sitt alvarlega getur verið einhvers konar „núttímalegt form á afhjúpunarverki lögmálsins.“²⁴²

Þetta þýðir ekki að siðaprédikun sé nauðsynleg. Prédikari getur hins vegar haft hlutverki að gegna sem siðferðislegur úrskurðaraðili. Prédikari verður að spyrja „siðferðislegra spurninga í prédikun og sýna hugrekki til þess að leggja fram siðferðislegt mat.“²⁴³ Samkvæmt Engemann má halda því fram að prédikari skapi ákveðinn veruleika sem snertir við þeim sem talað er til. Slík prédikun getur vakið spurningar um réttmætan ásetning. Þegar prédikarar tala úr ræðustól ættu þeir að vera vakandi fyrir því að þeir geti gripið inn í sögur og atburði og jafnvel haft áhrif á örlög einhverra. „Á einn eða annan hátt mun talfólgin athöfn (e. *illocutionary*) alltaf hafa áhrif á áheyrendur.“²⁴⁴ Engemann heldur því fram að prédikari ætti ekki að ræða um fagnaðareriðið nema að útskýra fyrir áheyrendum hvaða áhrif boðskapurinn hafi haft á líf hans og hann sjálfan. Hvort boðskapurinn hafi haft breytandi áhrif og hvaða áhrif það hafi á

²³⁹ Engemann, „Samtal í prédikun“, 182.

²⁴⁰ Gräb, *Orðið er laust*, 22–23.

²⁴¹ Gräb, *Orðið er laust*, 34.

²⁴² Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 185.

²⁴³ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 186.

²⁴⁴ Engemann, *Homiletics*, 231.

hann ef hann trúi því sjálfur sem hann fjallar um.²⁴⁵ Hann heldur því fram að prédikun þurfi að byggjast á persónuleika og lífi prédikara. Þetta þarf að hafa í huga við undirbúning og flutning prédikunar. Þetta er í raun það sem skilgreinir persónuleika prédikara þegar þeir nálgast textann og standa frammi fyrir áheyrendum sínum. Engemann segir það mikilvægt að prédikarar séu meðvitaðir um þennan þátt.²⁴⁶

Rétt eins og Engemann fjallar Eunjoo Mary Kim um samskipti ólíkra hópa. Hún heldur því fram að stafræn tækni geri það að verkum að öll prédikun í samtímanum hljóti að gerast í samhengi við hnattrænt innihald sem hún kallar „tengslavef“ (e. *interconnectedness*).²⁴⁷ Kim telur einnig að prédikarar sem vilja virða fjölbreytileika túlkunarfræðinnar eigi ekki að forðast internetið.²⁴⁸ Engemann segir það geta verið snúið að prédika þar sem viðtakendur geti verið staddir á misjöfnum stað í sínu persónulega lífi. Þetta snúist ekki aðeins um tjáningarmáta eða leið sem notuð sé við prédikun heldur sé tungumálið einnig orðið flóknara. Engemann bendir á að hluti þess efnis sem flutt er í prédikun geti verið fólgið í líkamlegri tjáningu eða myndrænni túlkun. Fjöldi tákna sem eingöngu er notaður til tjáningar á stafrænu formi kemur fram í stafrænni miðlun og á sér þar með ekki stað í miðlun í raunheimum.²⁴⁹ Kim er á þeirri skoðun að rými samfélagsmiðla sé heimur vefs sem teygi sig um alla veröld þar sem gagnvirkt innihald berist frá einum til annars.²⁵⁰ Kim ályktar að með því að nýta túlkunarfræði (e. *hermeneutics*) sé hægt að líta á samfélagsmiðla hvort tveggja sem háða og óháða innihaldi. Jafnvel þótt innihald samfélagsmiðla geti litið út fyrir að vera óháð manneskjum á yfirborðinu er persóna á bak við allt sem er sett þar fram og hún er í eðli sínu og persónueinkennum innihaldsrík og getur skilað frá sér efni í samræmi við það. Veraldarvefurinn er áskorun í því ljósi að hann fer í allar áttir á gríðarlegum hraða, án tillits til félagslegra eða landfræðilegra marka. Á margan hátt er stafrænn veruleiki heppilegur til þess að endurspegla fjölbreytileika í prédikunum. Með þessu er átt við fjölbreytileika sem tengir saman fólk af fjölbreyttum uppruna, án tillits til þess hvar það býr.²⁵¹

Í undirkaflanum hafa kenningar Engemanns, Gräbs og Kim verið reifaðar til að bregða ljósi á hversu mikilvægt það er að nota tungumál með ígrunduðum hætti og samþætta það við prédikun. Tungutakið sem er notað þarf að vera venjulegt, almennt málfar sem tengist umhverfi og veruleika samtímans enda eru það orðin sem snerta við fólk og hafa áhrif á það. Hér að framan kemur fram hversu mikilvægt það er að hjálpa fólk með orðum þegar áföll ríða yfir. Áheyrendur geta átt erfitt með að skilja gömul orð og guðfræðilegar prédikanir og því er áriðandi að trúarlegt orðfæri sé í stöðugri endurnýjun. Í inngangi er fjallað um samfélagsbreytingar og afhelgun samfélagsins. Draga má þá ályktun að þetta geti haft áhrif á skilning fólks þegar trúarlegt orðfæri er annars vegar. Prédikun nær tilgangi sínum ef tungutak hennar er þannig að áheyrendur sem ekki þekkja trúarlegt orðfæri geta samsamað sig við það sem flutt er.

²⁴⁵ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 34.

²⁴⁶ Engemann, *Homiletics*, 55.

²⁴⁷ Kim, *Preaching in an Age of Globalization*, 41.

²⁴⁸ Kim, *Preaching in an Age of Globalization*, 22.

²⁴⁹ Engemann, *Homiletics*, 375–376.

²⁵⁰ Kim, *Preaching in an Age of Globalization*, 17.

²⁵¹ Kim, *Preaching in an Age of Globalization*, Xii.

2.1.2 Jaðarhópar, miðja og vald

Það hafa verið gerðar umfangsmiklar guðfræðirannsóknir á áhrifum nýlendutímans. Hér verður ekki vikið að þeim nema að því leyti sem fjallað er um vald og jaðarhópa í síðnýlendufræðum.²⁵² Markmið þeirrar umræðu í samhengi ritgerðarinnar er að tengja saman vald og jaðarhópa í umhverfi íslensku þjóðkirkjunnar út frá viðtalsrannsókn þessarar ritgerðar og prédikunarfræðum. Eunjoo Mary Kim og Sarah Travis hafa báðar tileinkað sér hugtök og orðfæri síðnýlenduhyggjunnar í prédikunarfræði.

Mikilvægt þema í ritgerðinni er traust. Fjallað er um framkomu þjóðkirkjunnar við jaðarhópa eins og lesa má um í inngangi hennar þar sem fjallað er um ein hjúskaparlög og um hið svokallaða biskupsmál. Í viðtalsrannsókninni kemur fram að flestir viðmælendur töldu sig hafa prédikað með hinsegin fólki og öðrum þeim er teljast jaðarsettir í samfélaginu. Í doktorsritgerðinni er fjallað um áhrif valds en valdamunur á milli kynjanna eða fordæming ákveðinna hópa, eins og samkynhneigðra, litaðra eða innflytjenda, geta haft áhrif í prédikun. Eunjoo Kim sem kynnt var hér frammar í kaflanum hefur lagt áherslu á að rannsaka siðfræðileg málefni er tengjast þjóðerni, kyni, kynhneigð, innflytjendum, fötluðum og vistfræði. Kim er þeirrar skoðunar að stjórnmal og félagslíf hafi alþjóðlega vídd sem ná langt út fyrir starf heimasafnaða. Kim hefur leitast við að tengja saman síðnýlenduhyggju og umhverfismál í prédikunarfræði. Hún telur að þessi nýi kafli í sögu mannkynsins sem einkennist af afhelgun kalli á það að prédikarar meti með gagnrýnum hætti siðferðilega og guðfræðilega ábyrgð þeirra sem trúá. Ef ekki er að þessu gætt gæti það haft þær afleiðingar að afhelgunin yrði grunnur nýrrar nýlendustefnu. Hún telur að leggja eigi meiri áherslu á guðfræði þar sem Guð er alltaf til staðar og alls staðar. Náttúran er hluti þessa. Prédikarar hafa fjallað um kúgun náttúrunnar sem aftur hvetur til aðgerða. Í samhengi við framangreint má benda á að loftslagsbreytingar og hlýnun jarðar hafa mikil áhrif á þá sem eru jaðarsettir í veröldinni og þá sérstaklega þá sem búa við bágar aðstæður og fá minni athygli en aðrir hópar. Kim leggur áherslu á að þörf sé á því að greina verk Guðs á jaðarsvæðum veraldarinnar og að þar sé Guð raunverulega nálægur. Mörk jaðarsins eru ekki eingöngu í hnattrænu tilliti heldur einnig í samfélagi á milli safnaða (g. *koinonia*). Oftast eru jaðarhópar skilgreindir út frá tengslum þeirra við einhvers konar miðju og þá í neikvæðu ljósi. Kim fjallar um mörk þar sem möguleikinn til að skapa nýjan raunveruleika með virkum samskiptum á milli ólíkra menningarheima er til staðar.²⁵³

Kim bendir á að jaðarsetning fólks eigi sér stað út frá mörgum þáttum, s.s. landfræðilegri búsetu, kyni, kynþætti og kynhneigð svo eitthvað sé nefnt.²⁵⁴ Samkvæmt Kim er með mælskufræði hægt að fá söfnuði til að aðlaga sýn sína og finna skyldleika með þeim sem koma annars staðar frá og eru öðruvísi. Þetta má gera með því að vekja viðkomandi til meðvitundar um að til séu fleiri veruleikar en þeirra eiginn.²⁵⁵ Mikilvægt er að skoða við hverja er talað og í

²⁵² Sjá Sarah Travis, *Decolonizing Preaching: The Pulpit as Postcolonial Place* (Cascade Books, 2014).

²⁵³ Kim, *Preaching in an Age of Globalization*, 18–26.

²⁵⁴ Kim, *Preaching in an Age of Globalization*, 44.

²⁵⁵ Kim, *Preaching in an Age of Globalization*, 87–90.

Því samhengi bendir Kim á það einkenni 21. aldarinnar að veröldin er hnattræn og að flest fólk lifi í fjölmeningarsamfélögum sem eru bæði staðbundin og hnattræn. Óhjákvæmilegt er að taka tillit til þessara breytinga á menningu þegar prédikun er flutt.²⁵⁶

Kenningar Sarah Travis eru mikilvægar í samhengi við umræðu um völd prédikara og áhrif þeirra á umhverfið. Hún hefur skrifað um að afnýlenduæða prédikunina (e. *decolonizing preaching*) og um ímynd prédikunarstólsins frá nýlendutímanum. Travis lýsir hvernig prédikunarstóll síðnýlendutímans (e. *the pulpit as a postcolonial space*) virkar fyrir prédikara. Stóllinn var eitt af táknum nýlendustefnunnar og það hlýtur að vekja prédikara til umhugsunar um notkun hans. Travis skýrir nýlendustefnu sem landnám eða yfirtöku framandi aðila. Hún ræðir einnig heimsvaldastefnuna sem hún telur vera hugmyndafræðina að baki nýlendustefnunnar. Hugmyndafræði er réttlætning sem gerir þeim sem henni beita kleift að stjórna og ráðskast með annað fólk.²⁵⁷ Travis vill einnig meina að í samtímanum séu áheyrendur ólíkir rétt eins og prédikarar sem koma alls staðar að úr veröldinni. Prédikarar og áheyrendur hafa ólíkar upplifanir af áföllum og eigi þar með misauðvelt með að tala um þau. Í því samhengi segir Travis eina afleiðingu hnattvæðingarinnar vera áföll tengd afleiðingum nýlendustefnunnar og valdboðsstefnunnar (e. *authoritarianism*) á samfélög.²⁵⁸

Eitt af því sem hefur áhrif á móttöku prédikana er, eins og áður sagði, trúverðugleiki eða staða prédikarans. Eins og var rætt í undirkaflanum hér á undan segir Engemann að í gegnum tungumál sé unnið með upplýsingar um það sem er rætt. Tungumálið túlki ekki einungis staðreyndir heldur einnig hvers kyns upplýsingar sem hafi áhrif. Prédikun þarf því að eiga þannig samspil við áheyrendur að í henni sé rætt um þann boðskap sem henni er ætlað flytja. Hún felur í sér samskipti á milli hefðar og lesanda textans og þar á sér stað mikilvæg túlkun. Áriðandi er að í prédikun komi fram nýjar skoðanir. Þær þurfa þó alls ekki að brjóta í bága við textann sem er unnið út frá. Skoðun Engemanns er að sjónarmið hins sögulega texta eigi ekki að vera ráðandi í þeim texta sem verður til eða prédikuninni sem slíkri. Mikilvægt er fyrir prédikara að áheyrendur hans geti tileinkað sér það sem flutt er í prédikun. Þannig þarf prédikunin að gera ráð fyrir áheyrendum, það er ekki nóg að vitað sé af þeim eða hugsað til þeirra. Slík prédikun nýtur þess að hægt er að sjá textaheiminn sem frásögn sem þarfnast áheyrenda sem geta tengt við hana.²⁵⁹ Engemann fjallar um túlkun texta og telur að það þurfi að gæta þess að textinn sé ekki ráðandi atriði. Prédikarinn þarf að vera við stjórnvölinn við undirbúning prédikunarinnar og nýta sér textann af kostgæfni. Engemann heldur því fram að ekki þurfi að útskýra texta þrátt fyrir að hann gegni veigamiklu hlutverki fyrir bæði prédikara og áheyrendur. Prédikari þarf ekki að vera sammála textanum. Prédikunin á að tilheyra þeim sem flytur hana og vera vitnisburður hans þegar hann flytur hana fyrir söfnuð sinn.²⁶⁰

²⁵⁶ Kim, *Christian Preaching*, 118 (loc).

²⁵⁷ Travis, *Decolonizing Preaching*, 28–30.

²⁵⁸ Travis, *Decolonizing Preaching*, 29.

²⁵⁹ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 50–51.

²⁶⁰ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 131.

Travis vill brjóta hlekki prédikunarfræðanna með því að afnýlenduæða (e. *decolonialize*) prédikunina þannig að valdi orðræðunnar sé beint frá nýlendustefnu og heimsvaldastefnu yfir til jaðarhópanna.²⁶¹ Hún greinir og metur afleiðingar nýlendustefnunnar og dregur fram fjóra lykilþætti í umræðu um hana. Þessi þættir eru: yfirráð, aðgreining, jöfnuður og stöðugleiki. Þannig segir Travis að síðnýlendustefnan miði að því að þróa samskipti sem tryggja valdajafnvægi. Nýlendustefnan hafi hins vegar byggt á því að setja upp kerfi sem átti að tryggja nýlenduherum rétt til að stjórna fólki og að valdið hafi verið á fárra höndum.²⁶² Kenning Travis um prédikunarstólinn sem valdatákn á samhljóm með því sem fram kemur í viðtalsrannsókn ritgerðarinnar eins og síðar verður vikið að. Travis tengir prédikunarstólinn við valdatákn nýlendutímans og telur að prédikarar þurfi að vera vakandi fyrir slíkum táknum sem og áhrifum og viðbrögðum sem þau geti kveikt hjá áheyrendum.²⁶³ Hún telur að prédikarar þurfi að vinna með það vald sem geti fylgt störfum þeirra og láta síðan sátt við þá áheyrendur sem valdið gæti hafa bitnað á skína í gegnum hvort tveggja, biblíulega túlkun og ritskýringu, sem krafa sé gerð til í prédikun.²⁶⁴ Prédikararnir þurfa að ávarpa vald safnaðarins. Í því ferli vonast Travis til að hæfileikinn til að greina og þekkja vald og táknumyndir þess leiði til þess að prédikarar og annað fólk öðlist löngun til að gera yfirbót vegna eigin forréttindablindu og yfirgangs.²⁶⁵ Niðurstaða hennar er að kristin trúarbrögð séu ekki sama valdastofnum og áður. Þar sem hlutverk kristinnar kirkju í almennri umræðu (e. *public discourse*) er mjög breytt upplifi kirkjan sig í nýrri stöðu og takist á við ný viðfangsefni. Kristin kirkja er ekki lengur miðja valdsins (e. *center of power*) enda ekki lengur hluti heimsveldis.²⁶⁶

Travis bendir á að prédikun sé þrátt fyrir allt fyrst og fremst boðskapur sem fjallar um Guðs orð og verk Guðs í veröldinni. Kenningar síðnýlenduhyggjunnar geta upplýst prédikara um margt sem tengist prédikun en vísi ekki til guðfræðilegs grunns kristinnar sjálfsmyndar og siðfræði.²⁶⁷ Hér leggur Travis áherslu á mikilvægi þess að þekkja vald og valdatákn. Hún tengir þetta við síðnýlendustefnuna og hversu áriðandi það er að vald sé ekki á höndum fárra aðila. Lykilatriði er að tryggja valdajafnvægi í samskiptum með jöfnuði og stöðugleika. Sé þetta haft í huga við undirbúning prédikunar og flutning hennar geta samskipti við áheyrendur orðið jákvæð að mati höfundar. Með greiningu sinni á yfirráðum, aðgreiningu og síðan gildum jafnaðar og stöðugleika segir Travis að síðnýlendustefnan beri í sér fyrirheit um að hægt sé að þróa samskipti sem tryggja valdajafnvægi.

²⁶¹ Travis, *Decolonizing Preaching*, 3–4.

²⁶² Travis, *Decolonizing Preaching*, 6–8.

²⁶³ Travis, *Decolonizing Preaching*, 57–60.

²⁶⁴ Travis, *Decolonizing Preaching*, 98.

²⁶⁵ Travis, *Decolonizing Preaching*, 98.

²⁶⁶ Travis, *Decolonizing Preaching*, 35.

²⁶⁷ Travis, *Decolonizing Preaching*, 49.

Í undirkaflanum var fjallað um jaðarhópa og vald í ljósi prédikunarfræðilegrar orðræðu er tengist síðnýlenduhyggju, samskipti við ólíka menningarheima og hlutverk prédikarans við að brjóta hlekki kúgunar og mismununar. Rætt var um valdatákn og prédikunarstóllinn tekinn sem dæmi um táknræna yfirburði í kirkju. Travis áréttar mikilvægi þess að prédikarar hafi mögulegt vald og valdatákn í huga við gerð og flutning prédikana. Jafnframt fjallar hún um texta, notkun hans og meðferð við gerð prédikana og mikilvægi þess að prédikun sé afnýlenduvædd. Stóru álitamálin sem rædd voru í inngangskaflanum kallast á við umræðu þessa kafla um tengsl valds og prédikunar, bæði þess sem sagt er og þess sem skautað er yfir.

Eins og áður hefur komið fram urðu átök innan þjóðkirkjunnar um ein hjúskaparlög. Vísa má til gagnrýni Sólveigar Önnu Bóasdóttur á ríkjandi gagnkynhneigðarhyggju innan þjóðkirkjunnar í upphafi aldarinnar. Sú stefna var ekki algild því að fjölmargir prestar, djáknar og guðfræðingar stigu fram og studdu hinsegin fólk, sem enn verður að teljast til jaðarhóps í samfélaginu, þegar tekist var á um ein hjúskaparlög. Biskups málið hefur einnig tengingu við umfjöllunina hér að framan. Í skýrslu rannsóknarnefndar kirkjuþings kemur skýrt fram hvernig áhrifaáðilar innan þjóðkirkjunnar leituðust við að beita valdi til að breiða yfir ásakanir um kynferðisbrot sem fyrrverandi biskup, Ólafur Skúlason, var sakaður um að hafa framið. Í innganginum kemur fram að þjóðkirkjan hafi framan af brugðist við með skerpingu í málum er tengdust henni. Þannig hafi hún í raun horfið inn á við þegar hún fékkst við erfið álitamál og verið í vörn í stað þess að leita að samhljómi við samfélagið. Þó má fullyrða að hún hafi gert það á endanum þegar öll sund voru lokuð. Viðbrögð kirkjunnar við hruninu voru aftur á móti ólík viðbrögðum hennar við fyrri málum en þar má halda því fram að hún hafi brugðist við með samhljómi.

2.1.3 Áföll og sálgæsla

Eitt af þeimum þessarar ritgerðar er sálgæsla í prédikun og sértæk boðun. Máli skiptir hvernig talað er til hópa sem eiga sameiginlega upplifun af áföllum og það er mikilvægt viðfangsefni þegar kemur að því að greina niðurstöður í lokakafla þessarar ritgerðar. Travis, sem var kynnt í síðasta kafla, segir frá því að hún hafi misst ungan son sinn og hefur því persónulega upplifun af mikilli sorg og áfalli.²⁶⁸ Hún hefur lagt áherslu á það í rannsóknnum sínum að tengja saman kristna guðfræði og áfallakenningar sem hún heldur fram að sé flókið viðfangsefni. Travis bendir á að áföll séu margs konar.²⁶⁹

Types of trauma may be cultural, personal, collective, historical, institutional, or global. I want to be careful not to collapse or homogenize experience of trauma — not all traumas are equal; rather, their effects depend on the specifics of individual experience and available resources for coping.²⁷⁰

²⁶⁸ „Unspeakable: Preaching and Trauma-Informed theology by Sarah Travis,“ Perkins School of Theology, 12. október 2021, sótt 27.05.2024 af <https://pcpe.smu.edu/blog/unspeakable-preaching-and-trauma-informed-theology-by-sarah-travis>

²⁶⁹ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 3–5.

²⁷⁰ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 3–5.

Hér ræðir Travis um áföll sem geta átt sér stað og einnig um mikilvægi bjargráða sem er rökrétt í þessu samhengi að tengja við prédikun. Travis heldur því fram að prédikarar segi sögur úr mörgum áttum, hvort tveggja persónulegar og þær sem tengjast öðrum. Þegar hafist er handa við að flysja burt lög áfalla sem eru til staðar í menningu og viðhorfum kemur margt óvænt í ljós. Samhliða því þegar samfélög verða fjölmennarleg eykst meðvitund fólks um hörmulegar áfallasögur nýlendustefnunnar.²⁷¹ Paul Scott Wilson, prófessor í prédikunarfræði við University of Toronto, ritar aðfararorð að bók Travis, *Unspeakable: Preaching and Trauma-Informed Theology*. Wilson tiltekur að þegar prédikað er til fólks sé áhrifaríkt að nálgast það þar sem það sé statt. Snúið geti verið fyrir prédikara að bregðast við áföllum, eins og til dæmis þeim sem verða þegar fólk missir vinnu og eigur sínar, sem aftur geti leitt til fjölda annarra afleiddra áfalla. Wilson telur að gagnlegt geti verið í prédikun að ávarpa vandamál áfallsins jafnhliða góðum fréttum.²⁷²

Í ljósi þess sem hér er haft eftir Travis og Wilson er viðeigandi að líta til Anne Carter Florence sem er Peter Marshall prófessor í prédikunarfræði við Columbia Theological Seminary og hefur um árabíl rannsakað áhrif og notkun vitnisburðar (e. *testimony*) í prédikun. Florence heldur því fram að vitnisburðarprédikun (e. *preaching as testimony*) skipti verulegu máli þegar kemur að vinnu með áföll og telur að þegar leyndarmál eru afhjúpuð og þau gerð opinber þá missi þau vald sitt.²⁷³ Í bók Florence, *Preaching as Testimony*, er því haldið fram að þegar leyndarmál eru orðuð öðlist þau annan sess í tilverunni fyrir þeim sem hafa borið þau. Þannig verði þau ekki lengur bara almenn saga heldur eitthvað sem fólk þekkir af eigin raun og hefur glímt við.²⁷⁴ Florence bendir á að eina leiðin til að þagga niður í vitni sem stígi fram sé í raun að taka líf þess. Það dugi þó ekki til vegna þess að vitnisburðir lifa í samfélagi og geta haldið áfram að tala þrátt fyrir að þeir sem valdið hafi þaggi þá niður.²⁷⁵

Samkvæmt Florence er ekki hægt að afsanna gildi trúarlegs vitnisburðar í prédikun heldur einungis meta hvort honum sé trúað eða ekki. Eina sönnunin sem þurfi í slíkum flutningi sé trúverðugleiki þeirra er segi frá. Á sama hátt er trúverðugleiki prédikara eina sönnunin sem þarf að leggja áherslu á og þá einnig hvort þeir séu tilbúnir til að miða eigið líf við það sem þeir prédiki. Florence segir mikilvægt að prédikarar staðfesti með eigin breytni að það sem þeir segi sé rétt.²⁷⁶

Engemann hefur einnig unnið með rannsóknir á vitnisburði í prédikun. Hann telur að prédikari boði ekki fagnaðarerindið á fullnægjandi hátt nema hann sýni hvaða áhrif boðskapurinn hafi haft á líf hans sjálfs. Í máli prédikarans þarf að koma fram hvort boðskapur prédikunarinnar hafi haft umbreytandi áhrif það skiptir einnig máli að prédikarinn trúi því sem hann flytur í

²⁷¹ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 3–5.

²⁷² Travis, *Unspeakable: Preaching*, xi–xii.

²⁷³ Anna Carter Florence, *Preaching as Testimony* (Westminster John Knox Press, 2007), 59–60.

²⁷⁴ Florence, *Preaching as Testimony*, 59–60.

²⁷⁵ Florence, *Preaching as Testimony*, 107–108.

²⁷⁶ Anna Carter Florence, *Preaching as Testimony* (Westminster John Knox Press, 2007), 59–60.

prédikuninni.²⁷⁷ Þegar rætt er um traust í garð þjóðkirkjunnar og gagnrýni á það sem hún fæst við getur það skipt máli að skoða hvernig hægt er að prédika um mál sem eru þjóðkirkjunni eða prédikurum ekki hagfelld. Engemann telur samhengi á milli þess hvernig prédikari ber vitni í prédikun og trúverðugleika prédikunarinnar og að það skipti máli. Það skipti þó ekki öllu máli fyrir trúverðugleik boðskapar hver ber hann fram. Trúverðugleiki prédikunar er þó að ákveðnu leyti háður því hvernig prédikarinn lítur á sig sem trúvitni.²⁷⁸ Í prédikun sem er ekki eftirmynd texta en hluti hefðar er leitast við að skapa nýjan texta sem miðlar hefðinni við nýjar aðstæður. Hún þarfnast áheyrenda sem tekur við keflinu og flytur boðskapinn áfram.²⁷⁹

Samkvæmt því sem rætt er hér að ofan ber að varast margt þegar prédikað er í viðkvæmum kringumstæðum. Travis hefur einnig rannsakað vitnishlutverkið og spyr hvað það þýði að vera vitni að einhverju. Gríska hugtakið „martyrion“ sem þýðir vitni eða píslarvottur er venjulega notað um fólk sem fórnar einhverju. Stundum er vitni einhver sem deyr vegna þess sem hann/hún/hán hefur séð og vegna frásagnar af því. Travis bendir á að vitni séu oft þau sem sjái raunverulega atburði eiga sér stað, séu vitni að glæp, bílslysi eða einhverju jákvæðu eins og barnsfæðingu. Vitni tengjast oft tveimur mjög ólíkum hlutverkum, annars vegar hlutverki þolanda og hins vegar hlutverki geranda. Travis segir vitnið lúta tengslum sem byggja á valdaójafnvægi en Florence spyr hvaða merkingu það hafi að segja sannleika undir erfiðum kringumstæðum eins og í eftirleik áfalls. Florence bendir á að þegar áfall verður og óbærilegir atburðir eiga sér stað þurfi fólk oft og tíðum að glíma við eigin tilfinningar áður en það getur sagt frá því sem það varð vitni að.²⁸⁰ Florence telur að vitnisburðarprédikanir séu aðferð til að sem gagnist prédikurum vel og að þar finnist leið sem bjóðist og geti reynst kristinni kirkju vel. Hún heldur því fram að vitnisburðarprédikanir séu uppspretta öðruvísi afls sem komist nær kjarna fólks en margar aðrar aðferðir gera.²⁸¹ Fleiri þættir hafa þó áhrif þegar prédikanir í áföllum eða viðkvæmum aðstæðum eru skoðaðar. Travis telur að áskorunin sem felist í því að tala inn í áföll liggja í því að prédikarar þurfi að ákveða hvort þeir sleppi því að nota guðsorð, í því trausti og þeirri von að það eigi betur við annars staðar. Hún bendir á að hægt er að vinna með hvort tveggja.²⁸²

Travis telur að oft sé snúið að átta sig á því hvað hægt er að segja í kjölfar áfalls og sorgar. Áfall yfirtekur kirkjuna eins og aðra í samfélaginu. Greiður aðgangur að fjölmiðlum gerir almenning meðvitaðri en nokkru sinni um það sem á sér stað í veröldinni. Hjálplegt getur verið að skoða hvað valdið geti áföllum án þess þó að tala um alla þá þætti. Gagnlegt er að átta sig á því að upplifanir fólks af áföllum eru ekki eins. Áföll hafa ekki öll sömu áhrif enda eru upplifanir og reynsla fólks ólík.²⁸³ Áföll hafa áhrif á líf fólks, samfélag og kirkju. Prédikarar fjalla ekki aðeins um fólk sem orðið hefur fyrir áföllum heldur einnig þá sem hafa orðið fyrir óbeinum áföllum

²⁷⁷ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 33–35.

²⁷⁸ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 34–35.

²⁷⁹ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 51–52.

²⁸⁰ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 56–60.

²⁸¹ Florence, *Preaching as Testimony*, xxiii–xxvi.

²⁸² Travis, *Unspeakable: Preaching*, 3–7.

²⁸³ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 4.

(e. *secondary trauma*). Stundum fjalla prédikarar um að þeir sem hafi valdið áföllum séu gerendur. Einnig er prédikað til samfélaga sem hafa orðið fyrir áföllum.²⁸⁴ Prédikarar starfa í samfélögum sem eru vön ólíkum viðbrögðum við áfallaatburðum. Eitt af því sem Travis skoðar er hvort prédikun geti haft áhrif á það hvort og þá hvernig samfélög vinni úr áföllum. Í grunninn geti hún gert það. Mikilvægt er að bregðast við þjáningu þeirra sem hlusta og þjáningu þeirra sem koma inn í líf okkar í gegnum fréttir og samfélagsmiðla. Prédikun þarf að bregðast við alvarlegustu tilfellum mannlegra þjáninga og gera grein fyrir hvað Guð sé að gera og hvort hann er að gera eitthvað til að létta á þjáningunni og prédikunin þarf að tjá með skýrum hætti hvar von er að finna.²⁸⁵ Guðfræðin á að þróast samhliða breyttum skilningi á áföllum og Travis segir hana leitast við að svara spurningum um mannlega þjáningu. Prédikarar geta leitast við að endurmóta guðfræðina og bókmenntir þannig að hvort tveggja geti stuðlað að vellíðan, vexti og betri heilsu einstaklinga, safnaða og samfélaga. Styrk, sjálfstraust og áræðni þarf til að fjalla um slíka þætti. Travis telur að áföll geti haft alvarlegar afleiðingar á líf fólks og að það sé ábyrgð prédikara að bregðast við merkjum um áföll sem geti haft áhrif á sálarlíf áheyrenda og samfélaga. Prédikarar hafi í þessu ljósi hlutverk sem lúti að því að skapa öruggari samfélög.²⁸⁶

Hér að framan var rætt um vitnisburðarprédikanir Florence í tengslum við umfjöllun Travis um viðbrögð við áföllum og sorg. Önnur umræða þessu tengd er umfjöllun um aðstæðuprédikun (e. *life-situation preaching*) sem Willie J. Newton, prédikari, kennari og herprestur í Bandaríkjunum, fjallar um. Hann kennir meðal annars siðfræði við skóla bandaríska flughersins og hefur mikla reynslu af áfallavinnu. Hann fullyrðir að löng reynsla sé af því að tala inn í kringumstæður fólks með það í huga að aðstoða það við að finna lausn eða ná bata. Orðið að upplýsa þýðir að birta það sem er. Tilgangur með prédikun sem er upplýsandi eða útskýrandi er þá að flytja upplýsingar með þeim hætti að þær séu skiljanlegar fyrir fólk í samtímanum. Newton telur að samliggjandi þræðir séu í upplýsandi prédikun. Til dæmis hafi ritningin forgang sem þýðir að skilaboð prédikarans ættu að vera trú og samkvæm ritningunni. Prédikari leitist við að skilja ritningartexta á sínum eigin forsendum. Hann túlkar textann og greinir innihald hans en notar ekki fyrirfram gefnar skoðanir til að túlka hann. Máli skiptir að texti prédikarans sé fluttur með skýru, aðgengilegu og auðskiljanlegu málfari.²⁸⁷

Í þessu samhengi ræðir Newton um aðstæðuprédikun sem hafi haft og muni hafa áhrif á hlustun fólks. Skilgreina þarf lífsaðstæður fólks í prédikun með því að lýsa aðstæðum þess. Þetta er nálgun sem hefst gjarnan á því að ræða félagsleg, persónuleg og/eða andleg vandamál. Leitast er við að tengja viðfangsefnin við raunveruleika fólks og orð ritningarinnar. Áheyrendum er með þeim hætti gert kleift að tengja það sem þeir heyra við eigið líf. Prédikari sem talar inn í aðstæður fólks aðstoðar það við að skilja líf sitt betur og því er mikilvægt að

²⁸⁴ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 4–5.

²⁸⁵ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 5–6.

²⁸⁶ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 6–8.

²⁸⁷ Willie J. Newton, *Life-Situation Preaching for African-Americans* (Pickwick Publications, 2019), 15–18.

skoða og rannsaka eðli manneskjunnar. Aðstæðuprédikun er ekki prédikunaraðferð sem slík heldur frekar nálgun við prédikun. Prédikarar eru einstakir, söfnuðir eru einstakir og vandamál hvers einstaklings eru einstök. Vissulega getur það gerst að aðstæðunálgunin virki ekki og þá þarf að nota aðra aðferð eða nálgun. Aðstæðuprédikun gerir ekki ráð fyrir því að allir sem koma til kirkjunnar hafi fengist við eða séu að fást við stór vandamál enda er kirkjan ekki eingöngu fyrir fólk með vandamál. Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að prédikun geti fært lausn inn í allar aðstæður. Þegar vel tekst til nær prédikun að snerta á málum sem mikilvægt er að tengja við þarfir, áhuga og aðstæður fólks.²⁸⁸

Áföll hafa líka áhrif á allt samfélagið að mati Travis, rétt eins og á einstaklinga. Því er mikilvægt að ræða um sameiginleg áföll.²⁸⁹ Travis ræðir annan mikilvægan þátt er tengist áföllum en hún telur viðurkenningu felast í frásögnum fólks um það sem gerðist. Fólk sem verður fyrir áföllum er oft tregt til að segja sögur sínar af ótta við að þeim verði ekki trúað eða reynsla þeirra verði dregin í efa.²⁹⁰ Newton er á líkum slóðum en hann telur að til þess að prédikari geti skilið og brugðist við þörfum fólks þurfi hann að átta sig á því að ekkert vandamál skipti einstakling meira máli en hans eigið vandamál. Verkefni prédikarans sé að bregðast við í prédikun. Væntingarnar eru þær að eitthvað sem hægt er að tengja við sé sagt í prédikun sem aftur muni hjálpa fólk við að lifa góðu lífi í trú, þrátt fyrir vandamál sín.²⁹¹ Newton segir það mikilvægt við undirbúning prédikunar að sjá fyrir sér til hverra prédikuninni er beint. Prédikarar ættu ekki einungis að hafa í huga fólk innan safnaðarins heldur ættu þeir einnig að hafa í huga ýmis vandamál í lífi fólks almennt.

Þeir sem prédika inn í aðstæður ættu að vera meðvitaðir um andlegar þarfir fólks og vera hæfir til að mæta slíkum þörfum í prédikun. Newton telur að prédikari sem tekst á við vandamál í sálgæslusamtali fái innsýn í líf fólks. Sálgæsla eða persónuleg ráðgjöf prédikara færir honum betri mannlegan skilning sem hann myndi annars ekki öðlast. Kraftaverk geti gerst þegar prédikað er með sálgæslu í huga. Líf fái nýtt gildi, fjölskyldum sé bjargað, fólk snúi lífi sínu við, fólk í sjálfsvígshættu nái bata. Slík geti áhrif sálgæslunnar verið.²⁹² Newton segir jafnframt að flestir prédikarar og prédikunarfræðingar í samtímanum virðist skilja mikilvægi þess að flytja prédikanir sem tengist lífi fólks.²⁹³ Newton telur að prédikun sem beint er að aðstæðum í lífi áheyrenda verði því aðeins að skilaboðum til þeirra þegar hún hefst og endar með umfjöllun um mannlegar þarfir.²⁹⁴

Í þessum undirkafla var fjallað um sálgæslu og áhrif áfalla sem geta haft áhrif á þá sem prédika, rétt eins og samfélagið allt. Fram kemur í kaflanum að mikilvægt er að skoða gaumgæfilega hvaða leið er farin þegar unnið er með áföll í prédikunum. Margar leiðir eru færar þegar

²⁸⁸ Newton, *Life-Situation Preaching*, 22–24.

²⁸⁹ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 18.

²⁹⁰ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 35–36.

²⁹¹ Newton, *Life-Situation Preaching*, 24.

²⁹² Newton, *Life-Situation Preaching*, 31.

²⁹³ Newton, *Life-Situation Preaching*, 32–35.

²⁹⁴ Newton, *Life-Situation Preaching*, 110–111.

prédikað er um áföll og því mikilvægt að greina eftir því sem kostur er við hverja er verið að tala og í hvaða kringumstæðum. Þáttur orðræðu nýlenduáhrifa í prédikunarfræði er mikilvægur þegar rætt er um prédikun tengda áföllum. Mikilvægi sagna, vitnisburðar og lífsaðstæðna voru rædd í samhengi við flutning prédikana. Fram kemur hversu vandasamt það er að fjalla um áföll og sorg í prédikun. Áföll geta verið hvort tveggja, áföll sem einstaklingar verða fyrir og samfélagsleg áföll. Þessa umræðu er svo rétt að binda við það samfélagslega áfall sem fjallað var um í tengslum við hrúnið eins og fram kemur í inngangskaflanum. Í honum var rætt um aðstæður sem urðu til þess að íslenska þjóðin þurfti öll að takast á við áföll er tengdust hrúninu. Einnig má samhæfa umræðuna við þær aðstæður er sköpuðust hjá þolendum í biskupsmálinu. Eins og skýrsla rannsóknarnefndar kirkjubings lýsir var reynt að kæfa vitnisburði þolenda í umboði valds og yfirráða. Prestar gengu erinda yfirmanna sinna í krafti valdsmunar. Finna má tengingar við frásagnir kvennanna sem ákærðu biskupinn og málsferð þeirra og svo aftur vitnisburðar- og lífsaðstæðukenninga þeirra sem fjallað er um hér í kaflanum. Hér á eftir verður fjallað um siðrof og valdakennningar er byggjast á trúarlífsfélagsfræði.

2.2 Kenningar í trúarlífsfélagsfræði

Kenningar í trúarlífsfélagsfræði er fást við skilgreiningar siðrofs og tegundir valds og áhrif þessara þátta í samfélaginu eru hér ræddar út frá þeimum viðtalsrannsóknarinnar. Þeirri spurningu er velt upp hverjir séu kostir þess og gallar að tala um siðrof og kenningar um vald í samhengi við eftirhrunsárin og traust til þjóðkirkjunnar.

2.2.1 Siðrof á hruntíma

Hugtakið siðrof (fr. *anomie*) er jafnframt eitt af lykilhugtökum doktorsritgerðarinnar og er markvisst notað til að túlka, meta og greina þætti og álitamál er upp koma. Þrátt fyrir að orðið sé mörgum tamt á tungu eru efasemdir uppi um það hvort fólk almennt þekki merkingu hugtaksins. Í þessum kafla verður leitast við að skýra uppruna þess og þýðingu auk þess sem rætt er um hugtökin náðarvald og hefðarvald sem tengjast siðrofshugtakinu en nánar er fjallað um þau í næsta undirkafla. Hugtökin eru greind og metin með hliðsjón af því hvort siðrof hafi mögulega orðið í einhverjum kimum samfélagsins og hvort einstaklingar með náðarvald hafi nýtt sér það ástand sem skapaðist í efnahagshruninu. Sé gert ráð fyrir að siðrof hafi átt sér stað að einhverju leyti á hruntímanum er rétt að skoða hugtakið í samhengi við það samfélagslega áfall er snerti þjóðina alla þegar hrúnið varð. Émile Durkheim (1858–1917), franskur félagsfræðingur, setti fram kenningar um siðrofshugtakið. Durkheim lagði ríka áherslu á að rannsaka samfélagið sem heild. Hann skoðaði hin ýmsu kerfi samfélagsins og félagsleg kerfi sem halda því saman. Í þessari umfjöllun um siðrof verður fyrst og fremst litið til kenninga Durkheims. Eitt af því sem leiddi hann áfram í kenningum sínum um siðrof var að hafa samfélagið í fyrirrúmi en ekki einstaklinginn. Ekki væri gott fyrir samfélagið þegar einstaklingur tæki ákvörðun sem miðaði að eigin hagsmunum en ekki hagsmunum samfélagsins. Slíkt myndi leiða til frávika og skaðlegrar hegðunar.²⁹⁵

²⁹⁵ Appelrouth o.fl., *Classical and Contemporary*, 100-102.

Fram kemur í verki Durkheim, *Sjálfsvíg: Félagsfræðileg rannsókn* (e. *Suicide: A study in sociology*), að samfélagið skapi aðstæður sem verði til þess að einstaklingar innan þess haldi jafnvægi. Í samfélaginu er talið mikilvægt að gildi og viðmið sem þar ríki séu regluvædd. Þessi viðmið og gildi stýra þá þáttum í lífi einstaklinga er lúta að því hvað þeir eigi skilið í lífinu og hvaða væntingar þeir geti gert ráð fyrir að uppfylla.²⁹⁶ Hluti af niðurstöðu Durkheims var að einstaklingurinn verði fyrir áhrifum frá ótal félagslegum staðreyndum (e. *social facts*) sem móti líf hans að hluta. Með því að rannsaka slík fyrirbæri væri mögulega hægt að skýra þætti í hegðun einstaklinga.²⁹⁷ Geir Þ. Þórarinsson, aðjúnkt í klassískum fræðum við Háskóla Íslands, segir: „Oftast er talað er um siðrof þegar siðferðileg viðmið og almennt viðurkennd gildi í samfélagi víkja fyrir siðleysi og upplausn eða sem getuleysi til þess að uppfylla siðferðisstaðla samfélagsins“.²⁹⁸

Durkheim taldi siðrofsfyrirbærið bæði geta orðið til sem afleiðing regluleysis eða of strangra reglna. Oftast átti hann þó við að siðferðileg viðmið dvíni þannig að þeir siðferðisstaðlar sem leiðbeina um hegðun sem ætti að vera samfélaginu til góða verða ófullnægjandi. Durkheim taldi miklar efnahagslegar breytingar vera frjóan jarðveg fyrir siðrof. Hann leit svo á að viðurlög væru nauðsynleg og í sjálfu sér ágætis mælikvarði fyrir samfélagið. Viðurlög þróist yfirleitt með samfélaginu og geti þannig endurspeglad lífsgildi þess. Durkheims bendir á að samfélagið bregðist við ólíkum tegundum afbrota með mismunandi hætti. Refsingar hafa verið til á ólíkum stigum samfélaga og endurspeglar áhrif glæpa. Öll afbrot eiga sameiginlegan flöt sem birtist þannig að þau snerta siðferðislega vitund samfélaga og refsað er fyrir þau samkvæmt þeim lögum og reglum sem ríkja í samfélaginu. Durkheim taldi viðurlög henta sem félagsleg viðmið og hélt því fram að þau breyttust með þróun samfélaga. Þannig verða til átta einstök sjónarhorn, átta viðmælenda á þau mál sem um er fjallað í ritgerðinni. Viðurlög væru hluti af reglugerðarverki samfélagsins, hluti af því sem haldi því saman og þar með einstaklingnum í jafnvægi.²⁹⁹ Refsingar þurfi þó hvorki að endurspeglar það brot sem framið sé né færi þær samfélagið í rétt horf. Durkheim skýrir þetta á þann hátt að eftir því sem verkaskipting eykst verður samstaða í samfélaginu minni. Reynsluheimur fólks er ekki sá sami sem leiðir til þess að það hefur ólík viðhorf gagnvart afbrotum og refsingum vegna þeirra. Undir slíkum skilyrðum má vera að afbrotamenn telji sig ekki vera að brjóta sameiginlegar reglur allra. Þegar þetta gerist verður siðrof í samfélaginu.³⁰⁰

Durkheim endurbætti kenningu sína um siðrof í rannsókn sinni á sjálfsvígum. Hann áttaði sig á því að tíðni sjálfsvíga var ólík á milli landa og taldi félagslega þætti geta skýrt það. Durkheim taldi að ekki væri mögulegt að rannsaka þau vandamál sem einstaklingar fást við og yfirfæra þau á samfélagið. Hann ákvað að útiloka allt annað en félagslega þætti en rannsakaði þó sjálfsvígstíðni í tengslum við geðveiki í mismunandi samfélögum. Hann kannaði hvað leiðir til

²⁹⁶ Appelrouth o.fl., *Classical and Contemporary*, 101–102

²⁹⁷ Appelrouth o.fl., *Classical and Contemporary*, 85–87.

²⁹⁸ Geir Þ. Þórarinsson, „Hvað er siðrof?“ *Vísindavefurinn*, 2009, sótt 23.06.2024 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=54215>.

²⁹⁹ Emile Durkheim, *Suicide: A Study in Sociology* (The Free Press, 1997), 284–289.

³⁰⁰ Appelrouth o.fl., *Classical and Contemporary*, 100–102.

Þess að fólk fremur sjálfsvíg. Hann bar saman ólíkar stéttir, til dæmis hvort fólk byggi og starfaði í borg eða bæ, án þess að finna fylgni þar á milli. Durkheim náði mikilvægu skrefi þegar hann bar saman sjálfsvíg og kirkjudeildir sem fólk tilheyrði. Hann fann fljótlega út að mótmælendur væru líklegastir til að taka eigið líf.³⁰¹ Durkheim bar saman mótmælendur og kaþólikka og þrátt fyrir skyldleika þessara kirkjudeilda var einn þáttur sem bar á milli hjá þeim. Durkheim taldi að frelsi mótmælenda væri mun meira en kaþólikka enda væri regluverkið allt miklu strangara hjá kaþólikkum og út frá því ályktaði hann að samheldni þeirra væri meiri. Líkurnar á því að kaþólikkum sé refsað fyrir brot á regluverki væru meiri en hjá mótmælendum.

Eftir því sem rannsóknum Durkheims miðaði áfram komst hann að þeirri niðurstöðu að þeir sem eru hærra settir í samfélaginu, hefðu hærri laun og betri stöðu væru líklegri til að fremja sjálfsvíg. Þetta tengdi hann einstaklingshyggjunni. Þar sem hún væri meiri væri aukinn fjöldi er fremdi sjálfsvíg. Áður hefur komið fram að sjálfsvíg eru fleiri þar sem samheldni er minni. Þó er hægt að finna undantekningar á þessu sem markast þá af því að fólk taki eigið líf og telji það vera samfélaginu til heilla. Durkheim komst að því að tíðni sjálfsvíga væri áþekk í efnahagslegum uppsveiflum og niðursveiflum. Hann komst þannig að því að þegar breytingar eru örar í samfélaginu verði fólk óöruggt þar sem gildi og viðhorf breytist hratt. Við þetta myndist siðrof sem geti leitt til sjálfsvíga.³⁰²

Að mati Durkheim gegni félagslegt taumhald mikilvægu hlutverki við að tryggja félagslega samstöðu og reglu í samfélaginu. Samkvæmt honum mótast hegðun einstaklinga ekki eingöngu af persónulegum ákvörðunum, heldur af félagslegum normum og gildum sem samfélagið setur.³⁰³ Durkheim taldi að áhrif sem mótist af félagslegum staðalmyndum og væntingum geti virkað sem taumhald er stýri hegðun fólks án þess að lög eða regluverk séu til staðar. Durkheim setur fram tvær gerðir félagslegrar samstöðu, sem hann kallar annars vegar vélræna og hins vegar lífræna. Í samfélögum með vélræna samstöðu er lítið svigrúm og einstaklingar mega ekki skera sig úr fjöldanum. Taumhaldið byggir þá á sterkum samfélagslegum og trúarlegum viðmiðum.³⁰⁴ Í nútímasamfélögum, þar sem lífræn samstaða ríkir og mikil verkaskipting er til staðar, má segja að taumhald byggist frekar á lögum og réttarkerfi sem stýra samskiptum milli ólíkra einstaklinga og hópa.³⁰⁵ Durkheim lýsir einnig hugtakinu þvingun (e. *coercion*), sem hann taldi vera eitt einkenni félagslegs taumhalds. Einstaklingurinn verður fyrir samfélagslegum þrýstingi sem krefst þess að hann fylgi einhverjum reglum, venjum eða viðmiðum jafnvel án þess að viðkomandi geri sér grein fyrir því.³⁰⁶

³⁰¹ Durkheim, *Suicide: A Study*, 214–216.

³⁰² Durkheim, *Suicide: A Study*, 214–216.

³⁰³ Émile Durkheim, *The Division of Labour in Society*, 274.

³⁰⁴ Durkheim, *The Division of Labour*, 85–87.

³⁰⁵ Durkheim, *The Division of Labour*, 129–130.

³⁰⁶ Durkheim, *The Division of Labour*, 50.

Robert K. Merton (1910–2003) var prófessor við Columbia University og er af mörgum talinn upphafsmaður nútímafélagsfræði. Merton vann áfram með kenningu Durkheims og rannsakaði siðrof með það í huga að skýra út að athafnir í samfélagi geti ýtt undir afbrotahegðun. Hann greinir á milli tveggja mikilvægra þátta í samfélaginu, „menningarlegrar uppbyggingar“ (e. *cultural structure*), sem gengur út frá gildum sem varða markmið sem keppa beri að og „félagslegrar uppbyggingar“ (e. *social structure*) er varðar samfélagsgerðina sem leggur til leiðirnar að markmiðunum.“ Oftast nær menningarleg uppbygging að styðja við markmið og leiðir til að ná þeim án þess að lög séu brotin.³⁰⁷ Merton tók þann pól í hæðina að samfélagið léti einstaklingum eða hópum ákveðin gildi í té sem þeir gætu síðan haft sem markmið til að framkvæma eða láta verða að veruleika. Þarna gæti verið um að ræða samfélagslegar stöður, menntun eða jafnvel eignir. Eins og þekkt er í öllum samfélögum þarf að fara ákveðnar leiðir til að markmið verði að veruleika. Merton taldi að fólk væri alls ekki jafnt í samfélaginu og hefði því ekki sömu líkur á því félagslega að ná markmiðum sínum. Þarna gæti ýmislegt spilað inn í, svo sem stétt, staða og fjárhagur. Þannig taldi hann líklegt að fólk væri tilbúið að brjóta lög til að ná markmiðum sínum ef það gæti ekki gert það á annan hátt. Siðrof væri þá það ástand að samfélagið setti markmið sem talin væru æskileg en sæi ekki til þess að einstaklingar hefðu leiðir til að ná þeim.³⁰⁸ Það má færa rök fyrir því að samfélagslegar breytingar á hruntíma í upphafi 21. aldar séu dæmi um siðrof. Sjá mátti í íslenskum fjármálageira, í aðdraganda efnahagshruns og í hruninu sjálfu, að gömul gildi viku fyrir nýjum án þess að sátt hafi ríkt um það í samfélaginu. Regluverk var ekki gott og eftirlit ófullnægjandi.

Þóroddur Bjarnason, félagsfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands, heldur því fram að siðrof sé flókin samsetning margra þátta. Fyrirbærið hafi verið túlkað og kynnt með margvíslegum hætti af fræðimönnum. Hann er þeirrar skoðunar að á stundum hafi það sem greinir kenningarnar að verið meira áberandi en hitt sem sameinar þær. Hans mat er að almennt hafi verið litið á siðrof sem „óhlutbundna, fjölbreytta og marglaga samsetningu, sem tengdist samfélagslegri og stjórnálalegri stöðu, skipulagi og uppbyggingu viðbragða einstaklinga við því skipulagi.“³⁰⁹ Siðrof er staða í samfélagi sem einkennist af upplausn þar sem félagsleg og siðferðisleg gildi hafa minni áhrif en áður. Þóroddur, líkt og Merton og Durkheim, tengir siðrof við afleiðingar samfélagslegra breytinga, félagslegrar yfirfærslu og stjórnálalegra og efnahagslegra kreppa eða vaxtar. Slíkt ástand dragi úr áhrifum siðferðislegra viðmiða og samfélagslegra reglna. Samkvæmt kenningu Durkheims er virkt samspil á milli óstöðugs samfélags og hegðunar einstaklinga. Rannsóknir leiða það í ljós að þeir þættir hafi ekki verið kynntir með skýrum hætti í kenningum Durkheims eða í sambærilegum rannsóknum á siðrofi. Þannig hafi tengsl á milli hugarástands fólks eða samfélagslegrar stöðu í samhengi við siðrof legið á milli hluta í fræðilegri umræðu á sama tíma og áhrifamiklar kenningar hafi verið birtar um siðrof. Þóroddur segir fræðafólk hafa tekið undir nálganir Durkheims um siðrof sem afleiðingu truflana frá samfélagslegum, pólitískum eða efnahagslegum kreppum.³¹⁰

³⁰⁷ Robert K. Merton, „Social Structure and Anomie,“ *American Sociological review* 3, nr. 5 (1938), 672–682, doi: 10.2307/2084686

³⁰⁸ Appelrouth o.fl., *Classical and Contemporary*, 388–392.

³⁰⁹ Þóroddur Bjarnason, „Anomie among European Adolescents: Conceptual and Empirical Clarification of a Multilevel Sociological Concept,“ *Sociological Forum* 24 (2009): 135–161.

³¹⁰ Þóroddur Bjarnason, „Anomie among European Adolescents,“ 135–161.

Í undirkaflanum var fjallað um siðrof út frá kenningum Durkheims og síðar Mertons sem hélt áfram að þróa kenningar hans. Álit íslenskra fræðimanna kemur einnig við sögu. Þrátt fyrir misjafnar áherslur í skilgreiningum virðast fræðimennirnir í grunninn vera sammála um skilgreiningar á siðrofi. Upplausnarástand sé þá í samfélaginu, oft tengt efnahagslegum vexti eða kreppum, siðferðisleg gildi og viðmið missi sess sinn og lög séu ekki virt. Hrunið hefur verið tengt við siðrofsástand og hafa vísbendingar um slíkt ástand í hruninu verið settar fram. Í inngangi er fjallað um ræðu Karls Sigurbjörnssonar, biskups, í ársbyrjun árið 2009 þar sem greina má ákveðna merkingu siðrofshugtaksins í máli hans þegar hann ræðir um hversu sjálfsagt það hafi verið að setja græðgina framar öðru.

2.2.2 Þrjár tegundir valds: Hefðarvald, regluvald og náðarvald

Höfundur telur að álykta megi út frá siðrofskenningum Durkheims að það þurfi fólk til að hrinda af stað ákveðnu ferli sem getur leitt til siðrofs. Einnig þarf að meta hvað getur valdið því að fólk fylgir leiðtogum jafnvel þótt allar líkur séu á að stefna þeirra sé ekki til heilla. Á hruntímanum birtist á sjónarsviðinu fólk sem var álitnið einhvers konar fjármálasnillingar, fólk sem náði að hafa afdrifarík áhrif á fjármálakerfi þjóðarinnar með fjármálagjöorningum. Framar í kaflanum var fjallað um vald og jaðarhópa út frá prédikunarfræðilegum kenningum síðnýlenduhyggunnar. Í því samhengi eru kenningar þýska félagsfræðingsins Max Webers (1864–1920) um vald skoðaðar.

Weber greinir þrjár tegundir valds, náðarvald (e. *charismatic authority*), hefðarvald (e. *traditional authority*) og regluvald (e. *legal authority*). Hefðarvald er byggt á hefðum og flyst áfram með erfðum. Hefðarvald breytist óverulega og nefnir Weber konungsvald sem dæmi um það. Regluvald er samkvæmt Weber byggt á lögum og hann nefnir að lýðræði sé ágætt dæmi um það.³¹¹ Hann aðgreinir náðarvald frá öðrum tegundum valds. Hvorki þurfi lagalegan né hefðbundinn stuðning heldur eingöngu trú á sérstakt vald sem verður til þess að áhangendur fylgi vilja þess er náðarvaldið hefur. Lagalegt og hefðbundið vald feli í sjálfu sér í sér leið til að koma á stöðugleika og framfylgi þá lögum eða hefð.³¹² Weber telur að náðarvald sé einstakur hæfileiki. Einstaklingar með náðarvald eru með óvenjulega eiginleika eða hæfileika sem venjulegt fólk hefur ekki. Litið er svo á að máttur náðarvaldsins sé yfirnáttúrulegur, þaðan komi valdið og þess vegna sé fólk með náðarvald álitnið leiðtogar.³¹³

Þeir sem hafa náðarvald geta gegnt ýmsum hlutverkum og sjá jafnvel fyrir hvað muni gerast í framtíðinni. Algengt er að fólk trúir því að vald þeirra sé yfir annað hafið og allt að því yfirnáttúrulegt. Lykilþáttur náðarvalds er að samfélagið samþykki valdið. Fyrir kemur að einstaklingar með náðarvald þurfi að sýna fram á að þeir séu útvaldir með því að sanna mátt sinn. Ef það tekst ekki eða þeir ná ekki að uppfylla það sem þeir segjast ætla að gera eiga þeir á hættu að missa náðarvaldið. Að öllu jöfnu missa leiðtogar náðarvald sitt að lokum enda er

³¹¹ Weber, *Economy and Society*, 342–347.

³¹² Weber, *Economy and Society*, 336.

³¹³ Weber, *The Theory of Social and Economic*, 63–66.

það tímabundið.³¹⁴ Weber telur að náðarvald byggji á sérstæðum og óvenjulegum hæfileikum. Einstaklingar sem hafa náðarvald draga fólk að sér. Weber heldur því fram að náðarvaldið byggji vissulega á einhverju sem megi telja hvort tveggja einstakt og óvenjulegt og bendi jafnvel til þess að einstaklingar hafi yfirnáttúrulega hæfileika, séu einstakir og jafnvel útvaldir. Þá byggji náðarvald á því að fylgjendur viðurkenni náðarvaldsleiðtogann enda grundvallist völd hans á þeirri viðurkenningu.³¹⁵

Weber metur náðarvaldið þannig að það sé mótlægt hefðum og regluveldi.³¹⁶ Bandaríski félagsfræðingurinn Edward Shils (1910–1995) starfaði sem prófessor við University of Chicago og taldi merkingu náðarvaldshugtaksins mun breiðari en Weber. Hann tengdi það við eðli valds sem leitist gjarnan við að þjappast saman í kjarna hvers samfélags. Shils telur að náðarvaldið sé mikilvægt þegar pólitískt vald er annars vegar en hins vegar sé það ekki alltaf tengt embættum eða valdastofnunum. Náðarvald geti flust á milli einstaklinga og safnast saman í einum einstaklingi sem geti þá orðið mikils metinn. Samkvæmt Shils getur náðarvald veitt pólitískum ákvörðunum gildi og aukið áhrif þeirra. Kjarni þjóðarinnar grundvallast af náðarvaldi sem speglar samfélagið. Samstaða í samfélaginu getur byggst út frá því. Þannig verður til samstaða sem og pólitísk vitund sem stundum er nefnd þjóðarsál.³¹⁷ Pétur Pétursson heldur því fram að leiðtogar nýrra trúarhópa stjórni oft í krafti náðarvalds þar sem persónutófrar þeirra og hæfileikar njóti sín sökum þess að fylgismenn þeirra viðurkenni þá og veiti þeim þetta vald. Náðarvaldið sé byltingarkennt og geti ögrað ríkjandi skipulagi og vikið því til hliðar fyrir annað og nýtt skipulag. Áhrif náðarvalds minnki gjarnan með tímanum og trúarhópurinn, ef um slíkan er að ræða, verði hefðbundinn. Breytingar á skipulaginu eru festar í sessi. Þessi þróun kallast formfesta náðarvaldsins.³¹⁸

Shils talar um gerð og hreyfiöfl samfélagsins. Hann leggur áherslu á mikilvægi tengsla til þess að hafa áhrif á samfélagið, áhrifavaldar verði að læra að þekkja hvar og hvernig eigi að beita sér. Markmiðið er þá að vinna hagsmunum og hugsjónum framgang á opinberu sviði stjórn mála og valdakerfa sem mótuð eru með tilliti til gilda í ákveðnum embættum, stofnunum og hjá einstaklingum. Þeir sem sækjast eftir pólitískum áhrifum staðsetja sig með tilliti til valdatengsla og möguleika á að komast til áhrifa. Þeir leitast við að mynda sambönd við lykelpersónur og ný tengsl til að koma mikilvægum málum í framkvæmd. Hreyfiaflið í slíku tengslaneti er náðarvald. Grundvallargildi felur í sér háleit viðmið sem gefa tilefni til gagnrýni á ríkjandi ástand. Átök eða ágreiningur geta orðið og nýir spámenn stigið fram sem hafi tilhneigingu til útrásar.³¹⁹

³¹⁴ Weber, *Economy and Society*, 336–339.

³¹⁵ Weber, *Economy and Society*, 336–339.

³¹⁶ Pétur Pétursson, „Karisma og kapital: Íslenska útrásin borin saman við vakningarhreyfingu,“ *Þjóðarspejillinn*, ritstj. Helga Ólafs og Hulda Proppé, (2010): 222, sótt 23.06.2024 af <http://hdl.handle.net/1946/6690>

³¹⁷ Pétur Pétursson, „Karisma og kapital,“ 222–223.

³¹⁸ Pétur Pétursson, „Karisma og kapital,“ 223.

³¹⁹ Edward Shils, *The Constitution of Society: Heritage of Society*, ritstj. Morris Janowitz (The University of Chicago Press, 1982), 97–100.

Einstaklingur með náðargáfu er skilgreindur af Shils sem einstaklingur með sköpunarmátt. Einstaklingurinn getur talað á móti kerfinu, hefur í sér anda Guðs, náttúrulega hæfileika, andagáfur eða eitthvað slíkt. Þannig geti einstaklingur með náðargáfu verið frelsandi afl gegn kerfi sem felur í sér skrifræði og jafnvel reglur sem erfitt er að komast fram hjá til þess að ná markmiðum. Með öðrum orðum er um að ræða kerfi sem kæfir frumkvæði og sköpunarmátt. Þessa skoðun Shils má tengja við siðrofið sem mögulega varð í hruninu sjálfu og aðdraganda þess. Ákveðnar persónur með náðargáfur gátu gert hluti sem gáfu þeim frelsi umfram annað fólk til að skapa sína eigin útgáfu af reglum og öryggi.³²⁰ Af kenningum Shils má draga þá ályktun að leiðtogi sem búi yfir náðarvaldi geti stigið fram í þjóðfélagi þar sem siðrofsástand ríkir. Ekki þarf að líta svo á að náðarvald sem slíkt feli í sér siðrof heldur að í upplausnarástandi siðrofsins sjái náðarvaldsleiðtoginn sér leik á borði sem hann svo nýtir sér og hugmyndum sínum til framdráttar.

Samfélagið er meira en summan af einstaklingum innan þess samkvæmt Shils. Einstaklingurinn stjórnast af félagslegum öflum, þ.e. kröftum sem felast í ytri veruleika. Í krísuástandi eins og fylgir kreppum og afleiðingum þeirra, hvað þá eftir efnahagshrun, beinist áhugi fólks að því að gagnrýna. Með því reynir það að hafa áhrif að hluta til á félagslegt samhengi og mótun samfélagsins. Í samfélagi frjálshyggjunnar fær útvalinn hópur oft frelsi fram yfir aðra og gæti þá mögulega nálgast það að verða hluti af einhvers konar trú. Þegar þessi öfl eru orðin nægjanlega sterk má halda því fram að réttindi fólks geti vikið fyrir réttindum auðvaldsins.³²¹ Þar með eru reglur og réttindi samfélagsins minna virði en tilgangur ákveðins hóps í samfélaginu. Slíkt getur leitt til siðrofs enda víkja þá siðferðileg viðmið og gildi fyrir siðleysi sem veldur því að ekki er hægt að standa við siðferðislega staðla samfélagsins.³²²

Weber skrifar einnig um hefðarvald sem hann segir að geti grundvallast á guðrækni og/eða persónu sem skipuð er samkvæmt hefð (og er bundin af henni).³²³ Royston Greenwood, prófessor emerítus í skipulagsfræðum við University of Alberta, hefur í gegnum tíðina rannsakað hvað liggur að baki skipulagsbreytinga og stjórnun faglegrar þjónustu. Thomas B. Lawrence, prófessor við Saïd Business School við University of Oxford, hefur lagt sérstaka áherslu á að rannsaka stofnanir, samtök, vald, tungumál og samfélagslega nýsköpun. Þeir félagar, Greenwood og Lawrence, halda því fram að kenningar Webers hafi haft áhrif á stjórnendur og valdhafa á seinni tímum. Þeir segja að efasemdir hafi vaknað um kenningar Webers sem mótast af aðgengi samtímans að þekkingu og ólíkum efnahagslegum, félagslegum og tæknilegum raunveruleika samfélaga. Þeir telja að áhrif Webers á stjórnskipulag og stjórnun hafi verið mikil frá miðri 20. öld.³²⁴

³²⁰ Shils, *The Constitution of Society*, 98–101.

³²¹ Pétur Pétursson, „Karisma og kapital,“ 222–224.

³²² Shils, *The Constitution of Society*, 98–100.

³²³ Weber, *Economy and Society*, 342–347.

³²⁴ Royston Greenwood og Thomas B. Lawrence, „The Iron Cage in the Information Age: The Legacy

Jay Alden Conger, fyrrum prófessor í viðskiptadeild Harvard University, heldur því fram að Weber hafi talið að kenningar sínar um náðarvald, regluvald og hefðarvald myndu auka jafnvægi og stöðugleika (hefðarvald/regluvald) eða breyta stofnunum og samfélagi (náðarvald).³²⁵ Regluvald fær ekki sömu umfjöllun hér og hefðarvald og náðarvald þar sem höfundur telur að það hafi ekki sama vægi í umfjöllun doktorsritgerðarinnar og hinar tvær valdstegundirnar sem eru hér til umræðu.

Greenwood og Lawrence segja kenningar Webers um vald skiljanlegar í ljósi þess hvað hafi mótað þær í byrjun 20. aldar. Iðnsamfélagið hafi notað flóknara skrifræði og Weber hafi tekið eftir því að hefðarvaldi hafi að einhverju leyti verið skipt út fyrir regluvald byggt á stjórnvaldskerfum sem höfðu oft verið sett á laggirnar af leiðtogum með sterka framtíðarsýn (náðarvald). Sum fyrirtækjanna sem stofnuð voru á þessum tíma urðu að stærstu fyrirtækjum 20. aldarinnar. Þeir benda á að Weber hafi lifað á tímum þar sem flest gerðist hægar en á seinni tímum og að upplýsingaflæði hafi einnig aukist með tímanum. Þeir segja að kenningar Webers eigi jafnvel við í samtímanum en þó með öðrum hætti.³²⁶ Þrá fólks eftir sterkum leiðtogum sé enn mikil í samtímasamfélagi rétt eins og Weber skrifaði um fyrir hundrað árum og stjórnáamenn á 21. öldinni hafa margir reynt að ná til fólks í kosningabaráttu með von, ótta og einhvers konar siðferðislegu valdi. Þar með hafi þeir leitast við að yfirfæra regluvald á sjálfa sig.

Greenwood og Lawrence segja að nútímastjórnám einkennist oft af leiðtogum sem hafa til að bera einhvers konar náðarvald og leitast við að hrífa fólkl með sér á eigin vegferð með það í huga að breyta núverandi kerfi samfélagsins. Nokkur dæmi um slíka náðarvaldsleiðtoga á 20. öldinni eru vel þekkt. Þar er um að ræða leiðtoga sem jafnvel urðu hafnir yfir regluvald og sumir þeirra náðu að snerta stóra hluta heimsbyggðarinnar. Þetta getur einnig átt við viðskiptafólkl með einhvers konar náðarvald sem rétt eins og stjórnámáfólkið nær að brjóta gömlu reglurnar og koma á nýrri skipan fyrir tilstilli hrífandi persónuleika.³²⁷

Notkun Webers á þýska hugtakinu *Führer* (foringi) til að lýsa eiginleikum slíks fólks er mjög áhrifarík og erfitt er að finna álíka orð í öðrum tungum sem hafa sama áhrifamátt. Klassísk skilgreining Webers á ríkinu með einræðisvald sem leyfi notkun viðurlaga er mikilvæg. Weber lítur þannig á að ríkið sé mikilvægt í því að stjórna mannlegri hegðun í flóknu

and Relevance of Max Weber for Organization Studies," *Organization Studies* 26, nr. 4 (2005): 493–499, sótt 20.01.2025 af

<https://doi.org/10.1177/0170840605051465>

³²⁵ J.A. Conger, „Max Webers conceptualization of charismatic authority: It's influence on organizational research," *Leadership quarterly* 4 (1993): 277–288.

³²⁶ Greenwood ofl., „The Iron Cage," 493–499.

³²⁷ Tony Waters og Dagmar Waters, *Weber's Rationalization and Modern Society*, 3–15.

samfélagi og bendir einmitt á notkun valds og viðurlaga í því samhengi. Hann telur að þeir sem hafi vald til að nota viðurlög geti freistast til þess að nota vald sitt til að stjórna fólki, óháð því hvaða réttlætningar séu notaðar. Þetta getur haft áhrif á stjórnmalafólk sem stjórnar lögreglu og her og þannig getur slíkt vald verið hættulegt þeim sem það hefur.³²⁸

Í undirkaflanum var fjallað um þær tegundir valds er tengjast umfjöllunarefni ritgerðarinnar. Náðarvald er vald sem oft tengist persónutöfrum einstaklings sem nær að hrífa aðra með sér. Hefðarvald er tegund valds sem erfist mann fram af manni. Regluvald fæst með ákveðnum samfélagslegum hlutverkum. Í innganginum er rætt um traust almennings til þjóðkirkjunnar. Prestar innan hennar hafa, eins og fram kemur í viðtalsrannsókninni, prédikað um ýmis samfélagsmál er tengjast valdi og umsvifum ríkisins. Þar má nefna Kristnitökuháttíðina á Þingvöllum sem haldin var í samvinnu stjórnvalda og þjóðkirkju og er rædd í inngangi sem dæmi um valdavenst þjóðkirkjunnar og ríkisvaldsins sem hafi haft neikvæð áhrif á ímynd þjóðkirkjunnar.

Samantekt

Umfjöllun þessa kenningakafla um kenningar í trúarlífsfélagsfræði og prédikunarfræði er ætlað að kynna þær kenningar og hugtök sem beitt verður í fimmta kafla doktorsverkefnisins við greiningu á útkomu viðtalsrannsóknar. Þetta eru kenningar trúarlífsfélagsfræðinnar sem tengjast bæði efnahagshruninu og eftirleik þess sem og stöðu þjóðkirkjunnar þegar horft er til trausts í hennar garð. Í sögulegu samhengi inngangskafans er fjallað um breytingar sem urðu í upphafi 21. aldar og höfðu mikil áhrif á umræðu um þjóðkirkjuna. Í útkomu viðtalsrannsóknarinnar má greina að þau þrjú mál sem um var rætt hafi haft áhrif á prédikun viðmælenda rannsóknarinnar, þ.e. hrunið, biskupsmálið og ein hjúskaparlög. Hrunið var afdrifaríkt og olli samfélagslegu áfalli þar sem færa má rök fyrir að fjöldi fólks hafi búið við erfiðleika, þar á meðal viðmælendurnir. Biskupsmálið snerist um ásakanir um kynferðisbrot biskups og olli uppnámi hvort tveggja í samfélaginu og innan þjóðkirkjunnar. Ein hjúskaparlög urðu til þess að barátta hinsegin fólks fyrir réttindum sínum til að fá hjónavígslu voru í forgrunni. Þessi mál höfðu öll áhrif á prédikun viðmælendanna og umræðu um mál þjóðkirkjunnar. Einnig tengjast þessar kenningar og úrvinnsla niðurstaðna sögulegri umfjöllun í inngangskafli um traust til kirkjunnar.

Höfundur nýtir kenningar í prédikunarfræði er varða notkun tungumáls í prédikun, sálgæslupredikun þegar áfall/áföll hafa átt sér stað og hvaða aðferðir eru færar til að prédika inn í erfiðar og viðkvæmar kringumstæður. Hugtök og orðfæri síðnýlenduhyggjunnar hafa rutt sér rúms í prédikunarfræði og hafa verið nýtt hér í kenningarkaflanum. Kenningar í trúarlífsfélagsfræði er lúta að hugtökum eins og siðrofi,

³²⁸ Tony Waters og Dagmar Waters, ritstj., *Weber's Rationalization and Modern Society: New Translations on Politics, Bureaucracy, and Social Stratification*, (Palgrave MacMillan, 2015), 3–15.

náðarvaldi, regluvaldi og hefðarvaldi eru nýttar í niðurstöðuköflum ritgerðarinnar. Kenningarnar eiga skírskotun til prédikunarfræðilegrar umfjöllunar kaflans um jaðarhópa, vald og áfallaumræðu. Hafa þarf í huga að flytja prédikun á tungutaki sem fólk skilur og getur tengt sig við. Eins er mikilvægt að hafa jaðarhópa í huga þegar kemur að prédikun og ekki síður að prédikarar séu meðvitaðir um vald sem getur fylgt prédikun og umhverfi prédikara. Prédikari getur átt samtál við hópa sem hafa orðið fyrir áföllum og það er mikilvægt að vanda vel til verka og þekkja aðferðir við slíkar prédikanir eða samtöl.

3 Aðferðafræði

Í kaflanum sem hér hefst eru aðferð og aðferðafræði rannsóknarinnar kynntar. Farið er yfir markmið og gildi rannsóknarinnar og sagt frá takmörkunum hennar og siðferðilegum álitamálum. Fjallað er um þátttakendur, undirbúning og framkvæmd. Loks er greint frá gagnaöflun og greiningu viðtala.

3.1 Kynning á viðtalsrannsókninni

Í þessum undirkafla er fjallað um framkvæmd og markmið doktorsritgerðarinnar. Rannsóknin lýtur að því að kynna reynslu presta á Íslandi af því að prédika í samhengi hruns og áfalla.

Átta starfandi prestar hjá þjóðkirkjunni samþykktu þátttöku í rannsókninni og luku þátttöku í viðtölum. Áherslan í upphafi var á prédikunarþátt þjónustunnar, hvernig prédikarar undirbúa prédikun og hvaða aðferðir þeir nota er þeir tala til áheyrenda sinna. Seinni hluti viðtalanna tók mið af framvindu verksins og með hverju viðtali þróaðist viðtalsramminn. Þegar á leið fékk hruntímabilið meira vægi í viðtölunum. Þannig varð smám saman sú breyting að meiri áhersla var lögð á að kanna hvernig prestarnir upplifðu félagslegar forsendur, aðdraganda og afleiðingar efnahagshrunsins árið 2008 og hvaða áhrif það hefði haft á boðun þeirra og flutning prédikana.

Í næstu undirköflum eru fræðilegar undirstöður eigindlegar aðferðafræði kynntar. Skýrt er frá framkvæmd rannsóknarinnar, vali á verkefni, vali á viðmælendum, gagnasöfnun og úrvinnslu. Einnig er rætt um takmarkanir rannsóknarinnar.

3.2 Eigindlegar rannsóknaraðferðir

Hér verður farið yfir þá þætti eigindlegra rannsókna sem snerta viðtalsrannsókn doktorsritgerðarinnar. Einnig verða kynnt hin ýmsu tilbrigði eigindlegra rannsókna. Eigindlegar rannsóknaraðferðir eru margar, þ.á.m. grunduð kenning, orðræðugreining, starfendarannsóknir, opin viðtöl, vettvangsrannsóknir o.fl. Þegar unnið er með eigindlega rannsóknaraðferð (e. *qualitative research method*) er leitast við að skilja upplifun og reynslu viðmælenda rannsóknarinnar. Monique Hennink, prófessor við Emory University í Bandaríkjunum, Inge Hutter, prófessor við International Institute of Social Studies í Hollandi og Ajay Baley, prófessor við Utrecht University í Hollandi, sem öll eru sérfræðingar í

eigindlegum rannsóknum segja að eigindlegar rannsóknir séu eins konar regnhlífarhugtak yfir margar aðferðir sem nýttar eru saman. Markmiðið er þó alltaf að rannsaka reynslu fólks og nýta til þess ákveðnar rannsóknaraðferðir.³²⁹ Fram kemur hjá þeim:

Qualitative methods are typically used for providing an in-depth understanding of the research issue that embraces the perspectives of the study population and the context in which they live.³³⁰

Nokkur dæmi frá þeim um hagnýtingu eigindlegra rannsókna má lesa hér að neðan:

Understanding behaviour, beliefs, opinions and emotions from the perspective of study participants themselves (this is called Verstehen). Understand social interactions among people and the norms and values shared by them. Identify the social, cultural, economic or physical context in which activities take place. Give voice to the certain study population.³³¹

Sigurlína Davíðsdóttir, prófessor emerita í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands, segir eigindlegar rannsóknir hafi það að markmiði að skilja merkingu atburða með aðstoð þeirra sem hafi upplifað þá. Því sé ekki hægt að alhæfa um niðurstöður eða yfirfæra þær yfir á aðra atburði eða aðstæður.³³² Kristin G. Esterberg, félagsfræðingur við University of Washington Bothell, er á sama máli varðandi það að eigindlegar rannsóknaraðferðir henti vel þegar leitast sé við að skilja upplifanir og reynslu einstaklinga. Í eigindlegum rannsóknum sé oft vandasamt að túlka viðfangsefni og gagnasöfnun taki langan tíma.³³³ Rannsakendur þurfi að leggja sig fram um að vinna með túlkun sína og birta hana með eigin orðum. Félagsgleir ferlar séu mikilvægir og því þurfi að leitast við að skilja samhengi þeirra. Áhersla sé á huglæga þætti þegar niðurstöður séu túlkaðar með orðum rannsakanda. Aðleiðsla er einkennandi fyrir eigindlegar rannsóknir og hefur áður verið kynnt í fyrsta kafla. Þar er átt við að í upphafi sé gögnum safnað og ályktanir dregnar á grundvelli þeirra. Að lokum eru kenningar unnar út frá þeim og niðurstöður birtar.³³⁴ Rannsakandinn gegnir því lykilhlutverki við framkvæmd eigindlegra rannsókna. Hann þarf að rýna í það hvernig viðhorf hans geta mögulega haft áhrif á rannsókn á meðan unnið er með gögn, þeim safnað og þau greind.³³⁵

John W. Creswell, prófessor í sálarfræði við University of Michigan, bendir á að í eigindlegri aðferðafræði sé talið mikilvægt að viðmælendum líði vel í viðtölum til að auðveldara sé að

³²⁹ Monique Hennink, Inge Hutter og Ajay Bailey, *Qualitative Research Methods* (Sage Publications, 2011), 10.

³³⁰ Hennink, Hutter og Bailey, *Qualitative research*, 10.

³³¹ Hennink, Hutter og Bailey, *Qualitative research*, 10.

³³² Sigurlína Davíðsdóttir, „Eigindlegar eða megindlegar rannsóknaraðferðir?“ í *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*, ritstj. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Háskólaútgáfan, 2003), 228–234.

³³³ Esterberg, *Qualitative Methods*, 15.

³³⁴ Esterberg, *Qualitative Methods*, 15.

³³⁵ Esterberg, *Qualitative Methods*, 15–17.

skapa traust og góð tengsl við þá. Það hefur jákvæð áhrif ef viðtöl eru tekin á stað sem viðmælendur velja sjálfir. Áriðandi er að spyrjandi leggi sig fram um að vera hlutlaus og hófsamur í framkomu og klæðaburði til að hafa sem minnst áhrif á viðmælendur sína.³³⁶ Tilgangur þessa er að taka ekki athygli frá viðtalinu sjálfu. Ef spyrjandi er klæddur á óhefðbundinn hátt þegar hann mætir viðmælenda getur það mögulega haft áhrif á upplifanir og þar með viðbrögð hans.

Hálfopin viðtöl (e. *semi-structured/guided interview*) sem segja má að séu stýrðar samræður eru helsta eigindlega rannsóknaraðferð ritgerðarinnar (nánar er fjallað um hálfopin viðtöl í næsta undirkafla, „Opin viðtöl“). Söfnun gagna felst í viðtölunum. Hálfopin viðtöl einkennast af sveigjanleika sem hefur það í för með sér að ekki er þörf á að fylgja viðtalsrömmunum út í ystu æsar.³³⁷ Steinar Kvale (1938–2008), sálfræðingur og prófessor við Aarhus Universitet, og Svend Brinkman, sálfræðingur og prófessor við Aarhus Universitet, eru sérfræðingar í eigindlegum rannsóknum. Þeir segja frá því að viðtalsrammi (e. *interview guide*) sé rammi sem unnið er eftir í viðtalsrannsókn (nánar er fjallað um viðtalsramma rannsóknarinnar í undirkaflanum „Framkvæmd, gagnasöfnun og greining gagna“). Rannsakandi ákveður hversu opinn ramminn er. Líta þarf til þess að þrengri afmörkun ramma gerir gagnagreiningu auðveldari en of mikil afmörkun getur hindrað frjálsa tjáningu viðmælenda. Lengd viðtalsramma er mismunandi og fer eftir viðfangsefni og reynslu viðmælenda og úthaldi.³³⁸

Bruce L. Berg (1954–2009), fyrrum prófessor við Fordham University, heldur því til haga að við gagnagreiningu sé tilgangurinn að öðlast skilning á merkingu þeirra gagna sem safnast hafi við afritun viðtala. Unnið er með gögn til að finna þemu og flokka sem koma endurtekið fram í orðum viðmælenda. Þegar endurtekin þemu koma fram er unnin markviss kóðun (e. *coding*). Þegar unnið er með kóðun er texti lesinn og kjarni hans dregin fram og merktur sem kóði (dæmi: Fritz fékk sér mjólk – mjólk er þá skrifuð til hliðar sem kóð). Kóðun felst í því að farið er vel yfir gögnin með eitt þema í huga í einu en þannig fæst dýpri skilningur á tengslum ólíkra þema.³³⁹

Kóðun er mjög mikilvæg þegar kemur að eigindlegum rannsóknum.³⁴⁰ Ferlið er með þeim hætti að eftir að viðtöl hafa verið upprituð eru þau lesin nokkrum sinnum yfir til að leitast við að skilja um hvað þau fjalla, þ.e. hver reynsla viðmælenda er.³⁴¹

³³⁶ Creswell, *Qualitative Inquiry*, 57–62.

³³⁷ Esterberg, *Qualitative Methods*, 25–30.

³³⁸ Steinar Kvale og Svend Brinkmann, *InterViews: Learning The Craft of Qualitative Research Interviewing* (Sage Publications, 2009), 175–6.

³³⁹ Bruce L. Berg, *Qualitative Research Methods for The Social Sciences* (Allyn & Bacon, 1989), 346–353.

³⁴⁰ Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, „Réttmæti og áreiðanleiki í eigindlegum rannsóknum,“ í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstj. Sigríður Halldórsdóttir (Háskólaútgáfan, 2021), 232–233.

³⁴¹ Sigríður Halldórsdóttir, „Fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferð,“ 267.

Hér að framan hefur verið rætt um eigindlegar rannsóknaraðferðir með áherslu á þá þætti er tengjast eigindlegri rannsókn ritgerðarinnar. Í næstu kaflahlutum verður fjallað um þær meginstoðir sem nýttar eru í ritgerðinni. Opin viðtöl eru fyrsta stoðin en það er sú aðferð sem nýtt er í viðtalsrannsókn ritgerðarinnar.

3.2.1 Opin viðtöl

Spurningar í viðtalsrömmum eru stuttar, eins einfaldar og hægt er og opnar. Þegar spurningar eru settar fram með þeim hætti er ekki hægt að svara þeim með einföldu já eða nei svari og leitast er við að þær séu ekki leiðandi. Gert er ráð fyrir að spurningarnar geri spyrjanda kleift að halda áfram með afleiddum spurningum komi þær ekki fram í svari viðmælenda. Opnar spurningar gera það að verkum að viðmælendur svara út frá eigin reynslu og upplifunum. Spyrjandi getur dýpkað svör með frekari spurningum út frá svörum viðmælenda. Séu spurningar vel undirbúnar má gera ráð fyrir að viðmælandi svari á ítarlegan hátt sem felur í sér flest þau atriði sem leitað er eftir. Í þeim tilfellum þarf ekki afleiddar spurningar.³⁴² Söfnun gagna felst í viðtölum. Öll viðtölin voru tekin upp á diktafón. Sveigjanleiki hálfopinna viðtala leiðir til þess að ekki þarf að fylgja viðtalsrömmunum fullkomlega.³⁴³

Helga Jónsdóttir sem áður hefur verið nefnd segir það vandasamt að breyta töluðu máli yfir í texta á blaði. Hún tiltekur einnig mikilvægi þess að höfundur haldi einhvers konar dagbók eða skrái hjá sér minnispunkta meðan á viðtalsferli stendur. Hafa ber í huga að viðtöl eru alltaf fjölbreytileg og að sama skapi byggjast þau á samskiptum rannsakanda og viðmælenda og eru þannig flókin félagsleg athöfn.³⁴⁴ Mikilvægt er að þátttakendur í eigindlegum viðtalsrannsóknum geti tjáð sig frjálst innan rammans sem settur er fram. Þröngur rammi getur haft þau áhrif að viðmælandi nær ekki að tjá sig frjállega og þar með koma sínu máli á framfæri. Helga ítrekar einnig mikilvægi þess að traust myndist á milli viðmælenda og rannsakanda.³⁴⁵ Í viðtölum eigindlegra rannsókna er leitast við að skilja viðfangsefni frá sem flestum sjónarhornum. Viðmælendur geta verið ólíkir og brugðist ólíkt við þeim spurningum sem settar eru fram. Þetta leiðir til þess að svör eru mismunandi þrátt fyrir að spurningarnar séu líkar.

Samstarf eða samskipti þess sem spyr og þess sem svarar leiðir þá í áttina að einhvers konar merkingu eða sameiginlegum skilningi á því sem sett er fram. Tungumálið er alltaf lykilatriði í viðtölum enda er það notað hvort tveggja til að setja fram spurningar og gefa svör. Skilningur myndast á milli þeirra sem eiga í samskiptum, gagnkvæm virðing sem gerir það að verkum að báðir aðilar leggja sig fram um að skilja tjáningu hvors annars. Það getur tekið á að leita í reynsluheim og upplifanir og fást við tilfinningar sem því fylgja.³⁴⁶

³⁴² Hennink, Hutter og Bailey, *Qualitative Research*, 110–111.

³⁴³ Esterberg, *Qualitative Methods in*, 25–30.

³⁴⁴ Helga Jónsdóttir, „Viðtöl í eigindlegum og megingindlegum rannsóknum,“ í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstj. Sigríður Halldórsdóttir (Háskólaútgáfan, 2021), 163–166.

³⁴⁵ Helga Jónsdóttir, „Viðtöl í eigindlegum og megingindlegum rannsóknum,“ 158–159.

³⁴⁶ Helga Jónsdóttir, „Viðtöl í eigindlegum og megingindlegum rannsóknum,“ 155–157.

Helga telur að samskiptin sem rætt var um hér að framan séu einn lykilkáttur árangursríkra viðtala. Ekki er nóg að spyrja spurninga og taka á móti svörum sem eru gefin. Nota þarf vandaða hlustun sem felur í sér skilning og samvinnu. Spyrjandi þarf að geta tekið þátt í samræðum um svör viðmælanda síns með speglun og hlýju. Hann getur þannig hvatt viðmælanda til að halda áfram og dýpka jafnvel svör sín. Líkamstjáning og svipbrigði eru þannig ekki síður mikilvæg en munnleg svör. Einnig er mikilvægt að rannsakandinn geri sér grein fyrir að hann fái ekki alltaf þau svör sem hann hafi búist við.³⁴⁷ Helga bendir á að viðmælandi þurfi að upplifa umhverfið sem traust og öruggt og honum þarf að líða vel þar sem viðtalið er tekið. Hún minnir einnig á mikilvægi þess „hvernig rannsakandi verkar á þátttakanda sem manneskja, stéttarmun, og annan mismun á milli rannsakanda og þátttakanda, t.d. vegna þjóðernis, kyns eða kynþáttar.“³⁴⁸

Opin viðtöl eins og lýst er hér að framan er sú aðferð til gagnasöfnunar sem hentar rannsókn ritgerðarinnar og viðmælendum. Höfundur hafði reynslu af að framkvæma rannsókn er byggð á á þeirri aðferð og taldi hana nýtast sér vel. Aðferðin hentar persónuleika höfundar vel og á vel við virka hlustunaraðferð sem hann hefur tileinkað sér. Honum þykir áhugavert að eiga í samskiptum við viðmælendur með þeim hætti er hér hefur verið greint frá. Samvinna við viðmælendur rannsóknarinnar hefur gefið af sér tilfinningar, hugsanir, tilgátur og túlkun en þó fyrst og fremst dýrmætar upplýsingar um reynslu og upplifanir viðmælanda. Í næsta undirkafla er fjallað um aðra stoð rannsóknarinnar, aðleiðslu.

3.2.2 Aðleiðsla

Þegar unnið er með aðferð aðleiðslunnar er leiðin valin frá því sem er sértækt til þess sem er almennt. Berglind Gísladóttir, lektor í kennslufræðum við HÍ og Sigríður Halldórsdóttir sem áður hefur verið kynnt segja að notkun aðferðarinnar sé „kerfisbundin leit að þekkingu.“³⁴⁹ Guðmundur Ævar Oddsson, prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri, segir: „eigindleg innihaldsgreining er jafnan heppilegri aðferð fyrir rannsóknir sem byggja á aðleiðslu, það er að segja þegar hugtaka- og aðgerðabinding grundvallast á ítarlegri skoðun (hrá)gagna hverju sinni og farið er frá hinu einstaka til hins almenna.“³⁵⁰ Guðmundur tiltekur í þessu sambandi að ekki sé í raun einhver algild nálgun á innihaldsgreiningu heldur noti rannsakendur eigin getu og innsæi við greiningu gagna. Aðrir segja slíka aðferð ekki nægjanlega kerfisbundna sem er algeng gagnrýni á eigindlegar aðferðir.³⁵¹

³⁴⁷ Helga Jónsdóttir, „Viðtöl í eigindlegum og meginlegum rannsóknnum,“ 158.

³⁴⁸ Helga Jónsdóttir, „Viðtöl í eigindlegum og meginlegum rannsóknnum,“ 157–159.

³⁴⁹ Berglind Gísladóttir og Sigríður Halldórsdóttir, „Inngangur að aðferðafræði,“ í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstj. Sigríður Halldórsdóttir (Háskólaútgáfan, 2021), 29–31.

³⁵⁰ Guðmundur Oddsson, „Innihaldsgreining,“ í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstj. Sigríður Halldórsdóttir (Háskólaútgáfan, 2021), 389.

³⁵¹ Guðmundur Oddsson, „Innihaldsgreining,“ 389.

Það getur verið gott að nota blandaðar aðferðir til að ná fram upplýsingum og dýpri skilningi á því er fram kemur í viðtalsrannsókn. Við kóðun geta rannsakendur til dæmis nýtt sér aðferðir aðleiðslu. Þá er leitað að kóðum í gögnum og haldið utan um þá þætti er fram koma sem álitamál hjá viðmælendum. Slík kóðun gegnir mikilvægu hlutverki þar sem kóðin spegla kjarna í máli viðmælenda og eru alls ólík því er rannsakandi upplifir sjálfur. Með þessum hætti fanga þau frekar það sem viðmælendum býr í brjósti. Dæmi um þetta gæti verið „fjölskylda“ sem kóði. Í því tilfelli gæti prédikari hafa prédikað um samfélagslegt álitamál sem tengdist persónulegu áfalli innan eigin fjölskyldu. Þar með væri kóðinn „fjölskylda“ aðleiddur kóði þar sem hann kæmi raunverulega frá viðmælandanum sjálfum.³⁵²

Höfundur hefur lært það á rannsóknarferlinu að orð eins og „líklega“, „mögulega“ og „sennilega“ koma oft fram. Aðleiðsla er röksemdafærsla þar sem alhæft er út frá gögnum sem verða til í viðtölum. Segja má að reynsla og upplifanir fólks geti gefið vísbendingar um hvað hafi gerst. Höfundur upplifir flest rök sem sett eru fram í hans daglega lífi sem aðleiðslu, þ.e.a.s. eitthvað sem hann byggir á skynsemi og reynslu. Með sama móti er þá hægt að setja fram og nýta reynslu og upplifanir annarra með skynsamlegum hætti til að setja fram vísbendingar um niðurstöður er byggja á skynsamlegri röksemdafærslu sem tengd er við önnur empírísk gögn. Hugmyndin er þá sú að safna gögnum sem geta mögulega leitt til kenninga eða niðurstæðna sem síðan er athugað hvort eru í samræmi við gögnin. Í næsta undirkafla er fjallað um þriðju stöðina, túlkun rannsókna, með því að nýta fyrirbærafræði.

3.2.3 Fyrirbærafræði

Eftir að hafa rætt um opnar spurningar og aðleiðslu er næsta skref að fjalla um þá aðferð sem notuð er við túlkun og greiningar rannsóknarinnar. Í inngangi var fjallað almennt um fyrirbærafræði en hér í undirkaflanum er sjónum beint að fyrirbærafræði út frá eigindlegri rannsóknaraðferð sem er ein meginstöð þeirrar aðferðafræði sem höfundur hefur valið sér. Fyrirbærafræði á uppruna sinn í mótunarhyggju (e. *constructivism*). Hugsunin er sú að veruleikinn er háður hverjum tíma fyrir sig og er þannig félagslega mótaður. Félagssleg mótunarhyggja á sér nokkra sögu og langa hefð innan félagsfræði og mannfræði. Til að skýra betur hvað átt er við hér vísar höfundur til orða Kristin G. Esterberg, sem segir að mótunarhyggja snúist meðal annars um félagsmótun þar sem félagslegur veruleiki er mótaður af gerendum. Gerendurnir eru áhrifavaldar í eigin umhverfi og umhverfið hefur áhrif á þá. Esterberg segir: „Einstaklingar hegða sér gagnvart öðru fólki eða fyrirbærum út frá skilningi sem þeir leggja í annað fólk og fyrirbæri vegna slíkra mótunaráhrifa.“³⁵³ Til að skýra þetta betur er vísað í orð Alexander Wendt, stjórnmálafræðings og prófessors við Ohio State University en hann segir: „sjálfsmynd (e. *identity*) einstaklinga mótast af félagslega mótuðum veruleika þeirra en sjálfsmyndin er þó margskipt eftir því hvaða hlutverk einstaklingurinn leikur hverju

³⁵² Hennink, Hutter og Bailey, *Qualitative Research*, 218–219.

³⁵³ Esterberg, *Qualitative Methods*, 15.

sinni.³⁵⁴ Þannig er félagslegur veruleiki flæðandi ferli og í því ljósi mótast veruleikinn í samræmi við nýja þekkingu og túlkanir. Þekkingin finnst ekki heldur er hún mótuð.³⁵⁵

Með orðum Sigríðar Halldórsdóttur er fyrirbærafræði „rannsóknaraðferð sem fær reynslu fólks að láni og leitast við að sjá lífið eins og þátttakendur sjá það. Mannlega reynslu er ekki hægt að mæla eða gera tilraunir með en hana má reyna að skilja.“³⁵⁶ Það er ekki hluti af fyrirbærafræðinni að alhæfa um eitt eða neitt en markmiðið er að fá meiri þekkingu á þeim fyrirbærum sem eru rannsökuð. Þegar aðferðinni er beitt í viðtölum „er stuðst við hálfopin viðtöl (e. *semi structured interviews*) og samræður teknar upp á hljóðband, myndband eða stuttar frásagnir af eigin reynslu skrifaðar.“³⁵⁷

Fyrirbærafræðin er oft talin eiga sér rætur í heimspeki Edmunds Husserl sem lagði áherslu á að rannsaka mannleg fyrirbæri. Með aðferðinni er leitað að undirliggjandi merkingu þeirrar reynslu sem unnið er með. Heidegger lagði áherslu á að ekki væri hægt að rannsaka fyrirbæri nema með túlkun af hálfu rannsakanda og kallaði aðferðina túlkandi fyrirbærafræði (e. *interpretative phenomenology*). Paul Ricoeur tengdi síðan saman fyrirbærafræði og túlkunarfræði. Hans skoðun var að hvorug aðferðin gæti án hinnar verið.³⁵⁸ Í rannsóknum sem eru fyrirbærafræðilegar eru í úrtaki gjarnan „valdir einstaklingar sem hafa bæði dæmigerða reynslu af fyrirbærinu og einnig það sem kalla mætti ódæmigerða reynslu af því og þannig er meðvitað reynt að koma í veg fyrir að úttak sé einsleitt.“³⁵⁹ Hér er nefnt sem dæmi mikilvægi þess að velja öll kyn þegar það á við.³⁶⁰ Creswell bendir á að það þurfi að afla gagna frá viðmælendum sem hafa reynslu af viðfangsefninu eða fyrirbærinu sem verið er að rannsaka. Gagnagreining fyrirbærafræðinnar byggir á því að greina bita úr gögnum og flokka þá eftir hugmyndum og þeim sem unnið er með. Síðan er leitað að mögulegum merkingum og litið á öll hugtök sem jafnmikilvæg. Áríðandi er að rannsakendur láti reyna á eigin hugmyndir en treysti jafnframt á það sem viðmælendur hafa að segja.³⁶¹

Snæfríður Þóra Egilsson og Hanna Björg Sigurjónsdóttir, prófessorar í fötlnarfræðum við Háskóla Íslands, segja að þegar fyrirbærafræði er nýtt við rannsóknir séu viðtöl rituð upp og prentuð út. Síðan er stuðst við fyrirbærafræðilegar aðferðir við að finna og greina þemu og tengsl í viðtölum. Við greiningu leitar rannsakandi að endurtekningum eða munstri í textanum og/eða þemum sem koma endurtekið fram og gefa því mögulega svör við rannsóknarspurningunni. Tíðni þema í textum eru mikilvæg við greiningu og algengt að nokkur þemu komi greinilega í ljós við fyrsta yfirllestur. Hver blaðsíða fyrir sig er greind og upplýsingar

³⁵⁴ A. Wendt, „Anarchy is what States Make of it,“ *The Social Construction of Power Politics, International Organization* 46, nr. 2 (1992):397–398.

³⁵⁵ Wendt, „Anarchy is what,“ 397–398.

³⁵⁶ Sigríður Halldórsdóttir, „Fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferð,“ í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstj. Sigríður Halldórsdóttir (Háskólaútgáfan, 2021), 281–297.

³⁵⁷ Sigríður Halldórsdóttir, „Fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferð,“ 281–297.

³⁵⁸ Sigríður Halldórsdóttir, „Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir,“ í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstj. Sigríður Halldórsdóttir (Háskólaútgáfan, 2021), 200–201.

³⁵⁹ Sigríður Halldórsdóttir, „Fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferð,“ 264.

³⁶⁰ Sigríður Halldórsdóttir, „Fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferð,“ 264.

³⁶¹ John W. Creswell, *Qualitative Inquiry and Research Design: Choosing among Five Traditions* (Sage Publications, 2013), 57–62.

og hugtök sem koma fram eru rituð niður.³⁶² Creswell bendir á að hugtök séu flokkuð og að síðan sé unnin lýsing á reynslu viðmælanda og merkingu hennar.³⁶³

Hér að framan er samantekt á þeirri túlkunarfræðilegu nálgun er höfundur hefur leitast við að tileinka sér. Veruleiki hans er annar en veruleiki viðmælanda, jafnvel þótt ákveðnir skyldleikar geti verið með hugmyndum þeirra. Þrátt fyrir eigin reynslu gerir höfundur sem rannsakandi sér grein fyrir að reynsla annarra er ólík hans. Mikilvægt er við úrvinnslu rannsóknar að geta skynjað og mögulega skilið að einhverju leyti upplifanir og reynslu annarra í þeim málum sem fengist er við. Þannig verða hálfopnar spurningar, aðleiðsla og fyrirbærafræði til þess að höfundur geti greint þau gögn sem til urðu í viðtalsrannsókninni og nýtt þau til að finna og setja fram svör við rannsóknarspurningu ritgerðarinnar. Í svo persónulegu og flóknu verkefni er áriðandi að huga að gæðum og siðferðilegum álitamálum er upp geta komið.

3.2.4 Siðferði og gæðamat rannsókna

Þegar unnið er með persónuleg og jafnvel viðkvæm gögn eins og þau sem fást í viðtalsrannsóknnum er áriðandi að gæði rannsóknarinnar og siðferðileg viðmið séu fullnægjandi. Huga þarf að siðferðilegum og aðferðafræðilegum álitamálum með ábyrgum hætti. Að sama skapi eru gæði rannsókna og gæðamat þættir sem mikilvægt er að hafa í hávegum í ferli rannsóknar og úrvinnslu hennar.

Margrét Hrönn Svavarsdóttir, dósent, og Sigríður Halldórsdóttir, prófessor, sem áður hafa verið kynntar fjalla um gæðamat í eigindlegum rannsóknnum. Þær ræða um þrjú lykilhugtök sem tengjast gæðamati rannsókna: áreiðanleiki (e. *reliability*), réttmæti (e. *validity*) og hlutlægni (e. *objectivity*).³⁶⁴ Réttmæti er sett fram í tveimur myndum. Innra réttmæti (e. *internal validity*) gefur til kynna hvort gögn og niðurstöður eru raunsönn í samhengi við þann veruleika sem rannsóknin beinir sjónum sínum að.³⁶⁵ Höfundur þurfti að vinna með þetta atriði en sem dæmi þá þróaðist viðtalsramminn í ferli rannsóknarinnar vegna þess samhengis er varð til í viðtölum hennar. Þannig nýttist það höfundi afar vel að geta speglað gögn og niðurstöður með því að nýta mér réttmætishugtakið. Mat þeirra Margrétar og Sigríðar er að mikilvægt sé að skoða hvaða sjónarmið það eru sem endurspeglast í rannsókninni, þ.e. sjónarmið viðmælanda, rannsakanda eða þeirra beggja.³⁶⁶ Hafa þarf í huga hvort reynsla og tjáning viðmælanda komi fram með trúverðugum hætti og hvort þeir sem lesa niðurstöður rannsóknarinnar geti tengt við þá reynslu er þar kemur fram.³⁶⁷ Í samhengi við framangreint lagði höfundur áherslu á að skoða eigin viðhorf og upplifanir í tengslum við útkomu rannsóknarinnar með það í huga að tryggja að raddir viðmælanda væru kjarni þess er þar

³⁶² Snæfríður Þóra Egilson og Hanna Björg Sigurjónsdóttir, „Grunduð kenning í anda félagslegrar mótunarhyggju,“ í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstj. Sigríður Halldórsdóttir (Háskólaútgáfan, 2021), 340–343.

³⁶³ Creswell, *Qualitative Inquiry*, 61–68.

³⁶⁴ Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, „Réttmæti og áreiðanleiki,“ 222–225.

³⁶⁵ Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, „Réttmæti og áreiðanleiki,“ 222–225.

³⁶⁶ Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, „Réttmæti og áreiðanleiki,“ 222–225.

³⁶⁷ Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, „Réttmæti og áreiðanleiki,“ 222–225.

kæmi fram. Ytra réttmæti (e. *external validity*) lýtur að því að niðurstöður þurfi að geta átt við samhengi utan rannsóknarinnar sjálftrar og einnig að þær séu í samhljómi við þau gögn er liggja henni til grundvallar.³⁶⁸ Höfundur var með það í huga allan tímann sem unnið var með gögnin og lagði þannig áherslu á að hægt væri að skilja það sem fjallað er um í útkomu rannsóknarinnar.

Henning, Hutter og Bailey leggja mikla áherslu á gæðamat í eigindlegum rannsóknum. Þau telja mikilvægt að rannsókn sé túlkandi (e. *interpretive*) og að hún sé staðsett innan þess túlkunarramma sem settur hefur verið.³⁶⁹ Rannsóknin á að vera viðeigandi og það er mikilvægt að rannsakandi líti til og ræði huglægni (e. *subjectivity*) rannsóknarinnar.³⁷⁰ Tryggja þarf að rannsóknarspurningar eigi við eigindlega rannsóknaraðferð.³⁷¹ Helga Jónsdóttir bætir við þetta en hún segir að í ljósi þess að viðtöl eru samskipti á milli fólks sé vafasamt að tryggja réttmæti þeirra með einhvers konar tæknilegum aðferðum. Vinnubrögð rannsakanda eru lyklatríði í því samhengi. Hann þarf að vera „heiðarlegur og nákvæmur og fylgja þeim aðferðalegu og fræðilegu forsendum sem lagt var upp með í rannsókninni.“³⁷² Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir segja að þegar vísað er til áreiðanleika í rannsóknum sé átt við traust. Rannsókn þarf að vera trúverðug. Niðurstöður annars rannsakanda sem færi sömu leið með viðkomandi gögn ætti þannig að vera áþekk þeim niðurstöðum er fyrir liggja. Litlar líkur séu þó á því að tveir ólíkir fræðimenn sem vinni með sömu gögn komist að sömu niðurstöðum þrátt fyrir að finna megi líkindi.³⁷³ Þriðja hugtakið sem notast er við í gæðamati er hlutlægni. Lyklatríðið er að höfundur skilji hverjar forsendur hans eru og gæti að því að vera hlutlaus í niðurstöðum rannsóknarinnar. Þannig er mikilvægt að höfundur láti eigin skoðanir liggja eins mikið á milli hluta og kostur er.³⁷⁴

3.2.5 Persónuvernd

Hluti af því að tryggja gæði rannsóknar er að gæta vel að því að skoða og leysa öll siðferðileg álitamál er upp geta komið á rannsóknarferlinu. Að sama skapi þarf að gæta vel að þeim þáttum er tryggja öryggi þátttakenda í rannsókninni. Viðmælendur rannsóknarinnar fjalla um viðkvæm mál og tilheyra fámennri fastétt og því er afar mikilvægt að tryggja að ekki sé hægt að rekja neitt til þeirra. Hér að neðan er greint frá siðferðilegum atriðum er tengjast rannsókn ritgerðarinnar.

Höfundur hafði samband við Persónuvernd í október 2019 varðandi það hvort tilkynna þyrfti viðtalsrannsókn vegna doktorsverkefnis. Í fyrirsurninni kom fram að verið væri að vinna að doktorsritgerð sem byggði á eigindlegri rannsókn þar sem tekin væru viðtöl við starfandi presta innan þjóðkirkjunnar og mögulega við blandaðan rýnihóp (í samráði við leiðbeinanda var hætt við rýnihópsrannsókn þar sem hún var ekki talin nauðsynleg fyrir verkefnið). Í fyrirsurninni var tiltekið að til að halda trúnað við viðmælendur og gæta þess að ekki kæmu fram persónurekjanlegar upplýsingar hefði persónulegum atriðum viðmælenda í rannsókninni verið breytt. Einnig kom fram

³⁶⁸ Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, „Réttmæti og áreiðanleiki,“ 222–225.

³⁶⁹ Hennink, Hutter og Bailey, *Qualitative Research*, 26.

³⁷⁰ Hennink, Hutter og Bailey, *Qualitative Research*, 26.

³⁷¹ Hennink, Hutter og Bailey, *Qualitative Research*, 26.

³⁷² Helga Jónsdóttir, „Viðtöl í rannsóknum,“ 162–163.

³⁷³ Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, „Réttmæti og áreiðanleiki,“ 222–225.

³⁷⁴ Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, „Réttmæti og áreiðanleiki,“ 222–225.

að allir þátttakendur í rannsókninni hefðu gefið skriflegt samþykki fyrir þátttöku. Ástæða þess að erindið var sent var sú að á þessum tíma hafði höfundur hugmyndir um að bæta rýnihóp við rannsóknina. Höfundur vildi vita fyrir víst hvort það hefði áhrif á leyfisveitingar Persónuverndar að slíkum hóp yrði bætt við. Í svarinu sem barst var vísað til laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga en í þeim lögum var tilkynningarskyldan felld úr gildi. Ekki þarf lengur að tilkynna „ýmsa vinnslu persónuupplýsinga til Persónuverndar. Leyfisskylda á ákveðinni tegund af rannsóknum er til staðar og má finna upplýsingar um það hvenær er nauðsynlegt að sækja um leyfi á vefsíðu Persónuverndar.“³⁷⁵

Í svari Persónuverndar þann 17. október 2019 kom fram að ef vinnsla persónuupplýsinga byggðist á upplýstu samþykki eða fyrirmælum laga væri hún ekki háð heimild Persónuverndar³⁷⁶ og fulltrúi Persónuverndar hafði áður greint höfundi frá því að rannsóknin sem til stóð að framkvæma væri þess eðlis að ekki þyrfti að tilkynna hana. Höfundur kynnti sér reglugerðarverk siðanefndar háskólanna um vísindasiðferði til hlítar og lagði áherslu á að fylgja þeim reglum og vinnubrögðum sem þar eru kynnt. Siðareglur háskólanna eiga að vera rammi utan um rannsóknarstarfið og er afar áriðandi að fylgja þeim í hvítetna. Í reglunum er meðal annars fjallað um grunnildi rannsókna, eins og virðingu fyrir manneskjunn, velferð þátttakanda, lágmörkun allrar áhættu og að gæta réttlætis, ástunda heiðarleika og vönduð vísindaleg vinnubrögð.³⁷⁷

Höfundur gætti að því við rannsóknarvinnuna að leggja áherslu á að standa vörð um mannlega reisu þátttakenda. Þetta var gert með því að virða skoðanir þeirra og rétt til að bregðast við með sínum hætti, tryggja frelsi þeirra, sjálfsákvörðunarrétt og standa vörð um friðhelgi þeirra. Þátttakendur voru upplýstir um alla þætti rannsóknarinnar og þeir hvattir til þess að spyrja ef þeir vildu frekari upplýsingar varðandi rannsóknarvinnuna. Höfundur upplifði ofangreinda þætti sem mjög mikilvæga og þyrfti að vanda sig verulega við þessi atriði. Lögð var áhersla á að þekkja og virða trúnaðarskyldur rannsakanda gagnvart þátttakendum og meðferð rannsóknargagna. Komið hefur fyrir við vinnslu á útkomu rannsóknarinnar að höfundur hafi rekist á textabrot sem hann hefur fjarlægð úr viðtölum þar sem mögulegt er að einhver sem þekkti viðkomandi viðmælanda gæti reiknað út hver hann væri. Í nokkur skipti fannst höfundi þetta erfitt þar sem um var að ræða setningarbrott sem hann hefði viljað halda inni. Lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga skal fylgja í hvítetna.

Allt er lýtur að vísindasiðferði er grundvallaratriði rannsóknarvinnu. Þar þarf að ígrunda hvert spor og vera stöðugt vakandi yfir því að ekkert fari úrskeiðis.³⁷⁸ Annað atriði sem höfundi þótti

³⁷⁵ Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Persónuverndar: https://llm.is/starfssvid/personuvernd/?gclid=CjwKCAjwq9mLBhB2EiwAuYdMtUnWy8_Fv5zYVClb4qocEY5hd92foZsu4Ab80r0Zijnpc6JunQitRoC7hwQAvD_BwE

³⁷⁶ Tölvupóstur varðveittur af rannsakanda.

³⁷⁷ Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst, Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Hólum, „Siðareglur háskólanna um vísindarannsóknir,“ (2020). Sótt 09.09.2024 af https://www.hi.is/sites/default/files/ame18/reglur_sidanefnd_hv_5_nov_2020.pdf

³⁷⁸ Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

nokkuð snúið, sérstaklega í upphafi viðtala, var að virða skoðanir, gildismat og í raun menningu viðmælenda en um þessi atriði er fjallað í siðareglum háskólanna um vísindarannsóknir. Þetta þótti höfundur erfitt í fyrstu þar sem skoðanir og gildismat hans var jafnvel á öndverðum meiði við það sem fram kom hjá viðmælendum. Þá þurfti höfundur að vanda sig sérstaklega við að hafa ekki áhrif á það sem var sett fram.

Hér að framan hefur verið fjallað um helstu atriði er tengjast gæðamati rannsókna og vísindasiðferði. Trúverðugleiki og nákvæmni eru hluti grunnstoða í rannsóknum og því mikilvægt að fylgja þeim reglum og viðmiðum sem hafa verið kynnt hér að framan. Til að kynna það með hvaða hætti var unnið með þessa þætti rannsóknarinnar verður í næsta undirkafla fjallað um framkvæmd hennar og vinnslu.

3.2.6 Þátttakendur - ekki þversnið

Í ljósi þess að heiti undirkaflans er, þátttakendur – ekki þversnið, vill höfundur áréttta að viðmælendur rannsóknarinnar eru þátttakendur í rannsókn en ekki þversnið af prestastéttinni. Þannig verða til í viðtalsrannsókninni átta einstök sjónarhorn, átta viðmælenda á þau mál sem um er fjallað í ritgerðinni.

Eftir að hafa ígrundað siðferðileg álitamála beinir höfundur nú sjónum að þeim viðmælendum sem voru valdir í rannsóknina. Markhópur rannsóknarinnar voru starfandi prestar innan íslensku þjóðkirkjunnar sem höfðu starfsreynslu af prestsþjónustu og höfðu verið starfandi á hruntímanum sem upphaflega átti að vera viðmiðunartímabil rannsóknarinnar. Áhersla var lögð á að ná til presta með reynslu úr misstórum sóknum, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Þessi afmörkun var valin með það að markmiði að tryggja að viðmælendur hefðu persónulega reynslu af þeim samfélagslegu og kirkjulegu aðstæðum sem rannsóknin fjallar um. Haft var samband með tölvupósti við presta sem höfundur og leiðbeinandi hans töldu að uppfylltu þessi skilyrði. Úrtakið var því markvisst en ekki slembiúrtak. Samsetning viðmælendahópsins mótaðist að hluta af þeim sem samþykktu þátttöku, leitast var við að halda jafnvægi hvað varðaði kyn, aldur og starfsreynslu innan þess ramma.

Átta prestum var boðin þátttaka í rannsókninni. Af þeim afþökkuðu tveir þátttöku og tveir hættu við eftir að hafa samþykkt. Í þeim tilvikum var leitað til annarra presta sem uppfylltu sömu grunnskilyrði, þar til markmiðum rannsóknarinnar um fjölbreytni og dýpt gagna var náð. Útskýrt var fyrir prestunum hvað myndi felast í þátttöku. Þeir brugðust flestir fljótt og vel við beiðni um þátttöku. Þegar kom að því að bóka viðtöl reyndust sumir þátttakendanna eiga erfitt með að finna lausan tíma en um síðir greiddist úr því. Prestarnir störfuðu í þéttbýli, þó í ólíkum prestaköllum en höfðu jafnframt allir starfað á landsbyggðinni. Söfnuðir þeirra voru misstórir og á margan hátt ólíkir. Höfundur þekkti viðmælendur ekki persónulega en kannaðist við þá flesta.

Fjöldi viðmælenda var ákveðinn með hliðsjón af eðli eigindlegra rannsókna og markmiðum hennar um dýpt fremur en breidd. Í samráði við leiðbeinanda var ákveðið að átta viðmælendur veittu nægjanlega breidd og dýpt í gagnasafni til að svara rannsóknarspurningunni enda komu endurtekin þemu skýrt fram í greiningunni.

Viðtölin voru framkvæmd í tvennu lagi á tímabilinu nóvember 2015 – janúar 2016. Allir viðmælendur komu tvisvar í viðtal. Tíminn á milli fyrra og seinna viðtals var að jafnaði einn og hálfur

mánuður. Tekin voru tvö hálfstöðluð viðtöl við hvern prest. Ákvörðun um tvö viðtöl var tekin með það í huga að stuðla að frekari dýpt og stöðugleika gagnanna. Fyrri viðtalið byggði á fyrri viðtalsramma og miðaði að því að kortleggja starfsreynslu og almenna upplifun prestanna af prédikun á álagstímum. Seinna viðtalið byggði á seinni viðtalsramma og fór dýpra í þau þemu sem komu fram í fyrri viðtalinu.

Val þátttakenda miðaðist við reynslu presta af hruntímabilinu árin 2002-2013, aðdraganda þess, hruninu sjálft og eftirleik þess, þar sem það markar skýrt stórt, tímasett samfélagslegt áfall sem allir viðmælendur gátu tengt við. Kirkjuleg og samfélagsleg álitamál, Kristnitökuháttíðin á Þingvöllum, biskupsmálið og umræða um ein hjúskaparlög komu síðan fram í viðtölunum sem mikilvægur hluti af reynslu og mótun á upplifun presta af átakatímum, þótt þau væru ekki notuð sem afmörkunarskilyrði við val þátttakenda.

Þegar fjallað verður um prestana sem tóku þátt í viðtalsrannsókninni verður leitast við að ræða sem oftast um þá sem viðmælendur. Þetta er gert til að leggja áherslu á að jafnvel þótt þeir hafi allir verið starfandi prestar þá eru þeir ekki fulltrúar allrar prestastéttarinnar. Einnig verður leitast við að leyfa persónum þeirra að koma fram þegar vitnað er í texta þeirra. Þrátt fyrir að þessir aðilar séu hvort tveggja karlkyns og kvenkyns verður rætt um þau í karlkyni. Prédikarar, viðmælendur og prestar eru í karlkyni og önnur kynjuð orð sem vísa til þeirra (s.s. persónufornöfn og lýsingarorð) þar af leiðandi einnig.

Þegar þátttakendur voru valdir var það haft í huga að viðtölin myndu endurspegla upplifanir og reynslu presta í prédikun á átakatímanum. Til þess að fá heildstæðari mynd var haft í huga að viðmælendur væru ekki allir með sama bakgrunn, jafnvel þótt þeir hafi svipaða menntun og sinni mjög líku starfi. Höfundur ræddi það við leiðbeinanda sinn í upphafi rannsóknar hvort valið á þátttakendum væri of einsleitt og gæti þar af leiðandi haft áhrif á þær ályktanir er dregnar yrðu af niðurstöðum ritgerðarinnar. Niðurstaða samtalsins var að svo væri ekki í ljósi þess að leitað væri markvisst eftir ákveðnum forsendum við valið. Starfandi prestar á höfuðborgarsvæðinu væru alltaf tiltölulega fáir og með því að gæta þess að hafa aldurs- og kynjadreifingu innan hópsins væri verið að tryggja það að ákveðinn fjölbreytileiki væri til staðar. Mat höfundar er að samsetning hóps í viðtalsrannsókn muni alltaf hafa áhrif á þær ályktanir sem dregnar verði af efninu. Höfundur ígrundaði það hvort samsetning hópsins í þessari doktorsritgerð veikti hana að einhverju leyti. Niðurstaðan var að svo væri ekki. Innan hópsins er fjölbreytileiki sem tryggir misjöfn sjónarhorn þrátt fyrir að viðmælendur hafi að ákveðnu leyti starfað við sambærilegar aðstæður á átakatímanum. Hver viðmælendanna tjáir það sem um er rætt með sínum hætti og enginn þeirra talar fyrir viðmælendahópin eða prestastéttina sem einhvers konar heild. Höfundur áréttar að viðmælendur eru ekki þversnið prestastéttarinnar heldur átta fagmenntaðir einstaklingar hver með sitt sjónarhorn og viðhorf sem birtast í viðtalsrannsókninni.

Áður en viðtöl hófust gerði höfundur viðmælendum grein fyrir tilgangi rannsóknarinnar og framkvæmd hennar. Viðmælendur voru upplýstir um með hvaða hætti trúnaðar yrði gætt við framkvæmd rannsóknarinnar. Allt yrði gert til að þátttakendur yrðu ekki persónurekjanlegir og gögnum eytt eftir að úrvinnsla hefði átt sér stað. Val á viðmælendum tók nokkurn tíma. Samkvæmt réttmætishugtakinu snýst ytra réttmæti um að rannsakendur geri allt það sem þeir geti til að tryggja sannleiksgildi þeirra upplýsinga er fram koma í viðtalsrannsókn. Það getur leitt til þess að

breyta þurfi eða jafnvel sleppa smærri atriðum í svörum viðmælenda.³⁷⁹ Höfundur hefur nýtt sér réttmætissjónarmið með það í huga að fella í burtu atriði í svörum viðmælenda sem gætu verið persónugreinanlegar. Ráðstafanir voru gerðar til að ekki væri hægt að persónugreina þátttakendur rannsóknarinnar. Þeir eru allir kynntir til leiks með gervinöfnum og sömuleiðis var öðrum persónuupplýsingum breytt til að tryggja nafnleynd og koma í veg fyrir að lesendur gætu fundið út úr því hverjir viðmælendurnir eru eða rakið þær upplýsingar er fram koma í útkomu viðtalsrannsóknarinnar.

Jafnræðis var gætt í kynjahlutfalli og aldursdreifing var einnig með þeim hætti að prestarnir spegla ólíka aldurshópa. Litið var til þess að meðlimir hópsins hefðu látið að sér kveða að einhverju marki í umræðu um þjóðmál. Höfundur gekk úr skugga um að mögulegir viðmælendur hefðu komið prédikunum og öðru efni á framfæri á opinberum vettvangi. Allir virtust þeir hafa látið málin sem eru í forgrunni ritgerðarinnar varða sig (hrunið, biskupsmálið, ein hjúskaparlög). Síðar kom í ljós að skoðanir þeirra voru ekki þær sömu þótt í ákveðnum atriðum væru líkindi með þeim hjá sumum þátttakendum. Með þessu móti var litið til reynslu prestanna á viðfangsefni rannsóknarinnar og því má segja að valið hafi byggt á aðferðafræði fyrirbærafræðinnar.³⁸⁰

Rætt var um hvort viðmælendur mynduðu þversnið prestastéttarinnar en niðurstaðan var sú að í ritgerðinni ekki væri um það að ræða. Rétt er að taka fram að þrátt fyrir að prestarnir sem völdust í hópinn hafi verið starfandi á höfuðborgarsvæðinu á áttatíma höfðu þeir einnig reynslu af því að hafa starfað um skemmri eða lengri tíma á landsbyggðinni. Strax í upphafi var áhersla á að nafnleyndar yrði gætt í hvívetna. Til að tryggja trúnað gagnvart viðmælendum var ákveðið að gæta þess að birta ekki persónurekjanlegar upplýsingar. Einnig var ákveðið að birta takmarkaðar upplýsingar varðandi val á viðmælendum og forsendur þess sem gætu annars leitt til þess að hægt væri að finna út úr því hverjir viðmælendurnir eru. Mögulegar vísbendingar sem gætu falið í sér rekjanleika á persónum hafa verið fjarlægðar úr birtum viðtalsbrotum.

3.2.7 Framkvæmd, gagnaöflun og greining gagna

Í eftirfarandi kafla er fjallað um undirbúning rannsóknarinnar, gagnasöfnun og gagnagreiningu. Höfundur vísar hér á nokkrum stöðum til heimilda þar sem hann telur ástæðu til þrátt fyrir að hann sé að lýsa eigin verkferli. Þetta er gert til sýna að vinnubrögð hafi uppfyllt kröfur um gott vinnulag og vísindasiðferði rannsókna.

Undirbúningur viðtalsrannsóknarinnar hófst vorið 2015. Gagnasöfnun hófst í nóvember 2015 og lauk í janúar 2016. Safnað gagna magn viðtalsrannsóknarinnar nam 190 A-4 blaðsíðum og voru 295 mínútur á diktafón. Eftir yfirferð og vinnu með viðtalsgögnin sat eftir 171 blaðsíða. Viðvera við viðtalsvettvang var um það bil fimmtán klukkustundir og afritunartími gagna var 75–90 klukkustundir. Ný siðferðileg vandamál komu ekki upp meðan á framkvæmd viðtalsrannsóknarinnar stóð.³⁸¹ Verkefnið var undirbúið með hugmyndavinnu þar sem drög að rannsóknarspurningum og upphaflegu efni ritgerðarinnar var rætt. Eftir undirbúning og vinnu við

³⁷⁹ Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, „Réttmæti og áreiðanleiki,“ 222–225.

³⁸⁰ Creswell, *Qualitative Inquiry*, 57–62.

³⁸¹ Sigríður Kristinsson, „Grunnþættir í siðfræði rannsókna,“ í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstj. Sigríður Halldórsdóttir (Háskólaútgáfan, 2021), 99–100.

viðtalsramma og rannsóknaráætlun var farið af stað með að velja viðmælendur og senda þeim beiðni um þátttöku í rannsókninni. Hugmynd um kenningakafla var reifuð með það í huga að fræðilegur grunnur væri til staðar svo að mögulega yrði hægt að bæta við þær kenningar og þau hugtök sem unnið er með í ritgerðinni.

Áhersla var lögð á að rannsóknin uppfyllti öll sett skilyrði um framkvæmd rannsókna, t.d af hálfu Persónuverndar, Háskóla Íslands og siðareglna háskólanna. Viðmælendur voru upplýstir um að nöfnum þeirra yrði breytt og þeir beðnir um að undirrita samþykkis- og trúnaðaryfirlýsingu. Skýrt var að viðmælendur gætu hætt við þátttöku í rannsókninni og að þeim væri í sjálfsvald sett hvort og þá hvaða spurningum þeir svörðu. Þeim var kynnt að hugmyndin væri að fá að kynnast upplifun þeirra, þekkingu og reynslu af átakatímanum. Viðtölin voru öll hljóðrituð með leyfi viðmælanda og afrituð orðrétt í skjal í tölvu. Athugasemdir rannsakanda voru færðar inn jafnóðum og viðtöl voru afrituð.

Viðtöl rannsóknarinnar tóku, eins og fram er komið, aðra stefnu en höfundur hafði séð fyrir sér. Viðmælendur höfðu ólíkar áherslur og skoðanir og voru notaðar hálfopnar spurningar til að tryggja framgang viðtala. Farsælt reyndist að þekkja viðtalsrammana mjög vel en þeir voru fyrst og síðast til hliðsjónar fyrir rannsakandann. Með því móti fékkst samfella í viðtölin sem höfundur upplifði að styrkti hann við að skapa traust gagnvart viðmælendum. Áherslur viðmælanda í viðtölunum voru nokkuð misjafnar og hafði það áhrif á þróun hvers viðtals fyrir sig. Viðtalsrammarnir voru gerðir með hliðsjón af rannsóknarspurningu og markmiðum sem tóku töluverðum breytingum á vinnslutíma viðtalanna. Rannsóknarspurning tóku breytingum allan tímann sem viðtölin voru unnin. Markmið rannsóknarinnar breyttist að því leyti að rannsóknin varð hnitmiðaðri og efni hennar afmarkaðra eftir því sem leið á verkefnið.

Unnið var með rannsóknargögn með það að markmiði að leita uppi þemu og flokka sem kæmu endurtekið fram í viðtölum. Þegar endurtekin þemu fundust voru þau kóðuð. Þegar unnið er með kóðun er texti lesinn og kjarni hans dregin fram og merktur sem kóð. Kóðun var framkvæmd með þeim hætti að farið var yfir gögn með eitt þema í huga á hverjum tíma. Dýpri skilningur á tengslum ólíkra þema fékkst með þeirri leið. Við kóðun á viðtölum var margsinnis farið yfir þau á skipulegan hátt. Litamerkingar og/eða athugasemdir og merkingar voru notaðar við greiningar á þeim þemum sem komu fram. Með því var hægt að greina endurtekningar eða mynstur sem bentu ítrekað á þau þemu sem unnið er með í ritgerðinni. Nokkur undirþemu, svokallaðar stoðir við aðalþemu, fundust sem staðfestu að vinna með þemu væri á réttri leið.

Höfundur vann með gagnagreiningu jafnóðum og fann helstu hugtök og þemu sem fram komu í viðtölunum. Leitast var við að hafa uppi á tengslum á milli hugtaka og þema. Með þeim hætti var leitað að sameiginlegum fleti og þau þemu dregin fram sem oftast birtust. Sum þeirra komu ítrekað fram og endurspegluðu þannig líkindi í viðmælandahópnum. Upplýsingamagn í viðtölum kom rannsakanda á óvart. Höfundur gerði athugasemdir við tilvitnanir og vann þannig úr þeim jafnóðum. Helstu niðurstöður eru skoðaðar í samantekt í lok undirkafla sem fjalla um þemu rannsóknarinnar. Aðferðir við greiningu voru ólíkar á tímabilinu. Höfundur reyndi að nota litagreiningar á kóðum en fannst það ekki vinna með sér. Honum fannst það frekar ruglandi þar sem hann á stundum erfitt með að vinna með liti af persónulegum ástæðum sem verða ekki tilgreindar hér.

Oftast notaðist höfundur við athugasemdir í Word eða þá handskrifaðar athugasemdir þegar tölvupól hans var lítið. Sumt skrifaði höfundur hjá sér í minnisbók. Aðferðirnar þróuðust á vinnslutímanum og stundum leið alllangur tími á milli greininga. Höfundur hafði ólíkar skoðanir á því yfir vinnslutímann hvernig faglegast og þægilegast væri að vinna með kóðanir og athugasemdir.

Í lokaferli við úrvinnslu viðtalsrannsóknarinnar hafði höfundur marglesið viðtölin og kóðunina og breytt mörgu. Höfundur áttaði sig á því að árin sem höfðu liðið á vinnslutíma verksins höfðu breytt sýninni á verkið verulega. Stundum upplifði hann að spurningarammarnir væru ómögulegir, að spurningarnar væru út í hött og að þær pössuðu ekki vel inn í það sem hann var að fást við á þeim tímapunkti. Oftast var um að ræða upplifun rannsakanda sem byggðist þá á dagsformi eða líðan hverju sinni. Slíkt er eðlilegur hluti eigindlegra rannsókna og einnig það að viðtalsrammar þróist með verkefninu og að einstaka spurningar eða framsetning þeirra geti breyst.

Viðtalsrammi þessarar rannsóknar var hafður til viðmiðunar (sjá nánar umfjöllun um viðtalsrammann í undirkaflanum um takmarkanir rannsókna) en hugsunin var að hafa í honum spurningar sem gætu ýtt undir framsögu prestanna. Ramminn þróaðist og tók breytingum út frá þeim og gögnum. Miðað var við að hafa spurningar opnar með það í huga að nálgast frásögn viðmælanda um efni rannsóknarspurningarinnar sem einnig þróaðist og breyttist á rannsóknartímanum. Höfundur nýtti viðtalsrammann til að halda utan um það hvort samtalið héldist innan þess efnis sem sneri að rannsókninni. Höfundur leitaðist við að styðja við frásögn með áhuga, virðingu og virkri hlustun og spyrja þegar það átti við. Viðtalsrammi rannsóknarinnar var fyrst og fremst til viðmiðunar. Með því að nýta opinn ramma og leyfa honum að þróast fékk höfundur tækifæri til að nýta sér „hvað og hvernig“ spurningar til að tengja atburði og upplifanir. Þessi aðferðafræði leiddi til þess að hægt var að nálgast fyrirbæri er fram komu með því að hvetja viðmælanda með spurningum til að skilgreina og dýpka mál sitt.

Eftirfarandi eru samanburðardæmi um spurningar úr viðtalsrömmunum tveimur sem notaðir voru við rannsóknina:

Viðtalsrammi 1:

-Fyrir hverja er prédikunin skrifuð (kirkjugesti, samfélagsmiðla, fjölmiðla)?

Viðtalsrammi 2:

-Mig langar að biðja þig í upphafi samtals okkar að ræða við mig um stöðu prestsins sem samvisku safnaðarins í prédikunum og boðun út frá aðdraganda hrunsins, hruninu sjálfu og eftirleik þess. Hvernig brást þú sjálf/ur við græðgissvæðingunni/einstaklingshyggjunni og afleiðingum hennar sem má líkja við siðrof í þínum prédikunum og framsetningu á þessum tíma?

Viðtalsrammi 1:

-Hvað er gert til að koma henni á framfæri víðar en í guðsþjónustum o.s.frv.?

Viðtalsrammi 2:

-Í framhaldi af þessu langar mig að biðja þig að segja mér hvað þú telur að þurfi að gera til að boðun/prédikun inn í kringumstæður eins og voru í aðdraganda hrunsins nái til þeirra er á hlýða. Og í samhengi við það hvort prestar/kirkjur þurfi þá að nota aðra miðla samhliða prédikun í kirkjunni til að koma boðskapnum á framfæri.

Gagnagreining hófst strax að loknu fyrsta viðtali og hafði höfundur það í huga að hlusta eftir þeim áherslum þátttakanda er birtust í gögnunum svo hægt væri að fylgja þeim eftir og dýpka í næstu viðtölum. Sú greining hélt áfram þegar höfundur heyrði eitthvað í viðtölunum sem ekki hafði komið fram áður. Þegar ný áhersla viðmælanda birtist eða annað sem höfundur taldi gott að skoða betur í næsta viðtali breytti höfundur viðtalsrámmanum. Eftir því sem niðurstöður rannsóknarinnar komu fram áttaði höfundur sig á því að þannig virki eigindlegar rannsóknir, þær þrúst og þrúskist á vinnslutímanum og varpi ljósi á hversu misjafnar áherslur og skoðanir séu milli einstaklinga er vinna í sama fagi. Sífelld þróun og sveigjanleiki gerir eigindlegar rannsóknir áhugaverðar og spennandi að hans mati. Höfundur var vakandi fyrir því að upplifanir og framkoma fólks væru með misjöfnum hætti. Fólk elst upp við mismunandi aðstæður og reynsluheimur þess byggist á ólíkri reynslu og upplifunum í lífinu. Höfundur lagði áherslu á að vera meðvitaður um eigin reynslu, skoðanir og hugsanir um rannsóknarefnið til að reyna eins og kostur væri að losna undan eigin fyrirfram gefnum hugmyndum.

Í viðtalsrannsókninni var stefnt að því að mynda skilning á milli rannsakanda og þátttakanda sem jókst síðan eftir því sem rannsóknarverkinu vatt fram. Viðtölunum sem voru tekin við þátttakendur í rannsókninni var seinna umbreytt í texta þar sem leitað var að merkingu. Við vinnslu var leitað í gögnum hvers viðmælanda og sameiginlegum gögnum allra viðmælanda. Stutt umfjöllun um hvern viðmælanda rannsóknarinnar hefur þann tilgang að sýna þá betur sem persónur. Þannig er leitast við að sjá lengra og fá betra færi á að nálgast það sem ekki sést á yfirborðinu. Gögnin voru lesin margoft og var kóðun gagnanna opin í byrjun. Leitað var að sterkum lýsingarorðum, áherslu í tali og atburðum. Með þessu móti var reynt að finna helstu áherslur viðmælandanna. Höfundur skráði athugasemdir sínar og vangaveltur jafnóðum. Kóðar voru í kjölfarið flokkaðir til að draga þá saman sem fjölluðu um áþekka eða tengda þætti. Þannig urðu til þemu og undirþemu með úrvinnslu og talningu kóða. Leitast var við að finna samhljómi í greiningarferlinu með samanburði. Í ljós komu sameiginlegar áherslur og ólíkar upplifanir prestanna á völdum þemum í tengslum við rannsóknarspurningar verksins. Gögn voru unnin línu fyrir línu og að lokum voru fundnar vísanir sem styrktu túlkanir og þær notaðar sem tilvitnanir.

Eftir að grunngreiningu lauk valdi höfundur þá kóða sem oftast birtust og tengdi þá þemum. Þannig leitaðist hann við að leiða fram sögu viðmælanda. Með þessum hætti velur höfundur ekki sjálfur hvaða kóðar eru ráðandi eða hvernig skuli túlka það sem fram kemur heldur byggja kóðarnir á reynslu viðmælandans. Eftir opna kóðun hóf höfundur markvissa kóðun. Gögn voru marglesin og hvert þema fyrir sig skoðað. Flokkun á aðalþemum og undirþemum var gerð. Höfundur las enn og aftur gögnin og bar þau saman til þess að fá betri skilning og upplifun af þemum og undirþemum og tengingu þeirra.

Í undirkaflanum hér að framan hefur verið fjallað um framkvæmd og vinnslu rannsóknarinnar. Þar skiptir heiðarleiki og nákvæmni miklu máli og að alltaf sé haft í huga að höfundur sé fyrst og fremst eins konar miðill sem tekur á móti og sýnar þau gögn er honum er treyst fyrir. Áriðandi er að afstaða höfundar, staða hans, kyn og aðrir þættir sem geta haft áhrif á túlkun eða niðurstöður séu kynnt. Í lokakafla ritgerðarinnar er fjallað um takmarkanir rannsóknarinnar með það í huga að skoða og velta upp þeim álitamálum er fram komu við framkvæmd rannsóknarinnar.

4 Útkoma viðtalsrannsóknarinnar

Hvernig lýsa prestar í íslensku þjóðkirkjunni upplifun sinni af prédikun á tímanum fyrir og eftir hrunið? Hvaða þemu skyldu vera þeim efst í huga? Tíminn í aðdraganda hrunsins var tími ólgu á margan hátt. Mjög margir stóðu í þeirri meiningu að efnahagur Íslendinga væri í svo miklum blóma að vart þyrfti að hafa áhyggjur af efnahagsmálum framar. Rétt er að ítreka að í hugum einhverja gæti virst skammt liðið frá þessum atburðum. Þó er það alllangur tími og sem dæmi má nefna að manneskja sem var 10 ára árið 2008 gæti hæglega verið að ljúka guðfræðinámi vorið 2025. Á sama tíma voru teikn á lofti varðandi efnahagsmál þjóðarinnar. Því hefur verið haldið fram að á tímabili hafi verið dansað í kringum gullkálfinn án þess að fólk gerði sér grein fyrir því hvað var að gerast í samfélaginu. Viðvaranir heyrðust um óhóflega neyslu. Í hruninu sjálfu kom í ljós að efnahagsleg innistæða hafði ekki verið til staðar og eftirleikurinn er flestum kunnur. Yfir þjóðina riðu efnahagslegar hamfarir sem leiddu til samfélagslegs áfalls. Fjöldi fólks varð fyrir áfalli af þeim sökum. Fólk missti eigur sínar í stórum stíl.³⁸² Í þessum kafla er spurt með hvaða hætti íslenskir prestar hafi prédikað í kringumstæðum efnahagshrunsins. Viðmælendur rannsóknarinnar voru meðal annars spurðir að því hvernig þeir hefðu upplifað prédikun sína í aðdraganda hrunsins, í hruninu sjálfu og í eftirleik þess.

Í kaflanum er útkoma hinnar eigindlegu viðtalsrannsóknar kynnt. Fjallað er um viðtalsrannsóknina, aðferð hennar, framkvæmd og þátttakendur. Aðferðafræði er rifuð upp og farið yfir helstu þemu er komu fram í greiningu rannsóknargagnanna en útkoman byggir á þeim. Helstu þemun sem komu fram eru prédikun, siðrof, boðun í stafrænu rými og traust. Aðalþemunum fylgdu svo nokkur undirþemu. Nánar er greint frá aðalþemum og undirþemum í kaflanum. Útkoma kaflans byggir á viðtölum við viðmælendur rannsóknarinnar.

4.1 Viðmælendur rannsóknarinnar

Tekin voru einstaklingsviðtöl við þátttakendur í rannsókninni. Þeir eru prestar sem allir hafa starfað innan þjóðkirkju Íslands í fimm ár eða lengur. Þetta eru hvort tveggja sóknar- og safnaðarprestar. Þeir eiga það sameiginlegt að þjóna á suðvesturhorni Íslands. Kynjahlutföll eru jöfn, fjórir karlar og fjórar konur. Þau fá dulnefnin Ari, Birta, Breki, Linda, Una, Már, Erna og Hrafn. Þegar vísað er til þeirra í ritgerðinni eru nöfn þeirra skáletruð til aðgreiningar frá öðru fólki sem nefnt er. Allir þátttakendur voru orðnir fertugir eða eldri og búsettir á Íslandi þegar viðtölin voru tekin.

³⁸² Sjá nánari upplýsingar í Guðni Th. Jóhannesson, *Hrunið*.

4.2 Yfirlit rannsóknarinnar

Eftir að hafa lesið gögnin, framkvæmt orðræðugreiningu og leitað stefja er komu ítrekað fram við rannsóknarvinnuna var ákveðið að hugtakið *prédikun* væri tengt spurningum rannsóknarinnar og kom það 148 sinnum fram. Tengd atriði nefnd sérstæð eða í sömu setningum voru *flutningur prédikunar* sem kom fram 26 sinnum en í langflestum tilfellum var verið að tala um birtingu á miðlum hins stafræna rýmis, *sértæk boðun í prédikun* kom fyrir 30 sinnum, *samviska safnaðar* 24 sinnum og *sálgæsla/áföll tengd prédikun* 18 sinnum.

Hugtakið *siðrof* kom 61 sinni fram. Tengd hugtök, ýmist sérstæð eða nefnd í sömu setningu, voru *græðgi* eða *græðgisvæðing* (*græðgi* er hér í doktorsritgerðinni notað til að sameina þemun *græðgi* og *græðgisvæðing*) sem komu 38 sinnum fyrir og *hrun* kom fyrir 64 sinnum.

Hugtakið *opinbert rými* kom fram 125 sinnum. Tengd hugtök, ýmist sérstæð eða nefnd í sömu setningu, voru *samfélagsmiðlar* (Facebook, Twitter, blogg o.s.frv.) sem komu fyrir 60 sinnum og *lifandi orð* sem komu 15 sinnum fyrir. Höfundur ákvað að kalla þemað *boðun í stafrænu rými* þar sem það er lýsandi fyrir notkun hugtaksins í viðtalsrannsókninni.

Hugtakið *traust* kom 75 sinnum fram við kóðun.

Við greininguna fékk höfundur hugmyndir um tilgátur og sannreyndi þær síðan í gögnunum. Að lokum leitaði höfundur að tilvitnunum til að setja í samhengi við tilgátu og hefja skrif. Höfundur prófaði að gera þetta með ofangreindri talningu og með því að brjóta textann í búta og leita síðan að þeim kóðum sem oftast komu fram. Þessi aðferð gaf góða raun og var þetta gert í mörgum atlögum að textanum. Höfundur tryggði þannig að hann ákvæði ekki sjálfur hvaða kóðar væru valdir.

Þemur sem hér verða tekin fyrir hafa sterka tengingu innbyrðis og skarast því að einhverju leyti. Í rannsókninni er *prédikun* helsta viðfangsefnið. Spurningar um *prédikunina* voru lykilþáttur í þeim spurningum sem prestarnir voru spurðir enda er það formið sem prestar nota almennt til að tjá sig við söfnuðinn. Eftir að hafa farið ítarlega yfir niðurstöður greiningarinnar og flokkanir setninga í þemu leyfði höfundur eigin innsæi að ráða því hvernig þemu röðuðust saman. Hér verður sá háttur hafður á, eins og í öðrum niðurstöðuhlutum þessarar rannsóknar, að það sem viðmælendur hafa að segja verður birt með þeirra eigin orðum, stundum er það einnig gert með samandregnum frásögnum. Í sumum tilvikum eru orð eða hluti setninga fjarlægð til að gæta að nafnleynd eða þáttum sem hægt væri að nota til að þekkja viðkomandi viðmælanda. Eftirfarandi þemu koma fram í greiningu á útkomu viðtalsrannsóknarinnar: Sjálfsmat presta í *prédikun*, samfélagsleg rýni í *prédikun*, texti og túlkun, tungutak og aðgengi, valdavenzl og orðræða, traust og trúnaðarbrestur, *prédikun* díakoníunnar, *sálgæsla* í áfallaðstæðum, stafræn þróun, stafræn *prédikun*, *siðrof* og *prédikun*, vald, hefðarvald og náðarvald í stólnum.

4.2.1 Prédikun í kringumstæðum átaka

Í eftirfarandi kafla eru ummæli viðmælanda þar sem *prédikun*, með undir- eða stoðþemun *sértæk boðun í prédikun*, *samviska safnaðar í prédikun og sálgæsla í prédikun*, koma fram. Lesa má úr rannsókninni að flestir viðmælendur rannsóknarinnar líta á prédikun sem sitt helsta tæki til samskipta við söfnuðinn í sínu starfi. Þátttakendur rannsóknarinnar nýta sér prédikunina og tækifæri til flutnings á henni á misjafnan hátt. Sumir þeirra flytja prédikun eingöngu í heimasöfnuði sínum. Aðrir birta prédikanir sínar á netinu og nýta sér netmiðla samtímans.

Viðmælendur rannsóknarinnar sjá tilgang prédikunar með ólíkum augum. Þeir hafa mismunandi skoðanir á því hvort og þá hvernig þjóðkirkjan ætti að vera einhvers konar samviska safnaðar eða þjóðar. Hrunið er oft nefnt í samhengi við umræðu um prédikanir enda rauður þráður í gegnum þau kóð er fengu mesta tíðni. Rétt er að taka fram að þegar rætt er um útkomu eða niðurstöður úr eigindlegri rannsókn er um vísbendingar og upplifanir að ræða en ekki óhagganlegar staðreyndir.

Í upphafi útkomunnar er rætt um prédikanir með ákveðinn boðskap, þar sem sérstakt málefni er tiltekið eða fjallað um ákveðin málefni. Fjallað er um hvort prestar stígi fram sem einhvers konar siðferðislegir leiðbeinendur safnaða sinna og hvernig slík leiðbeining komi þá fram í ræðunum. Þá er átt við hvort þeir leyfi sér að ræða kringumstæður líðandi stundar í prédikun. Dæmi um slíkt eru aðstæður í aðdraganda efnahagshrunsins. Þegar rætt er um sértækan boðskap í prédikunum er átt við hvort og þá hvernig prestar flytja fyrirfram ákveðinn, tilgreindan boðskap, m.a. hvort þeir hefðu vikið að hruninu með einhverjum hætti í prédikun sinni. Nánar verður unnið með þætti úr samandregnum atriðum í umræðuköflum ritgerðarinnar.

Viðtölin sem vísað er til í eigindlegri rannsókn verkefnisins eru öll í vörslu höfundar. Umræðan hefst með umfjöllun um það hvernig prédikun tekst á við aðstæður samtímans með orðum *Birtu*:

[...] sértækur boðskapur, ég skil hann svona eins og þema sem þú velur og að ég nálgast prédikunina þannig að hún sé fyrst og fremst ekki ritskýring. Og hrunið, ég meina, það var allt á þessum nótum og það var það sem við þurftum að gera, ég þurfti að vanda mig og svo var ég kannski ekkert betri en aðrir. En þurfti samt að segja þetta við fólkið. Af því það þurfti að vara við græðginni og siðrofinu en ég vissi ekkert að þetta var siðrof fyrr en kannski eftir hrun. Reynslan er eitthvað sem þú tekur með þér inn í prédikunina sjálfa [...] Þú átt að vera búin að því. En það að segja frá því sem er að gerast í samfélaginu eins og þegar allt var hrunið og byggja á eigin reynslu í bland við textann, það er prédikun.

Svo er það þessi sértæka nálgun, það er annars vegar hvar þetta sprettur, hvernig maður velur þetta þema. Annað hvort sprettur það upp úr textanum eða einhverjum hugrenningartengslum sem að kvikna hjá þér og það gerist mjög

oft. Við sjáum að stóra þemað eða rauði þráðurinn í ræðu Jesú við lærisveinana snertir stóru þemun í samtímanum. Eins og frelsi eða trú, samhjálp, framkomu við útlendinga eða minnihlutahópa eða bara að minna hvert annað á þegar okkur ber af leið. Eins og hvernig sumir höguðu sér í aðdraganda hrunsins.

Bara eins og þegar við vorum að berjast fyrir samkynhneigða, þá vorum við alveg að prédika um það. En svo voru aðrir sem höguðu sér eins og einhverjir rasistar og þá vorum við öll sett á sama stað. En samt vorum við að berjast með þeim öllum.

Birta ræðir skoðun sína sem felst í því að prédikun sé ekki ritskýring heldur byggji á því að finna og setja fram þemu í texta, t.d. frelsi, trú, samhjálp og framkomu við útlendinga. Mikilvægt sé að flétta eigin reynslu inn í prédikunina. Upplifun hennar er að þrátt fyrir að hún hafi fjallað um réttindi hinsegin fólks í sínum prédikunum hafi aðrir prestar barist á móti þeim og það hafi reynst henni erfitt.

Ari talar um að hann hugsi stöðugt um umfjöllunarefni sitt í prédikun. Hann er einn af þeim sem skrifa aldrei prédikun heldur hefur einungis með sér punkta um það sem hann hugsar sér að fjalla um í stólnum. Hann segir að ef hann myndi eiga að fjalla um siðrof eða hrun sem væri á leiðinni myndi hann nota Facebook eða einhverja staði á netinu til að ná til fólks. *Ari* útskýrir að hann taki virka afstöðu í stjórnámálum:

Ég er pólitískur og ég talaði mikið um hrunið á sínum tíma en það heyrðu ekki margir, ekki fyrr en eftir á. Ég setti það líka á bloggið, þú veist Facebook og allt. En ég geri mér far um að nefna ekki einhver einstök dæmi [...] það getur verið vegna þess að ég sé samviska, ég meina, ég held að það séu margir sem hlusta á mig. Það geta verið margir sannleikar í sumum málum, ég held að það séu margir ósammála því að það sé eitthvað slæmt að græða peninga, ég meina það er fólk sem er bara í frjálshyggu í pólitík og þeir stjórna alltaf landinu, þannig að á hverju eigum við von? Svo er allt á fullu núna og margir að græða en það má ekki tala um það. Og það má ekki prédika um þá sem hafa verið dæmdir fyrir einhvers konar hrunglæpi. En ég veit það ekki, ég á örugglega eftir að prédika um græðgina en líka af því ég er sjálfur svo gráðugur.

Hér kemur fram að *Ari* telur að það geti verið til mörg sjónarhorn á það sem telst vera sannleikur í málum. Taka má sem dæmi að það sem margir hafi kallað græðgi á hruntímanum hafi aðrir litið á sem eðlilega þátttöku í samfélagi er virtist vera á grænni grein efnahagslega. Í orðum *Ara* má greina það sem rætt var um sem „flatskjárskýringu“ í inngangskafli þegar hann segist hafa forðast að blanda pólitík inn í prédikanir sínar.³⁸³ Hann staðhæfir að ekki megi ræða um allt í samfélaginu því sumt sé „tabú“. *Ari* tekur þetta frekar fyrir:

³⁸³ Sigríður Guðmarsdóttir, „The disseminNation of Vikings,“ 122–123.

Ég keypti mér enga flatskjái en það voru svo margir í græðginni í þessu siðrofi. Það eru svona mál sem eru ekki, hvað eigum við að segja, deilumál. En hins vegar geta verið ýmis mál í gangi í samfélaginu sem eru ekki deilumál en ég fer ekki að tala um virðisaukaskatt á matvæli, hækka virðisaukaskatt á matvæli. Frekar tala ég um fátæktina og mikilvægi þess að fólk geti keypt í sig og á. Við erum bara að byggja upp samfélag þar sem enginn er hungraður og við eigum að lækna sjúka og við eigum að koma til þeirra sem eru í fangelsi svo maður vitni í þau orð og við þurfum að hjálpa þeim sem lentu í vandræðum eins og í hruninu. Þannig að, jú, ég tala alveg um það en ég geri það ekki, ég tala ekki um það hvað allt sé flokkspólitískt.

Ari virðist vera í ákveðinni mótsögn við sjálfan sig þar sem hann segist tala um eitthvað en geri það ekki, hann segist ekki tala um hversu flokkspólitískt allt er en minnst samt á fátækt og skattahækkunir. Tengja má það sem *Ari* tekur fyrir hér að framan við það sem hann talar um sem áherslu í prédikun, að það þurfi að tryggja að fólk hafi lágmarkslífskjör. Hann talar enn um hrunið, aðdraganda þess og afleiðingar vegna þess hversu mikið hann telur sig geta lært af því. *Ari* hugsar mikið um hrunið og tekur það áfram sem dæmi:

Það voru margir sem gerðu þetta, biskupinn og margir prestar. Við vorum að vara við græðginni og allri spandasjóninni. Ég meina ég var alveg með í þessu [...] Samvíska, já, auðvitað. Og það var verið að vara við öllu þegar við vorum á leiðinni í hrunið. Við höfum oft rætt það í okkar hóp að stundum vorum við hrædd við að tala inn í þessi ósköp. Ég meina kirkjan var svo háð ríkinu. Hvað ef ráðherrann færi bara í fýlu og minnkaði fjárframlög? Hverjir myndu þá missa vinnuna? Við verðum að hafa dug í okkur til að prédika þannig að eftir okkur sé tekið þegar eitthvað slæmt er í aðsigi og setja það bara fram alls staðar, líka í fjölmiðlum en við ættum að muna eftir því að tala um það góða, það er líka mikilvægt, við megum ekki vera bara einhver sítuðandi kirkja.

Hér lýsir *Ari* þeirri upplifun sinni að prestar geti verið undir félagslegu taumhaldi frá stjórnámálamönnum. Hann gefur til kynna að ótti hafi hindrað hann í að prédika um ákveðin samfélagsleg mál. *Ari* setur hér fram þá skoðun sína að vegna tengsla ríkis og þjóðkirkju gætu stjórnámálamenn mögulega refsað þjóðkirkjunni fyrir eitthvað sem sett væri fram í prédikun.

Már virðist hafa álíka skoðanir og *Ari* varðandi einhvers konar taumhald á prédikurum og að varasamt geti verið að tjá sig um álitamál í prédikun. Hann nefnir sérstaklega umfjöllunarefni eins og siðrof, græðgi og kynferðisbrotamál sem dæmi um málefni sem ekki eigi erindi í prédikun. Sjálfur segist hann hafa prédikað um slík efni án þess að hafa gert sér grein fyrir í hvaða jarðveg það hafi fallið. Athyglisvert er að *Már* segist hafa tjáð sig um mál sem varasamt geti verið að tjá sig um í ljósi mögulegs taumhalds. Líkt og *Ari* segist *Már* vera meðvitaður um eigin stöðu í efnahagslegu tilliti. Hrunið er honum ofarlega í huga og hann segir að hann sé sjálfur á jeppa. *Már* segist upplifa að hann sé gráðugur einhvers staðar inni í sér. Hann telur að prédikanir geti fallið í misjafnan farveg og tengir það við fjölmenningarsamfélag sem inniheldur fólk með fjölbreyttan trúarbakgrunn og það hefur ekki allt áhuga á að heyra kristinn boðskap. Prestar geti ekki, frekar en aðrir, ætlast til þess að öllum líki efnið sem þeir birti.

Linda leitast við að prédika gegn hvers kyns óréttlæti. Henni finnst mikilvægt að tala gegn græðgi og hættu á siðrofi. *Linda* er að eigin sögn stundum í vafa um hvort prédikunin sem hún hefur undirbúið er viðeigandi þegar hún kemur í kirkjuna og sér hverjir áheyrendur hennar eru:

[...] þegar allt var vitlaust hér í samfélaginu, [...] og ég hugsaði þegar ég sat þarna, áður en prédikunin byrjaði: „Á ég að flytja þessa prédikun fyrir þennan söfnuð?“ Í kirkjunni var fólk á öllum aldri, það voru fermingarbörn og foreldrar, eldra fólk og 300 manns á öllum aldri. Ég ákvað bara að gera það samt og eftir á sá ég að það var rétt ákvörðun.

Hér að framan velur *Linda* að taka dæmi um þungamál í samfélaginu sem hún hafði ákveðið að fjalla um í prédikun og hvaða áhrif það hafði þegar hún skildi að einhverjum gæti þótt málið sem hún fjallaði um óviðeigandi í prédikun.

Erna segist hafa komið orðum að því í hruninu hvað hafi verið að gerast. Hennar mat er að ábyrgð þjóðkirkjunnar felist í því að hún hefði mátt vera gagnrýnni á samfélagið á tíma hrunsins. Skoðanir *Ernu* falla að því sem *Ari* heldur fram hér að ofan um að stjórnvöld hafi haft fjárhagslegt taumhald á þjóðkirkjunni og þar með prestum hennar:

En þá bindur þetta okkur svolítið, þetta samband ríkis og kirkju og þetta allt saman. Maður veit það vel, kirkjunni er refsað sé hún eitthvað að malda í móinn. Þetta fer bara eftir stjórnvöldum.

Erna heldur því fram að innbyrðis átök innan þjóðkirkjunnar geti haft áhrif þegar prédikað er um samfélagslegar kringumstæður eins og hrunið. Þegar hún talar um ábyrgð þjóðkirkjunnar kemur fram að henni finnst að hún hefði mátt vera gagnrýnni á samfélagið.

Erna setur það fram í gamansömum tón að hún eigi að vera einhvers konar samviska í prédikun:

Það var einhver sem sagði að ef að pólitík og guðfræði töluðu saman þá kæmi alltaf pólitík út úr því. Bara svona eins og þegar Kristnitökuháttíðin var eða í máli samkynhneigðra eða Ólafsmálinu. Það er bara alltaf svona og svo á maður að prédika inn í þetta eins og samviskan hans Gosa.

Höfundur dregur þá ályktun að viðmælendum rannsóknarinnar hafi fundist mögulegt að stjórnvöld og þjóðkirkjan hafi fylgst með prédikunum þeirra. Þetta má útskýra út frá því sem haft er eftir *Ernu* hér að ofan, þ.e. að prestar og biskupar hafi haft bein tengsl við stjórnmalaflokka og setið á þingi fyrir ríkisstjórnarflokka. Rökstyðja má orð *Ernu* út frá nánnum samskiptum þjóðkirkju og stjórnvalda á sínum tíma. Einnig má rifja upp að fyrir árið 1998,³⁸⁴ var málefnum kirkjunnar stjórnað af dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Kirkjumálaráðuneytið var til staðar í íslensku samfélagi fram yfir hrunsárin þrátt fyrir að áhrif á malaflokkinn hafi farið

³⁸⁴ Lög nr. 78/1997 öðluðust gildi 1. Jan. 1998.

mjög dvínandi allt frá aldamótum. Mögulega gæti þetta haft áhrif á áherslur í prédikun þegar samfélagsmál eru annars vegar. Hér má nefna sem dæmi prédikunarefni um loftslagsmál, umhverfismál, heilbrigðismál, menntamál og fleira. *Erna* heldur áfram á sömu nótum:

Já, það er þetta eilífa. Það er víst alltaf togstreita milli biskups eða kirkjuráðs og hins almenna eða presta og við vitum það vel að prestar koma fram og tala inn í alls konar mál.

Höfundurinn finnst orð *Ernu* athyglisverð, í því ljósi að einhvers konar núningur eða togstreita eigi sér stað á meðal valdhafa innan þjóðkirkjunnar. *Hrafn* telur að ef „samkynhneigða umræðan og fleira í þeim dúr“ sé skoðuð megi sjá að birtingarmyndin hafi verið sterk. Hann ræðir um það að þjóðkirkjan hafi ekki sérlega mikil áhrif og að hún eigi ekki að hafa þau. Hann telur einnig varasamt að þeir prestar sem tali hæst verði þeir sem litið sé á sem rödd þjóðkirkjunnar. *Hrafn* tekur á ákveðinn hátt í sama streng og *Ari* og *Erna*:

Ég veit ekki hvort hún [þjóðkirkjan] nái að tala frjállega, örugglega að einhverju leyti, kannski er dýpra á því en maður heldur. Ætli við séum ekki eins og [...] var það ekki hrafinninn í *Animal farm*? Sem var kirkjan, sem var með öllum alltaf og vildi njóta góðs af. En það er erfitt að segja, ég held að menn tali nokkuð frjállega margir, ég held það sé samt óhjákvæmilegt að það hafi áhrif, það er örugglega dýpra en maður áttar sig á.

Hér að framan tengir *Hrafn* þjóðkirkjuna við hrafinninn Móses í skáldsögunni *Animal farm* eftir George Orwell (1903–1950) þar sem hann birtist sem táknmynd kirkjunnar. Móses er sá sem vinnur fyrir stjórnvöld en fær jafnframt almúgann til að sætta sig við ofríkið sem hann býr við. Með sögum um betra líf eftir dauðann fær Móses þau er á hann hlusta til að sætta sig við slæmt hlutskipti í lífinu. Ályktun *Hrafns* um að nánast hvaða prestur sem er gæti stigið fram sem rödd þjóðkirkjunnar er afar áhugverð. *Erna* telur að ekki sé ljóst hverju þjóðkirkjan sem stofnun eigi að stjórna og að innan stofnunarinnar hafi verið átök.

Þessi atriði eru að mati höfundar dæmi um að viðmælendur viðtalsrannsóknarinnar séu ekki vissir um sjálfsmynd þjóðkirkjunnar. Einnig má líta þannig á að sjálfsmynd þjóðkirkjunnar mótist að einhverju leyti af almenningsálitinu. *Birta* segist tala sem einhvers konar samviska ef svo ber undir. Þetta gerir hún með því að benda söfnuði sínum á það sem betur má fara í samfélaginu. Hún talar um að það komi fyrir að prestar fái ábendingar frá biskupi um umræðuefni prédikana. Henni finnst líka að sumir gangi of langt í því að ásaka í prédikun, eins og til dæmis tengt hruninu.

Ari lýsir því hér hvernig hann leggur sig fram við að setja í samhengi það sem hann vinnur með í prédikun:

Ég geri mér far um að átta mig á, reyna að átta mig á kringumstæðum safnaðarins. Í hvaða kringumstæðum hann lifir og í hvaða umhverfi. Og nota myndir úr því lífi. Eins og til dæmis ef þú ert prestur í Reykjavík, þá tekurðu oft

líkingar úr því sem er að gerast í umhverfinu og þú tekur það með þér inn í prédikunina og þú talar um það í kirkjunni og þá ertu í raun um leið gefa til kynna að fólk sé á réttum vettvangi. Fólk upplifir eitthvað sem það þekkir og getur talað um sjálft, kannski ekki nákvæmlega beint, en allavega óbeint með skírskotunum til ýmissa hluta og þá hérna og þá náttúrlega sperrir fólk með eyrun. Ég geri mér far um að nefna ekki einhver einstök dæmi vegna þess að það getur verið [...] ég held að það séu margir, sem hérna, hlusta á mig.

Ari segist upplifa að ábyrgðin sem hann beri á því sem hann fjallar um í prédikun geti verið honum þung. Hann segist leggja sig fram um að prédika um aðstæður safnaðarins. Hann hefur að eigin sögn þurft að ræða um mál viðvíkjandi hruninu, aðdraganda þess og eftirleik:

Þegar að ég vík að málum sem liggja á hjarta fólks, sem það kannski hefur ekki hugrekki til að tala um sjálft. Eins og þeir sem töpuðu öllu í hruninu. Af því að það veltir því upp, hvort það sé eðlilegt að vera að hafa áhyggjur af þessu. Bara þegar fyrsta fréttin kom um hrúnið var sagt frá því. Allir sem heyrðu þessa frétt, ég hugsa að flestir þeirra hafi hugsað: „Getur þetta varðað mig?“ En það fer enginn að vekja máls á því fyrir en það líða dagar. Það kom til mín maður á [stórum glæsivagni - var tiltekin bíltegund í upprunalegum texta en breytt vegna mögulegs persónugreinanleika], hann hafði átt fyrirtæki og risahús og bíllinn var það eina sem hann átti eftir, bara af því hann gat ekki selt hann. Þessi maður var á fullu í að græða og svíkja, svo tapaði hann öllu nema bílnum sem var einskis virði. Hann gat varla talað um þetta og ég gaf honum Bónuskort upp á 10 þúsund. Og að tala um svo, hérna, fugla himinsins, liljur vallarins inn í þær aðstæður. Og við bara búum við þennan kost að þurfa að skiljast við einhvern tíma eða lífið er erfitt. Og þannig er þetta og ég hef stundum þessar áhyggjur um hvort ég sé að væla eitthvað yfir sjálfum mér en er að reyna að hugga fólk.

Ari heldur því fram að þjóðkirkjan eigi að tala um þau mál í samfélaginu er varði almannaheill. Í máli hans kemur fram að hann óttist að þjóðkirkjan láti í minni pokann fyrir pólitíkusum, jafnvel þótt um sé að ræða mál sem geti haft mikil áhrif á æsku þjóðarinnar. Hann segist ekki hafa áhyggjur þegar hann telji að allt sé í lagi í samfélaginu en bendir á að mál geti snúist hratt í höndunum á fólk og ekki sé hægt að láta reka á reiðanum.

Linda talar á líkum nótum og *Ari* og *Birta*. Hún telur að sér beri skylda til að prédika um það sem skiptir máli í hennar huga, rétt eins og *Ari* og *Birta* sem halda því fram að það sé rétt prédika um það sem ekki er í lagi í samfélagslegri hegðun. *Lindu* er í mun að segja það sem henni finnst að þurfi að segja. Hún segist hafa verið pólitísk í sinni prédikun fyrir hrun en þó ekki flokkspólitísk. Hún útskýrir að hún hafi prédikað um ástandið í aðdraganda hrunsins og sömuleiðis eftir hrúnið:

Við eigum að gera þetta, við bara verðum að gera þetta og við verðum að láta það heyrast um víðan völl. Nota alla miðla sem við getum. Hugsa sér, ég meina,

það getur alveg komið annað hrun og hvað þá, eigum við bara að þegja yfir öllu en samt hafa alla þessa þekkingu?

Linda er þeirrar skoðunar að prestum beri að prédika sem víðast þegar þörf er á því. Þeir eigi að láta prédikunina heyrast og nota alla miðla til þess. *Ari* sér þetta þannig að um leið og hann prédiki fagnaðarerið og beri út boðskap kristinnar þurfi hann að prédika um samfélagslega þætti eins og fátækt og annað það sem er ekki hægt að samþykkja. Hann er þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að flétta ólíkum þáttum saman í prédikun:

Þú sendir fólk í burtu, messunni er lokið, farið í friði og minnst fátækra. Það eru fátækir í lífinu og við erum þarna. Ég held að við þurfum að halda þessu tvennu saman. Þú verður alltaf að ná að flétta þetta saman. Þú verður alltaf að ná að koma fagnaðareriðinu sem er nákvæmlega þetta; „Ég elska þig! Það er bara svona, ég elska þig!“ En það þýðir ekki að það sé allt hundrað prósent í lagi hjá þér og þú þarft sem prestur einhvern veginn að ná að tvinna þetta saman og ef þér tekst það þá er það gott.

Þegar orð þeirra *Ara*, *Birtu* og *Lindu* eru dregin saman telja þau öll að mikilvægt sé að prédika um það sem aflaga fer í samfélaginu. Hugtakið samviska ber á góma í því sem þau segja. Þá er átt við að þau upplifi sig jafnvel sem einhvers konar samvisku safnaðarins á stundum. Þeim er hrúnið hugleikið og það hefur augljóslega haft veruleg áhrif á prédikun þeirra. *Una* telur sig enga undantekningu frá því að vilja prédika um það sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni. Hún segist hafa skoðað prédikanir frá hruntímanum. Hún talar um eigin prédikun þar sem hún prédikaði til unga fólksins um bankana og hvernig var verið að féfletta fólk:

[...] ég hef nú aðeins verið að skoða prédikanir á þessum tíma og það er alveg einn og einn sem er að benda á þetta og tók einmitt prédikunina mína sem var flutt á [...] (tekið út vegna persónugreinanleika) eða í kringum þá „hátíð“. Þar er verið að tala um unga fólk og bankana og hvernig er verið að féfletta fólk og ég á alveg prédikun frá þessum árum, þú mátt bara kíkja á hana, hún er bæði fjárir góð og við erum að tala um það sem er að fara að gerast og það gerðist síðan í október 2008.

Trú.is hefur um langt árabíl verið vettvangur fyrir presta og aðra prédikara á vegum þjóðkirkjunnar þar sem hægt er að birta prédikanir og önnur skrif. Trú.is er hluti af vefsvæði þjóðkirkjunnar, kirkjan.is. *Una* segir frá því að á trú.is séu til prédikanir þar sem einn og einn prestur hafi verið að benda á það sem raunverulega var að gerast á hruntímanum.

Breki tjáir þá upplifun að fyrir sig sem prédikara og kennimann hafi ekki verið auðvelt að prédika um það sem var að gerast í samfélaginu á hruntímanum. Hér má samhæfa við það sem *Erna* ræðir en hún er þeirrar skoðunar að innihald prédikunarinnar skipti meginmáli. Mikilvægur þáttur er að fólk hlusti. Hún telur að þegar prédikað er um aðstæður fólks þurfi fólk að tala saman á jafnréttisgrundvelli og að orðið þurfi að lifa eigi boðskapurinn að ná áfram:

Og kannski reyna að eiga samtal, í raun og veru ekki setja sig á stall, „ég veit betur“, heldur, „ég veit að ég get betur“ Ég er að reyna að vera [...] sönn í því sem ég segi og framkvæmi. Og koma þeim skilaboðum á framfæri að [...] það er okkar skylda að vera samkvæm okkur sjálfum og koma því á framfæri í kirkjunni að við erum hluti af samfélagi.

Hér kemur fram að *Erna* finnst að prédikarar eigi að vera sjálfum sér samkvæmir. *Erna* heldur áfram og ræðir það sem henni býr í brjósti:

Maður er að benda á að kirkjan standi sig ekki nógu vel í því að koma þessu á framfæri, boðskap um náungakærleikann og allt þetta og til dæmis með flóttamennina. Við verðum að vera duglegri, við, og þá á ég við hvern og einn, hver einstaklingur, hver prestur, hver söfnuður, að vera dugleg við að benda á hlutverk einstaklingsins í þessu öllu saman.

Erna telur að þjóðkirkjan eigi að vera atorkusöm við að setja fram boðskap og leita svara. Svörin séu margvísleg:

Þetta eru spurningar sem kirkjan á að vera dugleg við að kasta fram og leita svara við og svörin eru margvísleg og allt það en [...] ég held að kirkjan hafi ekki alveg fundið sér stað sem átoritet eins og hún var og við erum enn þá svoldið að horfa til baka á það sem við höfðum í staðinn [...]

Viðmælendur rannsóknarinnar virðast telja það skyldu sína að leiðbeina söfnuði sínum í andlegum efnum. *Hrafn* virðist ekki sjá sjálfan sig í sama ljósi og aðrir viðmælendur. Hann segist ekki vita hvernig best er að koma orðum að þessu. Hann hafi aldrei séð sjálfan sig sem einhverja samvisku safnaðarins nema þá kannski með því að benda fólki á það sem betur má fara. Hann segist hafa upplifað það að þegar þjóðkirkjan eða prestarnir hafi ætlað að benda á eitthvað sé viðtakan gjarnan sú að þeir hafi ekkert vit á þessu og ættu bara að þegja. Sjónarhorn *Hrafns* er áhugavert að því leyti að hann sér hugmyndina um prestinn sem einhvers konar samvisku safnaðar með öðrum augum en aðrir viðmælendur. Honum virðist finnast það eðlilegt að benda fólki á það sem aflaga hefur farið en tengir það ekki við sig að vera samviska safnaðar. *Ari* virðist hins vegar sjá sjálfan sig í öðru ljósi. Hann segist í prédikun tala við fólk sem syrgir og sé enn að fást við kreppuna. Eins tali hann við fólk sem hafi áhyggjur af einhverjum í fjölskyldu sinni, til dæmis börnunum sínum. Honum finnst sitt hlutverk vera að skrifa fyrir þetta fólk.

Már sér þetta að mörgu leyti sömu augum og *Ari*. Hann segist reyna að mæta fólkinu sínu og hann fylgi ekki nákvæmlega því sem hann hefur skrifað. Hér kemur fram viðhorf *Más* um mikilvægi sálgæslu í prédikun. Hann veltir því fyrir sér hvort sálgæslan eigi stundum frekar heima í bæninni en í prédikuninni í kirkjunni:

En það er auðvitað alltaf spurning hvað á heima í prédikun og bæn, ég held að við myndum nálgast sumt af þessu meira í bænamálinu. [...] Og svo horfir maður

á fólk í kirkjunni sem ég veit að var, að hérna var í, var í þessu á fullu. Og þá þarf ég að ákveða einn, tveir og þrír, hvort ég ætla að breyta einhverju eða bara láta vaða og svo gerist það líka að maður sér svona fólk sem maður fær tækifæri til að tala við, sko tala við, í prédikuninni og það er sko sálgæsla, veistu það, að segja fólk að það geti snúið við og vita að það er að hlusta. Það kemur kannski í kirkjuna í örvæntingu og fær að heyra það sem það þarf. Og ég get ekki gert þetta á Facebook eða einhverjum miðli eða ég held ekki, kann það allavega ekki ennþá.

Linda fjallar um hvernig hún mætti fólk í hruninu. Þrátt fyrir að prédikun hennar sé rammpólitísk að hennar sögn les höfundur það úr orðum *Lindu* að þegar hún prédiki snúist umfjöllun hennar ekki síst um sálgæslu rétt eins og eins og hjá *Má*. *Lindu* fannst ekki létt að vera prestur í hruninu:

[...] þegar hrúnið var, og ég mundi segja að ég hefði prédikað inn í erfiðar aðstæður fyrstu árin eftir hrun. Og þegar ég skoða prédikanirnar mínar eftir á, þær voru alveg svakalega pólitískar og þá á ég ekki við flokkspólitískar, þær fjölluðu allar voðalega mikið um þessi mál. Og þetta voru mjög erfiðar aðstæður, við vorum að tala við fólk, sem að, var hérna, bara illa statt og í sjokki eftir hrúnið og jafnvel bara strax í hruninu.

Orð *Lindu* styðja það sem aðrir viðmælendur hafa sagt um sálgæslu í prédikumum, þ.e.a.s. hversu mikilvægt er að prédika um kringumstæður fólks, ekki síst þegar það hefur orðið fyrir áfalli, og mæta því þar sem það er statt. Slíkt styður það einnig að viðmælendur breyti nánast fyrirvaralaust því sem þeir hafa ætlað að ræða í prédikun til að geta náð til fólks og aðstæðna þeirra er sitja í kirkjunni. *Linda* er þeirrar skoðunar að prédikunin eigi að fjalla um mál sem varði samfélagsleg mál en hún snúist líka um eitthvað meira. Prédikunin haldi áfram að vinna í fólk og leiði það jafnvel á einhverja braut með því sem það heyrir. *Linda* segist líka hafa breytt prédikun þegar hún hafi séð hverjir það eru sem eru í kirkjunni. *Linda* leggur áherslu á prédikunina sem vitnisburð enda sé prédikun alltaf að einhverju leyti vitnisburður ef prédikarinn er sannur í því sem hann færir fram. Henni finnst þjóðkirkjan hafa staðið sig vel á margan hátt:

Mér finnst allavega frábært að kirkjan sagði ekkert svona „æ tóld jú só,“ það kom ekkert hjá kirkjunni. Mér fannst kirkjan standa sig að því leyti. Mér fannst hún fara dálítið í sálgæslusporin, mér finnst hún hafa gert það. Og kirkjan notfærði sér þetta ekki sko að: „Nú eruð þið búin að skíta í brækurnar og nú komum við og segjum ykkur til.“

Það var nefnilega dálítill auðmýkt sem kom til, sem ég upplifði bæði í starfi og prédikun kirkjunnar. Mér fannst hún fara í sálgæslufarveg og ég er dálítið þakklát yfir því að það stóðu engir prestar upp og núðu neinum neitt um nasir.

Og hér í mínu umhverfi er fólk sem missti alveg rosalega stórt og hér er mikið af ábyrgðarfólki sem býr bara hér í minni sókn. Og fólk sem stóð frammi fyrir því að menn koma á flottum bílum og dýrum fötum að sækja hjálp í félagsþjónustunni af því þeir áttu ekki fyrir mat. Og hér til dæmis var [...] úthlutað meira úr styrktarsjóði og það kom [...] meiri hjálp úr [opinberum sjóðum] og úr sjóðum kirkjunnar. Og ég held að kirkjan hafi staðið sig vel á þessum tíma. En það var maður á mann og hérna en hvað átti hún að segja á opinberum vettvangi, átti hún að koma fram og fordæma?

Ernu finnst, ólíkt *Lindu*, að þjóðkirkjan standi sig ekkert sérlega vel í því hvernig hún setur boðskap á framfæri:

Bíddu er þetta eitthvað sem við viljum eða erum að keppast að, að þetta verði svona, af því að allir töluðu um að það væri gott að þetta er búið og þetta var svo mikil spennan og maður heyrir það og skynjar að þessi spennan fer vaxandi aftur. Og það er sko, það er, já, já, einmitt sko, ég bendi á að kirkjan standi sig ekki nógu vel í því að koma þessu á framfæri.

Þó að *Erna* og *Linda* hafi ólíka afstöðu til viðbragða á vettvangi þjóðkirkjunnar á hrunárunum eiga þær það sameiginlegt að huga báðar að sálgæslu í prédikun. *Erna* tiltekur að farið sé að hægjast örlítið um en hún er einnig þeirrar skoðunar að ef „þeir“ (þ.e.a.s. prestar þjóðkirkjunnar) ætli að láta taka sig alvarlega þurfi að benda fólki á það sem aflaga fer.

4.2.2 Siðrof

Annað hugtak sem kemur ítrekað fram í viðtölum er *siðrof*. Snúið getur verið að aðgreina siðrof og það sem hefur verið kallað *græðgi* (græðgisvæðing) í svörum viðmælenda rannsóknarinnar. Siðrof er ástand sem hér er skilgreint með þeim hætti að siðferðileg viðmið og þau gildi sem viðurkennd eru í samfélaginu víki fyrir siðleysi og upplausn. Siðferðisstaðlar samfélagsins eru því ekki virtir. Siðrof virðist hafa orðið einhvers konar tískuorð í kjölfar hrunsins og erfitt er að fullyrða hvort fólk hafi almennt þekkt skilgreiningu Durkheims á hugtakinu. Viðmælendurnir eru meðvitaðir um það ástand er skapast hafði á hruntímanum. Þeir tala oft um siðrof í samhengi við prédikanir sínar. Að mati höfundar notuðu þeir ekki hugtakið í fræðilegri merkingu þess. Sú ályktun er byggð á samtölum við viðmælendur og þeirri þekkingu sem hann hefur um hugtakið sem slíkt. Höfundur telur líklegra að hugtakið hafi verið notað um atburði þar sem kom fram einhvers konar siðleysi að mati viðmælendanna.

Skoðun *Birtu* er sú að það hafi alltaf verið skylda hennar að vara við siðrofi og græðgi óháð því hver staða hennar hafi verið í hruninu:

[...] Ég, ég meina að við eða ég þurfti að vanda mig og svo var ég kannski ekkert betri en aðrir en þurfti samt að segja þetta við fólkið. Af því það þurfti að vara við græðginni og siðrofinu. En ég vissi ekkert að þetta var siðrof fyrr en bara eða, já, bara kannski eftir hrun.

Hér má draga þá ályktun af orðum *Birtu* að hugtakið siðrof hafi verið notað í aðdraganda hruns án þess að merking þess væri þekkt. *Birta* heldur því fram að hún hafi ekki vitað af siðrofsástandi fyrr en eftir hrun en upplifir þrátt fyrir það að hún hefði átt að prédika um það. *Birta* telur að hlutverk presta sé alltaf að flytja fagnaðarerindið inn í samtímann og að prédikunin snúist um að finna leiðir og umbúðir til þess:

[...] ég meina hvernig ætlaðu að segja einhverjum að hann sé að akta í siðrofi og að hann hagi sér bara fatalt?

Samkvæmt því sem kemur hér fram þótti *Birtu* erfitt að ávarpa erfiða þætti í aðdraganda hruns. *Ari* er á aðeins öðrum nótum. Hann minnst ekki á siðrof en segist hafa talað mikið um hrunið og að hann geri það enn. Hann er á þeirri skoðun að ræða þurfi það sem hafi gerst í hruninu til að hægt sé að draga af því lærdóm. Hann segir græðgi hafa verið áberandi og heldur áfram um prédikunina:

Ég svitna stundum yfir sjálfum mér þegar ég er að prédika af því þá finnst mér ég ekki vera að gera nógu gott eða að ég sé að skamma einhvern. Eins og þegar ég talaði um flatskjána í hruninu og sagði fólki að gefa frekar pening ef það ætti svona mikið af þeim.

Már er á sama báti og *Ari* varðandi það að hann hafi líklega eins og flestir tekið þátt í því sem hér er vísað til sem græðgi. *Már* setur fram viðvörunarorð um hvað má og hvað ekki í prédikun:

Við viljum ekki vera að mórálísera, setja okkur á háan hest. En við tókum kannski flest þátt í þessu og þetta siðrof, ég meina, ég gat allt í einu keypt mér alls konar sem ég gat ekki áður og að fara og tala um sko [...] einhvern veginn: „þið eruð öll vond, passið þið ykkur.“ Það er svo auðvelt að missa svoleiðis prédikun.

Lesi má úr orðum *Más* að hann telji vafasamt fyrir prédikara að gagnrýna hegðun í prédikun sem hann hafi sjálfur sýnt meðal annarra. Af orðum hans má velja því upp á hverju trúverðugleiki prédikarans byggir. Sjálfsgagnrýnin sem greina má hér og tengist mögulega upplifun *Más* á trúverðugleika sínum felst í því að efast um eigið réttmæti. *Una* gerir grein fyrir því að aðdragandi hrunsins hafi hafist rétt um aldamót og hann hafi hafist með Kristnitökuhátiðinni. *Una* virðist þeirrar skoðunar að þjóðkirkjan hafi ekki endurspeglad vilja þjóðarinnar við þessi tímamót:

Fyrir eða eftir hrun, ég mundi segja eftir aldamót, Kristnitökuhátiðin, þá byrjar það og líka tengt frjálshyggjubruðlinu öllu saman. Það er mín skoðun og það vegna þess að við bárum ekki þá gæfu að vera kirkja þjóðarinnar við þessi ofboðslegu tímamót, við vorum þar.

Orð *Unu* um Kristnitökuhátiðina eru sögð í sömu andrá og það sem hún kallar frjálshyggjubruðl. Þessi viðhorf *Unu* má tengja við orð *Ernu* sem er heitt í hamsi þegar hún útskýrir tengsl stjórnmála og kirkjunnar:

Við vorum öll huglaus og ofurseld peningavaldinu. Þó við værum kannski ekki að safna peningum þá þorðum við ekki að tala gegn því, nema kannski einstaka menn. Líka innan kirkjunnar, alveg eins og einstaka menn á Alþingi, alveg eins og einstaka menn úti í samfélaginu. Alveg eins og einstaka menn í háskólasamfélaginu, það var bara þannig.

Svo tók ég eftir því að núna var [nafn] að tala um þensluna og ákveðin merki úti í þjóðfélaginu. Og nú eru menn allt í einu farnir að hlusta og ég held að ef kirkjan, ég held að kirkjan sé bara svo móð og svo er eitthvað sem tekur athygli frá stóru málunum og því sem skiptir máli og allt púðrið fer í það.

Svo eru svona risamál eins og þú ert að tala um því það voru líka prestar sem prédikuðu gegn Kárahnjúkavirkjun,³⁸⁵ alveg grjótharðir sko, [hér voru nefnd nöfn] og fleiri, sem hérna. Töluðu gegn því og voru hundskömmuð og hérna ég held sko að það fer svo mikið púður í kjaftæði í kirkjunni. Eins og þetta mál sem er ekki neitt og menn eru orðnir svolítið móðir og ég bara skil ekki.

Dæmið sem *Erna* tekur er henni eftirminnilegt. Draga má þá ályktun að *Erna* telji að það hafi krafist hugrekkis og seiglu að prédika um þau málefni sem voru efst á baugi í aðdraganda hrunsins. Hún heldur því fram að fólk hafi verið hundskammað fyrir að prédika gegn Kárahnjúkavirkjun. Álit *Ernu* er að mikið hafi mætt á þjóðkirkjunni um og eftir hrun:

[...] ég held að vísu að ástæða þessa eftir hrun að þá náttúrulega ágerðist mjög gagnrýnin á kirkjuna. Og 2007 var náttúrulega hámarkið í átökum innan kirkjunnar og akkúrat það ár náðu hámarki átökin um hjónavígslu samkynhneigðra. Og eftir það er búin að vera viðstöðulaus gagnrýni sem fór af stað árið 2000 og eftir það, eftir þessa ofboðslegu gagnrýni og kirkjan hefur náttúrulega þurft að taka á málum.

Af orðum *Ernu* má skilja að hún hafi upplifað mikla gagnrýni í garð kirkjunnar í aðdraganda hrunsins. Þetta má tengja við orð *Breka* sem túlkar stöðu hruntímans þannig að allar stofnanir hafi brugðist og hugmyndakerfi fallið:

Vegna þess að ég hugsaði sem svo, jæja, nú eru allar stofnanir samfélagsins búnar að bregðast. Nú eru hugmyndakerfin okkar fallin. Nú eru veraldlegar stofnanir samfélagsins, allt það sem við töldum réttast og best, nú er það augljóslega búið að verða fyrir mjög miklum hnekki.

³⁸⁵ Sjá kafla 1.2.1, 11–15.

Linda hefur aðra skoðun á stöðu þjóðkirkjunnar en *Erna* og *Már*. Henni finnst þjóðkirkjan hafa staðið sig nokkuð vel í því að mæta fólki í kjölfar hrunsins:

Hún gerði það ekki, þú getur ekki komið eftir á og prédikað um græðgi. Því hún var að prédika um græðgi fyrirfram, allavega ákveðnir þjónar og þeir komu ekki eftir á og sögðu „æ tóld jú só“. Og ég held að hún hafi staðið sig vel í þessum hremmingum í gegnum maður á mann og í þessu hjálparstarfi og kirkjan hjálpaði fólki með mat og fleira.

Breki er sama sinnis en hann telur að þjóðkirkjan hafi staðið sig nokkuð vel:

Nú gerist það að þjóðin mun snúa sér til Drottins og við munum sjá að túlkunarrámmar ritningarinnar, þessir gömlu reyndu, langreyndu túlkunarrámmar, þeir halda. Og sú stofnun sem eftir allt er búin að standa og vara við og halda sönum í hruninu er nú sennilega bara kristin kirkja. Hún kemur skást út.

Breki ræðir hér túlkunarrámma þar sem álykta má að dæmisögur og ritningarvers úr Biblíunni hafi verið notuð sem textar huggunnar í prédikun. *Breka* finnst oft að rangt sé brugðist við þegar á reynir:

Fólk í sínum varnarháttum bregst við og oft þegar við erum hrædd bregðumst við rangt við, hlaupum í vörn og ég sé þetta á prestafundum. Þar sem niðurstaða fundargesta var sú að við skulum gera meira af því sem við gerum best. Við skulum bara syngja messuna vel, ég segi bara „andskotinn hafi það.“ Þannig að við erum, þetta er svona Titanic stemning, nema menn vita að þeir eru að sigla á jakann, þetta er svo sjúkt. Þannig að [...] það er örugglega hægt að skýra þetta bara sálfræðilega. Mennskir varnarhættir geta verið margvíslegir og þeir geta verið furðulegir jafnvel þó ég sé að sigla mér í glötun eins og í aðdraganda hrunsins þá geri ég það. Þannig er lengi búið að vera að sigla íslensku þjóðkirkjunni á jakann.

Hér kemur fram hjá *Breka* sú skoðun að þjóðkirkjan hafi siglt að feigðarósi þrátt fyrir að standa sig vel á ákveðnum sviðum. Hann telur að ljóst hafi verið í hvað stefndi í málefnum þjóðkirkjunnar en ekkert hafi verið gert innan stofnunarinnar til að laga ástandið. Hann kennir því um sem hann kallar „varnarhætti“ en draga má þá ályktun að hann eigi við hvernig prestar og þjóðkirkja bregðast við með því að fara í vörn. *Erna* ræðir um það sem hlutverk kirkjunnar og presta að þeir eigi að vera óþreytandi við að benda á að allir þurfi að taka ábyrgð á verkum sínum. Hún segir að prestar séu hluti samfélagsins og þeir hafi allir á einhvern hátt tekið þátt í ástandi hruntímans. *Birta* telur að prestar hafi átt að vera búnir að segja frá því sem var að gerast í samfélaginu og byggja þannig á eigin reynslu í bland við textann. Að dómi *Birtu* er þessi samþætting eigin reynslu, reynslu safnaðarins/samfélagsins og textans uppistaða prédikunarinnar. *Ari* upplifir að í því felist hræsni að ekki megi prédika um það sem skipti máli eins og sést í eftirfarandi staðhæfingu:

[...] það séu margir ósammála því að það sé eitthvað slæmt að græða peninga. Ég meina það er fullt af fólki sem er bara [...] í frjálshyggju í pólitík og þeir stjórná alltaf landinu, þannig að á hverju eigum við von? Svo er allt á fullu núna og margir að græða en það má ekki tala um það. Og það má ekki prédika um þá sem hafa verið dæmdir fyrir einhvers konar hrunglæpi.

Sjónarmiðið sem kemur fram hér má skilja þannig að viðmælenda finnist að ekki megi prédika um þá glæpamenn sem dæmdir hafa verið fyrir svokallaða hrunglæpi. Hann telur að það geti stundum átt rétt á sér að prédika um það sem aflaga fari með því að setja fram víti til varnaðar. Hrun tíminn virðist hafa haft áhrif á það hvernig viðmælendur rannsóknarinnar fluttu prédikanir sínar. Sem dæmi má nefna að *Linda* segist hafa leitast við að prédika um það sem hún leit á sem græðgi en upplifði að fólk vildi ekki heyra það sem hún prédikaði um:

[...] ég gerði þetta oft í hruninu og lét vita af því að fólk væri gráðugt og kannski ekki á réttum stað en það var bara, ég fann það, að það vildi ekki heyra þetta, það var ekki gott.

Það sjónarhorn *Lindu* að áheyrendur hafi ekki viljað heyra það sem hún sagði þegar rætt var um erfiða þætti tengda hruninu er áhugavert. *Hrafn* telur að hann sjálfur hefði tekið þátt í þeirri græðgi eða fjármálaóreiðu sem átti sér stað í hrun tímabilinu:

Maður bara reyndi að bjarga sér svona fjárhagslega, en, já, æi, ég veit það ekki, þetta var allt mjög undarlegt, það sem stóð í fjölmiðlum, maður var bara skeptískur á það en þegar ég hugsa þetta privat að þá [...] þá vildi maður vera með einhvern veginn, án þess þó að geta það, enda aldrei með peninga til að kaupa neitt.

Ari virðist vera á svipaðri skoðun og *Hrafn* en *Ari* ræðir um að fólk hafi velt því fyrir sér hvort hrunið varðaði það að einhverju leyti:

[...] sko bara þegar fyrsta fréttin kom um hrunið, skilurðu, var sagt frá því sko, allir sem heyrðu þessa frétt, ég hugsa, [...] flestir þeirra hafi hugsað: „getur þetta varðað mig?“ en það fer enginn að vekja máls á því fyrir en það líða dagar.

Hrunið virðist hafa komið viðmælendum rannsóknarinnar í opna skjöldu að ákveðnu marki. Þegar litið er til þess sem rætt er hér að framan varðandi prédikanir í hruninu má skilja á *Má* að hann upplifi að prédikarar innan þjóðkirkjunnar hafi prédikað mjög mikið um græðgi og hrun. En af einhverjum ástæðum hafi fáir heyrt eða tekið til sín prédikun um græðgina. *Una* segist upplifa að þeir sem prédikuðu hvað mest um ástandið á hrun tímanum hafi ekki haft mikinn hljómgrunn innan þjóðkirkjunnar:

En það voru ákveðnir prestar sem töluðu en þeir voru ekki margir, ég held að það sé mjög spennandi að fara í gegnum trú.is af því þeir voru til en það er ekki almennt. Menn voru ekki almennt að tala um þetta.

Una segist hafa upplifað ákveðna auðmýkt bæði í starfi og prédikun kirkjunnar sem henni fannst fara í sálgæslufarveg. Hún finnur fyrir þakklæti yfir því að prestar hafi ekki gengið fram og ásakað fólk í prédikun.

Að mati *Hrafns* er það gömul saga og ný að það hafi opinberlega verið slegið á puttana á Þjóðkirkjunni fyrir að taka þátt í Þjóðfélagssumræðu. Hann heldur því fram að í hruninu hafi fólk verið mjög reitt út í valdið og þar sem ekki er hægt að segja sig úr ríkissamfélaginu sem Íslendingur þá upplifi fólk að það geti sagt sig úr Þjóðkirkjunni sem sé þá nokkurs konar yfirvald í huga þess:

[...] í hruninu þá, sko, var eins og fólk væri mjög reitt út í valdið sem slíkt og þá var svo auðvelt að geta eins og ég segi, þú getur ekki sagt þig úr ríkissamfélaginu, þú getur ekki sagt þig úr ef þú ert Íslendingur. Þarna er yfirvald sem heitir kirkjan og er hluti valdsins, „Ég get sagt mig úr kirkjunni, fokkjú“ og það er svona þetta sem maður heyrði svoldið, hjá eins og ég segi, fólk kom hérna og sagði: „Ég er ánægður með starfið ykkar og allt það en ég get þetta bara ekki samvisku minnar vegna verið lengur í þessu og hluti af þessu vegna þess að ég get það, ég get sagt mig úr kirkjunni og það er hluti af þessu að...“ [...] og þarna þá sko, kirkjan verður alltaf svoldið svona hvað á ég að segja, hjáróma vegna þess að það er alltaf undirliggjandi þetta, það er hluti af batterýnu, yfirvaldinu, það er það sem ræður öllu [...]

Allir hafa viðmælendur rætt um hvernig þeim hafi gengið að koma prédikun á framfæri á stafrænum miðlum. Ekki má útiloka að þeir hefðu náð lengra með sinn boðskap ef þeir hefðu náð meiri árangri á sviði stafrænna miðla. Í næsta undirkafla verður fjallað um það.

4.2.3 Boðun í stafrænu rými

Þriðja hugtakið sem verður rannsakað frekar er *boðun í stafrænu rými* með undir- eða stoðþemunum *boðun, samfélagsmiðlar, blogg og lifandi orð*. Hér er áfram að mestu leyti verið að tala um prédikanir og hvernig prestarnir koma þeim á framfæri í stafrænu rými utan kirkjunnar. Notkun stafrænna miðla hefur breyst mikið á stuttum tíma. Á þeim tíma sem rannsóknin fjallar um urðu miklar breytingar á samfélagsmiðlum. Á upphafsárum tímabilsins sem ritgerðin fjallar um var lítið unnið með texta á netinu, og samfélagsmiðlar voru þá enn nýmæli. Í lok tímans hefur sú vinnsla aukist til mikilla muna og samfélagsmiðlar komnir í almenna notkun. Á hruntímabilinu var algengt að fólk og þar með talið prestar notfærðu sér blogg síður á netinu, sem gjarnan voru nýttar til þess að koma skoðunum og efni á framfæri. Þjóðkirkjan rak eina slíka síðu, www.tru.is þar sem prestar birtu (og birta enn) prédikanir og annað efni. Þessar miklu breytingar á notkun netmiðla hafa ugglauast haft áhrif á umfjöllun viðmælenda um netmiðla og notkun þeirra.

Birta leggur sig fram um að gera prédikanir þannig úr garði að þær geti farið beint á vefinn:

[...] og það þýðir það að maður gengur öðruvísi frá texta sem lifir síðan skrifaður, er það ekki. Maður getur reitt sig á aðra hluti í töluðu máli og, en sem sagt, þetta þýðir að ég er alltaf með mínar prédikanir skrifaðar.

Við þurfum að ná sambandi þarna úti líka, þurfum að prédika á vefnum og Facebook og allt, eins og í hruninu þá [...] þá höfðum við þetta bara ekki en núna höfum við þetta en gerum ekki mikið eða ekki nóg.

Hér að framan kemur fram hjá *Birtu* að öðruvísi sé gengið frá texta sem eigi einnig að birtast skrifaður. Hún heldur því fram að mikilvægt sé að prédika á vefnum en tekur einnig fram að vinna þurfi með aðra þætti í töluðu máli. *Ari* er á sama máli og *Birta* en hann segist alltaf vera að hugleiða það með hvaða hætti hann komi prédikun á framfæri á stafrænum miðlum en enn sem komið er hugsar hann bara prédikunina fyrir kirkjuna:

En ég veit að ég þarf að hugsa um það eða vinna í því. Það koma sko eða þannig, jú, það er þannig. Það koma ekkert margir endilega á sunnudögum í kirkjuna, kannski bara 30 eða 40 og ég meina, við hverja tala þeir? Ég veit þetta alveg. Ef ég væri að prédika núna og það væri siðrof og hrun á leiðinni þá yrði ég að nota fésið eða einhverja staði á netinu til að ná í eða ég meina að ná í fólk. Þannig að það heyrir í mér og þá lifir kannski orðið.

Ari gerir sér augljóslega grein fyrir því að hann þurfi að koma prédikunum á framfæri á stafrænum miðlum. *Birta* upplifir að fáir hafi hlustað á sig af því hún hafi ekki verið á vefnum:

[...] eins og við vorum að tala um í hruninu en þá var enginn að hlusta af því við vorum ekki á vefnum.

Þrátt fyrir að *Ara* sé greinilega hugleikið að vanda sig við flutning prédikana með stafrænum hætti segist hann ekkert kunna sérstaklega vel á tölvur. Hann segir frá því að sig langi að læra meira. *Ari* ræðir um að hann vilji ganga þannig frá að þegar hann birtir prédikun á blogginn þá komi hann henni líka á framfæri á Facebook. Hans sýn er að hann þurfi að nota Facebook sem beitu fyrir þá sem vilja lesa meira. *Ari* segist telja að fólk fari sjaldnast inn á heimasíður bara að gamni sínu. Hann heldur áfram:

[...] flottasta sýsemið væri náttúrulega að þú ert bara með fullmótaða og góða prédikun svona í meginatriðum eða já, einhver stef og síðan færi það á Twitterinn [samfélagsmiðillinn Twitter gengur undir nafninu X árið 2025] svo náttúrulega er hægt að gera annað og verður þegar að, sko, það er að taka prédikunina bara hreinlega upp eins og vídeó og setja hana á Facebook og alveg eins, vísað bara á atburðinn sko.

Eins og áður hefur komið fram skrifar *Ari* sjaldan prédikanir heldur er hann aðeins með punkta sem hann vinnur út frá. Skoðun *Ara* er að prestar ættu að hafa dug í sér til að prédika þannig að eftir þeim sé tekið:

[...] Við verðum að hafa dug í okkur til að prédika þannig að eftir okkur sé tekið þegar eitthvað slæmt er í aðsigi og setja það bara fram alls staðar, líka í fjölmiðlum en við ættum að muna eftir því að tala um það góða, það er líka mikilvægt, við megum ekki vera bara einhver sítuðandi kirkja [...]

Már hefur ýmislegt um það að segja hvernig skuli koma orðinu á framfæri:

Þetta er enn þá þannig að prédikanir eru fluttar í kirkjunni. Maður sér samt að margir eru farnir að blogga og sumir að nota Facebook. En það er erfitt að finna tíma í þetta allt saman, ég meina það er ekki eins og það sé bara ekkert að gera. Það er ekki mikið verið að birta prédikanir í fjölmiðlum en það er, held ég, ekkert mikið mál að fá birtar greinar í fjölmiðlum. En útvarpið er auðvitað alveg magnað, ég, ég meina, það eru margir að hlusta á sunnudögum, mjög margir. En meira að segja í hruninu, þá heyrðist ekki, það var bara eins og enginn væri að hlusta en samt heyrðu það margir, já, mjög margir held ég. Presturinn er að tjá sig, hugsanlega um eitthvað álitamál eins og siðrofið eða græðgi eða kynferðisbrot og gerir það með þeim hætti að það ætti að heyrast en þetta er alltaf dálítið varasamt.

Már segir að enginn hafi verið að hlusta og tjáir þar líklega tilfinningu fyrir því að ná ekki fram með boðskap prédikunarinnar. Hann talar einnig um að prédikað sé um alvarleg samfélagsleg mál. Hann segist hafa gert mikið af því að setja prédikanir inn á aðra miðla í gegnum tíðina.

Reynslan sem kemur fram hér virðist vera sú að flestir viðmælanda rannsóknarinnar hafi vilja til að nýta sér samfélagsmiðla til að koma prédikun sinni og boðskap á framfæri. *Már* heldur áfram að tjá sig um mikilvægi þess að nýta stafræna miðla:

Og mér finnst það vera svoldið mikilvæg þjónusta, bæði við sóknarbörnin sem eru að hlusta á þig og líka við almenning og við sjáum það að á blogginu eða feisinu kemur fólk jafnvel aftur og aftur inn og það les mikið í einu. Það er ekki þannig að einhver detti inn og lesi bara eitthvað, heldur er rosa mikið verið að skoða gamalt efni [...] en við erum líka alltaf í samskiptum við söfnuðinn okkar á Instagram og auðvitað á Facebook, ég held að Facebook skipti okkur orðið öllu máli, bara í því að láta vita hvað við erum að gera og svona.

Það kemur fram í máli *Más* að prédikanir séu fluttar með þeim hætti að fólk ætti að heyra það sem er prédikað. Hann hefur lagt sig fram um að prófa hina ýmsu miðla til að koma efni á framfæri og hans reynsla er sú að það virki. Fólk lesi það sem hann setur fram og hann verði var við það. Hann heldur áfram:

Nei, kannski, bara það, að mig langar að læra að gera þetta betur sem við tölum um, með að senda út á netið og blogga meira. En það er enginn sem er að kenna okkur þetta. Mig langar og mér finnst að kirkjan gæti kennt okkur þetta, ég held að allt sé að breytast en samt ekki þannig að við hættum að prédika í kirkjunni, ég held að það verði alltaf kjarninn en ég [...] ég veit ekki, jú ég vona að ég geti þetta einhvern tíma.

Upplifun *Lindu* virðist vera önnur en *Más*. Hún segist hafa hugsað mikið um það af hverju svo fáir heyrðu í prestunum þegar þeir prédikuðu gegn siðrofinu og hruninu öllu. Mögulega tengist þetta því að þeir höfðu ekki aðgang að öllum miðlum, til dæmis Facebook og Instagram. Henni finnst netið skipta máli:

Mér finnst samt ótrúlega mikilvægt að gera eitthvað á netinu en samt ég er svo bundin af þessu formi alla sunnudaga og svo hef ég kannski ekki þennan tíma sem ég þarf til að setja þetta út á netið.

Hér að ofan kemur fram að *Má* finnst sínir lesendur koma aftur og aftur og lesa það sem hann setur fram á samfélagsmiðlum. *Lindu* finnst óþægilegt þegar hún upplifir að kirkjugestum finnst prédikun hjá henni vera orðin of löng. Hún segist ekki stytta prédikanir áður en hún setji þær á netið og því verði það sem hún birtir Facebook of langt til að fólk lesi það sem hún skrifar:

Veistu það versta sem ég veit er þegar ég horfi út í kirkju og ég sé að fólk er að hugsa: „Ætlar manneskjan aldrei að hætta?“ og ég veit að ég er búin að vera allt of lengi. Þetta er alveg það sama og á netinu, ég veit alveg að fólk nennir ekki að lesa langlokur á Facebook, samt er ég alltaf að setja fram langlokur á Facebook, ég meina, ég veit þetta allt en samt geri ég þetta ekki. Svo er bara svo mikill vandi að vera á einum stað persóna á Facebook og svo líka prestur. Ég meina ég má ekki segja hvað sem er og get ekkert farið úr prestagallanum þar. En það eru ótrúlega margir að tala allt of lengi og ég veit ekki um marga sem stytta eitthvað prédikanir sem þeir setja á netið. Ég held flestir setji þær bara óbreyttar en við erum að læra þetta smám saman.

[...] mér finnst eiginlega bara best að prédikunin sé sex mínútur og hún sé bara góð, að það sé gott stöff í henni, það er miklu erfiðara að skrifa styttri texta fyrir feisið [samfélagsmiðillinn Facebook] og koma hlutunum frá þér svona koncentrerað heldur en að tala lengi, þannig að ég held við ættum ekkert að vera að setja of mikil tímamörk bara ekki hafa þær of langar. Og ég meina fólk heyrir þá hvað maður segir og ef textinn er stuttur á Facebook þá les það kannski það sem maður segir og það berst þá kannski áfram. Það er svo ótrúlegt að sjá þegar kannski fjórir eða fimm deila einhverju trúarlegu sem ég set á feisið, þá veit maður að það er fjöldi fólks sem getur séð, kannski hundruð eða þúsundir og við notum þetta eiginlega aldrei rétt. Ég held að söfnuðurinn minn sé ekki

lengur bara í kirkjunni, ég held að hann sé allir sem eru á Facebook eða netinu eða hlusta á útlvarpsmessur. Ég held bara að þjóðin sko, ég bara hef tekið eftir því, [...] við höfum ýmsa sem eru að skrifa pistla og prédikanir sem fá mjög mikla hlustun, í kirkjunni.

Linda telur að söfnuðurinn hennar sé á netinu og hann hlusti á útlvarpsmessur en bara brot af honum komi í kirkjuna. Þegar hún setur efni sitt vel fram á Facebook veit hún að hundruð eða jafnvel þúsundir geta séð það sem þar er birt. *Breki* virðist ekki sjá aðganginn að stafræna hluta opinbera rýmisins með sama hætti og *Linda* gerir:

Ein skýring hefur komið til mín og hún er þessi: kirkjan sem að vann í gegnum sitt eigið taugakerfi eða í gegnum sko, taugakerfi sinna kennimanna. Niðurstöðuna í málefnum samkynhneigðra og það var engin niðurstaða fyrr en kirkjan var búin að færa hana fram með rangindum og við sem tókum þátt í þeirri fæðingu erum lemstruð og skemmd eftir þau átök. En niðurstaðan fæddist og þegar eitthvað fæðist þá er það fallett og þjóðin veit. Nú er ekkert deilt um málefni samkynhneigðra á meðal þjóðarinnar, hver fæddi fram sannleikann í þessu máli. Það var þessi ekkisens bévítans þjóðkirkja sem gerði það með sínum kennimönnum og þessu þreytta liði sko. En við settum það aldrei fram í þessu stóra opinbera rými sem við erum að ræða, því við vorum ekkert með neinn almennilegan aðgang að því, þetta hefur allt, allt, breyst svo hratt.

Heimasöfnuður í samfélaginu er samkvæmt því er fram kemur í viðtalsrannsókninni fyrirbæri sem einstaklingar sækja í og tengjast sterkum böndum. Þjóðkirkjan sem stofnun hefur lent í vandræðum vegna ýmissa mála en mest þó vegna mála sem koma upp innan dyra. Sjálfsmýnd þjóðkirkjunnar virðist nokkuð óskýr þrátt fyrir að hlutverk hennar í samfélaginu sé mikilvægt. *Linda* lýsir hér að neðan frekar flókinni mynd af hlutverki prests er starfar hjá þjóðkirkjunni en leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að komast út í hið opinbera rými:

Það er þá allavega hlutverk prestsins að hlífa sér ekki. Það er allavega hans hlutverk að vera þá viss um að hann sé á vettvangi og þegar á að reka kristnina inn í einkarýmið og skamma hana [...] af því hún er kelling sem á að vera inni hjá sér. Þá er það hlutverk kennimannsins að gera í rauninni ekki það heldur finna leiðir til að vera í opinbera rýminu. Og ef að kirkjan sem stofnun er orðin að einkarými og fer að skilgreina sjálfa sig þannig, vegna þess að það er mjög mikið af textum sem fulltrúar kristinna kirkna hafa látið fara frá sér þannig að það er viðhorf sem kirkjan fær og kannski örfá prósentu þjóðarinnar sem trúir.

Hlutverk þess sem hefur þá hlotið menntun og þjálfun og vígslu og umboð, [...], er þá að stíga inn í almannarýmið og vera þar og reyna að láta um sig muna og taka afleiðingunum og hérna, það hlýtur að vera það og það er ekki létt verk, það er bévítans, það er mjög kalsasamt og mjög hættulegt og gerir ekkert annað en að kosta þig ef þú ætlar að vera í því og hefur alltaf gert.

Það sem *Linda* heldur fram má samhæfa við orð *Hrafns* um Móses, hrafnninn í *Animal farm* sem sagði bara það sem öllum líkaði og hélt sig í einkarýminu. *Linda* tjáir mjög sterka einmanalega upplifun af því að láta taka til sín í opinberu rými. Hún heldur áfram og veltir stöðu Þjóðkirkjunnar fyrir sér:

Hugsanlega er hún að fara að heyra sögunni til sem hérna sem, sko, allavega í núverandi formi, þetta mun ekkert ganga eftir þetta, er verið að fara illa með peninga. Þetta er bara fáránlegur rekstur, bara hætta þessu [...] við eigum að leggja niður apparatið af því þetta er gamaldags, karlmiðlægt, hárarkískt, þungt í vöfum og hættulegt.

Linda sér heimasöfnuðinn þannig að safnaðarstarf á vegum hans geti orðið að mannlífstorgi en að sama skapi þurfi að þróa tengslahreyfingu sem er utan formlegra veggja Þjóðkirkjunnar:

Sko ég veit um nokkra söfnuði hér á Reykjavíkursvæðinu sem enn hefur tekist að lifa í raunverulegum tengslum við umhverfi sitt og eru í fljóttandi tengslum, þannig að safnaðarlífið verður að mannlífstorgi hvort sem er í kirkjunni eða á netinu þar sem svo mikil samskipti eiga sér stað. Ég meina í e-mailinu, á messenger og allt þetta, bara í athugasemdum á feisinu, þegar þau eru að þakka fyrir messuna eða tónleikana en þeir eru mjög fáir söfnuðirnir sem ná að halda sér á floti sem mannlífstorg þangað sem fólk kemur af því verið er að svala þörfum þess. Það er í raun búið að loka þessum kirkjuhúsum og það voru ekki Vantrúarmenn sem lokuðu þeim, það voru þjónar kirkjunnar sem lokuðu þessum húsum og gerðu það með heimsku og hroka.

Það þarf að þróa kristnina sem tengslahreyfingu utan hinna formlegu veggja og vegna þess að þeir tímar eru að koma og það er það sem ég hef áhuga á núna og við þurfum að vera inn á við svoldið gagnrýnin og raunsæ og geta talað um hlutina þannig að þeir séu á hreinu en við þurfum að segja sannleikann í kærleika og ást til fólks þannig að það fái að heyra góðu fréttirnar um Jesú.

Erna er þeirrar skoðunar að prédikun í samtímanum sé ekki eins og hún var á árum áður. Hún telur hlutverk Þjóðkirkjunnar eða prestsins vera að nýta tækifæri sem gefast til að koma boðskap á framfæri. Hún telur að Þjóðkirkjan eigi að nýta sér betur hina ýmsu miðla til að setja prédikunina fram, eins og að geta sent hana áfram á Facebook, á blogginu og öllum miðlum sem prestarnir hafa aðgang að.

Erna upplifir að samskipti kirkjunnar við fjölmiðla hafi verið frekar klaufaleg og hún segist oft hafa heyrt talað um að Þjóðkirkjan þyrfti alvöru fjölmiðlafulltrúa sem kynni til verka. Hún er þeirrar skoðunar að fleira spili þó inn í þetta en bara Þjóðkirkja og fjölmiðlar. *Birta* segist nota þá miðla sem hún hefur aðgang að, hún setji allt á bloggjið og svo noti hún Facebook til að auglýsa það. Hún segist setja brot á Facebook og sé svo með hlekk á blogg þar sem hún birti prédikun sína. Oft séu margir sem sjá og deila og hún veit að margir hafa aðgang að því sem

hún setur þar fram. Hún heldur því fram að töluverð vinna felist í því að aðlaga og birta efni á stafrænum miðlum:

Ég veit alveg hvað þarf að gera, ég meina vitum það öll, það er bara svo mikil vinna að gera þetta, þegar maður er alltaf að gera þetta eftir á, fyrir netið, blogg eða Facebook. Þess vegna eru allir með þetta bara óbreytt og ég meina, ég nenni ekki að lesa það, ekki einu sinni að opna það. Maður þarf að velja úr og það er svo mikill vandi, líka af því að prédikanir eru alltaf að stytta, líka í kirkjunni, annars hættir fólk bara að koma. Kannski er bara best að maður velji sér sinn miðil á netinu og láti það duga eða þú veist eða eins og á Facebook, að taka bara fyrirsagnir og birta nokkur orð og gera það alltaf eftir messu á sunnudögum og svo geta bara eða sko aðrir bloggað eitthvað.

Hér að framan kemur fram í máli *Ernu* hversu mikilvægt er að aðlaga efni að netinu. *Ari* virðist á sömu skoðun varðandi notkun netsins. Honum finnst gaman að tileinka sér netmiðla og setja þar fram prédikun en vill ekki láta neitt frá sér á netið sem er ekki í lagi:

Ég meina, það man hvort sem er aldrei neinn alveg hvað maður segir þannig að það sleppur alltaf. Og stundum þegar ég geri prédikanir þá eru þær bara þannig að ég er kannski bara með punkta, þú veist, þetta ætla ég að tala um og svona og svo að vera með prédikun sem er hérna algjörlega niðurnjörvuð frá orði til orðs, hún er svolítið hamlandi á hvernig þú flytur hana. Mér finnst mjög gaman að setja eitthvað frá mér, prédikanir eða svoleiðis út á netið. Kannski á heimasíðuna en samt, kannski vita ekkert margir af henni eða þannig en líka bara Facebook en ég er smá feiminn við það ennþá. Ég er alltaf sko eða þannig bara viðbrögðin að þegar þau [...] stundum eru einhverjir sem gera bara allt vitlaust á Facebook og ég svona, svona óttast það. Bara satt að segja, að þeir fari bara að, ja, sko, drulla bara yfir mig, fyrirgefðu íslenskuna.

Hér má draga þá ályktun að *Ara* finnst að prédikun sem sett er fram á stafrænum miðli sé útsettari fyrir gagnrýni en prédikun sem flutt er í kirkju. Hann segist fá óvægin viðbrögð við því sem hann birtir á samfélagsmiðlum, blogginu, Facebook og fleiri miðlum.

Ari virðist einnig hafa velt því fyrir sér hvernig eigi að laga prédikun að stafrænum miðlum:

[...] ég veit alveg að sumir laga prédikanirnar sínar að Facebook og alls konar. Og ég geri það en ég veit samt ekkert hvernig er best að gera þetta og setja fram. Ég bara veit það ekki, kannski hefðum við líka náð til fleiri í hruninu ef Facebook hefði verið komið svona sterkt þá, ég bara veit það ekki.

Már virðist upplifa svipaða gagnrýni og *Ari* lýsir þegar stafrænir miðlar eru annars vegar. Hann telur að lítið þurfi til að fólk ræði það sem skrifað er á Facebook:

[...] en við erum líka alltaf í samskiptum við söfnuðinn okkar á Insta og auðvitað á Facebook, ég held að Facebook skipti okkur orðið öllu máli, bara í því að láta vita hvað við erum að gera og svona.

Ég tala oft bara út frá punktum, mér finnst það virka, þú mátt ekki tala of lengi. Ég set stundum, bara stundum, prédikanir á Facebook en ég breyti þeim ekkert og það eru ekki margir sem læka eða svoleiðis en ég set alltaf inn á heimasíðuna. En ég veit heldur ekki hvað eru margir sem skoða þetta, í alvöru, ég hef bara ekki hugmynd um það en svo þarf ég líklega að gera þetta þarna, þú veist, að hérna breyta textanum og stytta hann og svona og það bara æ, ég veit það ekki, ég er bara ekki vanur þessu.

Linda upplifir að hún geti ekki eða kunni ekki að ná til fólks með sama hætti fyrir tilstuðlan stafrænna miðla og í prédikun í þeirri kirkju sem hún þjónar:

Það [fólk] kemur kannski í kirkjuna í örvæntingu og fær að heyra það sem það þarf. Og ég get ekki gert þetta á Facebook eða einhverjum miðli eða ég held ekki, kann það allavega ekki ennþá.

Linda virðist upplifa sama ótta og *Ari* þegar hún tjáir áhyggjur sínar af viðbrögðum þeirra er lesa prédikun á Facebook:

[...] ef ég mundi setja það orðrétt eins og ég flutti það hér í kirkjunni á vefmiðlana, þá hefði mér bara ekki orðið líft, vegna þess að ég hefði orðið fyrir svo miklum árásum eða, nei, það hefðu hafist svo miklar rökræður. En samt ekki, ég nota feisið og allt sem ég get en ég veit upp á mig að ég geri það ekki alltaf vel.

Linda lýsir þeirri skoðun sinni að samfélagsmiðlar skipti söfnuðinn sem hún þjónar miklu máli þegar komi að auglýsingum. Hún telur að samfélagsmiðlar séu sterkir þegar boðun er annars vegar:

[...] við erum í mestu sambandi þar, auglýsum messur og atburði í kirkjunni og allt þetta, annars myndi fólk, eða kannski yngra fólk allavega, ekkert vera að koma. Ég meina það les ekki lengur dagblöð eða ekki jafnmargir og áður. Þetta er allt á netinu og ég held að, sko, í boðuninni komi samfélagsmiðlarnir alltaf sterkir inn.

Birtu finnst mikilvægt að fólk sem hlustar á hana fái eitthvað út úr prédikuninni sem það geti nýtt sér, þ.e.a.s. eitthvað uppbyggilegt og eitthvað sem viðkomandi geti tekið með sér án þess endilega að kaupa hennar forsendur. *Ari* virðist upplifa sig á svipuðum stað og *Birta* hvað það varðar að fólk fái eitthvað sem það geti nýtt sér við að hlýða á prédikun:

[...] og ég vona það alltaf þegar fólk kemur inn [...] að það gangi út með eitthvað í hjartanu og eitthvað svona sem að, hefur til að hugsa um, að einhverjar spurningar hafi vaknað hjá þeim til að þau þæli áfram í þessu.

Ari ber prédikun sem snertir við fólk saman við lifandi orð:

En þú getur náttúrliga alltaf tengt allt við Guðs orð. Þú ert líka með ritningalestra, þú ert sem sagt með pistil og lexíu sko, þannig að þú getur alltaf tekið í raun og veru hvaða málefni sem er og ef manni tekst það ekki, þá er guðspjallið og textinn í raun og veru ekki lengur lifandi. Sko, þá er hann ekki lifandi orð, þá er hann, þú veist, hvað segir þessi texti inn í mínar aðstæður og svo framvegis sko.

Linda sagðist nánast alltaf setja boðskap eða prédikun á netið og það sé ábyrgðarpáttur presta eigi orð prédikunarinnar að „lifa“ áfram. *Erna* telur viðbrögð við prédikunum í útvarpsmessum meiri en hún hafi átt von á og að viðbrögðin komi henni oftast nær á óvart. Hún segist hafa hitt fólk tveimur til þremur vikum eftir að prédikun var flutt í Ríkisútvarpinu og samskipti hennar við það bendi til að það hafi hlustað á prédikunina.

4.2.4 Traust

Fjórða hugtakið sem rannsakað er í útkomukaflanum er *traust*. Opinberar tölur sýna að traust almennings til biskups og þjóðkirkju hefur minnkað mjög á undanförunum árum og áratugum. Að hvaða leyti getur prédikun haft áhrif á traust almennings til þjóðkirkjunnar?

Umræða um traust var eitt af því sem var viðmælendum efst í huga, rétt eins og umræða um siðrof og hrun. Þannig segist *Una* telja að þegar Kristnitökuhátíðin var haldin um síðustu aldamót hafi afstaða fólks til þjóðkirkjunnar verið farin að breytast. Hún hafi allt í einu verið komin á lista yfir þær stofnanir sem mætti gagnrýna og að rof hafi orðið á milli þjóðkirkju og þjóðar árið 2000 þegar Kristnitökuhátíð var haldin. Þá hafi hafist markviss gagnrýni á kirkjuna og innviði hennar.

Þannig að ég mundi ekki vísa á gagnrýni kirkjunnar kringum hrun. Fyrir eða eftir hrun, ég mundi segja eftir aldamót, Kristnitökuhátíðin, þá byrjar það og líka tengt frjálshyggjubruðlinu öllu saman, það er mín skoðun og það vegna þess að við bárum ekki þá gæfu að vera kirkja þjóðarinnar við þessi ofboðslegu tímamót, við vorum þar.

Þetta var upphafið og ekki í tengslum við, nógu miklum tengslum við söfnuðina og þetta var ekki afmælishátíð grasrótarinnar. Kirkjan birtist eins og þjóðin vill ekki að hún birtist. Hún birtist skipulögð og að ofan og þar byrjaði rofið sem ég held að þar hafi orðið. Mjög ákveðið rof, þar sem er svona rof sem er hið opinbera rof og opinber umræða en rofið á sér ekki stað inni í grasrótinni af því það hefur alveg haldið áfram að vera þetta góða starf inni í söfnuðunum og góð tengsl við sóknarbörn og stofnanir og hreyfingar og slíkt inni í söfnuðunum. Það

hefur haldið áfram en hefur að vísu verið erfiðara að því leyti að starfsmenn kirkjunnar hafa orðið hræddari og misst dálítið sjálfsöryggi sitt í samskiptunum held ég.

Breki tengir hér vanda þjóðkirkjunnar við Kristnitökuhátíðina og stjórnsmál frjálshyggjunnar við einhvers konar rof á milli þjóðkirkjunnar og þjóðarinnar. Hann telur þjóðkirkjuna hafa birst með öðrum hætti en þjóðin óskaði sér. Hann heldur því einnig fram að samskipti sóknarfólks og heimasafnaðar þess séu góð. *Breka* er mikið niðri fyrir þegar hann ræðir um reiði og traust gagnvart þjóðkirkjunni:

Og stofnanir og hreyfingar sækja til manns með ákveðna hluti í skjóli nætur eða réttara sagt í trúnaðarsamtölum og maður kemur inn í alveg ótrúlegustu mál. [...] svo upplifir maður á hinum opinbera vettvangi eða í hinni opinberu umræðu að kirkjan njóti ekki trausts.

Ég veit líka um fólk sem hefur trúað mér fyrir sínum innstu málum. Og það fólk sem hefur orðið fyrir kynferðisofbeldi og óréttlæti og hefur opnað málin hér í þessum sófa og fer svo og segir sig úr kirkjunni af því Karl Sigurbjörnsson vildi ekki standa með konunum. Þannig að ég er kannski búinn að þjónusta þetta fólk og hjálpa því að opna sko, opna hérna fyrir og úrvinnslu og hjálpa til heilbrigðis og á sama tíma fer það með blaðið sitt niður á þjóðskrá. Og þetta er veruleikinn og segir það við mig að sko: „Ef hann stendur með konunum fer ég kannski aftur í kirkjuna.“ Þannig að við erum líka að upplifa það, þjónandi fólk í kirkjunni, ekki bara prestar, heldur allir, [...] það er ekkert hús eins mikið notað og þetta. Það er ótrúlegur fjöldi sem kemur hér í hverri viku og það er ekkert, ekki einu sinni íþróttahúsin státa af sama fjölbreytileika og það er talað um þetta hús sem fjölnotahús í samfélaginu.

[...] svo bara upplifir maður kannski að stór hluti af fólkinu sem fer hér í gegn og þiggur þjónustu er ekki í kirkjunni af því það er reitt út af afstöðu til samkynhneigðra. Það er reitt af því Karl stóð ekki með konunum og það er reitt af því að Ólafur beitti kynferðisofbeldi.

Breki ræðir málin áfram og heldur því fram að þjóðin sé að fást við mikla reiði í garð þjóðkirkjunnar þrátt fyrir væntumþykju til hennar. Hann veltir því einnig fyrir sér hvað hafi valdið reiðinni:

En það sem ég áttaði mig á, sem sagt, það sem gerist í eftirleik hrunsins, er það að það snýr að kristni og kirkju gríðarleg reiði, ofboðslega djúp, alveg svona samansúrruð reiði og [...] að þjóðfélagið, þegar það sér yfirgang og svona augljósa andúðartortryggni snúa að kirkju og prestum og öllu því sem kirkjan tilheyrir.

Traust á milli þjóðkirkju og þjóðar byggir á svo gömlum rótum að það þarf mikið að gerast til að rjúfa það eða breyta. Reiðin beinist af krafti gegn þeim sem okkur þykir vænt um. Þjóðinni þykir vænt um kirkjuna sína. En er það þjóðkirkjan sem stofnun eða sóknarkirkjan?

En reiðin kemur líka til af því að, í sko, í gegnum mál Ólafs Skúlasonar og eins í gegnum þrjúskufulla framkomu yfirstjórnar kirkjunnar undir forystu Karls Sigurbjörnssonar í málefnum samkynhneigðra var íslenska þjóðkirkjan færð út á jaðar hins góða og siðferðilega í vitund hins vitiborna íslenska almennings. Karl sagði, ef ég man rétt, að ef samkynhneigðir mættu giftast væri verið að henda hjónabandinu á haugana. Þar með væntanlega er verið að segja að samkynhneigðir séu rusl. Kannski hefur þetta haft áhrif á úrsagnir úr kirkjunni.

Sú fullyrðing *Breka* sem hér er kynnt, að þjóðinni þyki vænt um kirkjuna sína, er áhugaverð og spurning *Breka* um hvort um sé að ræða þjóðkirkjuna sem stofnun eða heimasöfnuð er sérlega athyglisverð. *Breki* heldur áfram og tjáir skoðun sína á þjóðkirkjunni:

Vegna þessara þátta og vegna þess að kirkjan, sem upphaflega var sveitakirkja. Sem hafði breyst frá því að vera þessi lágreista, dreifða, valddreifða kirkja, yfir í það að vera hárarkísk, miðstýrð, embættisleg, „well off“. Prestalaun hafa verið of há, prestar hafa verið, þeir hafa komist of vel af og fjarlægst hinn almenna mann. Og þetta kristallaðist í því þegar við héldum upp á þúsund ára afmæli kristni fyrir þjóðina en ekki með þjóðinni. Þá byrjaði reiðin og þá byrjaði líka andsvarið sem var: „Heyrðu við tökum ekkert mark á ykkur“ sem var svar hinna formlegu kirkjuféðra í landinu og það byrjaði þessi kergja þá. Og það er, það er þessi, það er ákveðin stefna sem hefur verið sko.

Hér kemur fram að *Breki* telur laun presta of há og það hafi leitt til þess að prestar hafi fjarlægst sóknarbörn sín. Hann setur fram þá skoðun sína að Kristnitökuhátiðin hafi ekki verið haldin með þjóðinni heldur fyrir þjóðina og það hafi valdið reiði almennings og vantrausti. *Breki* telur að munurinn á kjörum presta og almennings leiði til þess að fólk verði reitt og traust rofni. Þannig treysti fólk ekki þeim sem deili ekki með þeim kjörum og taki ekki mark á þeim.

Ólíkt *Breka* ræðir *Linda* málin með mjög normatífum hætti. Í máli sínu leitast *Breki* við að lýsa aðstæðum en eins og kemur fram hér að neðan veltir *Linda* því fyrir sér hvernig kirkjan eigi að vera:

Það er ekki hægt að ljúga, við getum reynt það en það mistekst. Og þess vegna held ég að svarið liggir í því að vera sú breyting sem maður vill sjá. Sko leyfa kirkjunni að vaxa, leyfðu kirkjunni bara að fara að eðli sínu. Segja bara góðu fréttirnar og lifa þær úti í samfélagi fólks. Bara óhefðbundnar leiðir, vera þar sem fólk kemur saman. Við þurfum að þreifa okkur áfram og spyrja af fullum heilindum: „Heyrðu, er trúin mín einhvers virði? Er hún eitthvað, hvað er þetta og hvað er þetta ekki?“ og leyfa og í stað þess að horfa á áhrif kristninnar í samfélaginu og horfa á gamla samninga við ríkisvaldið sem gerðir eru vegna jarðasölu og svo framvegis.

Linda heldur því fram að heilindi skipti þjóðkirkjuna miklu máli og hún þurfi að bera fram góðar fréttir. *Erna* er á áþekkingum slóðum og viðmælendurnir hér að ofan þegar hún tjáir sig um að fólk hafi getað fundið reiði sinni farveg með því að segja sig úr kirkjunni:

Kirkjan varð svolítið svona um tíma. Svona eitthvað sem að: „Heyrðu ég get gert eitthvað, ég get sagt mig úr kirkjunni!“ Úr þessu samfélagi sem að, sem að fólk náði ekkert í sko. Þú getur ekkert sagt þig úr ríkinu eða sem meðlimur þjóðfélagsins og svo framvegis. Þannig að mín upplifun var þannig að fólk einhvern veginn, í sinni frústrasjón, gat gert eitthvað til þess að segja: „Heyrðu, ég bara er ósáttur og ég bara skrái mig út og mína fjölskyldu“ og svona. [...] En ég fann um leið, samt sem áður. Líka hjá fólki sem kom í svona sálgæslu og bara með sín mál vegna þess að upplausnin var svo margvísleg. Fólk var að reyna að bjarga sér, bæði hvað varðar fjárhagslega og ýmislegt sem fólk var að leita eftir. En um leið þá fann ég hitt líka, það traust sem fólk hafði og hefur á kirkjunni. Þrátt fyrir að kannski, í öðru orðinu var það aðeins að sparka í þetta kerfi. Kirkjan sem samnefnari einhverra stjórnvalda og svo framvegis. En um leið og [...] eða hin hliðin var sú að það kom samt og treysti á ráðgjöf og presta og kirkjuna um að hvernig bara förum við út úr þessu og hvert er næsta skref og svo framvegis. Og það hef ég fundið og mér finnst það alltaf [...] svona nokkurs konar einhver geðklofi.

Skoðun *Ernu* sem kemur fram hér að ofan varðandi úrsagnir úr þjóðkirkjunni er athyglisverð. Hún segir að fólk hafi mögulega viljað segja sig úr þjóðfélaginu sem ekki hafi verið kostur og því valið fólk að segja sig úr þjóðkirkjunni þar sem það var hægt. Af orðum *Ernu* má draga þá ályktun að hún telji að fólk hafi að ákveðnu leyti séð þjóðkirkjuna sem stjórnvald. Engu að síður er *Erna* er þeirrar skoðunar að fólk beri ennþá traust til þjóðkirkjunnar:

En fólk kemur til kirkjunnar, treystir að hún muni veita ráðleggingar, leiða sig eitthvað, hvað er fram undan og svo framvegis. Ég fann svolítið fyrir þessu og finn enn í dag. Þrátt fyrir og það svona, þetta er svo skrítið að lesa, sko, umfjallanir í blöðum um þetta, kirkjan þetta og hitt. Og svo heyrir maður hjá hinum venjulega Jóni og Gunnu eitthvað allt annað sko. Maður finnur að fólk ber traust til kirkjunnar og svo ef maður horfir á prédikanir frá þessum tíma þá eru þær auðvitað svolítið litaðar af tíðarandanum og bæði þessu að viðurkenna að kirkjan hafi brugðist. Eða kirkjan er náttúrulega bara hluti af þessari heild og svo framvegis, kannski ekki beint afsakanir. Heldur meira svona, eins og allir aðrir að reyna að átta sig á hlutunum, koma þessu í samhengi, koma orðum að því sem fólk var að reyna að glíma við.

Fólk ber að mati *Ernu* traust til heimasafnaðar síns en hún ræðir einnig að tíma geti tekið að átta sig á því sem sé að gerast. Henni er áfram mikið niðri fyrir þegar hún tjáir skoðun sína á því að þjóðkirkjan sé alltaf í vörn:

Við erum öll skrefinu á eftir, það er svo margt sem hefur verið að gerast í kirkjunni og þá erum við alltaf að svara. [...] og það er eitthvað sem fólk nennir ekki að hlusta á. Ef þú ert ekki „spot on“ eða ákveðnari í að koma þessu á framfæri og bara kunna það í raun og veru. Við erum alltaf í vörn, kirkjan er í stöðugri vörn. Þetta traust er svona og svona og það hefur algerlega, ja, [...] Og hefur mér fundist svolítið vanta og ég skil vel svona, hvað á ég að segja, ópolinmæði og reiði fólks, sem að hefur mætt prestum eða kirkjunni sem slíkri, fulla af einhverjum svona fordómum. Um eða já, um þetta: „Bíddu, ég er svona, af hverju get ég ekki bara verið sáttur eða sátt við mig eins og ég er.“ Og það, sko, kirkjan sko, það er ákveðinn játningargrundvöllur og allt það. En við verðum að mæta manneskjunni þar sem hún er stödd og fylgja henni.

Viðhorf *Hrafns* virðist vera líkt skoðun *Ernu* sem heldur því fram að fólk treysti þjóðkirkjunni. Úr orðum hans má lesa upplifun á vantrausti í garð stofnana sem bitni á þjóðkirkjunni:

Ég sko, ég held að fólk treysti alveg kirkjunni. Sko það gæti verið reyndar, þetta hangir saman við alþjóðlega umræðu. Af hverju ætti fólk ekki að treysta kirkjunni? Er það vegna þess að það var hylmt yfir þessi Ólafsmál? Eða treystir fólk ekki kirkjunni af því það kemur umræða um hlutamál [hér á viðmælandi við laun presta] presta? Ég veit það ekki, ég held það sé nú bara svona almennt óþol í samfélaginu gagnvart öllum hefðbundnum stofnunum. Ég meina Alþingi kemur ekkert betur út eða RÚV eða dómstólarnir. Ég held þetta hafi allt hrapað. Það er ekkert bara kirkjan en auðvitað er kirkjan í þeirri stöðu að hún má ekkert gera. Eða prestarnir eða það að frétt um hlunnindamál presta verði að stórmáli, hlunnindi sem eru eins og hálfur bónus hjá millistjórnanda í fyrirtæki og eru í raun engir peningar í þessu samhengi. En af því að þetta eru prestar þá verður allt galið sko. Því við erum einhvern veginn hafnir yfir það að fólk búi, ég meina, sjálfsagt er þetta kerfi úrelt, ég efast ekkert um það eða ég geri ekki lítið úr því. Kannski þarf að stokka það allt upp og það er bara fínt, það er vantraust á öllum stofnunum og við verðum bara að vera nánast „impeccable“ eða algerlega blettahreinsuð til að koma fram eða ég veit það ekki, þetta er snúið sko.

Úr orðum *Hrafns* hér að framan má lesa að hann telur að bæði þjóðkirkjan og prestar innan hennar séu á milli tannanna á fólki. Það er áhugavert að finna það hér í lok útkomu viðtalsrannsóknarinnar að viðmælandi virðist upplifa að hann þurfi að vera nánast fullkominn til að koma fram sem prestur, þ.e. að megi hvergi finnast blettur á honum. Að mati höfundar kemur hér ljóst fram hversu miklu máli skiptir að prédikari upplifi að trúverðugleiki hans sé í lagi.

4.3 Samantekt á niðurstöðum útkomukafla viðtalsrannsóknarinnar

Hér eftirfarandi eru samantekin ummæli og vísanir í niðurstöður út frá orðum viðmælenda viðtalsrannsóknarinnar.

Prédikun á tímum hruns og samfélagslegra áfalla

Fram kemur í viðtalsrannsókninni hjá einum eða fleiri viðmælendum að:

- guðfræðilega rétt hafi verið að prédika um álitamál eins og voru uppi í aðdraganda hruns.
- ótti við refsingu af hálfu stjórnvalda gæti haft áhrif á prédikun.
- varasamt sé að ræða samfélagsleg álitamál í prédikunum og þar eru nefnd sem dæmi um slík mál siðrof og græðgi.
- á sama tíma og barist var fyrir réttindum samkynhneigðra í prédikun hafi verið erfitt að upplifa að aðrir prestar hafi prédikað gegn réttindum þeirra.
- mál hinsegin fólks, biskupsmálið og fleiri mál tengist pólitík. Þess vegna er erfitt að prédika um þau.
- þjóðkirkjan (stofnunin) er enn að reyna að finna leiðir til að sættast við hinsegin fólk.
- hvaða prestur sem er getur stigið fram sem rödd þjóðkirkjunnar.
- þjóðkirkjan hafi haft fjárhagslegra hagsmuna að gæta gagnvart stjórnvöldum sem á sínum tíma höfðu áhrif á fjárframlög til kirkjunnar að ákveðnu marki og geti því ekki sýnt frumkvæði í boðun á viðkvæmum málum.
- þjóðkirkjan sem stofnun geti haft taumhald á tungu presta í prédikun þeirra.

Prédikun og traust

Fram kemur í viðtalsrannsókninni hjá einum eða fleiri viðmælendum að:

- fólk segi sig úr þjóðkirkjunni af því það geti ekki sagt sig frá ríkinu.
- orðið hafi rof á milli þjóðkirkju og þjóðar vegna þess hvernig þjóðkirkjan staðsetji sig með stjórnvöldum.
- þjóðkirkjan hafi ekki talað beint út um mál eins og Kristnitökuhátíð og réttindabaráttu samkynja para.
- yfirstjórn þjóðkirkjunnar hafi brugðist í alvarlegum brotamálum Ólafs Skúlasonar biskups.

- biskup hafi ekki staðið með konunum sem forveri hans var ásakaður um að hafa beitt kynferðisofbeldi og að það hafi neikvæð áhrif á traust til þjóðkirkjunnar.
- þjóðinni þyki vænt um heimasöfnuð sinn.
- orð þáverandi biskups, Karls Sigurbjörnssonar um að henda mætti hjónabandinu á öskuhaugana, hafi valdið reiði og rofið traust.

Prédikun - texti, tungutak og túlkun

Fram kemur í viðtalsrannsókninni hjá einum eða fleiri viðmælendum að:

- efni prédikunar spretti annað hvort upp úr ritningartextanum eða einhverjum hugrenningartengslum sem vakni hjá sér.
- prédikun snúist ekki um ritskýringu á ritningartextum en byggji á því að finna og setja fram þemu sem megi finna í ritningartextum. Í því samhengi eru nefnd frelsi, trú, sam hjálp og framkoma við innflytjendur. Viðmælandinn segir að einnig sé mikilvægt að flétta eigin reynslu inn í prédikunina.
- mikilvægt sé að vinna með texta þannig að prédikunin sé skiljanleg enda er hún fyrir fólkið í kirkjunni.
- viðmælandinn vinni með texta þar sem hann vilji leitast við að gera allt sem hann prédiki um aðgengilegt og skiljanlegt.
- máli skipti að þeir sem sækja guðsþjónustur skilji það sem viðmælandinn vilji koma á framfæri.
- þegar túlkun á textum og samhengi samtímans er annars vegar geta verið til mörg sjónarhorn á það sem telst vera sannleikur.
- erfitt getur verið að finna flöt á því að notfæra sér fallegan ritningartexta á sama tíma og prédikað er um alvarlegt ástand í samfélaginu.
- mikilvægt er að hafa prédikanir stuttar, helst ekki lengri en sex mínútur.

Prédikun og samfélagsleg álitamál

Fram kemur í viðtalsrannsókninni hjá einum eða fleiri viðmælendum að:

- viðmælandur töldu að það væri hlutverk þeirra að benda fólki á að taka ábyrgð á gjörðum sínum.
- ekki hafi verið hægt að tala inn í ástandið eins og það var í aðdraganda hrunsins fyrr en eftir hrún.

- þeir telja sig flestir hafa talað um einhvers konar siðrofsástand.
- að prédikað hafi verið um hrunið og græðgina en enginn hafi viljað hlusta.
- viðmælanda finnst mikilvægt að þjóðkirkjan sé gagnrýnin á samfélagið.
- ekki hafi mátt tala um þau sem voru í græðginni. Ekki hafi heldur mátt tala um þau sem voru dæmd eða ákærð fyrir hrunglæpi.
- að hluti mannlegs eðlis sé að vilja taka þátt í efnahagslegum uppgangi, jafnvel þótt það innifeli græðgi.
- segja þurfi frá því sem er að gerast í samfélaginu eins og þegar allt var hrunið og byggja á eigin reynslu í bland við textann, það er prédikun

Prédikun í áfallaaðstæðum

Fram kemur í viðtalsrannsókninni hjá einum eða fleiri viðmælendum að:

- prédikarar geri margt í senn í prédikun. Fagnaðarerindið er boðað, talað er inn í erfiðar kringumstæður og sálgæsla stunduð.
- stundum er prédikunum breytt svo hægt sé að tala til áheyrenda sem á þurfi að halda.
- sálgæsla á sér stað í hvert sinn sem prédikað er um aðstæður fólks.
- prédikun er gjarnan beint til syrgjenda.
- segja þurfi rétt og satt frá þegar prédikað er um erfiðar kringumstæður eða áföll.
- þeir prestar sem tali hæst, hvort tveggja í prédikun og á öðrum miðlum er þeir hafi aðgang að, verði einhvers konar fulltrúar þjóðkirkjunnar á opinberum vettvangi og móti þannig sýn fólks á hana.
- viðmælandi upplifi óþægilega ábyrgð vegna þess sem hann setur fram í prédikunum sínum.
- viðmælandi breyti stundum prédikunum þegar hann sér hver hlustar.
- viðmælandi hafi stigið inn í eigin ótta þegar varað var við ástandinu í hruninu.
- viðmælandi upplifi að hann hafi verið ofurseldur peningavaldinu eins og aðrir en ekki þorað að tjá sig.
- viðmælandi óttist að birta prédikanir á netinu því þar sé hann svo berskjaldaður fyrir gagnrýni.

5 Greining viðtalsrannsóknarinnar

Viðtöl rannsóknarinnar eru tekin um miðjan annan áratug 21. aldarinnar. Í viðtölunum fjalla viðmælendur rannsóknarinnar um prédikun sína á áttatímanum, tíma samfélagslegra áfalla. Viðtölin eru öll tekin eftir tímabilið og eru því umfjallanir viðmælenda eftiráttúlkanir. Tíminn sem liðið hafði frá atburðarásum málanna gæti mögulega hafa haft áhrif á túlkun þeirra og minningar.

Í greiningarköflunum eru niðurstöður viðtalsrannsóknarinnar túlkaðar með það að leiðarljósi að gefa svör við rannsóknarspurningunni. Hugtök og kenningar sem notuð eru við greiningar eru sótt í kenningarkafli ritgerðarinnar. Unnið er með hugmyndir, kenningar og hugtök nokkurra alþjóðlegra fræðimanna. Hvor hluti fyrir sig hefst með trúarlífsfélagsfræðilegri spurningu sem ætlað er að leiða og ramma inn greiningu viðtalsbrota um prédikun viðmælenda rannsóknarinnar í prédikunarfræðilegu ljósi. Hlutarnir skiptast þannig að undirkaflar fyrri hlutans eru með áherslu á þætti er tengjast persónu viðmælenda, hvort tveggja í einkasjálfi þeirra og fagsjálfi. Í seinni hlutanum er lögð frekari áhersla á samfélagslega þætti út frá prédikun viðmælenda rannsóknarinnar og áhrif þeirra greind og metin í undirköflum.

Fræðimennirnir sem kynntir voru í kenningakaflanum og höfundur nýtir sér í umfjöllun um kenningar í prédikunarfræði eru: Wilfried Engemann, Wilhelm Gräb, Eunjoo Mary Kim, Sarah Travis, Ann Carter Florence og Willie J. Newton. Í kenningum trúarlífsfélagsfræði eru kenningar Émile Durkheims, Robert K. Mertons, Thomas B. Lawrence, Royston Greenwalls, Þórodds Bjarnasonar, Max Webers og Edward Shils nýttar. Hver kaflahluti fjallar um tiltekið þema sem höfundur hefur dregið fram úr útkomunni í fjórða kafla. Uppsetning kaflanna er með þeim hætti að hver kafli hefst með stuttum inngangi um efnið. Næst eru birt og rædd viðtalsbrot úr útkomukafli viðtalsrannsóknarinnar. Þar á eftir eru viðtalsbrotin greind með kenningum og hugtökum fræðimanna í prédikunarfræði. Að lokum eru helstu lærdómar er fram koma í köflunum dregnir saman.

5.1 Hefðarvald og náðarvald í stólnum

Inngangur

Táknmyndir valds í tengslum við hrunið og breytingar á áhrifum og valdastöðu presta og þjóðkirkju virðast vera viðmælendum hugleikin. Í þessum undirkafla er unnið áfram með trúarlífsfélagslega hugtakið hefðarvald sem kynnt var í öðrum kafla og er notað við greiningu hér í fimmta kafla. Af máli viðmælenda rannsóknarinnar má skilja að þeir telji umhverfi sitt,

völd og áhrif hafa breyst með tímanum án þess þó að skilgreina það nánar. Færa má rök fyrir því að þetta rof áhrifa þeirra eða valdsins sem þeir áður höfðu geti tengst samfélagslegum breytingum. Vinnuumhverfi presta hefur breyst. Fjallað var um minnkandi hefðarvald í þjóðkirkjunni í byrjun 21. aldar í inngangskafli ritgerðarinnar. Í kaflanum var rætt um að afhelgun hefði átt sér stað í ákveðnum mæli. Breytingar á 19. og 20. öld hefðu haft mikil áhrif á lögskipaða helgi samfélagsins, samfélagið sjálft og þjóðkirkjuna.³⁸⁶ Í kenningakafli ritgerðarinnar er fjallað nánar um ólíkar tegundir valds og áhrif þess á þjóðkirkjuna og viðmælendurna út frá samfélagsbreytingum.³⁸⁷ Fram kemur að afhelgun samfélagsins hafi haft áhrif á þjóðkirkjuna og samfélagslega stöðu hennar.³⁸⁸ Af þessu má álykta að afhelgun hafi verið umbreytandi þáttur í breyttri afstöðu til trúar í samfélaginu. Þar með hafi samfélagslegar breytingar valdið því að minnkandi valdaáhrif þjóðkirkjunnar og viðmælendanna hafi átt sér stað.³⁸⁹ Þegar litið er til umræðu um kenningar Webers á lögmætu valdi og Durkheims um siðrof sem birtingarmynd félagslegs ójafnvægis vakna spurningar. Hvernig hafa dvínandi vald, samfélagsbreytingar og þróun á starfsháttum haft áhrif á prédikunina? Fernt í máli viðmælendanna kallast sérstaklega á við umræðu Webers um valdið, þ.e. frásagnir viðmælendanna um eigin þátttöku í hrúninu, dvínandi áhrifamátt í prédikun, traust í rénun til þeirra og þjóðkirkjunnar og loks reiði í garð valdhafa. Þessir þættir fléttast síðan saman á ólíka vísu. Greina má að prestarnir standi á milli tveggja valdakerfa. Annars vegar hefðar- og regluvalds þjóðkirkjunnar og hins vegar ríkisvaldsins (valdhafa) sem setur regluverk um ramma starfseminnar. Við greiningar undirkaflans nýtir höfundur sér kenningar og hugtök fræðimannanna Max Weber, Edvard Shils, Thomas B. Lawrence og Royston Greenwood sem kynntir voru til sögunnar í öðrum kafla.

Stef frá viðtalsrannsókninni

Í fjórða kafla sem birti útkomu viðtalanna mátti víða finna stef sem tengjast hefðarvaldi. Viðmælendurnir segjast ekki hafa áttað sig á hvað var að gerast fyrr en eftir á. Þeir hafi ekki skilið eigin þátttöku í því sem þeir tala um sem græðgi eða siðrof. Þrátt fyrir þetta segjast þeir hafa prédikað um siðrof og græðgi í aðdraganda hruns en telja að prédikanir þeirra og það sem þeir hafi haft fram að færa hafi ekki náð til almennings í sama mæli og þeir höfðu átt að venjast. Fram kemur að hlutverk viðmælendanna hafi breyst, þeir hafi ekki haft sama vægi og áður og að traust fólks til þjóðkirkjunnar hafi minnkað. Af orðum eins viðmælenda má hins vegar ráða að hann telji þvert á móti að djúpstæð tengsl séu á milli þjóðar og þjóðkirkju.

Viðmælendur segja að þeim hafi fundist mikilvægt að vara við því sem þeir kalla siðrofsástand í aðdraganda hrunsins. *Linda* heldur því fram að erfitt sé að prédika um atburði eins og hrunið eftir að þeir hafi átt sér stað:

[...] þú getur ekki komið eftir á og prédikað um græðgi, því hún [þjóðkirkjan] var að prédika um græðgi fyrirfram, allavega ákveðnir þjónar og þeir komu ekki eftir á og sögðu „ætöld jú

³⁸⁶ Sjá kafla 1.2, 14.

³⁸⁷ Sjá kafla 2.2.2, 66.

³⁸⁸ Sjá kafla 1.2, 14.

³⁸⁹ Sjá kafla 1.2, 14.

só“ og ég held að hún hafi staðið sig vel í þessum hremmingum í gegnum maður á mann og í þessu hjálparstarfi og kirkjan hjálpaði fólki með mat og fleira.³⁹⁰

Efasemdir um hvað má og hvað ekki koma hér fram í máli *Lindu*. Fram kemur að einn viðmælandinn telji það vera öfugmæli að prédika sjálfur um þætti sem hann hafi tekið þátt í sem gerandi. Annar segist hafa verið gráðugur í eðli sínu.³⁹¹ *Már* segir eftirfarandi:

Við viljum ekki vera að mórálísera, setja okkur á háan hest en við tókum kannski flest þátt í þessu og þetta siðrof, ég meina, ég gat allt í einu keypt mér alls konar sem ég gat ekki áður og að fara og tala um sko, [...] einhvern veginn.³⁹²

Hér má tengja við hrunskýringar er lutu að óráðsú almennings og fjallað var um í upphafskafli ritgerðarinnar. Með slíkum skýringum var leitast við að kenna almenningi um hrúnið í ljósi þess að hann hafi lifað um efni fram í aðdraganda þess.³⁹³ Hér má einnig líta til þess að *Már* virðist vera farinn að efast um trúverðugleika sinn í prédikun. *Már* lýsir þeirri skoðun sinni að þversögn felist í því að fjalla um eitthvað í prédikun þar sem hann hafi sjálfur verið þátttakandi. Þó má hafa í huga að munur er á því að hafa tekið þátt í áfallatburði og annað að bera ábyrgð á honum. *Már* virðist óttast það að trúverðugleiki prédikarans sé dregin í efa vegna hegðunar hans eða jafnvel dvínandi áhrifa og sama viðhorf má lesa úr orðum fleiri þátttakenda í viðtalsrannsókninni.

Una heldur því fram að það hafi ekki margir prestar talað um bankana og hvernig þeir hafi féflett fólk í hruninu. Hún segist sjálf hafa talað um bankana í þessu samhengi.³⁹⁴ Fram kemur hjá *Breka* að hann velti því fyrir sér hvað þjóðkirkjan hafi gert sem kalli fram svo djúpa reiði. Hann segir að samfélagið hafi upplifað yfirgang og augljósa andúð stjórnvalda og telur þetta hafa valdið tortryggni gagnvart þjóðkirkjunni og prestum. Hann heldur því fram að traust á milli þjóðkirkju og þjóðar byggji á svo gömlum rótum að mikið þurfi að ganga á til þess að það dvíni.³⁹⁵ *Breki* bætir því við að reiðin komi líka til í gegnum mál Ólafs Skúlasonar biskups og fleiri:

En reiðin kemur líka til af því að, í sko, í gegnum mál Ólafs Skúlasonar og eins í gegnum þrjúskufulla framkomu yfirstjórnar kirkjunnar undir forystu Karls Sigurbjörnssonar í málefnum samkynhneigðra var íslenska þjóðkirkjan færð út á jaðar hins góða og siðferðilega í vitund hins vitiborna íslenska almennings.³⁹⁶

Ekki þarf annað en að líta til aðstæðna í hruninu og þeirra aðgerða er almenningur greip til undir merkjum búsaðaldarbyltingarinnar til að átta sig á því að reiði kraumaði í samfélaginu. *Breki* tengir málin sem rædd voru í inngangi við reiði. Eins og kemur fram í umfjöllun um biskups málið í inngangi notaði biskup valdastöðu sína sér til hagsbóta þegar mál hans kom

³⁹⁰ Sjá kafla 4.2.2, 103.

³⁹¹ Sjá kafla 4.2.2, 101.

³⁹² Sjá kafla 4.2.2, 101.

³⁹³ Sigríður Guðmarsdóttir, „The dissemination of Vikings,“ 122–123.

³⁹⁴ Sjá kafla 4.2.1, 96.

³⁹⁵ Sjá kafla 4.2.4, 114.

³⁹⁶ Sjá kafla 4.2.4, 114.

upp. Lesa má úr viðtalsrannsókninni að sumum viðmælendanna finnst það vera eitt af hlutverkum sínum í prédikun að benda fólki á að taka ábyrgð. Fram kemur að þeim hafi fundist það mikilvægt að vara við því sem þeir kalla siðrofsástand í aðdraganda hrunsins.

Yfirlit kenninga

Í kenningarkaflanum koma fram hugmyndir Webers um að hefðarvaldi hafi að einhverju leyti verið skipt út fyrir regluvald sem byggði á stjórnvaldskerfum. Þau höfðu oft verið sett á laggirnar af leiðtogum sem bjuggu yfir náðarvaldi og höfðu sterka framtíðarsýn. Þrá fólks eftir sterkum leiðtogum er líklega enn til staðar í nútímasamfélagi, rétt eins og Weber skrifaði um fyrir meira en hundrað árum.³⁹⁷ Hann hélt því fram að hefðarvald væri byggt á guðrækni og/eða persónu sem skipuð er samkvæmt hefð og er bundin af henni.³⁹⁸ Hann segir einnig að það sé lykilkáttur þegar náðarvald er annars vegar að samfélagið samþykki valdið. Að öllu jöfnu missa leiðtogar náðarvald sitt að lokum enda er það tímabundið.³⁹⁹ Fólki sem hefur öðlast náðarvald getur gegnt ýmsum hlutverkum.⁴⁰⁰

Shils heldur því fram að náðarvald geti gefið pólitískum ákvörðunum gildi og aukið áhrif þeirra. Kjarni samfélags grundvallast af náðarvaldi sem speglar það og samstaða innan þess getur þar af leiðandi orðið til út frá því. Þannig verður til samstaða sem og pólitísk vitund sem stundum er nefnd þjóðarsál.⁴⁰¹ Mat Shils er að tengsl séu mikilvæg þegar kemur að því að hafa áhrif á samfélagið. Áhrifavaldar verði þó að átta sig á því hvar þeir eigi að beita sér.⁴⁰² Það getur verið markmið að vinna hagsmunum og hugsjónum framgang á opinberu sviði stjórn mála og valdakerfa sem mótuð eru með tilliti til gilda í ákveðnum embættum, stofnunum og hjá einstaklingum. Þeir sem leita eftir frama reyna að staðsetja sig með það í huga að efla valdatengsl og komast til áhrifa.⁴⁰³

Greenwood og Lawrence telja að nútímastjórn mála einkennist oft af leiðtogum sem hafa til að bera náðarvald. Þessir leiðtogar leitist við að hrífa fólk með sér í sína eigin vegferð með það í huga að breyta núverandi kerfi samfélagsins.⁴⁰⁴ Þetta samræmist því sem Weber segir um yfirráð, þ.e. að þau séu alltaf í höndum lögskipaðra aðila sem tengjast þá einkum stjórnvöldum.⁴⁰⁵ Weber telur að náðarvald sé einstakur hæfileiki. Hann talar í því samhengi um einstaklinga sem eru álitnir allt að því yfirnáttúrulegir. Einstaklingar með náðarvald eru að

³⁹⁷ Sjá kafla 2.2.2, 69–70.

³⁹⁸ Sjá kafla 2.2.2, 66–67.

³⁹⁹ Weber, *Economy and Society*, 336.

⁴⁰⁰ Weber, *Economy and Society*, 336.

⁴⁰¹ Pétur Pétursson, „Karisma og kapital,“ 222–223.

⁴⁰² Edward Shils, *The Constitution of Society: Heritage of Society*, ritstj. Morris Janowitz (The University of Chicago Press, 1982), 90–106.

⁴⁰³ Edward Shils, *The Constitution of Society*, 90–106.

⁴⁰⁴ Greenwood og Lawrence, „The Iron Cage,“ 493–499.

⁴⁰⁵ Tony Waters og Dagmar Waters, *Weber's Rationalization and Modern Society: New Translations on Politics, Bureaucracy, and Social Stratification*, þýð. og ritstj. Tony Waters og Dagmar Waters (Palgrave MacMillan, 2015), 3–15.

mati hans með óvenjulega eiginleika eða hæfileika.⁴⁰⁶ Kenning Webers tiltekur að hefðarvald breytist yfirleitt óverulega.⁴⁰⁷ Samkvæmt Weber getur hefðarvald einnig grundvallast á guðrækni.⁴⁰⁸

Greining

Þegar stefin sem fram koma í viðtölunum eru ígrunduð í ljósi kenninga þeirra Webers, Shils, Lawrence og Greenwood má greina betur hversu völd og áhrif viðmælenda eru þeim mikilvæg. Upplifun viðmælenda um breytta valdastöðu þjóðkirkjunnar og þeirra sjálfra virðist valda þeim áhyggjum. Breytingar sem þessar geta vafalítið haft áhrif á prédikanir og viðtöku þeirra. Ef það sem einn viðmælandi heldur fram er rétt, að samfélagið hafi sýnt þjóðkirkjunni andúð og tortryggni, má álykta að slíkt hafi haft áhrif á líðan viðmælenda, prédikun, flutning hennar og viðtöku. Draga má þá ályktun að hluti þess valds er prestar og þjóðkirkja höfðu byggi á hefðarvaldi sem hafi smám saman minnkað. Höfundur telur að þá megi álykta að traust gagnvart þjóðkirkjunni sem stofnun hafi minnkað og að valdboð hennar fari dvínandi.

Birtingarmynd valdsins sem hér ræðir getur verið margvísleg. Viðmælendur segjast finna það á eigin skinni í gegnum prédikanir en einnig er rætt um notkun valds í umræðu um stóru málin sem fjallað er um í inngangskaflanum. Út frá umfjöllun kaflans má greina að vald hafi haft áhrif á líf og starf viðmælendanna þegar telja sig verða fyrir því. Sumum viðmælendum rannsóknarinnar finnst að eigin sögn skylda sín að taka ábyrgð í prédikun og ræða þar samfélagsleg álitamál. Draga má þá ályktun af því er fram kemur hjá viðmælendum rannsóknarinnar að þeir virðist upplifa að minnkandi áhrif og vald hafi leitt til þess að prédikun þeirra komist ekki til skila með sama hætti og áður. Með hliðsjón af kenningum Durkheim má skilja hruntímabilið sem aðstæður þar sem viðmið veikjast og óvissa eykst. Sé litið til kenninga Webers má álykta að slíkar aðstæður geti mögulega skapað samhengi þar sem hefðarvald njóti síður sjálfgefinnar viðurkenningar. Ef gert er ráð fyrir að afhelgun hafi átt sér stað á átakatímanum innan ákveðinna hópa má draga þá ályktun að breyting hafi orðið á því valdi og þeim áhrifum sem viðmælendurnir höfðu. Sé það raunin má geta sér þess til að þessar kringumstæður hafi haft veruleg áhrif á sjálfsmynd þeirra, líðan og reynslu á átakatímanum og þar með á prédikun þeirra.

Í þessu samhengi er rétt að meta og skoða hvort reglur og vald séu bundin lögformlegum efnislegum skipunum og þar með verði til einstaklingar sem fari með vald samkvæmt umboði stjórnvalds eða samfélags í krafti valdboða sem oft grundvallast í lögum.⁴⁰⁹

⁴⁰⁶ Weber, *The Nature of Charismatic*, 63–66.

⁴⁰⁷ Max Weber, *Economy and Society*, 342–347.

⁴⁰⁸ Max Weber, *Economy and Society*, 342.

⁴⁰⁹ Max Weber, *Economy and Society*, 342–347.

5.1.1 Valdvensl og orðræða

Inngangur

Í útkomu viðtalsrannsóknarinnar sést að áhrif valdbeitingar og tengsl valds og orðræðu á átakatímum varða viðmælendurna. Í undirkaflanum er fjallað um samskipti við jaðarhópa í prédikun. Þar má nefna hinsegin fólk, konur sem hafa orðið fyrir kynferðisafbrotum og fólk sem varð fyrir miklum búsifjum í hruninu. Rétt er að taka fram að sjónarhornið á jaðarhópa er takmarkaðra í doktorsritgerðinni en í þeirri prédikunarfræði sem byggir á hugtökum síðnýlenduhyggjunnar. Í viðtalsrannsókninni kemur fram sú skoðun að átök innan þjóðkirkjunnar (stofnunarinnar) hafi haft áhrif á það hvernig prédikað var í hruninu. Hvaða áhrif hefur beiting valds haft á viðmælendur, undirbúning prédikunar, flutning hennar og viðtöku? Höfundur nýtir sér kenningar og hugmyndir Sarah Travis til að skýra og greina þessi atriði. Travis vinnur með fjögur lykilhugtök þegar hún fjallar um þessi mál: yfirráð, aðgreiningu, jöfnuð og stöðugleika.⁴¹⁰ Travis hefur notfært sér og unnið með ýmis hugtök síðnýlenduhyggjunnar í prédikunarfræði sinni. Nokkur atriði í máli viðmælenda rannsóknarinnar kallast á við umræðu Travis um notkun valds og tengingu þess við prédikun, þ.e. biskups málið, hjónaband samkynja para, hrunið og Kristnitökuhátíðin á Þingvöllum.

Stef frá viðtalsrannsókninni

Í útkomu viðtalsrannsóknarinnar mátti finna þemu og stef er tengjast áhrifum valdbeitingar og valds á prédikun presta. *Ari* setti fram þá skoðun sína að stjórn málaflakkar í ríkisstjórn hafi haft fjárhagslegt taumhald á þjóðkirkjunni og þar með prestum hennar. Hann segir að samband ríkis og kirkju hafi þvingandi áhrif á presta í prédikun og fullyrðir að kirkjunni sé refsað ef hún mótmæli. *Ari* segir að þetta sé misjafnt eftir stjórnvöldum. Fram kemur hjá sumum viðmælendum að þeir telji sig hafa haft ástæðu til að óttast fjárhagslegar refsingar frá launagreiðanda.⁴¹¹ Upplifun eða ótti sem þessi gæti án vafa haft áhrif á líðan þeirra varðandi starfsöryggi sitt og að sama skapi á undirbúning og flutning prédikunar. Úr svörum sumra viðmælenda rannsóknarinnar mátti lesa að þeim fyndist að þeir þyrftu að taka áhættu þegar þeir prédikuðu í viðkvæmum kringumstæðum.

Rætt var um áföll, völd og valdatákn. Í viðtalsrannsókninni má sjá dæmi um að prestarnir hafi glímt við áskoranir tengdar valdi og talið sig þurfa að velja á milli starfsöryggis og þess að segja sinn hug í prédikun. Þannig heldur *Már* því fram að varasamt sé að ræða samfélagsleg álitamál í prédikunum og nefnir þar sérstaklega siðrof, græðgi og kynferðisbrotamál. Sjálfur segist hann hafa prédikað um slík mál án þess að vita í hvaða jarðveg það félli.⁴¹² Þegar rætt var um úrsagnir úr þjóðkirkjunni velti *Erna* því upp hvort fólk segði sig úr þjóðkirkjunni (stofnuninni) þar sem það gæti ekki sagt sig frá íslenska ríkinu. Þannig hafi úrsagnir úr þjóðkirkjunni verið tengdar við vonbrigði gagnvart valdhöfum almennt.⁴¹³ Kristnitökuhátíðin á Þingvöllum árið

⁴¹⁰ Travis, *Decolonizing Preaching*, 6–8.

⁴¹¹ Sjá kafla 4.2.1, 91–92.

⁴¹² Sjá kafla 4.2.1, 92–93.

⁴¹³ Sjá kafla 4.2.4, 115.

2000 er nefnd sem eitt þeirra mála sem hafi leitt til þess að fólk fjarlægðist þjóðkirkjuna. Rökin eru þau að hátíðarhöldin sem mikið var lagt í hefðu ekki verið haldin með þjóðinni, heldur fyrir þjóðina, í samvinnu þjóðkirkjunnar og stjórn málaafra. *Una* nefndi dæmi um þetta þegar hún sagði að aðdragandi þess kafla í lífi þjóðarinnar sem leiddi síðar til rofs á milli þjóðar og þjóðkirkju hefði hafist með Kristnitökuhátíðinni á Þingvöllum.⁴¹⁴ Hún sagði sína skoðun vera að þjóðkirkjan hafi ekki borið gæfu til að vera kirkja þjóðarinnar við þessi tímamót.⁴¹⁵ Þetta má bera saman við orð *Ernu* sem vísar til ábyrgðar þjóðkirkjunnar sem hún telur að hefði mátt vera gagnrýnni á samfélagið. Mögulega hafi þjóðkirkjan verið í erfiðri aðstöðu vegna fjárhagssambands hennar og stjórnvalda og hafi þannig hugsanlega átt yfir höfði sér refsingu fyrir að láta í sér heyra:

Það var einhver sem sagði að ef að pólitík og guðfræði töluðu saman, þá kæmi alltaf pólitík út úr því. Bara svona eins og þegar Kristnitökuhátíðin var eða í máli samkynhneigðra eða Ólafsmálinu. Það er bara alltaf svona og svo á maður að prédika inn í þetta eins og samviskan hans Gosa.⁴¹⁶

Erna veltir því hér fyrir sér hvort það sé hennar hlutverk að flytja siðaprédikanir. Það má líka skilja á máli hennar að það geti verið snúið að koma fagnaðarerindinu á framfæri á sama tíma og verið sé að fjalla um erfið mál. Slíkt hlýtur að vera lýjandi fyrir prédikara. *Erna* tengir þetta allt saman við Kristnitökuhátíðina, mál samkynja para og biskups málið. *Una* segist telja að afstaða fólks til þjóðkirkjunnar hafi breyst eftir að Kristnitökuhátíð var haldin á Þingvöllum. Allt í einu hafi orðið til markviss gagnrýni á þjóðkirkjuna og innviði hennar.⁴¹⁷

Áhugavert er að sjá hvernig þessi lykilmál koma ítrekað fram en hér virðast þau renna saman í eitt í huga *Ernu* sem undirstrikar áhrif þessara mála á viðmælendur. Í þessu samhengi er rétt að skoða hvað *Linda* hefur að segja um það hversu mikil og ströng barátta fólst í átökunum um ein hjúskaparlög:

[...] það var engin niðurstaða fyrir en kirkjan var búin að færa hana fram með rangindum og við sem tókum þátt í þeirri fæðingu erum lemstruð og skemmd eftir þau átök.⁴¹⁸

Þegar viðmælendurnir ræða um ásakanir á hendur Ólafi Skúlasyni, biskupi, kemur fram að konunum sem Ólafur var ásakaður um að hafa beitt kynferðisofbeldi. *Breki* ræðir um fólk sem hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi og óréttlæti sem hafi trúað honum fyrir sínum innstu málum í sálgæslu. Hann hafi hlustað en fólk hafi þrátt fyrir það farið og sagt sig úr þjóðkirkjunni vegna afstöðu þáverandi biskups í máli Ólafs Skúlasonar. *Breki* heldur áfram:

⁴¹⁴ Sjá kafla 4.2.4, 112-113.

⁴¹⁵ Sjá kafla 4.2.4, 101-102.

⁴¹⁶ Sjá kafla 4.2.1, 93.

⁴¹⁷ Sjá Kafla 4.2.4, 112-113.

⁴¹⁸ Sjá Kafla 4.2.3, 108.

[...] það er reitt út af afstöðu til samkynhneigðra. Það er reitt af því Karl stóð ekki með konunum og það er reitt af því að Ólafur beitti kynferðisofbeldi.⁴¹⁹

Hér má lesa úr orðum *Breka* að þjóðkirkjan sem stofnun njóti ekki trausts í samfélaginu. Hann telur þó að hægt væri að biðja um fyrirgefningu þrátt fyrir að yfirstjórn stofnunarinnar hafi brugðist í þessu tiltekna máli.⁴²⁰

Yfirlit kenninga

Þegar litið er til stefjanna frá viðtölunum er áhugavert að líta til þess að Sarah Travis telur að prédikarar þurfi að vera meðvitaðir um vald sitt þegar þeir flytja prédikun. Þeir eigi að vera vakandi fyrir valdatáknum þar sem þau geti vakið tilfinningar hjá áheyrendum þeirra. Í því ljósi þurfa prédikarar að læra að þekkja og greina valdatákn.⁴²¹ Sérstaklega þurfi þeir að vera vakandi fyrir valdatáknum sem tengjast valdbeitingu eða kúgun.⁴²² Travis nefnir prédikunarstólinn sem dæmi og heldur því fram að hann hafi verið tákn valds og upphafningar.⁴²³ Hún bendir á að ein afleiðing valdbeitingar geti verið samfélagsleg áföll og að flókið geti verið að prédika um slík mál þannig að innihald komist til skila vegna þess hversu áheyrendur séu misjafnir og með misjafna reynslu.⁴²⁴

Í þessu samhengi er áhugavert að rifja upp skilgreiningar Webers á ólíkum tegundum valds. Hann heldur því fram að regluvald byggir á skipuriti þar sem fólk hafi skilgreind hlutverk og ábyrgð. Valdið fylgi þar með hlutverki viðkomandi og sé byggt á lögum og reglum.⁴²⁵ Náðarvald er ekki hægt að skýra jafnauðveldlega og reglugerðarvald en það er vald þeirra er hafa einhvers konar náðargáfu sem hrifur fólk með þeim er það hafa.⁴²⁶ Náðarvald og hefðarvald tengjast þar sem náðarvald getur mögulega breyst í hefðarvald sem erfist á milli manna og byggir á hefðum. Hefðarvald gæti upphaflega grundvallast á guðrækni eða jafnvel persónu sem fær vald og verður bundin því samkvæmt hefð.⁴²⁷

Travis leggur áherslu á mikilvægi þess að prédikarar læri að vinna með valdið sem er fólgið í störfum þeirra og að þeir láti einhvers konar sátt skína í gegnum hvort tveggja, biblíulega túlkun og ritskýringu sem krafa er gerð um í prédikun. Travis telur að með þessu móti fái prédikarar og áheyrendur löngun til að gera yfirbót vegna þeirra tilfella þar sem þeir hafi að einhverju leyti sýnt vald sitt yfir öðrum.⁴²⁸ Í inngangi undirkaflans voru nefnd fjögur lykilhugtök er Travis nýtir sér þegar hún fjallar um mál tengd valdbeitingu: yfirráð, aðgreiningu, jöfnuð og stöðugleika.⁴²⁹

⁴¹⁹ Sjá kafla 4.2.4, 113.

⁴²⁰ Sjá kafla 4.2.4, 113.

⁴²¹ Travis, *Decolonizing Preaching*, 98.

⁴²² Travis, *Decolonizing Preaching*, 57–60.

⁴²³ Travis, *Decolonizing Preaching*, 57–60.

⁴²⁴ Sjá kafla 2.1.2, 50–54.

⁴²⁵ Max Weber, *Economy and Society*, 342–344.

⁴²⁶ Max Weber, *The Theory of Social and Economic Organization*, 63–66.

⁴²⁷ Max Weber, *Economy and Society*, 342.

⁴²⁸ Travis, *Decolonizing Preaching*, 98.

⁴²⁹ Travis, *Decolonizing Preaching*, 1–9.

Greining

Í undirkaflanum kemur sú skoðun fram í máli viðmælenda að samtvinnun þjóðkirkju og stjórnvalda hafi haft neikvæð áhrif á fylgni við þjóðkirkjuna. Annar viðmælandi heldur því fram að mögulega hafi orðið rof á milli þjóðkirkju og þjóðar þegar haldin var Kristnitökuhátíð á Þingvöllum. Undirliggjandi reiði gagnvart Ólafi Skúlasyni og Karli Sigurbjörnssyni, sem báðir voru í valdamiklum embættum sem biskupar þjóðkirkjunnar, virðist hafa haft áhrif á viðmælendur. Höfundur telur að þeir séu sjálfir að ákveðnu leyti handhafar valds en séu einnig reiðir út í valdið. Höfundur dregur þá ályktun að þegar viðmælendur ræða stjórnvöld í tengslum við samskipti ríkis og kirkju eða jafnvel taumhald sé verið að ræða um þau sem valdhafa. Þegar inntak undirkaflans er dregið saman kemur í ljós mikilvægi þess að aftengja prédikun valdi. Vísbendingar eru um að valdatákn geti haft áhrif á viðmælendur en einnig á viðtakendur prédikunar og þar með upplifun þeirra og túlkun á því sem þeir heyra. Í þessu ljósi er mikilvægt að greina og þekkja valdið og tákmyndir þess í kirkjum og samfélaginu. Prédikarar ættu að vera meðvitaðir um mögulega valdastöðu sína og um valdatákn í umhverfi sínu og leggja sig fram við að taka tillit til slíks í prédikun sinni. Í undirkaflanum er rætt um prédikunarstólinn sem valdatákn. Rétt er að benda á þann skilning að prédikunarstóllinn sé tekinn frá í kirkjunni sökum þess að þar er Guðs orð útlagt. Sérstaða hans er þá undirstrikun á sérstöðu Guðs orðs gagnvart hinu mannlega orði. Höfundur dregur þá ályktun út frá því sem fram kemur í orðum viðmælenda að þeir hafi unnið við erfiðar kringumstæður á átakatímanum og hafi þurft að fást við gremju, óvissu og ótta gagnvart prédikunarhlutverkinu í breyttum aðstæðum.

Greina má að viðmælendur virðast hafa áhyggjur af taumhaldi stjórnvalda og jafnvel þjóðkirkjunnar sjálfar gagnvart ræðu þeirra í prédikun en ekki kemur fram að þeir séu sérstaklega meðvitaðir um möguleg neikvæð áhrif valds þeirra sjálfra í prédikun. Áhrif félagslegs eða fjárhagslegs taumhalds á prédikun getur að mati höfundar haft alvarlegar afleiðingar trúu prédikari að það sé til staðar eða hafi ástæðu til að telja sér ógnað af hagsmunaaðilum. Prédikararnir sögðu frá því að þeir teldu sig þurfa að taka áhættu þegar þeir prédikuðu um viðkvæm álitamál og töldu það jafnvel varasamt. Dæmi um slíkt er umfjöllun um siðrof, græðgi og ásakanir um kynferðislega áreitni og kynferðisbrot. Viðmælendurnir virðast leggja að jöfnu og jafnvel tengja saman vald gegn konum og vald gegn hinsegin fólki. Af máli þeirra má draga þá ályktun að þeir séu reiðir, vonsviknir og uppgefnir vegna afstöðu þjóðkirkjunnar og sumra kollega sinna í garð hinsegin fólks. Að sama skapi má finna í svörum þeirra að þeir séu, rétt eins og áheyrendur þeirra, reiðir af því að Karl Sigurbjörnsson stóð ekki með konunum og vegna þess að Ólafur hafi mögulega beitt kynferðisofbeldi.⁴³⁰ Prestar innan þjóðkirkjunnar hafa, eins og fram kemur í viðtalsrannsókninni, prédikað um ýmis samfélagsmál er tengjast valdi og umsvifum ríkisins. Þar má nefna Kristnitökuhátíðina á Þingvöllum sem haldin var í samvinnu stjórnvalda og þjóðkirkju og er rædd í inngangi sem dæmi um valdavenzl þjóðkirkjunnar og ríkisvaldsins sem hafi haft neikvæð áhrif á ímynd þjóðkirkjunnar. Í því er hér kemur fram má greina hversu valdvensl og beiting valds getur haft mikil áhrif á prédikun presta.

⁴³⁰ Sjá kafla 4.2.4, 113.

Hér kemur aftur fram hvernig viðmælendurnir tengja saman vald gegn konum og vald gegn hinsegin fólki. Málin sem rædd voru í inngangi virðast hafa orðið eitt í huga þeirra. Öll málin eiga það sameiginlegt að valdvenslum eða valdi er beitt (misbeitt) með einum eða öðrum hætti. Af því er fram kemur í undirkaflanum má draga þá ályktun að valdvensl og hvers konar beiting valds hafi áhrif á líðan presta og þar með prédikun þeirra. Þegar litið er til hugtaka Travis sem sótt voru í kenningakaflann má greina að yfirráð og aðgreining séu meira áberandi en jöfnuður og stöðugleiki í þeim málum sem fjallað er um í undirkaflanum.

5.1.2 Traust og trúnaðarbrestur

Inngangur

Samskipti þjóðkirkjunnar við jaðarhópa í samfélaginu eru í forgrunni í þessum undirkafla. Í undirkaflanum er fjallað um það hvaða þættir gætu haft áhrif á tengsl fólks við kirkjuna (þjóðkirkjuna) sína og hvað þurfi til að rjúfa tengsl er byggi á svo gömlum rótum. Rætt er um það hvort prédikanir hafi haft áhrif á það hvort fólk treysti heimasöfnuðum. Mál hinsegin fólks ber á góma en þjóðkirkjan lagðist gegn því á sínum tíma að samkynhneigt fólk gæti gengið í hjónaband.⁴³¹ Höfundur vill benda á að hópar sem geta talist jaðarhópar eru nefndir í undirkaflanum, þar er átt við samkynhneigða, konur er hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi og fátækt fólk. Höfundur nefnir sem dæmi konurnar sem ásökuðu Ólaf Skúlason biskup um kynferðisofbeldi. Fram komu þemu sem tengjast trausti. Greining kaflans er unnin út frá kenningum og hugtökum Wilfried Engemanns um vitnisburð og flutning prédikunar og Eunjoo Mary Kim um samskipti ólíkra menningarheima og valdaójöfnuð innan ákveðinna hópa þar sem hún nýtir sér hugtakið „menningarprédikun“. Auk þess notfærir hún sér hugtök síðnýlenduhyggjunnar í prédikunarfræðirannsóknum.

Stef frá viðtalsrannsókninni

Við ígrundun á kaflanum um útkomu viðtalsrannsóknarinnar kemur fram hversu traust og trúnaðarbrestur eru mikilvæg þemu. *Breki* rifjar upp að Karl Sigurbjörnsson, þáverandi biskup, hafi gengið svo langt að segja opinberlega að yrðu lög um hjónaband samkynhneigðra samþykkt jafngilti það því að henda hjónabandinu á öskuhaugana.⁴³² Þessi ummæli biskups ollu miklum deilum og trúnaðarbresti í garð þjóðkirkjunnar. Fram kemur í viðtölum að sumir prestar hafi barist fyrir og aðrir á móti réttindum hinsegin fólks til hjúskapar, m.a. í prédikun. Þegar *Erna* talar um sína reynslu kemur fram að hún telji fólk bera traust til þjóðkirkjunnar en hún ræðir um hana sem kirkju sem er í stöðugri vörn. Fólk treysti því þó að það sé vel tekið á móti því í heimasöfnuðum, það fái leiðbeiningar og sé leitt áfram. *Erna* segist einnig skynja allt annað hjá venjulegu fólki en að það beri traust til þjóðkirkjunnar. Hún talar um það sem hún

⁴³¹ Sjá kafla 1.2.3, 15–20.

⁴³² Sjá kafla 4.2.4, 114–115.

kallar fordóma fólks í garð þjóðkirkjunnar.⁴³³ Viðmælendurnir telja sig njóta trausts hjá fólki sem sækir þjónustu í kirkjuna sína jafnvel þótt það hafi sagt sig frá þjóðkirkjunni.⁴³⁴ *Breki* kastar fram spurningu:

Traust á milli þjóðkirkju og þjóðar byggir á svo gömlum rótum að það þarf mikið að gerast til að rjúfa, það er breyta. Reiðin beinist af krafti gegn þeim sem okkur þykir vænt um. Þjóðinni þykir vænt um kirkjuna sína. En er það þjóðkirkjan sem stofnun eða sóknarkirkjan [heimasöfnuður]?⁴³⁵

Hér er fjallað um traust í sömu andrá og rætt er um heimasöfnuði prestanna sem eru þeim greinilega hugleiknir. Þannig er gerð aðgreining á milli heimasafnaða og þjóðkirkjunnar. Í samhengi við framangreint má líta til orða *Hrafns* sem líkir þjóðkirkjunni við hrafinn í bókinni *Animal Farm*. Í sögunni var hrafinn táknmynd kirkjunnar. Hrafinn var sá sem fylgdi alltaf valdhöfum að máli og fékk þegnana til að sætta sig við erfitt líf en naut sjálfur ríkulegra ávaxta þess að vera talsmaður valdsins.⁴³⁶ Af því sem *Breki* segir má ráða að hann hafi þá skoðun að þjóðkirkjan hafi á löngum tíma náð að vinna sér inn traust sem byggi á traustum grunni. Hann upplifi að tvær tegundir af þjóðkirkju séu við lýði, þ.e. stofnunin og heimasöfnuðurinn (sóknarkirkjan). Hann virðist telja að tengsl þjóðarinnar liggja í samskiptum við heimasöfnuðinn. *Erna* segir að mikið hafi mætt á þjóðkirkjunni um og eftir hrun:

[...] ég held að vísu að ástæða þessa eftir hrun að þá náttúrulega ágerðist mjög gagnrýnin á kirkjuna. Og 2007 var náttúrulega hámarkið í átökum innan kirkjunnar og akkúrat það ár náðu hámarki átökin um hjónavígslu samkynhneigðra. Og eftir það er búin að vera viðstöðulaus gagnrýni sem fór af stað árið 2000 og eftir það, eftir þessa ofboðslegu gagnrýni og kirkjan hefur náttúrulega þurft að taka á málum.⁴³⁷

Í þessum orðum *Ernu* má greina að mikil gagnrýni hafi orðið á kirkjuna er stór mál tengd henni runnu í einn punkt. *Hrafni* heldur því fram að þjóðkirkjan hafi á sínum tíma haldið andstöðu sinni varðandi hjónavígslu samkynja para fram með mjög ákveðnum hætti. *Erna* virðist vera á svipaðri skoðun þegar hún talar um að átökin vegna mála samkynhneigðra náð hámarki innan þjóðkirkjunnar árið 2007. Hún segir að gagnrýni í garð hennar hafi verið mikil í aðdraganda hruns en á þeim tíma hafi stór átakamál sett svip sinn á kirkjuna.⁴³⁸ Viðmælendur segjast hafa í prédikunum sínum verið málsvarar minnihlutahópa eins og hinsegin fólks og þeirra sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Málefni hinsegin fólks komu ítrekað fram í viðtölum. Flestir viðmælendurnir sögðust hafa stutt þau í prédikunum. *Breki* heldur því fram að ekki sé lengur deilt um málefni hinsegin fólks í þjóðkirkjunni:

⁴³³ Sjá kafla 4.2.4, 115–116.

⁴³⁴ Sjá kafla 4.2.4, 114–118.

⁴³⁵ Sjá kafla 4.2.6, 114.

⁴³⁶ Sjá kafla 4.2.1, 95.

⁴³⁷ Sjá Kafla 4.2.2, 101

⁴³⁸ Sjá kafla 4.2.2, 101–102.

Nú er ekkert deilt um málefni samkynhneigðra á meðal þjóðarinnar, hver fæddi fram sannleikann í þessu máli. Það var þessi ekkisens, bévítans þjóðkirkja sem gerði það með sínum kennimönnum og þessu þreytta liði sko. En við settum það aldrei fram í þessu stóra opinbera rými sem við erum að ræða, því við vorum ekkert með neinn almennilegan aðgang að því, þetta hefur allt, allt, breyst svo hratt.⁴³⁹

Það fer ekki á milli mála að baráttan um réttindi hinsegin fólks var afar áberandi í umræðunni á árunum sem hér er fjallað um. Að sama skapi er skýrt að ekki voru allir sammála þegar þau mál voru til umfjöllunar. *Breki* rekur hér þá skoðun sína að þjóðkirkjan hafi „fætt fram“ sannleikann í málefnum samkynhneigðra. Af viðtalinu við hann má lesa að hann sé þeirrar skoðunar að þeir sem voru á móti hjónabandi samkynhneigðra á sínum tíma hafi látið í minni pokann fyrir þeim sem voru hjónabandinu samþykkir. Þrátt fyrir allt hafi það verið prestar á vegum þjóðkirkjunnar sem börðust fyrir málefnum samkynhneigðra. *Breki* segir þjóðkirkjuna hafa staðið sig nokkuð vel í mörgum málum án þess að tilgreina eða flokka það nánar. Af máli hans má ráða að oft sé rangt brugðist við af kirkjunnar fólki þegar á reynir.⁴⁴⁰ Lesa má úr orðum hans að hann sé þeirrar skoðunar að þjóðkirkjan hafi að ákveðnu marki flotið sofandi að feigðarósi um langt skeið. Jafnvel þótt ljóst hafi verið hvert stefndi hafi stefnunni ekki verið breytt:

Fólk í sínum varnarháttum bregst við og oft þegar við erum hrædd bregðumst við rangt við, hlaupum í vörn og ég sé þetta á prestafundum, þar sem niðurstaða fundargesta var sú að við skulum gera meira af því sem við gerum best, við skulum bara syngja messuna vel, ég segi bara: „Andskotinn hafi það“. Þannig að við erum, þetta er svona Titanic stemmning, nema menn vita að þeir eru að sigla á jakann, þetta er svo sjúkt. [...].⁴⁴¹

Af líkingunni má draga þá ályktun að *Breka* finnist að þjóðkirkjan hafi ekki verið vanmáttug í erfiðum málum er að henni sneru. *Breki* virðist telja að þjóðkirkjan og prestar hlaupi í vörn þegar þurfi að taka á málefnum er varði þau og valdi ótta.

Yfirlit kenninga

„Menningarleg prédikun“ er hugtak sem Kim hefur nýtt sér. Hún leggur áherslu á að mælskufraeðin sé notadrjúg til að geta að lagað sig að og fundið skyldleika með fólki af ólíkum uppruna. Eitt af hlutverkum prédikunar sé því að vekja fólk til vitundar um fleiri sjónarhorn á tilveruna en þau sem það aðhyllist eða þekkir.⁴⁴² Kim hefur rannsakað jaðar samfélagsins sem að hennar mati er svæði sem ætti að sinna sérstaklega í prédikun. Oftast eru jaðarhópar skilgreindir samkvæmt tengslum þeirra við einhvers konar miðju valdsins og þá í neikvæðu ljósi. Miðjan speglar sig í og áréttar yfirburði sína gagnvart jaðrinum. Hún telur að hægt sé að skapa nýja þekkingu á veruleikanum með virkum samskiptum.⁴⁴³ Kim nefnir kyn og kynhneigð

⁴³⁹ Sjá kafla 4.2.4, 108.

⁴⁴⁰ Sjá kafla 4.2.2, 107.

⁴⁴¹ Sjá kafla 4.2.2, 102.

⁴⁴² Kim, *Preaching in an Age of Globalization*, 87–90.

⁴⁴³ Kim, *Preaching in an Age of Globalization*, 23–24.

sem þætti sem hún telur jaðarsetja eða aðgreina fólk.⁴⁴⁴ Hún segir að í prédikun sé hægt að fá söfnuð til að breyta sýn sinni þannig að hann geti fundið skyldleika með ólíkum hópum samfélagsins. Þetta megi gera með því að vekja fólk til meðvitundar um að til sé annar veruleiki en bara þeirra eigin.⁴⁴⁵

Engemann heldur því fram að tjái prédikari sig um efni með tilfinningalegum viðbrögðum taki hann afstöðu og sýni þar með að hann leggi tilfinningalegt mat á umfjöllunarefni sitt.⁴⁴⁶ Hann segir að í prédikun sem er ekki eftirmynd texta en hluti hefðar sé leitast við að skapa nýjan texta sem miðlar hefðinni við nýjar aðstæður. Hún þarfnist áheyrenda sem taka við keflinu og flytja boðskapinn áfram. Hér er gengið út frá því að söfnuðurinn sé fær um að vinna með og skilja texta sem byggður er út frá fagnaðarerindinu og aðstæðum viðtakenda.⁴⁴⁷ Engemann telur einnig að það sé sambengi á milli þess hvernig prédikari setur fram eigin vitnisburð í prédikun og trúverðugleika prédikunarinnar sem sé þó að miklu leyti háður prédikaranum sjálfum og hans sýn á sjálfan sig.⁴⁴⁸

Greining

Kenningar Kim og Engemanns nýtast vel við greiningu stefja undirkaflans í ljósi þess að í honum er fjallað um traust í ljósi valdbeitingar og valdastöðu presta og þjóðkirkju. Greina má út frá orðum viðmælendanna að þeir hafi áhyggjur af vantrausti í garð þjóðkirkjunnar. Þeir nefna mál sem þjóðkirkjan fékkst við á átakatímanum og viðbrögð hennar sem virðast felast í því að fara í vörn (skerping). Þjóðkirkjunni hefði samkvæmt því verið í lófa lagið að bregðast við þeim vandamálum er að henni sóttu með faglegum og ábyrgum hætti en ekki með varnarháttum.

Í samantekt um kenningar kemur fram að það ætti að vera hægt að fá fólk til að finna skyldleika með ólíkum hópum í prédikun sé það vakið til meðvitundar um að til séu fleiri veruleikar en þeirra eigin. Höfundur metur út frá greiningu að hægt sé að vinna til baka traust í viðkvæmum málum sé trúverðugleiki prédikara til staðar. Lykilatriðið er að hann sé samkvæmur sjálfum sér og trúi á umfjöllunarefni sitt. Af þessu má greina að þegar viðfangsefnið er að vinna til baka traust í málum sem teljast viðkvæm getur viðtaka prédikunar og trúverðugleiki prédikara skipt sköpum. Benda má á þá fullyrðingu sem fram hefur komið að prédikun geti haft áhrif á traust fólks gagnvart heimasöfnuði sínum. Höfundur leggur ekki mat á það hér í þessum undirkafla hvort sú upplifun eigi við rök að styðjast. Prédikun getur haft mikil áhrif á skoðanir fólks og afstöðu þess hvort heldur sem er til þjóðkirkjunnar sem stofnunar eða heimasafnaða prestanna.

Af því sem fram kemur í viðtölunum má greina að prédikun sé að mati viðmælendanna vettvangur til að ávarpa mál sem varða samfélag og þjóðkirkju. Fram kemur hversu mikið barátta hinsegin fólks fyrir réttinum til hjónabands liggur á sumum viðmælendum. Skýrt

⁴⁴⁴ Kim, *Preaching in an Age of Globalization*, 54–55.

⁴⁴⁵ Kim, *Preaching in an Age of Globalization*, 54–55.

⁴⁴⁶ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 70.

⁴⁴⁷ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 51–52.

⁴⁴⁸ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 34–35.

kemur fram að viðhorf innan þjóðkirkjunnar til einna hjúskaparlaga voru ólík. Þáverandi biskup, Karl Sigurbjörnsson, var eindregið mótfallinn einum hjúskaparlögum eins og kemur fram í undirkaflanum. Mat höfundar er að slík afstaða yfirmanns prestanna hafi haft áhrif á prédikun einhverra þeirra.

5.1.3 Sjálfsmat presta í prédikun

Inngangur

Útkoma viðtalsrannsóknar leiðir það í ljós að sjálfsmynd og sjálfsmat í prédikun er nokkuð sem prédikarar þurfa að fást við. Áhrif viðbragða áheyrenda við flutningi prédikunar eru skoðuð með helstu þemu sem koma fram í undirkaflanum í huga. Þemun eru: ótti, vanmáttur, efasemdir, eigið ágæti og trúverðugleiki. Fjallað er um hvort prédikurunum finnist þeir ekki þess verðugir að prédika um sumt sem þeir hafi reynt í eigin lífi og þá sérstaklega um reynslu tengda hrininu. Einnig er litið til þess hvort það komi fram ótti um að prédikanir þar sem samfélagsleg álitamál eru ávörpuð geti haft þau áhrif að áheyrendur sýni neikvæð viðbrögð. Í undirkaflanum er unnið með hugtakið vitnisburð í tengslum við prédikanir. Höfundur nýtir sér kenningar og hugtök fræðimannanna Anne Carter Florence og Wilfried Engemann sem hafa bæði unnið með rannsóknir á prédikaranum og persónu hans. Bæði hafa þau rannsakað áhrif vitnisburðarprédikunar og mikilvægi þess að prédikari byggi á eigin reynslu í prédikun.

Stef úr viðtalsrannsókninni

Sem dæmi um ótta og vanlíðan vegna mögulegrar gagnrýni má nefna reynslu *Ara* sem tjáir ótta við að fá mikla og óvægna gagnrýni frá fólki í kjölfar þess að hann flytji prédikun:

...stundum eru einhverjir sem gera bara allt, svona óttast það. Bara satt að segja, að þeir fari bara að, ja, sko, drulla bara yfir mig, fyrirgefðu íslenskuna.⁴⁴⁹

Trúverðugleiki í prédikun kemur hér sterkt fram sem og ótti um að það sem fjallað er um falli ekki í kramið hjá þeim sem hlusta. Þetta virðist þó ekki hindra *Ara* í því að prédika um það sem hann telur sig þurfa að taka til umfjöllunar.⁴⁵⁰ Ótta *Ara* við gagnrýni má tengja við áhyggjur *Hrafns* yfir því að áheyrendur segi prédikara ekki hafa vit á því sem fjallað er um í prédikun.⁴⁵¹ *Birta* er á áþekkum slóðum. Hún segist hafa fundið sig knúna til að prédika um ástandið þrátt fyrir að hafa sjálf verið þátttakandi í því að nýta sér efnahagslega velsæld og lánamöguleika í aðdraganda hrunsins.⁴⁵² Hér má greina af orðum *Birtu* að hún hafi íhugað flókna stöðu sína og ólík hlutverk sem neytandi og prédikari í aðdraganda hrunsins áður en hún tók ákvörðun um að ræða aðstæður hrunsins í prédikun. Ákveðinn samhljómur er í orðum *Lindu* sem ræðir um að hún sé stundum í vafa um prédikanir sínar. Hún veltir því þá fyrir sér hvort hún eigi að flytja þá prédikun sem hún hafi samið þegar hún sér hverjir eru í hóp áheyrenda. Hún segist þurfa

⁴⁴⁹ Sjá kafla 4.2.4, 110.

⁴⁵⁰ Sjá kafla 4.2.1, 92-93.

⁴⁵¹ Sjá kafla 4.2.1, 97.

⁴⁵² Sjá kafla 4.2.1, 100-101.

að leggja dóm á hvort innihald prédikunar hennar henti þeim sem komnir eru til kirkju. Hér má greina áhugaverðan þátt í prédikun *Lindu*. Hún leggur áherslu á að prédikun sé alltaf að einhverju leyti vitnisburður þess sem prédikari hefur reynt sjálfur eða upplifað ef prédikarinn er sannur í því sem hann færir fram.⁴⁵³

Þegar reynsla *Lindu* er borin saman við það sem *Hrafn* heldur fram má greina þar samsvarandi óvissu um eigin stöðu. Þau virðast bæði óviss um markhópinn og hvers sá hópur þarfnist í prédikun. Bæði virðast þau þekkja fólk í hópunum og jafnvel breyta prédikun sinni eftir því hver sitji í kirkjunni. *Hrafn* veltir fyrir sér hversu frjáltslega megi tala í prédikun. Hann segist stöðugt þurfa að velta því fyrir sér hvaða mál hann megi taka fyrir í prédikun sinni.⁴⁵⁴ Í þessu efni má bera reynslu *Lindu* og *Hrafns* saman við það sem *Ari* ræðir en hann virðist hafa annan hátt á flutningi prédikunar en *Linda* og *Hrafn*. Hann tiltekur að hann skrifi aldrei prédikun en byggji á punktum í prédikunarstólnum. Þrátt fyrir að honum finnist að hann megi ekki prédika um hvað sem er er hann meðvitaður um sjálfan sig, veit hvað hann er að gera og lætur ekki ótta sinn stöðva sig í því sem hann fjallar um í prédikun.⁴⁵⁵ Hann veltir því fyrir sér hvað hann megi fjalla um í prédikunum og hvað ekki. Hann segir að það hafi ekki mátt tala um þá einstaklinga sem voru að græða í hruninu og einnig að það megi ekki tala um þá sem hafi verið dæmdir fyrir svokallaða hrunglæpi. Hann segist þó örugglega munu prédika aftur um græðgi.⁴⁵⁶ Hann upplifir að ekki hafi mátt prédika um efnahagsbrot í aðdraganda hrunsins eða hrunglæpi eins og *Ari* kallar það. *Ari* heldur því fram að hann sé sjálfur gráðugur og það sama má heyra í máli *Más* sem ræðir óhikað um að hann sé sjálfur gráðugur að upplagi. *Már* á þá við að hann hafi sjálfur tekið þátt í efnahagssuppsveiflunni og lánafjármögnun á neyslunni sinni sem hafi að ákveðnu leyti verið komin úr böndunum.

Hér má greina að sumum viðmælendum finnist þeir lifa í flóknum veruleika þar sem þeir þurfa að fylgja óskrifuðum reglum um hvað megi prédika og hvað ekki. *Már* telur að prédikanir falli í misjafnan jarðveg og ekki sé hægt að ætlast til þess að öllum líki það sem hann leggur áherslu á í guðfræði sinni.⁴⁵⁷ Lesa má úr svörum viðmælenda rannsóknarinnar að þeir óttist um trúverðugleika sinn og að þeirra eigin hegðun hafi áhrif á það hvernig áheyrendur upplifi prédikun þeirra. Fram kemur í svörum *Ara* að hann telji sig hafa lært af hruninu en að hann óttist einnig taumhald ríkisvaldsins á þau viðfangsefni sem hann geti leyft sér að flytja í prédikun. Þessi tilfinning fyrir taumhaldinu getur leitt til þess að hann óttist að tjá sig um ákveðin mál. Engu að síður má á honum heyra að hann láti slíkt ekki hafa áhrif á ákvarðanir sínar um prédikunarefni:

[...] Ég meina kirkjan var svo háð ríkinu. Hvað ef ráðherrann færi bara í fýlu og minnkaði fjárframlög? Hverjir myndu þá missa vinnuna? Við verðum að hafa dug í okkur til að prédika þannig að eftir okkur sé tekið þegar eitthvað slæmt er í aðsigi og setja það bara fram alls

⁴⁵³ Sjá kafla 4.2.1, 93.

⁴⁵⁴ Sjá kafla 4.2.1, 98.

⁴⁵⁵ Sjá kafla 4.2.1, 91.

⁴⁵⁶ Sjá kafla 4.2.1, 91.

⁴⁵⁷ Sjá kafla 4.2.1, 92-93.

staðar, líka í fjölmíðlum en við ættum að muna eftir því að tala um það góða, það er líka mikilvægt, við megum ekki vera bara einhver sítuðandi kirkja.⁴⁵⁸

Sú sýn að fjárlög hins opinbera til þjóðkirkjunnar hafi jafnvel stjórnast af geðþóttaákvörðunum stjórnmalamanna birtist í máli viðmælenda. Samkvæmt framangreindu virðist *Ari* vera meðvitaður um eigin stöðu. Orð hans um að þjóðkirkjan megi ekki vera einhver „sítuðandi kirkja“ má túlka þannig að hann telji að þjóðkirkjan þurfi að standa fyrir vonina og megi ekki tapa sér í dægurþrasi. Hér má einnig finna þversögn hjá *Ara* enda má álykta að þeir sem leyfi sér að gagnrýna ríkjandi kerfi séu af einhverjum álitin tuðandi.⁴⁵⁹ *Erna* segir frá því að utanaðkomandi þættir geti haft áhrif á hana þegar hún prédikar um samfélagslegar kringumstæður. Hún nefnir þar sérstaklega átök innan þjóðkirkjunnar án þess að greina nánar frá því hvað hún á við.⁴⁶⁰ *Una* virðist ekki fást við sama óöryggi og kollegar hennar en hún segist hafa verið beinskeytt í prédikun sinni um hrunið og það sem hafi verið að gerast í samfélaginu. Hún virðist ekki hafa látið utanaðkomandi skoðanir hafa áhrif á sig.⁴⁶¹ *Breki* segir það ekki hafa verið auðvelt fyrir sig sem prédikara og kennimann að prédika um það sem hafi verið að gerast í samfélaginu. Þegar hann lítur til baka segist hann hafa verið barn tíðarandans og samtímans á hruntímanum. Ástæða þess er að hann hafi tekið þátt í því sem kallað var uppsveifla í aðdraganda hrunsins. Hann hafi þó séð í gegnum lygina. Öll samskipti hafi verið orðin háð viðskiptum og hann sjálfur verið í þeirri stöðu að hann hafi viljað eignast meira þrátt fyrir að hann hafi í raun átt nóg.⁴⁶²

Fram kom í undirkaflanum að *Ari* þættist yfirleitt öruggur með sig þegar hann prédikaði. Þrátt fyrir þetta segist hann: „stundum svitna yfir sjálfum [sér] þegar [hann] er að prédika. Af því þá finnst [honum hann] ekki vera að gera nógu gott eða að [hann sé] að skamma einhvern...“⁴⁶³ Hér kemur fram sú þversögn í máli hans að þrátt fyrir að hann segist vera öryggur í prédikun finnist honum hann stundum ekki gera nógu vel. Samhljómur er með þeim *Ara* og *Má* varðandi það að finnast þeir að einhverju leyti ekki verðugir að prédika um þá þætti hrunsins þar sem þeir tóku sjálfir þátt. Hér kemur enn upp spurning um trúverðuleika prédikara út frá þeirra eigin hegðun. Áhugavert er að líta til þess sem *Már* segir í þessu samhengi en hann heldur því fram að öfugmæli geti falist í því að gagnrýna hrunið í prédikun. Hann segir að prédikarinn setji þannig sjálfan sig á háan hest gagnvart atburðum þar sem hann á sjálfur hlut að máli.⁴⁶⁴

Hér má tengja við orð *Ernu* sem segist hafa orðið fyrir gagnrýni í garð kirkjunnar í aðdraganda hrunsins. Hún sér hlutverk sitt þannig að hún eigi að vera óþreytandi við að leiðbeina fólki í erfiðum aðstæðum. Hún tiltekur í því samhengi að hún, eins og aðrir, hafi tekið þátt í ástandinu sem hafi verið í gangi á hruntímanum. Af því sem *Erna* tjáir sig um reynslu sína má greina að

⁴⁵⁸ Sjá kafla 4.2.1, 92.

⁴⁵⁹ Sjá kafla 4.2.1, 92.

⁴⁶⁰ Sjá kafla 4.2.1, 94.

⁴⁶¹ Sjá kafla 4.2.1, 96.

⁴⁶² Sjá kafla 4.2.1, 97.

⁴⁶³ Sjá kafla 4.2.2, 100.

⁴⁶⁴ Sjá kafla 4.2.2, 100.

hún sé þeirrar skoðunar að það krefjist hugrekkis og seiglu að prédika um sum málefni er tengjast hruninu.⁴⁶⁵ Reynsla *Lindu* virðist áþekk reynslu Ernu. *Linda* lýsir því þannig að fólk hafi ekki viljað heyra það sem hún prédikaði um og það hafi ekki verið gott.⁴⁶⁶

Yfirlit kenninga

Í framhaldi af því sem má lesa um í stefjum úr viðtalsrannsókninni lítur höfundur til Engemanns sem segir að hluti prédikunar snúist um það sem prédikarinn hefur sjálfur fram að færa. Tenging við hversdaginn í prédikun skipti því meginmáli. Mikilvægt er að prédikari nýti sér eigin reynslu í prédikun. Þá er bæði átt við neikvæðar og jákvæðar upplifanir, þ.e. að fjalla um þá þætti er styrki manneskjuna og eins þá er dragi úr henni.⁴⁶⁷ Engemann telur að sjálfsþekking og skilningur á því hvernig persóna prédikara hafi áhrif á samskipti við áheyrendur sé mikilvægur þáttur í starfi hans. Við undirbúning prédikunar og flutning hennar þurfi að takast á við þætti í fari prédikarans er varði líf hans. Sjálfsþekking, lífsviðhorf, lífsreynsla, hugsjónir og tilfinningar séu efniviður hans sem prédikara.⁴⁶⁸

Engemann segir það mikilvægt fyrir prédikara að hafa skilning á samfélagi samtíma síns. Hann telur að aðeins þannig geti prédikari þjónað því efni sem hann flytur og áheyrendum á sama tíma. Veruleikinn snúist um að takast á við nútímann út frá eigin persónu.⁴⁶⁹ Mat Engemanns er að persónuleiki fólks hafi áhrif á afstöðu þess til umhverfis síns og því sé persónuleiki prédikarans viðfangsefni prédikunarfræðinnar. Prédikunarvinna innifeli sjálfsvinnu prédikara, ekki sé hægt að takast á við hlutverk prédikarans nema vinna með sjálfan sig.⁴⁷⁰ Samkvæmt fullyrðingu Engemanns snýst prédikunarfræði um mannskilning, annars vegar í helgihaldi og hins vegar í prédikun.⁴⁷¹ Engemann segir það til bóta ef prédikun er undir áhrifum frá lífi prédikarans enda þurfi hann að vera tilbúinn til að setja fram vitnisburð úr eigin lífi.⁴⁷² Þetta má einnig skoða í samhengi við orð Florence en hún heldur því fram að trúverðugleiki prédikara sé afar mikilvægur þegar trúarlegur vitnisburður er þáttur í prédikun, prédikarar þurfi að vera tilbúnir til að bera vitni og sýna að þeirra eigið líf sé í samræmi við það sem þeir segja.⁴⁷³

Florence heldur því fram að hverjum persónulegum vitnisburði fylgi áhætta fyrir prédikarann. Vitnisburðurinn innifeli ekki eingöngu orð þess sem tali heldur geti hann einnig opinberað einhvers konar játningar á gjörðum þess er tjái sig.⁴⁷⁴ Hún segir vitnisburðarprédikun leið til þess að prédikari geti verið heilshugar í því sem hann geri. Florence heldur því einnig fram að

⁴⁶⁵ Sjá kafla 4.2.2,101.

⁴⁶⁶ Sjá kafla 4.2.2,103.

⁴⁶⁷ Engemann, „Samtal í prédikun,“ 25–34.

⁴⁶⁸ Engemann, „Samtal í prédikun,“ 25–34.

⁴⁶⁹ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 20.

⁴⁷⁰ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 22.

⁴⁷¹ Engemann, „Samtal í prédikun,“ 25–34.

⁴⁷² Engemann, *Homiletics*, 46–47.

⁴⁷³ Florence, *Preaching as Testimony*, 36–39.

⁴⁷⁴ Florence, *Preaching as Testimony*, 64–68.

vitnisburðarprédikanir snerti við fólk.⁴⁷⁵ Hér er að mati höfundar sterkur samhljómur milli Florence og Engemanns en hann telur að ef prédikun dragi fram sjálfsmynd prédikara sé hún í raun vitnisburður. Slíkur vitnisburður verður alltaf að vera skapandi, jafnvel þótt hann sé settur fram með einföldum hætti. Mikilvægt er að prédikun tjái sögu og reynslu þeirra er prédika.⁴⁷⁶

Greining

Þegar höfundur íhugar stefin frá viðtölunum í ljósi kenninga Engemanns og Florence má greina mikilvægi vitnisburðarins í prédikun. Þetta er gott að hafa í huga við greiningu undirkaflans en þar kemur fram að viðmælendur rannsóknarinnar virðast stunda mikla sjálfsgagnrýni þegar kemur að prédikun. Þeir segjast sumir hafa áhyggjur af því hvað sé viðeigandi í prédikun sinni og hvað ekki. Höfundi finnst lýsandi fyrir ástand prestanna á tímum samfélagslegra áfalla hvernig þeir mæta gagnrýni á prédikun sína, hvernig þeir takast á við eigin ótta og ritskoða eigin texta. Samkvæmt því er kemur fram í viðtölum virðast sumir þeirra finna fyrir vanmætti, hafa efasemdir um prédikun sína og gagnrýna eigin prédikun á neikvæðan hátt. Út frá orðum þeirra má greina að þeir efist flestir um trúverðugleika sinn sem prédikara og óttist að hegðun þeirra hafi áhrif á traust áheyrenda gagnvart þeim. Mögulega vísar þetta til þess að litið hafi verið á presta sem sérfræðinga safnaðarins í hinum ýmsu málum en að þeir hafi í afhelgun samtímans misst það hlutverk sitt. Sjálfsritskoðun prédikaranna hefur líklega haft áhrif á prédikun þeirra. Höfundur dregur þá áltun að slík ritskoðun geti dregið úr sjálfsöryggi prestanna, haft áhrif á tjáningarfrelsi þeirra og þar með upplifun um eigin trúverðugleika.

Höfundur ályktar út frá því sem fram kemur í yfirliti kenninga að þegar prédikari fjallar um álitamál sé mikilvægt að hann sé annað hvort vammlaus eða gangist við því í prédikun sinni hafi hann hegðað sér á óviðeigandi hátt. Hér má greina nokkur þemu: vanmátt, ótta, efasemdir og vanmat á eigin trúverðugleika. Höfundur metur að þessi atriði hafi áhrif á prédikun prestanna. Samkvæmt því er fram kemur í samantekt kenninga hér að framan er lífsreynsla prédikarans og birting hennar í prédikun, ásamt sjálfsvinnu og sjálfsþekkingu, mikilvægt atriði. Einnig má ítreka að vitnisburður í prédikun geti sýnt fram á að prédikari sé heill í því sem hann flytur. Sú greining að sjálfsmat hafi áhrif á prédikun er byggð á ummælum viðmælendanna og kenningum þeirra Florence og Engemanns. Ótti og óöryggi sem fram koma hjá viðmælendunum gætu bent til þess að þeir hafi verið komnir að niðurlotum vegna álags og áfalla á átakatímanum.

5.1.4 Texti og túlkun

Inngangur

Samspil texta, innihald hans og túlkun skiptir verulegu máli í prédikun líkt og kemur fram í kaflanum um útkomu viðtalsrannsóknarinnar. Þemu sem fram koma í undirkaflanum eru samþætting reynslu, samfélags og texta. Í undirkaflanum er fjallað um þessa þætti og áhrif

⁴⁷⁵ Florence, *Preaching as Testimony*, xxiii–xxvi.

⁴⁷⁶ Engemann, *Homiletics*, 47.

þeirra á það hvort innihald prédikunar skiljist og komist til skila. Fjallað er um undirbúning prédikunar og textavinnu, mikilvægi þess að meta og túlka texta og atburði líðandi stundar í prédikun. Litið er til þess hvernig prédikurunum gengur að prédika út frá ritningartextum og tengja það við samtímann og eigin skoðanir. Við greiningar á texta undirkaflans nýtir höfundur sér kenningar og hugtök frá Wilfried Engemann, Wilhem Gräb og Mary Eunjoo Kim. Þau hafa öll í rannsóknum sínum unnið með texta, innihald hans og túlkun. Einnig hafa þau rannsakað og rætt um mikilvægi samspils áheyranda og prédikara. Engemann og Kim hafa fjallað um netið með tilliti til notkunar þess í prédikun.

Stef frá viðtalsrannsókninni

Textavinna virðist viðmælendum hugleikin og má finna fjölbreyttar umræður þar að lútandi í útkomu viðtalsrannsóknarinnar. *Birta* segir að prédikun sé ekki ritskýring en máli skipti að finna þemu í textanum. Þar vísar hún í „frelsi, trú, samhjálp og framkomu við útlendinga“. Fram kemur í máli *Birtu* að henni finnist mikilvægt að tengja prédikun sína við eigin reynslu.⁴⁷⁷ *Már* segir frá því að hann fylgi ekki alltaf því sem hann hafi skrifað. Hann segist stundum sjá fólk og upplifa tækifæri til að tala við það í prédikun. Hann breytir stundum hvernig hann hagar orðum sínum þegar hann horfir til áhorfenda sinna í prédikun. Þetta gerir hann vegna þess að þessi eða hinn er í kirkjunni.⁴⁷⁸ *Már* ræddi um hversu mikilvægt sé að fólk í kirkjunni skilji það sem hann komi á framfæri. Viðhorf viðmælandanna til textavinnunnar virðist að mörgu leyti lík þó áherslumunur sé á milli þeirra.

Ari ræðir um túlkun á textum og samhengi samtímans en telur að til geti verið mörg sjónarhorn á það sem teljist vera sannleikur í sumum málum.⁴⁷⁹ *Ari* nefnir Biblíutexta og tekur fram að sér finnist skrítið að tala um fugla himinsins og liljur vallarins á sama tíma og hann prédiki um alvarlegt ástand í samfélaginu. Hans túlkun er að ekki sé viðeigandi að tala um fallega Biblíutexta í sömu andrá og talað er um hörmungar hrunsins.⁴⁸⁰ *Már* setur fram í frásögn sinni mikilvægi þess að vinna stöðugt með texta. Að því er fram kemur í máli *Birtu* er þessi samþætting eigin reynslu, reynslu safnaðarins/samfélagsins (hér er að mati höfundar átt við þverskurð þjóðfélagsins í heild sinni) og textans uppistaða prédikunarinnar.⁴⁸¹ *Linda* veltir fyrir sér lengd prédikunar og segir frá því að það sé óþægilegt þegar hún upplifi að kirkjugestum finnist að prédikun hennar sé orðin of löng. Hún segir að það komi fyrir þegar hún horfi fram í kirkjuna að hún finni að fólk finnist hún sé búin að tala alltof lengi. Það er hennar skoðun að tímalengd prédikunar sé góð ef hún varir í kringum sex mínútur.⁴⁸²

Framan af áttatímanum voru samfélagsmiðlar óþekkt fyrirbæri. Facebook var opnað almenningi árið 2006 og þróaðist mjög hratt. Viðmælendur ræða nokkuð um samfélagsmiðla og notkun þeirra, gera má ráð fyrir að sumt er þar kemur fram eigi við um stöðuna undir lok

⁴⁷⁷ Sjá kafla 4.2.1, 91.

⁴⁷⁸ Sjá kafla 4.2.1, 97–98.

⁴⁷⁹ Sjá kafla 4.2.1, 91.

⁴⁸⁰ Sjá kafla 4.2.1, 95.

⁴⁸¹ Sjá kafla 4.2.2, 102–103.

⁴⁸² Sjá kafla 4.2.2, 107.

átakatímabilsins árið 2015. *Ari* segist sjaldan skrifa prédikun heldur taki bara punkta með sér um það sem hann ætli að fjalla um í prédikun sinni. Enn sem komið er segist hann bara hugsa sína prédikun fyrir flutning í guðsþjónustu þrátt fyrir að hann birti þær á netinu. Að þessu leyti er hann ekki á sama máli og flestir viðmælendanna sem virðast hugsa prédikanir sínar til birtingar á vefnum.⁴⁸³ Einstaka viðmælendur hafa haft efasemdir um að prédikun þeirra nái að skila sér til áheyrenda. *Birta* tjáir sig um áskorunina sem felist í því að prédika stafrænt. Hún leitast við að ganga frá prédikunum sínum með þeim hætti að þær séu tilbúnar fyrir netið. *Birta* fullyrðir að hún gangi með öðrum hætti frá texta sem sé skrifaður enda reiði hún sig á aðra hluti í töluðu máli. Þetta geri það að verkum að hún sé alltaf með sínar prédikanir skrifaðar:

[...] við þurfum að ná sambandi þarna úti líka, þurfum að prédika á vefnum og Facebook og allt, eins og í hruninu þá, [...], þá höfðum við þetta bara ekki, en núna höfum við þetta, en gerum ekki mikið eða ekki nóg.⁴⁸⁴

Í samtímanum er vefurinn allt í öllu og allt gerist þar. *Birta* heldur því fram að það hefði skipt sköpum ef aðgangur að vefmiðlum hefði verið lengra kominn í hruninu því þá hefði heyrst meira í prédikurum. *Ari* segir að ef hann væri að prédika um að siðrof og hrun væri að eiga sér stað myndi hann nota Facebook eða aðra staði á netinu til að ná í fólk svo að það myndi heyra í honum.⁴⁸⁵ *Birta* tiltekur sömuleiðis að enginn hafi verið að hlusta fyrir hrun af því prestar hafi í of litlum mæli miðlað prédikunum sínum á vefnum.⁴⁸⁶ *Ari* segir að hann hafi rætt um álitamál eins og siðrof, græðgi og kynferðisbrot með þeim hætti að það ætti að heyrast. Hann segist einnig hafa prófað flest formin á netinu, hann hafi prófað að birta textann hráan en einnig unnið textann með ýmsum hætti.⁴⁸⁷ *Ari* segir að það hafi ekki endilega margir heyrt í sér fyrr en eftir á, þ.e. þegar hann hafi verið búinn að birta það sem hann sagði á blogginn og Facebook. *Már* hefur svipaða reynslu og útskýrir að hann hafi gert mikið af því að setja upp prédikanir með ólíka miðla í huga. Hann hafi prófað að birta textann í ólíkum myndum, hvort tveggja unninn og óunninn. *Már* segist einnig hafa sent út myndskleið með prédikun en að hans mati sé lyklatríðið alltaf að hafa allt slíkt einfalt í sniðum.⁴⁸⁸

Yfirlit kenninga

Skoðun Gräbs er sú að trúin geti verið túlkunaraðferð sem nýtist í lífi fólks. Prédikarinn útlisti í prédikun sinni trúarlegt inntak kristins boðskapar þannig að boðskapurinn gefi áheyrendum val.⁴⁸⁹ Gräb leggur áherslu á innihald prédikunar þegar hann ræðir það sem hann kallar „til hvers?“ prédikun. Sú spurning lýtur að því að guðfræðilegar forsendur þurfi að kallast á við

⁴⁸³ Sjá kafla 4.2.2, 106.

⁴⁸⁴ Sjá kafla 4.2.4, 105.

⁴⁸⁵ Sjá kafla 4.2.3, 105.

⁴⁸⁶ Sjá kafla 4.2.3, 105-106.

⁴⁸⁷ Sjá kafla 4.2.3, 106-107.

⁴⁸⁸ Sjá kafla 4.2.4, 106-107.

⁴⁸⁹ Gräb, *Orðið er laust*, 16–17.

kirkjulegar og samfélagslegar kringumstæður.⁴⁹⁰ Hann fjallar einnig um það sem hann kallar „hvað?“ spurningu prédikunar og mikilvægi hennar. Með því á hann við að inntak spurningarinnar kalli á túlkanir á textum, kenningum og samfélagi.⁴⁹¹ Prédikarinn og áheyrandinn þekki báðir það líf sem skoðað er í prédikuninni sem gæti leitt til dýpri trúarlegs skilnings í ljósi kristins boðskaps sem opnast í textanum.⁴⁹² Samkvæmt Gräb þurfi prédikun að túlka textann til að hann verði andsvar við þörf mannsins fyrir tilgang í lífinu. Ekki sé hægt að prédika orð Guðs eins og stundum er sagt. Samkvæmt Gräb er hægt að heyra orð Guðs í prédikun þegar áheyrandi upplifir að hún fjalli um hans eigið líf og tilvist.⁴⁹³ Framangreint færir höfund að kenningum Engemanns sem segir textann sem unnið er með verða að leið fyrir prédikarann til að koma því sem hann vill segja á framfæri en sjálfum textanum sé svo ýtt til hliðar.⁴⁹⁴ Skoðun Engemanns er að prédikari þurfi að leggja sig fram um að leita að huldri merkingu textans og þannig leitast við að finna hvað hann segi um hjálpræðið.⁴⁹⁵ Engemann útskýrir að texti sem unnið er með geti orðið að prédikun sem þá sé orðin að öðrum texta. Áriðandi sé að túlka textann, að öðrum kosti geti prédikunin varpað textanum frá sér. Slíkt gangi ekki því textinn þarfnast túlkunar sem gefur þá prédikaranum rými til útlekkingar á honum.⁴⁹⁶

Engemann er á sama máli og Gräb um að það falli í hlut áheyrenda að túlka það sem sagt er í samhengi við eigin trú og þá ritningartexta sem þeir hafi heyrt. Samkvæmt Engemann er gagnlegt að í prédikun sé tengt við það sem manneskjan upplifi í eigin lífi, bæði það sem er gott og það sem er erfitt.⁴⁹⁷ Engemann gerir grein fyrir því að prédikun innifeli samskipti á milli hefðar og lesanda textans en þar eigi sér stað nauðsynleg túlkun. Boðunin sem á sér stað geti þar með talað til samtíma áheyrandans.⁴⁹⁸ Fyrir prédikara er mikilvægt að orð þeirra berist til sem flestra er á vilja hlýða. Prédikun í stafrænu formi, sem felur í sér það sem Kim kallar hnattrænt innihald eða tengslavef, hefur áhrif á hana sjálfa og viðtöku hennar.⁴⁹⁹

Í þessu ljósi má taka undir orð Kim um að prédikarar sem virði fjölbreytileika túlkunarfræðinnar eigi að nýta sér internetið.⁵⁰⁰ Engemann er á sama máli og Kim og segir að á stafrænum miðlum geti fólk tjáð sig á ýmsan máta og þar noti það nýja tjáningarmáta sem birtist í skammstöfunum, orðfæri og merkjum eða myndum til að tjá tilfinningar eða viðbrögð.⁵⁰¹ Kim segir að rými samfélagsmiðla sé vefur sem teygir sig um alla veröld og þar

⁴⁹⁰ Gräb, *Orðið er laust*, 16–17.

⁴⁹¹ Fritz Már Jørgensson, „Prédikun í opinberu rými,“ 261–262.

⁴⁹² Gräb, *Orðið er laust*, 38.

⁴⁹³ Gräb, *Orðið er laust*, 28.

⁴⁹⁴ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 39–41.

⁴⁹⁵ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 43.

⁴⁹⁶ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 47.

⁴⁹⁷ Engemann, *Samtal í prédikun*, 25–34.

⁴⁹⁸ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 50–51.

⁴⁹⁹ Kim, *Preaching in an Age of Globalization*, 41.

⁵⁰⁰ Kim, *Preaching in an Age of Globalization*, 22.

⁵⁰¹ Engemann, *Homiletics*, 375–376.

sem gagnvirkt innihald berst frá einum til annars.⁵⁰² Á margan hátt er stafrænn veruleiki heppilegur til þess að endurspegla fjölbreytileika í prédikunum. Með þessu er átt við fjölbreytileika sem fer handan við landfræðilegar staðsetningar til að vera hluti af stafrænni veröld.⁵⁰³ Engemann segir að texti megi ekki vera yfir prédikarann hafinn, textinn má ekki sigra þann sem prédikar heldur ætti hann að vera samtalsaðili við gerð prédikunar. Mikilvægt sé að leyfa textanum að verða leiðbeiningu fyrir báða aðila, prédikarann og þann sem á hlýðir. Öll prédikunin eigi að tilheyra þeim er flytur hana og vera vitnisburður hans, þ.e. prédikari og texti þurfa að standa að jöfnu.⁵⁰⁴

Greining

Greina má í yfirliti kenninga hversu mikilvæg túlkun textans er og hversu fjölbreytta niðurstöðu hún getur gefið. Í undirkaflanum koma fram þemu er tengjast reynslu og skoðunum viðmælandanna. Þeir virðast flestir þekkja það að vinna með prédikun sem samfélagsgreiningu í takt við eigin reynslu og ritningartexta. Nokkrir viðmælandanna virðast þeirrar skoðunar að samspil ritningartexta og túlkunar sé einn af lykilþáttum prédikunar og samþætting reynslu, samfélags og texta er þeim flestum hugleikin. Flestum virðist þeim finnast snúið að prédika um samfélagsmál og segja það geta verið erfitt að láta það sem þeir vilja fjalla um haldast í hendur við textana sem þeir vinni með. Fram kemur hjá viðmælanda hversu miklu máli skipti að áheyrendur skilji það sem flutt er í prédikun.

Guðfræðileg túlkun er persónubundin og útlekkingar viðmælanda út frá textum geta því verið mjög fjölbreyttar. Fram kom hjá viðmælanda að túlkunarþáttur áheyrenda sé mikilvægur. Þeir viðmælandur sem tjáðu sig um það virðast grundvallaðir í undirbúningi prédikana þótt þeir vinni með ólíkum hætti með texta og flutning hans. Þeir virðast leggja mikla vinnu í undirbúning prédikunar og leitast við að tengja textana persónulegum eða samfélagslegum álitamálum. Einn viðmælandanna benti á að það væru til mörg sjónarhorn á sannleika í ákveðnum málum. Í ljósi þess að mat höfundar er að túlkun sé persónubundin ályktar hann að túlkun texta geti innfalið fjölbreyttar niðurstöður. Í viðtölunum má greina óöryggi sem meðal annars felst í því að sumum viðmælandanna finnist að þeir hafi ekki náð til áheyrenda. Höfundur telur rök hníga að því að viðtakendur prédikunar séu ólíkir og því túlki þeir það sem þeir heyri einnig með ólíkum hætti. Netið virðist gegna stóru hlutverki hjá viðmælandum rannsóknarinnar en þeir virðast telja að það hafi ekki verið tilbúið á hrunárnum. Álykta má að samfélagsmiðlar geti skapað nýtt rými fyrir þá prédikara sem það vilja. Í slíku rými má gera ráð fyrir að í stað hefðarvalds þurfi prédikarar að byggja á gagnvirkni og trúverðugleika fremur en hefð eða stöðu. Höfundur metur orð viðmælandanna þannig að þeir séu öruggir þegar kemur að textavinnu og túlkun.

⁵⁰² Kim, *Preaching in an Age of Globalization*, 17.

⁵⁰³ Kim, *Preaching in an Age of Globalization*, Xii.

⁵⁰⁴ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 131.

5.2 Siðrof og prédikun

Inngangur

Á hrunárunum varð fólki tíðrætt um siðrof og græðgi og virðist hvort tveggja vera viðmælendum rannsóknarinnar hugleiðið. Í þessum undirkafla er unnið með hugtakið siðrof og áhrif þess út frá trúarlífsfélagsfræði. Hugtakið var kynnt í öðrum kafla og er hér notað við greiningu. Rætt er um mikilvægi þess að vara við siðrofi og græðgi í prédikun í aðdraganda hruns. Mat höfundar er áætlað siðrof hafi haft áhrif á viðmælendurna og prédikun þeirra. Í undirkaflanum er unnið með trúarlífsfélagsfræðilega nálgun í samtengingu við prédikunarfræði. Líta má á þessa samtvinnun sem félagsfræðilega prédikunarfræði. Greining kaflans byggir á kenningum, útfærslum og hugmyndum fræðimannanna Émile Durkheims, Robert Mertons og Þórodds Bjarnasonar. Þeir hafa allir rannsakað siðrof og þær félagslegu aðstæður sem geta valdið slíku ástandi.

Stef úr viðtalsrannsókninni

Ari segir frá því að hann ekki alltaf staðið sig nógu vel þegar hann prédikaði um flatskjárkaup í hruninu og sagði fólki að það ætti frekar að gefa pening ef það ætti svona mikið af þeim.⁵⁰⁵ *Már*, líkt og *Ari*, lýsir því að sér hafi fundist varasamt að ræða siðferðisleg álitamál í prédikunum. Hann segist sjálfur hafa prédikað um slík mál án þess að vita í hvaða jarðveg það félli. Rétt eins og *Ari* virðist *Már* vera meðvitaður um eigin stöðu sem neytandi og prestur, hann ræðir um hrunið, að hann hafi sjálfur átt flottan bíl og segist sjálfur vera gráðugur.⁵⁰⁶ Fram kemur í máli prestanna að í hruninu hafi hugtök eins og siðrof verið mikið notuð án þess endilega að fólk skildi eða áttaði sig á merkingu þeirra. *Birta* segir frá því að óháð því hver staða hennar hafi verið í hruninu hafi það alltaf verið skylda hennar að vara við siðrofi og græðgi:

[...] Ég, ég meina að við eða ég þurfti að vanda mig og svo var ég kannski ekkert betri en aðrir en þurfti samt að segja þetta við fólkið. Af því það þurfti að vara við græðginni og siðrofinu. En ég vissi ekkert að þetta var siðrof fyrir en bara eða, já, bara kannski eftir hrun.⁵⁰⁷

Það fer ekki á milli mála í orðum *Birtu* að hún sá það sem skyldu sína að prédika um það sem gerðist. *Breki* segir að allar stofnanir hafi brugðist og hugmyndakerfi fallið:

Vegna þess að ég hugsaði sem svo, jæja, nú eru allar stofnanir samfélagsins búnar að bregðast, nú eru hugmyndakerfin okkar fallin, nú eru veraldlegar stofnanir samfélagsins allt það sem við töldum réttast og best, nú er það augljóslega búið að verða fyrir mjög miklum hnekki.⁵⁰⁸

Hér lýsir *Breki* þjóðfélagsástandinu eins og hann segir það hafa verið í hruninu. Hann dregur upp dökka mynd sem gæti endurspeglað ákveðnar forsendur siðrofsástands. Áhugavert er að

⁵⁰⁵ Sjá kafla 4.2.2, 92.

⁵⁰⁶ Sjá kafla 4.2.1, 93.

⁵⁰⁷ Sjá kafla 4.2.2, 100.

⁵⁰⁸ Sjá kafla 4.2.2, 102.

líta til þess að það eru fleiri sem sjá þetta með þessum hætti. *Birta* heldur því fram að ekki bara reglugerðarverk og eftirlit hafi brugðist heldur hafi hugmyndakerfi samfélagsins fallið. Þrátt fyrir mikinn uppgang hafi samfélagslegur ójöfnuður aukist og græðgi hafi orðið ráðandi, í það minnsta í fjármálaheiminum. Í framhaldi af þessu er áhugavert að *Ari* heldur því fram að ekki megi gagnrýna fólk sem dæmt hafi verið fyrir efnahagsbrot í prédíkun.⁵⁰⁹ Draga má þá ályktun að efnahagslegt vald, fjármálaspilling og lítil von gegn ofureflinu spili hér rullu.

Hér hafa verið dregnir fram ólíkir þættir er kalla á mismunandi viðbrögð og félagslega afstöðu. Viðmælendurnir telja sig hafa prédikað gegn óheilbrigðu ástandi sem má samkvæmt lýsingum þeirra tengja við upplausn og óreiðu. Allt hafi þetta svo verið borið áfram á afhelgun samfélagsins um áratuga skeið. *Már* segir að tvær séu hliðar á þessu. Hann telur að prestar hafi prédikað mikið um græðgi og hrun en að það hafi hlotið dræmar viðtökur.⁵¹⁰ *Una* segir að þeir sem prédíkuðu hvað mest um hrúnið hafi ekki haft mikinn hljómgrunn innan þjóðkirkjunnar. Hún heldur því fram að það hafi einungis verið ákveðnir prestar sem það gerðu en þeir hafi ekki verið margir.⁵¹¹

Yfirlit kenninga

Durkheim heldur því fram að miklar efnahagslegar breytingar auki hættu á siðrofi. Ýmiss konar félagslegt ástand geti haft áhrif á siðrof en þar má nefna stétt, stöðu og fjárhag fólks.⁵¹² Hluti af niðurstöðu Durkheims var að einstaklingurinn verði fyrir áhrifum frá ótal félagslegum staðreyndum sem móti líf hans að hluta. Með því að rannsaka slík fyrirbæri væri mögulega hægt að skýra þætti í hegðun einstaklinga.⁵¹³

Þóroddur Bjarnason útfærir kenningar Durkheims en hann heldur því fram að siðrof sé óhlutbundin, fjölbreytt og marglaga samsetning sem tengist samfélagslegri og stjórn mála legri stöðu. Jafnframt tengist hún skipulagi og uppbyggingu samfélagsins og viðbragði einstaklinga við því skipulagi. Siðrof er staða í samfélagi sem einkennist af upplausn þar sem félagsleg og siðferðisleg gildi hafa minni áhrif en áður.⁵¹⁴ Þóroddur er þeirrar skoðunar að slíkt siðrofsástand í samfélaginu dragi úr áhrifum siðferðislegra viðmiða og samfélagslegra reglna. Þannig hafi tengsl á milli hugarástands fólks eða samfélagslegrar stöðu í samhengi við siðrof legið á milli hluta í fræðilegri umræðu á sama tíma og áhrifamiklar kenningar hafi verið kynntar um siðrof.⁵¹⁵ Merton taldi líklegt að fólk væri tilbúið til að brjóta lög ef það gerði þeim kleift að ná þeim markmiðum er það hefði sett sér ef það gæti ekki gert það á annan hátt. Siðrof væri þá það ástand að samfélagið setti markmið sem talin væru æskileg en sæi ekki til þess að einstaklingar hefðu leiðir til að ná þeim.⁵¹⁶

⁵⁰⁹ Sjá kafla 4.2.2, 103.

⁵¹⁰ Sjá kafla 4.2.2, 105-106.

⁵¹¹ Sjá kafla 4.2.2, 103-104.

⁵¹² Appelrouth o.fl., *Classical and Contemporary*, 101-104.

⁵¹³ Appelrouth o.fl., *Classical and Contemporary*, 101-104.

⁵¹⁴ Þóroddur Bjarnason, „Anomie among European,“ 135-161.

⁵¹⁵ Þóroddur Bjarnason, „Anomie among European,“ 135-161.

⁵¹⁶ Appelrouth o.fl., *Classical and Contemporary*, 390-395.

Greining

Út frá kenningum um siðrof og áhrif þess má finna tengingar við orð viðmælenda í útkomu viðtalsrannsóknarinnar. Í greiningu undirkaflans koma fram álitamál um siðrof og hvort skuli prédika um mál eins og til dæmis græðgi eða kynferðisbrotamál. Viðmælendurnir virðast flestir á þeirri skoðun að þeim beri skylda til að vara við eða fjalla um siðferðisleg álitamál þegar þau koma upp. Þeim þykir skipta máli að prédika um mál er þeir telja að varði almannaheill. Sumir þeirra hafa áhyggjur af því að þeir nái ekki til áheyrenda sinna sem er orðið kunnuglegt stef í greiningu kaflanna. Fram kemur í undirkaflanum að áhrifaríkt sé að tengja fagnaðareriindi kristinnar trúar við samfélagsgerð og tíðaranda. Prestarnir virðast flestir þeirrar skoðunar að varasamt geti verið að fjalla um siðferðisleg álitamál í prédikun. Lesa má úr viðtölum að þeir óttist afleiðingar þess að prédika um siðrof eða græðgi hafi þeir sjálfir tekið þátt í uppsveiflu hrúnáranna. Hér má enn og aftur greina vafa viðmælenda um trúverðugleika sinn.

Miklar líkur eru á því að mati höfundar að hugtakið siðrof hafi í einhverjum tilfellum verið notað í prédikun í aðdraganda og eftirleik hruns án þess að skilningur á skilgreiningu þess væri til staðar. Viðmælendurnir segjast hafa prédikað gegn óheilbrigðu ástandi sem má tengja við upplausn og óreiðu. Einnig kemur fram að óráðlegt sé að prédika um hvaða mál sem er, jafnvel þótt vilji prédikara standi til þess. Svo dæmi sé tekið megi ekki prédika um fólk sem var dæmt fyrir hrunglæpi. Aukin neysla á árunum fyrir hrun var umfjöllun prédikana einhverra prestanna. Höfundur telur líkur á því að siðrof hafi átt sér stað á hruntímanum hér á landi í einhverjum mæli. Samkvæmt skilningi höfundar má túlka hugmyndir Durkheims þannig að í siðrofi dvíni áhrif siðferðislegra viðmiða sem geti svo orðið til þess að reglur sem eigi að leiðbeina fólki um góða hegðun og siðferði verði ófullnægjandi.

Prédikun ætti að vera ein af þeim aðferðum sem hægt er að nýta til að benda á og vara við slíku ástandi í samfélaginu. Enn og aftur má greina hversu viðmælendur rannsóknarinnar eru óöruggir vegna eigin þátttöku í efnahagsástandi hrunsins og að þeir efist um eigin trúverðugleika í því ljósi. Einnig má greina það á orðum viðmælendanna að þeir hafi viðhaft einhvers konar siða- eða umvöndunarprédikun gegn ástandi hrúnáranna. Sé það rétt er það áhugavert í ljósi þess að slíkar prédikanir virðast yfirleitt ekki fá gott brautargengi hjá áheyrendum.

5.2.1 Tungutak og aðgengi

Inngangur

Tungutak, notkun þess, áhrif og skilningur tengt prédikun og viðtöku hennar eru þemu sem ítrekað koma fram í rannsókninni. Í undirkaflanum verður fjallað um hvaða skoðanir viðmælendur hafa á tungumálinu og notkun þess í prédikuninni. Rætt er um tungutak ritningartexta, sem prédikun ætti að byggja að hluta á og eru lesnir í guðspjónustum, innihald, tjáningu og viðtöku prédikunar. Það er án vafa vandasamt að prédika um ákveðin málefni. Túlkun prédikara, þættir í umhverfinu og flutningur prédikunar hafa áhrif á upplifun þeirra er hlýða á prédikun. Við greiningu kaflans nýtir höfundur sér kenningar og hugtök

fræðimannanna Wilfried Engemanns og Wilhelm Gräbs sem hafa báðir rannsakað tungutak og áhrif þess á prédikanir og viðtöku þeirra eins og fram kemur í kenningarkafla ritgerðarinnar.

Stef úr viðtalsrannsókninni

Tungutak fólks er misjafnt og orðaskilningur er það einnig. *Linda* notar orðið „græðgi“ um það sem hún gagnrýndi í prédikun sinni á hrunárunum. Mögulega er það orð eða hugtak sem fólk vildi ekki heyra þegar talað var til þess. *Már* segir að prédikarar innan þjóðkirkjunnar hafi talað skýrt um græðgi og hrun en af einhverjum ástæðum hafi fáir heyrt eða tekið það til sín.⁵¹⁷ Fram kemur í máli *Más* að flytja ætti prédikanir með þeim hætti að fólk heyri það sem er flutt.⁵¹⁸ Fram kom hjá viðmælanda hversu áhugavert væri að kanna á trú.is hverjir hafi raunverulega fjallað um málefni hruntímans.⁵¹⁹

Una segist hafa prédikað mikið um þensluna í aðdraganda hruns og varað við afleiðingum hennar. Hún heldur því fram að umfjöllun um þessi málefni hafi fengið lítinn hljómgrunn og að fáir hafi prédikað um þau. Áhugavert er að líta til *Ara* sem segir að alltaf sé hægt að tengja það sem sagt er í prédikun við Guðs orð. Hann segist skoða ritningartexta með það í huga að finna út hvort og þá um hvað þeir tali inn í aðstæður fólks.⁵²⁰ *Ari* telur að prédikarinn þurfi að leggja sig fram við útskýringar til að áheyrendur skilji ritningarlestra og texta sem settir eru fram í guðspjónustunni. *Erna* talar um mikilvægi þess að koma skilaboðum á framfæri. Hún telur skyldu sína að vera samkvæm sjálfri sér og kemur því skýrt á framfæri að söfnuður hennar sé hluti samfélagsins. Samfélagsleg ábyrgð einstaklinga er mikilvæg að mati *Ernu* og hún segist benda á það í prédikun.

[...] Við verðum að vera duglegri, við, þá á ég við hvern og einn, hver einstaklingur, hver prestur, hver söfnuður, að vera dugleg við að benda á hlutverk einstaklingsins í þessu öllu saman.⁵²¹

Vafalaust getur verið flókið að flytja það sem prédikari vill koma á framfæri með tungutaki sem fólk skilur. Ritningartextar geta verið flóknir og stundum erfitt að skilja þá. *Ari* ber prédikun sem snertir við fólki saman við lifandi orð:

[...] þú ert líka með ritningarlestra, þú ert sem sagt með pistil og lexíu sko, þannig að þú getur alltaf tekið í raun og veru hvaða málefni sem er og ef manni tekst það ekki, þá er guðspjallið og textinn í raun og veru ekki lengur lifandi. Sko, þá er hann ekki lifandi orð, þá er hann, þú veist, hvað segir þessi texti inn í mínar aðstæður og svo framvegis sko.⁵²²

⁵¹⁷ Sjá kafla 4.2.2, 103–104.

⁵¹⁸ Sjá kafla 4.2.4, 106.

⁵¹⁹ Sjá kafla 4.2.2, 104–105.

⁵²⁰ Sjá kafla 4.2.4, 112.

⁵²¹ Sjá kafla 4.2.1, 97.

⁵²² Sjá kafla 4.2.3, 112.

Erna er þeirrar skoðunar að þegar prédikað er um aðstæður fólks þurfi samskiptin að vera á jafnréttisgrundvelli og að orðið þurfi að lifa eigi boðskapurinn að ná áfram:

Og kannski reyna að eiga samtali, í raun og veru ekki setja sig á stall, „ég veit betur“, heldur, „ég veit að ég get betur.“ Ég er að reyna að vera [...] sönn í því sem ég segi og framkvæmi.⁵²³

Hér er *Erna* að benda á mikilvægi samtalsins í prédikun sem hefur áhrif á viðtöku hennar. *Már* segir mikilvægt að útskýra, taka dæmi og leyfa sér að rýna í augnablikið og stemninguna sem er í kirkjunni.

Yfirlit kenninga

Gräb heldur því fram að það geti verið að tungutak prédikunar sé of flókið. Orð sem eigi að vera frelsandi og lífgefandi séu flutt þannig að fólk eigi erfitt með að skilja það sem sagt er.⁵²⁴ Mikilvægt er að fólk skilji prédikun út frá menningu og samfélagi samtímans en ekki aðeins út frá helgisiðum eða kirkju. Skoðun Gräbs er sú að tungumálið sem notað er í prédikunum sé líkast til orðið úrelt og þar með illskiljanlegt fyrir venjulegt fólk. Orðin sem eiga að vekja áhuga og ná athygli fólks eru flutt á þannig tungumáli að fólk skilur ekki það sem sagt er við það.⁵²⁵ Gräb veltir því upp að hægt sé að þýða það sem hann kallar „lífstilboð“ kristinnar trúar með tungutaki þar sem táknrænt innihald og trúarlegur merkingargefandi kraftur verði nálægur.⁵²⁶ Engemann segir að litið hafi verið framhjá þeirri staðreynd að tungumál sé ekki eingöngu notað til að fjalla um staðreyndir heldur einnig upplýsingar um þær, upplýsingar um þann sem tali, um það sem rætt er o.s.frv. Allt veki þetta þau áhrif sem prédikun vekur hjá þeim er á hlýða. Í prédikun ætti að stefna að samspiili við áheyrendur svo hægt sé að vinna með þann boðskap sem henni er ætlað að flytja.⁵²⁷ Álit Engemanns er að tungumálið sjálft eða tungutakið sem beitt er hafi setið á hakanum í prédikun. Hann segir að áhersla hafi verið á að Guðs orð sæi um sig sjálft þegar prédikun á sér stað.⁵²⁸

Að mati Engemann ætti prédikari ekki að fjalla um fagnaðarerindið nema að skýra út hvaða áhrif boðskapurinn hafi haft á líf hans, á hann sjálfan. Hvort boðskapurinn hafi haft breytandi áhrif og hvaða áhrif það hafi á hann ef hann trúi því sjálfur sem hann fjallar um.⁵²⁹ Hann segir að tungutakið hafi svo mikið að segja að persónuleg framkoma prédikarans hafi ekki þau áhrif sem eðlilegt væri.⁵³⁰ Þeir Gräb og Engemann virðast sammála um að tungutakið sem notað er til að prédika um guðfræðileg málefni sé tæplega tungutak sem nái til almennra hlustenda.⁵³¹ Engemann heldur því fram að prédikari komi til skila merkingu, atvikum og áhrifum og búi

⁵²³ Sjá kafla 4.2.1, 97.

⁵²⁴ Gräb, *Orðið er laust*, 10.

⁵²⁵ Gräb, *Orðið er laust*, 10.

⁵²⁶ Gräb, *Orðið er laust*, 20.

⁵²⁷ Engemann, *Homiletics*, 240–245.

⁵²⁸ Engemann, *Homiletics*, 240–245.

⁵²⁹ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 34.

⁵³⁰ Engemann, *Homiletics*, 240–245.

⁵³¹ Engemann, *Homiletics*, 212–214.

þannig til veruleika. Gæta þurfi þess að prédikun sé flutt með þannig tungutaki að tjáning sé skýr, skiljanleg og orðræða trúverðug.⁵³² Hin róttæka fullyrðing Gräbs um að ræðuform prédikunarinnar henti ekki lengur í samtímanum vegna þeirrar þróunar og breytinga er hafa átt sér stað kallast á við þetta. Hann telur að innihaldslegt gildi prédikunar sé ofmetið.⁵³³

Greining

Þegar höfundur íhugar stefin frá viðtölunum í ljósi kenninga þeirra Engemanns og Gräbs dregur hann þá ályktun að tungutak sem notað er í prédikunum og kirkjulegu starfi geti verið torskilið. Það má því halda því fram að viðmælendurnir ættu að leggja sig fram um að útskýra mál sitt með það í huga að áheyrendur skilji þá ritningartexta sem settir eru fram í guðsþjónustu. Viðmælendurnir virðast flestir gæta sín og nota varfærið tungutak þegar fjallað er um viðkvæm, áleitin samfélagsleg mál. Fram kemur hjá fræðimönnunum að tungumál feli í sér alls kyns upplýsingar um það sem sagt er en einnig um þann sem flytur prédikunina. Af þessu má skilja að tungutakið sem notað er geti haft áhrif á áheyrendur sem hlýða á prédikanir.

Höfundur vill halda því til haga að tungutak í prédikun getur verið formlegt og hátíðlegt án þess að vera torskilið. Að mati höfundar leggja viðmælendurnir áherslu á tungutak sitt í prédikun með textavinnu og gera sér grein fyrir mikilvægi þess að samskipti séu skiljanleg. Þeir tala um prédikanir er lúta að hruninu og græðginni en þær séu þáttur sem ekki hafi náð til fólks. Viðmælendurnir ræða ekki bara um orð og hugtök tengd hruninu heldur margt annað er tengist prédikun eins og til dæmis ritningartexta. Með það í huga að prestum er uppálagt að tengja prédikunarefni sitt með einum eða öðrum hætti við ritningartexta má álykta að hluti þess sem flutt er sé með tungutaki sem geti reynst sumum áheyrendum erfitt að samsama sig við. Það getur einnig verið takmarkandi þáttur í viðtöku á prédikunum að áheyrendur vilji ekki taka á móti því sem flutt er þegar um erfið eða óþægileg mál er að ræða. Höfundur dregur þá ályktun að tungutak, miðlun, skilningur og viðtaka á því sem flutt er í prédikun skipti verulegu máli.

5.2.2 Samfélagsleg rýni í prédikun

Inngangur

Aðstæður hrunsins hafa haft áhrif á líf fjölda fólks eins og fram kemur í útkomukafla viðtalsrannsóknarinnar. Í þessum kafla er unnið með það hvort og þá með hvaða hætti skuli prédikað um samfélagsleg álitamál. Þemu er koma fram í undirkaflanum eru fátækt, neysluhyggja og græðgi. Útkoma viðtalsrannsóknarinnar sýnir hversu mikil vá var í lífi landsmanna á áttatímanum. Fjallað er um að vandasamt geti verið að túlka ritningartexta í prédikun. Sérstaklega geti verið flókið að prédika um aðstæður fólks og samfélags. Rætt er um hversu áriðandi sé að gera samfélagslegar kringumstæður að umtalsefni í prédikun, þar með taldar erfiðar aðstæður eins og áttu sér stað á hrun tímanum. Við greiningu undirkaflans eru

⁵³² Engemann, „Prédikunarundirbúningur og prédikunargreining,“ 60.

⁵³³ Gräb, *Orðið er laust*, 15.

kenningar, hugtök og hugmyndir Wilfried Engemanns og Sarah Travis sóttar í kenningakafla ritgerðarinnar. Þau vísa bæði til flutnings samfélagslegra álitamála í prédikun og áhrif félagslegra aðstæðna á undirbúning hennar og flutning. Félagsgætt og menningarlegar aðstæður ásamt siðferðislegu mati eru hugtök sem unnið er með í undirkaflanum.

Stef frá viðtalsrannsókninni

Prédikun sem samfélagsgreining kallast á við skoðun *Ernu* sem segir að innihald prédikunarinnar skipti meginmáli.⁵³⁴ Hennar skilningur virðist vera sá að þegar prédikað er um aðstæður fólks þurfi prédikari að tala um þætti í lífi þess og eiga samtal við það eigi boðskapurinn að lifa áfram. Að hennar mati væri hægt að eiga samtal við söfnuðinn en ekki setja sig á stall gagnvart honum. Hún telur það vera sína skyldu að vera samkvæm sjálfri sér og það sé mikilvægt að koma því á framfæri í kirkjunni að hún sé hluti af samfélagi.⁵³⁵

Lesi má úr orðum *Ernu* að henni finnist áriðandi að prédikari eigi samtal við áheyrendur en hefji sig ekki yfir þá í prédikun. Hún vill sýna sig í prédikun eins og hún er og segist hafa bent á það í prédikun að þjóðkirkjan hafi ekki náð nægum árangri í því að koma boðskap náungakærleikans á framfæri. *Erna* greindi frá þeirri skoðun sinni að þjóðkirkjan gæti sinnt flóttafólki betur og að fólkið innan þjóðkirkjunnar mætti taka sig á í samfélagslegri þjónustu. Hún telur að söfnuðir og prestar þurfi að minna á ábyrgð einstaklingsins þegar kemur að félagslegu réttlæti.⁵³⁶ Greina má í orðum *Ernu* að hún geri ekki greinarmun á einstaklingi í embætti innan þjóðkirkjunnar og þjóðkirkjunni sem stofnun eða heimasöfnuði. Enn og aftur kemur upp umræða tengd heimasöfnuðum og þjóðkirkjunni sem stofnun. Sú sýn að einstaklingur í embætti innan þjóðkirkjunnar sé eða geti verið einhvers konar holdgervingur hennar er athyglisverð. Í þessu samhengi er áhugavert að líta til orða *Ara* en þegar kemur að samfélagsmálum er honum fátækt hugleikin. *Ari* segist ná að nýta sér prédikun til að vinna með fátækt sem samfélagslegt þema. Hann leggur áherslu á að prédika um að allir geti haft það þokkalegt. Hann segir að það skipti máli að byggja samfélag þar sem fátækt er ekki til staðar og náunganum sé sinnt. Mikilvægt sé að hjálpa þeim sem lendi í vandræðum eins og í hruninu.⁵³⁷

Samfélagsmál virðast snerta viðmælendurna með misjöfnum hætti. Þannig ræðir *Hrafn* ekki fátækt sérstaklega. Hann segist ekki hafa séð það sem sitt hlutverk að hafa vit fyrir söfnuði sínum í hruninu nema þá kannski helst með því að koma með ábendingar til fólks. Viðhorf *Hrafns* má bera saman við frásögn *Birtu* sem virðist vera á öndverðum meiði við hann. Hún segist hafa viljað tala við áheyrendur sína um hrunið og það sem því fylgdi. *Birta* undirbýr greinilega prédikun sína með það í huga að tengja útleggingu prédikunarinnar við þau mál er ber hæst í samtímanum:

⁵³⁴ Sjá kafla 4.2.1, 97.

⁵³⁵ Sjá kafla 4.2.1, 97.

⁵³⁶ Sjá kafla 4.2.1, 97.

⁵³⁷ Sjá kafla 4.2.1, 91–92.

Reynslan er eitthvað sem þú tekur með þér inn í prédikunina sjálfa [] en það að segja frá því sem er að gerast í samfélaginu eins og þegar allt var hrúnið og byggja á eigin reynslu í bland við textann, það er prédikun.⁵³⁸

Greina má af orðum *Birtu* hér að framan þá skoðun hennar að prédikun sé í flutningi samþætt af reynslu prédikarans og ritningartextanum sem unnið er með. Ritningartextinn geti þá, ásamt eigin reynslu prédikara, verið grunnur þeirrar samfélagslegu umræðu sem á sér stað í prédikun. Rétt eins og *Birta* virðist *Már* vera meðvitaður um eigin lífssögu og nýta sér hana. Hann talar um hvernig hans eigin reynsla í hrúninu hafi mótað hann og haft áhrif á það sem hann ræðir í prédikun. Hann telur sig hafa tekið þátt í óhóflegri neyslu á aðdraganda hrúnsins og segist nýta sér það. Hér má draga þá ályktun að lífsreynsla *Más* verði að vitnisburði í prédikun hans. Áhugavert er að hann hafi þá mynd af sjálfum sér að hann sé „gráðugur einhvers staðar inni í sér.“ Draga má þá ályktun af svörum hans að *Már* nýti sér reynslu sína í prédikun sinni. *Már* virðist þannig hafa flutt vitnisburðarprédikun þar sem hann segir frá sönnunum atvikum í eigin lífi. Hann segist vera meðvitaður um að prestar geti ekki frekar en aðrir ætlast til þess að öllum líki það sem þeir fjalli um í prédikun.⁵³⁹

Viðmælendurnir veltu því fyrir sér hvort þeim hefði tekist vel að ræða um ástandið í samfélaginu í aðdraganda hrúnsins. *Erna* segir að hún hafi komið orðum að því sem var að gerast í samfélaginu á þessum tíma. Hún telur að ábyrgð þjóðkirkjunnar felist í því að málsvarar hennar (biskup, prófastar, prestar o.s.frv.) hefðu mátt vera gagnrýnni á neysluhyggjuna sem hún telur að hafi átt sér stað á þessum tíma. Skoðanir *Ernu* falla að því sem áður hefur komið fram, þ.e. að stjórnvöld hafi mögulega haft einhvers konar fjárhagslegt taumhald á þjóðkirkjunni og þar með prestum hennar. Í frásögn *Ernu* kemur fram að hún telji að náði samband ríkis og kirkju hafi haldið aftur af henni og því sem hún fjallaði um í prédikun á hruntímanum.⁵⁴⁰

Ari segir að þjóðkirkjan eigi að fjalla um þau mál í samfélaginu er varði almannaheill. Hann tiltekur ekki hvaða mál það eru sem hann vísar til en segist óttast að þjóðkirkjan hafi látið undan þrýstingi frá stjórnmalamönnum og því ekki lagt áherslu á að ræða mál er hefðu getað haft áhrif á framtíðarhag þjóðarinnar. Hann segist ekki hafa áhyggjur af sambandi ríkis og kirkju þegar allt sé í lagi í samfélaginu. Álit hans er að ekki megi láta það reka á reiðanum þar sem mál tengd neysluhyggju og samfélagslegum þáttum, líkt og í aðdraganda hrúns, geti breyst svo hratt.⁵⁴¹ *Linda* fjallar um samfélagslega rýni í prédikunum á líkan hátt og *Ari* og *Birta*. Hún segist finna sig skylduga til að prédika um það sem skipti máli í hennar huga. Henni finnst til dæmis mikilvægt að tala gegn græðgi. Hún leitast einnig við að tala um þær kringumstæður sem hún telur að fólk í söfnuðinum sé að fást við hverju sinni. Þar er hún sammála *Ara* og *Birtu*

⁵³⁸ Sjá kafla 4.2.1, 90.

⁵³⁹ Sjá kafla 4.2.1, 92–93.

⁵⁴⁰ Sjá kafla 4.2.1, 92–93.

⁵⁴¹ Sjá kafla 4.2.1, 95.

sem halda því fram að það eigi að prédika um það sem miður fer í samfélagslegri hegðun og stangast á við siðferði og réttlætishegðun.

Linda virðist vera á áþekkingu slóðum en hún segir að sér sé í mun að koma sínum skoðunum á samfélagsmálum á framfæri. Hún segist hafa verið pólitísk í sinni prédikun fyrir hrun en þó ekki flokkspólitísk. Hún útskýrir að hún hafi prédikað um ástandið í aðdraganda hrunsins og sömuleiðis eftir hrunið. *Linda* er þeirrar skoðunar að sér beri að prédika sem víðast þegar þörf er á því. Mikilvægt sé að hún láti prédikunina heyrast. *Ari* segir að á sama tíma og hann prédiki um fagnaðarerið og beri út boðskap kristinnar þurfi hann að prédika um þætti sem fari aflaga í samfélaginu. Hann er þeirrar skoðunar að hans eigin reynsla sé mikilvæg og að prédikari þurfi ekki að vera fullkominn eða hafa allt fullkomið í lífi sínu til þess að geta leiðbeint söfnuði sínum. Hann ætti því ekki að láta persónuleg mistök hindra sig í prédikun. Hér tjáir *Ari* líka skoðun og *Erna* þegar hún segir að persónuleg reynsla sé hluti af prédikun. *Una* segist viljug til að prédika um það sem bjátar á í samfélaginu. Hún segist hafa skoðað prédikanir frá hruntímanum og ræðir sérstaklega um eigin prédikun þar sem hún beindi máli sínu að bönkunum og því hvernig væri verið að féfletta fólk.⁵⁴²

Yfirlit kenninga

Travis segir eðlilegt að vinna með hvort tveggja, prédikun og ritningartexta, á sama tíma. Hún bendir á að prédikari segi sögur sem komi úr mörgum áttum. Meðal þessara sagna eru aðstæður sem fólk þekkir persónulega og tengir fólk saman.⁵⁴³ Í því samhengi er áhugavert að líta til Engemanns sem fullyrðir að félagslegar og persónulegar aðstæður skipti máli þegar prédikun og pólitísk ræða eru túlkud og sama eigi við um öll hversdagsleg samskipti. Atvik sem teljast bæði félagsleg og einstaklingsbundin hafa áhrif á það hvernig það er mótttekið og skilið sem skoðað er. Af þeim sökum geta óvenjulegar og áhrifaríkar aðstæður haft áhrif á samskipti og skilning og þar með viðtöku. Lesa má úr orðum Engemanns að hlutlægar aðstæður geti verið sprottnar af menningarlegum og félagspólitískum toga.⁵⁴⁴ Travis segir að þegar höfðað er til reynslu fólks í prédikun sé gott að vísa til þess þar sem það er statt í lífi sínu og starfi. Hún er þeirrar skoðunar að guðfræðin leitist alltaf við að svara spurningum um mannlega þjáningu. Prédikari ætti því að hennar dómi að hafa hugrekki, sjálfstraust og styrk til að útskýra guðfræði þannig að hún stuðli að vellíðan, vexti og betri heilsu einstaklinga, safnaða og samfélaga. Eitt hlutverka prédikara sé að skapa öruggara samfélag og að þeir ættu að leita að merkjum um þætti í lífinu er hafi áhrif á sálarlíf áheyrenda og samfélags.⁵⁴⁵

Engemann segir að prédikun geti ekki verið ópólitísk. Hún styðji ákveðna valkosti en gagnrýni aðra. Prédikun kallar manneskjuna til ábyrgðar á sköpunarverki Guðs og geri hana þar með næma á hið pólitíska svið.⁵⁴⁶ Þegar prédikari fjallar um pólitísk mál og það sem betur mætti fara í samfélaginu og tengir greiningu sína við fagnaðarerið vakna prédikunarfræðileg

⁵⁴² Sjá kafla 4.2.1, 95–96.

⁵⁴³ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 1–10.

⁵⁴⁴ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 179–180.

⁵⁴⁵ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 1–10.

⁵⁴⁶ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 179–180.

vandamál. Áheyrendur þurfa þá mögulega að velja á milli sjónarhorna, annað hvort út frá trú sinni eða sjónarmiðum prédikarans.⁵⁴⁷ Engemann bendir einnig á þá staðreynd að í prédikun er bæði hægt að gagnrýna pólitískar ákvarðanir og taka undir þær. Dómgreind safnaðarins og hæfni hans til að greina á milli þeirra kosta sem ræddir eru og þeirra sem ekki eru í umræðunni skiptir máli.⁵⁴⁸ Hann segir einnig að þegar pólitísk mál eru rædd með beinum hætti í prédikun og greining hennar tengd við fagnaðarerindið vakni prédikunarfræðileg viðfangsefni.⁵⁴⁹ Þetta þýðir ekki að siðaprédikun sé nauðsynleg. Prédikari getur hins vegar sem siðferðislegur úrskurðaraðili haft hlutverki að gegna. Prédikari verður að spyrja „siðferðislegra spurninga í prédikun og sýna hugrekki til þess að leggja fram siðferðislegt mat.“⁵⁵⁰

Greining

Þegar litið er til kenninga þeirra Engemann og Travis og stef viðtalsrannsóknarinnar skoðuð í ljósi þeirra má greina mikilvægi þess að prédikarar fjalli um mál út frá eigin reynslu. Viðmælendurnir segjast eiga í nokkrum erfiðleikum með að ákveða hvernig þeir eigi að prédika í pólitískum kringumstæðum og hvort eigi að ávarpa pólitísk mál í prédikun. Greina má ótta hjá þeim um að mistök sem þeir hafi gert eða annað sem gangi á móti viðmiðum samfélagsins geti skaðað trúverðugleika þeirra. Af framangreindu má álykta að reynsla prédikara styrki það sem unnið er með í prédikun. Prédikararnir virðast vilja prédika um samfélagsleg málefni þrátt fyrir að áherslur þeirra séu ólíkar á ýmsan máta eins og kemur fram í útkomu viðtalsrannsóknarinnar. Telja má prédikunina mikilvæga til samfélagslegrar greiningar og tengist hlutverk hennar því við pólitísk og samfélagsleg álitamál. Annað verkefni prédikara er að setja fram siðferðilegar spurningar og mat prédikarans á þeim. Utanaðkomandi þættir geta haft áhrif á það sem flutt er og sagt í prédikun. Í því samhengi má nefna að mögulega hefur samband ríkis og kirkju haldið aftur af prédikurum í prédikun sinni sé það rétt sem haldið er fram í útkomu rannsóknarinnar. Fram kemur áhugavert sjónarhorn í undirkaflanum um að það að kirkjan sé hluti samfélagsins skipti höfuðmáli. Tengingin við samfélagið á að mati höfundar við um þjóðkirkjuna almennt en ekki bara stakan heimasöfnuð.

Samfélagsleg mál eru einn af kjarnapáttum prédikunar. Hið mannlega er þáttur sem leitast er við að vinna með í prédikun út frá ritningartextum og guðfræði. Rökrétt er að samfélagsleg álitamál falli þar undir. Prédikun er þannig trúarleg ræða, unnin með ritningartexta í bakgrunni en tengd við lífsreynslu og aðstæður þeirra sem flytja prédikun.

⁵⁴⁷ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 182.

⁵⁴⁸ Engemann, „Samtal í prédikun“, 181.

⁵⁴⁹ Engemann, „Samtal í prédikun“, 182.

⁵⁵⁰ Engemann, *Á mælikvarða mannsins*, 186.

5.2.3 Prédikun díakoníunnar

Inngangur

Í undirkaflanum er fjallað um áhrif efnahagslegra áfalla í prédikun og viðtöku hennar. Áhrif kringumstæðna eins og sköpuðust í efnahagshruninu á Íslandi urðu til þess að margir urðu fyrir fjárhagslegum erfiðleikum og áföllum. Hér er átt við fólk sem má líta á sem efnahagslegan jaðarhóp, fólk sem var ágætlega stutt efnahagslega fyrir hrun en missti svo allt í hruninu eða náðu að komast í einhvers konar úrræði og komust af án þess að lenda í gjaldþroti. Fjallað er um það í undirkaflanum að viðmælendur þurftu að sinna sálgæslu í miklum mæli vegna áfalla hrunsins, hvort tveggja í einkaviðtölum og í guðsþjónustum. Höfundur telur að færa megi rök fyrir því að mikið álag hafi orðið til við þá vinnu er hafi haft áhrif á líðan þeirra og prédikun. Þemu undirkaflans eru m.a. kærleikur, fátækt og öryggistilfinning. Við greiningu þessa undirkafla nýtir höfundur rannsóknir Anne Carter Florence, Sarah Travis og Willie J. Newton og hugtök og kenningar tengdar þeim sem sótt eru í kenningakafli ritgerðarinnar. Vitnisburður, trúverðugleiki og tilfinningar eru hugtök sem gegna veigamiklu hlutverki við greiningu undirkaflans.

Stef úr viðtalsrannsókninni

Viðmælendurnir tjáðu að þeir upplifi sig gjarnan í hlutverki sálgæta í prédikunarstarfi sínu. *Una* segist hafa fundið ákveðna auðmýkt bæði í starfi og prédikun kirkjunnar í hruninu. Henni fannst kirkjan fara í sálgæslufarveg þegar efnahagskreppan skall á og segist vera þakklát fyrir það að prestar hafi ekki staðið upp og ásakað fólk.⁵⁵¹ *Ari* segir í útkomu viðtalsrannsóknarinnar sögu sem tengist hópi sem nefndur er hér að framan:

[...] Það kom til mín maður á [stórum glæsivagni - var tiltekin bíltegund í upprunalegum texta en breytt vegna mögulegs persónugreinanleika], hann hafði átt fyrirtæki og risahús og bíllinn var það eina sem hann átti eftir. Bara af því hann gat ekki selt hann. Þessi maður var á fullu í að græða og svíkja, svo tapaði hann öllu nema bílnum sem var einskis virði. Hann gat varla talað um þetta og ég gaf honum Bónuskort upp á 10 þúsund.⁵⁵²

Hér dregur *Ari* fram þá sýn sína að það sé hlutverk hans í kærleiksþjónustu sinni að sinna öllum, óháð því hvað honum finnst eða hvort viðkomandi sé sekur eða saklaus. Kærleiksþjónusta var viðmælendum rannsóknarinnar ofarlega í huga. *Ari* segist leggja sig fram við flutning á því sem hann vill koma á framfæri í prédikun sinni og að hann leitist við að tengja orð sín kringumstæðum fólks. Hann segist taka líkingar úr því sem gerist í umhverfinu og taka það með sér inn í prédikun. Hann segir að þegar hann prédiki svona í kirkjunni sé hann að láta fólk finna að það sé á réttum stað, þ.e. að það geti komið til kirkju og heyrt það sem því sé hugleikið, þekki og geti talað um.⁵⁵³ *Ari* segist, líkt og margir aðrir kollegar hans, hafa þurft að

⁵⁵¹ Sjá kafla 4.2.2,104.

⁵⁵² Sjá kafla 4.2.1, 95.

⁵⁵³ Sjá kafla 4.2.1, 96.

prédika um mál viðvíkjandi hruninu, aðdraganda þess og eftirleik. Hann veltir því fyrir sér hvort það sé í lagi að velta eigin hag fyrir sér á sama tíma og hann sé að reyna að hugga fólk:

[...] farið í friði og minnst fátækra. Það eru fátækir í lífinu og við erum þarna. Ég held að við þurfum að halda þessu tvennu saman. Þú verður alltaf að ná að flétta þetta saman. Þú verður alltaf að ná að koma fagnaðarerindinu sem er nákvæmlega þetta: „Ég elska þig! Það er bara svona, ég elska þig!“ En það þýðir ekki að það sé allt hundrað prósent í lagi hjá þér og þú þarft sem prestur einhvern veginn að ná að tvinna þetta saman og ef þér tekst það þá er það gott.⁵⁵⁴

Hér koma fram mikilvæg guðfræðileg þemu: fátækt og kærleikur. Þegar *Ari* segir frá reynslu sinni kemur fram að hann telur mikilvægt að fólk sem hlýði á hann í prédikun geti heyrt eitthvað sem skiptir það máli. Orð hans má meta þannig að hans eigin upplifun geti haft áhrif á skoðanir hans að því leyti að hann efist um sjálfan sig þegar hann reynir að hugga fólk. En að sama skapi má meta orð hans þannig að styrkur felist í því að hann skuli taka eigin reynslu með sér í prédikun sinni. Draga má þá ályktun að *Ari* setji hér raunverulega fram stef til viðurkenningar á fólk eins og það er. Hér er átt við tal út frá eigin forsendum en ekki út frá mælikvarða miðjunnar.

Erna segir að kirkjan hafi ekki staðið sig nógu vel í því að koma boðskap um náungakærleik á framfæri og tekur flóttafólk sem dæmi um þetta. Hún telur að prestar og aðrir þurfi að vera duglegri við að sinna þeim og að kirkjan eigi að benda á möguleg hlutverk flóttafólks í samfélaginu.⁵⁵⁵ *Linda* segist hafa prédikað inn í erfiðar kringumstæður á árunum eftir hrun. Hún segir að prédikanir sínar hafi verið pólitískar en að hún hafi verið að prédika til fólks sem hafi verið illa stött og í áfalli eftir hrunið.⁵⁵⁶ Fram kemur hjá *Lindu* hér að framan að í prédikun eigi að ræða félagsleg álitamál síns samtíma en hún komi líka alltaf einhverju meiru að í innihaldi. Hún segir líkt og kollegar hennar að aðstæður fólks hafi verið erfiðar í kjölfar hrunsins og hún hafi mætt þeim í prédikun. *Linda* er þeirrar skoðunar að prestar hafi farið í sálgæslufarveg og sýnt auðmýkt. Hún segist hafa orðið vitni að því að fólk hafi misst mikið og að fólk hafi komið á dýrum bílum í merkjafötum að sækja hjálp í félagsþjónustunni af því þau áttu ekki fyrir mat.⁵⁵⁷ Líkt og *Ari* lýsti hér að framan segir *Linda* frá þeim andstæðum er uppi voru í kjölfar hrunsins. Fólk sem áður hafði verið efnahagslega vel stött og borið þess ytri merki hafi þurft að sækja sér fjárhagslega aðstoð til hjálparstarfs í kirkjum landsins.

Yfirlit kenninga

Viðmælendurnir veltu því upp hvernig best væri að mæta fólk í prédikun sem verið hafi í erfiðum kringumstæðum. Höfundur fjallar um kenningar Florence um að prédikarar þurfi að glíma við eigin tilfinningar áður en þeir geti prédikað um atburði eða aðstæður sem þeir hafi

⁵⁵⁴ Sjá kafla 4.2.1, 95-96.

⁵⁵⁵ Sjá kafla 4.2.1, 96-97.

⁵⁵⁶ Sjá kafla 4.2.1, 97.

⁵⁵⁷ Sjá kafla 4.2.1, 97-99.

orðið vitni að.⁵⁵⁸ Hún heldur því fram að trúverðugleiki prédikara sé lykilatriði þegar trúarlegur vitnisburður er hluti prédikunar. Að sama skapi þurfi að taka tillit til þess hvort prédikarar eru tilbúnir til að bera vitni og miða eigið líf við það sem komi fram í prédikuninni.⁵⁵⁹ Florence telur að sífellt fleiri átti sig á því að prédikanir öðlist ekki gildi með heimildum heldur því hvernig prédikari tengist ritningunni og lífinu. Þegar leyndarmál séu orðuð breytist þau og verði á endanum eitthvað sem fólk þekki af eigin raun og hafi glímt við í lífi sínu.⁵⁶⁰

Travis er á áþekktum slóðum í prédikunarfræðilegum hugmyndum sínum en hún leggur til að prédikarar segi sögur héðan og þaðan, sögur sem fólk þekki persónulega og sem tengist öðrum. Hún er þeirrar skoðunar að þegar lög áfalla sem tengjast menningu og viðhorfum séu flysjuð á brott komi margt í ljós. Á sama tíma og samfélög verða fjölmennigarleg eykst meðvitund fólks um áfallasögur samfélagsins.⁵⁶¹ Travis heldur því fram að í prédikun sé mikilvægt að nálgast fólk þar sem það er statt. Snúið getur verið fyrir prédikara að bregðast við áföllum, eins og til dæmis þeim sem verða þegar fólk missir vinnu og eigur sínar sem aftur geti leitt til fjölda annarra afleiddra áfalla. Gagnlegt er í prédikun að ávarpa vandamál áfallsins jafnhliða því að flytja áheyrendum einhvers konar frásögn sem telst til góðra fréttu.⁵⁶² Svör prestanna um sálgæslu og kærleiksþjónustu samræmast vel þeim kenningum sem fjalla um prédikanir tengdar áföllum. Newton er sama sinnis og Travis um mikilvægi þess að prédika um aðstæður fólks til þess að aðstoða það við að ná betri skilningi á þeim þáttum sem hafa áhrif á líf þess á hverjum tíma fyrir sig. Þannig sé hægt að snerta við þeim.⁵⁶³

Greining

Þegar stefin frá viðtölunum eru skoðuð úr frá kenningum og hugtökum þeirra Florence, Travis og Newtons má áætla að kringumstæður hrunsáranna á Íslandi hafi verið vettvangur efnahagslegra áfalla sem höfðu áhrif á fjölbreyttan hóp fólks. Þeir sem stóðu höllum fæti fjárhagslega í samfélaginu urðu fyrir mestum skakkaföllum. Ekki var lengur hægt að reikna út hvort fólk væri vel statt út frá búsetu eða dýrum bílum. Einhverjir viðmælendanna urðu fyrir barðinu á hruninu en þurftu samt á sama tíma að vera til staðar fyrir skjólstaðinga sína sem án vafa hefur haft áhrif á prédikun þeirra. Meðan á hruninu stóð og í eftirleik þess varð kærleiksþjónusta stór þáttur í prédikun. Viðmælendur rannsóknarinnar virðast flestir hafa upplifað sig í hlutverki sálgæta í prédikun sinni. Kærleiksþjónustan virtist þeim flestum hugleikin í þessu samhengi.

Fram hefur komið að prédikun um málefni sem tengdust hruninu hafi orðið vandasöm að mörgu leyti. Í útkomu viðtalsrannsóknar má greina að viðmælendur töluðu um raunverulega stöðu samfélagsins í prédikun. Til þess að gera þetta ræddu sumir þeirra eigin reynslu og líf. Út frá því er fram kom í umfjöllun um yfirlit kenninga felst styrkur í því að taka eigin reynslu

⁵⁵⁸ Florence, *Preaching as Testimony*, xiii.

⁵⁵⁹ Florence, *Preaching as Testimony*, 36–39.

⁵⁶⁰ Florence, *Preaching as Testimony*, 36–39.

⁵⁶¹ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 3–5.

⁵⁶² Travis, *Unspeakable: Preaching*, xi–xii.

⁵⁶³ Newton, *Life-Situation Preaching*, 23–24.

með sér í prédikun þegar kemur að kærleikspjónustu við sóknarbörn. Samkvæmt því sem greina má í undirkaflanum er prédikun sem inniheldur orð um fátækt, náungakærleik og flóttafólk mörgum gagnleg. Í slíkri prédikun er fjallað um félagsleg álitamál í samfélaginu með kærleikspjónustu í forgrunni. Prédikarar sem unnið hafa með eigin tilfinningar eru færari í að prédika um aðstæður sem þeir hafa sjálfir upplifað eða orðið vitni að. Þannig geta þeir náð góðum tengslum við áheyrendur sína. Farsælt reynist að tengja prédikun við áfallasögur fólks þegar það á við.

5.2.4 Sálgæsla í áfallaaðstæðum

Inngangur

Í undirkaflanum er fjallað um prédikun með sálgæslu að leiðarljósi út frá áfallaaðstæðum hrunsáranna eins og þær birtast í útkomukafla viðtalsrannsóknarinnar. Kannað er hvort prédikað hafi verið með skjólstæðinga kirkjunnar í huga. Hlutverk sálgæta telst mikilvægt en að sama skapi er afar vandasamt að sinna manneskjum í neyð. Út frá þessu er skoðað hvort lífsreynsla prédikara á erfiðum tímum hafi haft áhrif á það sem þeir flytja í prédikun. Einnig er því velt upp hvort leitað hafi verið að sökudólgum eða hvort prédikun á tíma hrunsin hafi verið flutt með ásakandi hætti. Fjallað er um vandasama og viðkvæma prédikun í aðstæðum áfalla og sálgæslu á sama tíma og prédikarar fást við erfiðleika sóknarbarna sinna. Guðfræðileg þemu er koma fram í undirkaflanum eru m.a. frelsi, trú, samhjálp og náungakærleikur. Við greiningu undirkaflans nýtir höfundur sér rannsóknir, kenningar og hugtök fræðimannanna Sarah Travis og Willie J. Newtons. Í því samhengi má nefna umfjöllun Travis um hlutverk brotþola og geranda þegar vitnisburður tengdur áföllum er annars vegar sem og áherslu Newtons á hugtakið lífsaðstæður í kenningum um aðstæðuprédikun.

Stef frá viðtalsrannsókninni

Fram kemur í niðurstöðum útkomukafla rannsóknarinnar að erfitt hafi verið að prédika um mál sem voru ofarlega á baugi í samfélaginu á sama tíma og sálgæslu var sinnt í söfnuði. Einn viðmælandi lýsir því sem svo að honum hafi þótt hann þurfa að velja á milli þess hvort hann væri í spámannshlutverki eða sálgæsluhlutverki. Viðmælendurnir segjast hafa viljað mæta sínu fólki í kjölfar áfalla hruntímans en hafi stundum fundist þeir ekki hafa haft vit á viðfangsefninu. *Ari* segist í prédikun tala við fólk sem syrgi og sé enn að fást við kreppu í eftirleik hrunsins. Þetta fólk hafi áhyggjur af einhverjum í fjölskyldu sinni, t.d. börnunum sínum. Hann segir það vera sitt hlutverk að tala til þessa fólks.⁵⁶⁴ *Birta* segist vera þeirrar skoðunar að áriðandi sé að eiga reynslu til að taka með sér inn í prédikun og segist vilja greina frá því sem er að gerast í samfélaginu. Hún heldur því sem Jesús kenndi lærisveinunum einnig til haga og nefnir þar sérstaklega frelsi, trú, samhjálp og framkomu við náungann.⁵⁶⁵ Hér setur *Birta* fram guðfræðileg þemu sem teljast mega til lykilþátta þegar sálgæsla er annars vegar.

⁵⁶⁴ Sjá kafla 4.2.1, 97-98.

⁵⁶⁵ Sjá kafla 4.2.1, 91.

Eins og *Ari* og *Birta* segist *Már* reyna að mæta fólkinu sínu. Hann útskýri, taki dæmi og leyfi sér að rýna í augnablikið og stemninguna sem er í kirkjunni. Þetta sé kjarni þess sem hann geri í guðsþjónustum. Hann hafi alltaf leitast við að hugsa prédikun fyrir fólkið sem er í kirkjunni á hverjum tíma fyrir sig. Hans skoðun er að prédikunin sé sálgæsla, það skipti hann mestu máli. Hann veltir því einnig fyrir sér hvort sálgæslan eigi stundum frekar heima í bæn en í prédikun í kirkjunni:

En það er auðvitað alltaf spurning hvað á heima í prédikun og bæn, ég held að við myndum nálgast sumt af þessu meira í bænamálinu, sumar af þessum áhyggjum, við höfum gert það núna í haust [...] ⁵⁶⁶

Rétt er að benda á að bæn er eðlilegur hluti prédikunar. *Linda* nefnir líka sálgæslu og segir að aðstæður hafi verið mjög erfiðar eftir hrunið. Hún hafi prédikað til fólks sem var illa statt og í áfalli. ⁵⁶⁷ Hér má greina vantraust á helgisiði en ekki á bænamálið sem þó er hluti helgisiðanna. Það er áhugavert í því ljósi að bænámál eins og hún kallar það hlýtur að teljast vera hluti af tungutaki prédikunarinnar. *Linda* lýsir reynslu sinni af því að í starfi og prédikun innan þjóðkirkjunnar hafi orðið til auðmýkt. Hún segir frá reynslu sinni um að starfsmenn kirkjunnar hafi gengið fram sem þjónar frekar en valdsmenn. Hún ræðir einnig hversu mikilvægt er að mæta fólki í stað þess að setja ofan í við það. Prédikun getur hjálpað fólki að vinna í sér og leitt það á góða braut með því sem er boðað. Mikilvægt er að ná til fólks og aðstæðna þess í prédikun. ⁵⁶⁸ *Erna* á það sameiginlegt með *Lindu* að hafa hugað að sálgæslu í prédikun sinni. Ólíkt *Lindu* telur *Erna* að mikilvægt sé að benda fólki á það sem aflaga hafi farið. ⁵⁶⁹

Yfirlit kenninga

Samkvæmt Travis eru vitni einstaklingar sem sjá raunverulega atburði eiga sér stað. ⁵⁷⁰ Skoðun Travis er að áföll hafi áhrif á samfélög og þess vegna sé mikilvægt að ræða um áföll sem séu sameiginleg þrátt fyrir að fólk hafi ólíka aðkomu að þeim. Mikilvægt er að virða upplifanir þeirra sem hafa orðið fyrir áföllum. ⁵⁷¹ Travis heldur því einnig fram að fjalla þurfi um sameiginleg áföll og viðurkenna sannleiksgildi frásagna þeirra er orðið hafi fyrir þeim. ⁵⁷² Hún hefur einnig bent á mikilvægi þess að samtvinna kristna guðfræði og áfallakenningar. ⁵⁷³ Fólk sem hefur orðið fyrir áföllum á oft erfitt með að segja sögur sínar af ótta um að því verði ekki trúað eða reynsla þeirra dregin í efa. ⁵⁷⁴ Travis segir að í prédikun sé hægt að bregðast við þjáningu þeirra er á hlýði en einnig þjáningu þeirra sem nálgast prédikun í gegnum aðra miðla og fréttir. Þannig geti samfélög unnið úr áföllum að einhverju leyti. Prédikarar eiga að geta brugðist við þessum aðstæðum enda eru þeir vanir sálgæslu í kringumstæðum áfalla. Í

⁵⁶⁶ Sjá kafla 4.2.1, 98.

⁵⁶⁷ Sjá kafla 4.2.1, 99.

⁵⁶⁸ Sjá kafla 4.2.1, 99.

⁵⁶⁹ Sjá kafla 4.2.1, 98.

⁵⁷⁰ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 56–60.

⁵⁷¹ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 4–5.

⁵⁷² Travis, *Unspeakable: Preaching*, 18.

⁵⁷³ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 3–5.

⁵⁷⁴ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 35–36.

prédikun eru mannlegar þjáningar viðfangsefni. Segja þarf frá því hvort og þá hvað Guð sé að gera til að létta á þjáningunni og benda á hvar von er að finna.⁵⁷⁵ Hún telur það við hæfi að prédikarar bregðist við merkjum um áföll sem geti haft áhrif á sálarlíf áheyrenda og samfélaga.⁵⁷⁶

Newton telur að prédikun þurfi að vera upplýsandi eða útskýrandi og koma boðskap á framfæri með þeim hætti að hann skiljist í nútímasamfélagi. Hann segir afar gagnlegt að nýta sér form aðstæðuprédikunar í kringumstæðum áfalla.⁵⁷⁷ Lífsaðstæður fólks eru skilgreindar í prédikun með því að lýsa kringumstæðum þess. Newton heldur því fram að best sé að hefja þessa nálgun með því að ræða félagsleg, persónuleg og andleg vandamál. Í kjölfar þess er hægt að leitast við að tengja vandamálin sem eru til umræðu við ritningartexta og þann raunveruleika er tengist þeim. Með því er áheyrendum auðveldað að samhæfa það sem þeir heyra við líf sitt og aðstæður. Prédikari sem talar inn í líf fólks með þessum hætti gerir því kleift að skilja kringumstæður sínar betur. Áriðandi er að prédikarar skoði og rannsaki eðli manneskjunnar.⁵⁷⁸

Með sama móti útskýrir Travis að í prédikun sé gott að tengja við stað og stund í lífi fólks og mæta með þeim hætti þörfum þess í prédikun. Hún tiltekur að snúið geti verið fyrir prédikara að bregðast við áföllum, til dæmis þeim sem verði þegar fólk missi vinnu og eigur sínar sem aftur geti leitt til fjölda annarra afleiddra áfalla.⁵⁷⁹ Flókið sé að ákveða um hvað skal prédika í kjölfar áfalla og sorgar. Hafa þarf í huga að sé um að ræða samfélagslegt áfall, hvort sem það er staðbundið eða í víðara samhengi, geti það haft áhrif á kirkjur rétt eins og aðra í samfélaginu. Ekki þarf endilega að prédika um allt sem veldur áföllum en mikilvægt er að gera sér grein fyrir að upplifanir fólks af þeim eru ekki einsleitar. Áföll hafa ekki sömu áhrif á alla. Fólk byggir á mismunandi reynslu og upplifunum og hefur mismunandi aðgengi að bjargráðum.⁵⁸⁰ Prédikarar fjalla hvort tveggja um þá sem hafa orðið fyrir áföllum og þá sem hafa valdið þeim. Prédikunin snýst þannig um staðbundnar aðstæður þar sem áföll hafa átt sér stað.⁵⁸¹

Greining

Við samanburð á stefjum undirkaflans og hugmyndum þeirra Travis og Newtons má greina að guðfræðileg þemu eiga vel við í prédikun og þá ekki síst þegar fjallað er um áföll sem átt hafa sér stað í samfélaginu. Viðmælendurnir voru í prédikun að tala við fólk sem hafði orðið fyrir áföllum á árunum eftir hrun með sálgæslu að leiðarljósi. Enn kemur fram í rannsókninni hversu mikilvægt það er að prédikari noti eigin lífsreynslu sem vitnisburð til huggunar þegar það á

⁵⁷⁵ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 5–6.

⁵⁷⁶ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 6–8.

⁵⁷⁷ Newton, *Life-Situation Preaching*, 15–18.

⁵⁷⁸ Newton, *Life-Situation Preaching*, 22–24.

⁵⁷⁹ Travis, *Unspeakable: Preaching*, xi–xii.

⁵⁸⁰ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 4–7.

⁵⁸¹ Travis, *Unspeakable: Preaching*, 6–8.

við. Prédikun sem sálgæsla kallar á auðmýkt. Hún leitast við að mæta fólki þar sem það er statt tilfinningalega og leiða það á betri braut. Þrátt fyrir að verið sé að vinna með prédikun í sálgæsluskyni getur myndast þörf á að benda á það sem aflaga hefur farið. Mikilvægt er að gera það með jákvæðum hætti eftir því sem kostur er. Fram kemur í yfirliti kenninga að jákvætt sé að ræða samfélagsleg áföll og viðurkenna sannleiksgildi þess sem fjallað er um í prédikun. Fjallað sé um mannlegar þjáningar og umfjöllunarefnið tengt við ritningartexta þegar við á. Mikilvægt sé að ræða um lífsaðstæður fólks í aðstæðuprédikun. Samtvinnun prédikunarfræðilegra aðferða og áfallamiðaðra aðferða er þörf í prédikun er miðar að sálgæslu.

6 Umræður og lokaorð

Inngangur

Eins og fram kom í inngangskafli eru vísbendingar um að stór hluti íslensku þjóðarinnar hafi orðið fyrir efnahagslegu áfalli í hruninu.⁵⁸² Slíkar aðstæður veita einstakt tækifæri til að fjalla um áfallaviðburð sem snertir heila þjóð, í samhengi við prédikunarfræði og prédikun. Það er sjaldgæft að hægt sé að meta áhrif svo stórs atburðar á starfandi presta og prédikun þeirra í samfélaginu.

Í ritgerðinni hefur viðtalsrannsókn við átta íslenska presta um prédikunarstarf þeirra verið kynnt og greind í ljósi kenninga í prédikunarfræði. Í viðtölunum fjalla prestarnir um atburði í starfi sínu sem hófust í lok tíunda áratugs síðustu aldar og stóðu fram á miðjan annan áratug 21. aldar. Viðtölin eru tekin seint í eftirleik hrunsins, á seinni hluta ársins 2015 og í byrjun árs 2016. Viðtölin lýsa starfsháttum og vinnubrögðum viðmælenda við prédikun fyrir og eftir hrun. Hér koma fram mikilvægar vísbendingar um hvers konar minningar viðmælendur rannsóknarinnar varðveittu frá áttatímanum og hvernig þeir unnu úr þeim. Í aðferðafræðikaflanum kemur fram að viðmælendur rannsóknarinnar séu sjálfstæðir þátttakendur í rannsókn og ekki þversnið af prestastéttinni. Höfundur vill árétta að með þessu verða til átta sérstök sjónarhorn viðmælenda á þau mál sem um er fjallað í ritgerðinni, ekki ein samræmd saga af líðan og starfsháttum þeirrar starfsstéttar sem í hlut á.

Unnið hefur verið að rannsókninni um tíu ára skeið. Að mati höfundar hefur tíminn sem leið unnið með rannsókninni. Mikilvægt var að fá fjarlægð og nýtt sjónarhorn á atburði til að greina viðtölin og túlka með aðstoð prédikunarfræðinnar.

Rannsóknarspurning ritgerðarinnar kom fram í inngangskafli. Hún hljóðar svo:

Hver er upplifun presta á Íslandi af því að prédika á áttatímum í aðstæðum hruns og áfalla?⁵⁸³

Ritgerðin hófst með sögulegum inngangi, kenningum og aðferðafræði í fyrstu þremur köflunum. Þá tók við viðtalsrannsókn í þeim fjórða og greining á útkomu viðtalsrannsóknarinnar í fimmta kafla. Í sjötta kafla ritgerðarinnar verður greiningin rædd nánar, mat lagt á hana og niðurstöður dregnar af henni.

Í þessum kafla eru fimm undirkaflar sem eru ræddir út frá meginþemum sem orðið hafa til við greiningu viðtalanna með aðstoð kenningarsmiðanna. Í umræðum í þessum kafla eru dregin

⁵⁸² Sjá kafla 1.2.1, 25–30.

⁵⁸³ Sjá kafla 1.1.1, 9.

fram einstök þemu úr útkomu viðtalsrannsóknarinnar og greiningu hennar sem höfundur leggur áherslu á. Hver undirkafl er byggður upp á sama hátt: Hann hefst á stuttum inngangi, því næst eru niðurstöður þemans teknar saman og að lokum umræður. Að lokum er ritgerðin öll dregin saman í lokaorðum. Höfundur setur umræður og lokaorð upp með þessum hætti til samræmis við uppsetninguna á greiningarkafila rannsóknarinnar og þau meginþemu er þar komu fram.

Fyrsti undirkaflinn fjallar um prédikun á tímum hruns og samfélagslegra áfalla, annar um prédikun og traust og sá þriðji um prédikun í samhengi við texta, tungutak og túlkun. Í kjölfarið kemur undirkaflinn um samfélagsleg álitamál og prédikun og loks prédikun í áfallaaðstæðum.

6.1 Áskoranir prédikunar á tímum átaka, hruns og samfélagslegra áfalla

6.1.1 Prédikun á áttatímum

Inngangur að niðurstöðum

Í sögulega innganginum,⁵⁸⁴ og í viðtölunum,⁵⁸⁵ komu fram vísbendingar um að völd, áhrif presta og valdastaða þeirra í samfélaginu hafi breyst á undangengnum árum og áratugum. Upplifanir viðmælenda er fram koma í viðtalsrannsókninni styrkja þessar vísbendingar enn frekar. Breytingar sem þessar hafa haft áhrif á viðmælendur, líðan þeirra, boðskap og flutning prédikana. Viðhorf viðtakenda við prédikun hafa einnig haft áhrif á prédikun viðmælendanna. Flestir sögðust þeir hafa talað um það sem átti sér stað á hruntímanum. Þeir hafi varað við siðrofi og græðgi í prédikunum sínum.

Í viðtölunum kemur fram að þótt efnahagshrunið hafi skapað víðtækt samfélagslegt álag, þá reyndust kirkjuleg átök, svo sem biskupsmálið og umræða um ein hjúskaparlög, mörgum prestum sérstaklega íþyngjandi. Í sumum tilvikum beindist gagnrýni og reiði beint að þjóðkirkjunni og þar með að prestunum sjálfum sem fulltrúum hennar. Gera má ráð fyrir að slík nálægð í tíma og persónulegum skírskotunum hafi í sumum tilvikum haft meiri áhrif á líðan og upplifun predikaranna en hið almenna samfélagslega áfall efnahagshrunsins.

Samantekt niðurstaðna

Greina má í máli viðmælenda að þeir hafi leitast við að prédika um hrunið og samfélagsleg álitamál þess tíma. Margir þættir geta haft áhrif á prédikun og flutning hennar á viðsjárverðum tímum. Þar má nefna eigin upplifun viðmælenda, afstöðu annarra, helgihald og texta kirkjuársins. Viðmælendurnir sögðust hafa haft áhyggjur af því að þeir gætu ekki prédikað um hvað sem væri, sökum þess að umfjöllun um sum mál gæti orðið þeim dýrkeypt. Þeir nefndu sérstaklega mál sem tengjast stjórnámum og virtust óttast að stjórnvöld gætu brugðist við með einhvers konar viðurlögum gagnvart þjóðkirkjunni ef rætt væri um mál sem væru þeim í

⁵⁸⁴ Sjá kafla 1.2, 11–23.

⁵⁸⁵ Sjá kafla 4, 84–120.

óhag. Þjóðkirkjan hafði á hrunárunum fjárhagslegra hagsmuna að gæta gagnvart stjórnvöldum, þar sem hún var háð fjárveitingum ríkisins.⁵⁸⁶ Hér má einnig draga fram hugmyndir viðmælendanna um að þjóðkirkjan gæti, sem stofnun, beitt presta viðurlögum ef þeir gagnrýndu stofnunina í prédíkun. Viðmælendurnir segja að það hafi verið erfitt að upplifa þegar kollegar þeirra prédíkuðu gegn málum sem sumum þeirra þótti sjálfsagt að berjast fyrir í prédíkun. Að mati höfundar er reiði viðmælenda undirliggjandi í viðtalsrannsókninni, rétt eins og umræða um vald og beitingu þess.

Umræður

Í greiningarkaflanum kemur fram að tilhugsun viðmælenda um mögulega valdbeitingu gegn þeim geti haft alvarleg áhrif á líðan þeirra og frelsi til þess að útleggja að vild í prédíkun sinni. Tilgátur um minnkandi völd og áhrif presta koma fram í máli þeirra og eru í samræmi við það sem fjallað hefur verið um í sögulega innganginum. Eigi tilgáturnar við rök að styðjast má færa rök fyrir því að slíkar breytingar hafi haft áhrif á prédíkun viðmælendanna.⁵⁸⁷ Hlutverk presta sem embættismanna fól upphaflega í sér ákveðið regluvald, þeir höfðu hefðarvald sem eitt af valdatáknum samfélagsins eins og fram kemur í inngangskafli.⁵⁸⁸

Samkvæmt frásögn þáverandi formanns prestafélagsins í Rannsóknarskýrslu kirkjuþings hafði biskup gert tilraun til að fá formanninn til að „stinga gögnum undir stól“ í biskupsmálinu svokallaða eins og fram kom í inngangi. Formaðurinn segir að hann hafi hafnað beiðni biskups.⁵⁸⁹ Þessi frásögn er dæmi um samband biskups við undirmenn sína sem hvorki fellur undir tilsjónarsamband né vinnuréttarlegt samband. Í ljósi hugtaksins náðarvalds má draga þá ályktun út frá frásögn formannsins að biskup hafi reynt að hafa áhrif á störf presta, á hátt sem gangi lengra en lagalegt boðvald milli biskups og presta segir til um.⁵⁹⁰ Þar með gefur frásögnin vísbendingar um að taumhald af hálfu biskups geti verið fyrir hendi. Samkvæmt kenningum Durkheim geta áhrif sem mótast af félagslegum staðalmyndum og væntingum virkað sem taumhald og þannig stýrt hegðun fólks án þess að lög eða regluverk séu til staðar.⁵⁹¹

Í viðtölunum kemur fram að sumir viðmælendanna efist um eigið ágæti og hafi áhyggjur af trúverðugleika sínum. Einn þeirra segist stundum vera í vafa um eigin prédíkanir og að það leiði til þess að hann endurskoði prédíkunina út frá því hverjir séu í hóp áheyrenda.⁵⁹² Annar viðmælandi greinir frá því að hann hefði prédíkað mikið um þensluna í aðdraganda hrunsins og varað við afleiðingum hennar. Hann heldur því fram að umfjöllun um þessi málefni hafi fengið lítinn hljómgrunn og að fáir hafi fjallað um þau í prédíkunum sínum.⁵⁹³ Þriðji viðmælandinn telur að samband ríkis og kirkju hafi haft þvingandi áhrif á presta í

⁵⁸⁶ Sjá kafla 1.2, 11–15.

⁵⁸⁷ Sjá kafla 5.1, 124–129.

⁵⁸⁸ Sjá kafla 1.2, 11–15.

⁵⁸⁹ Sjá kafla 1.2.3, 20–24.

⁵⁹⁰ Sjá kafla 1.2.3, 23–27.

⁵⁹¹ Sjá kafla 2.2.1, 61.

⁵⁹² Sjá kafla 5.1.3, 134.

⁵⁹³ Sjá kafla 5.2.1, 145

prédikunarhlutverkinu.⁵⁹⁴ Svipaðar hugmyndir má greina í ummælum annarra viðmælenda.⁵⁹⁵ Þegar þetta er allt dregið saman má álykta að félagslegt taumhald megi rekja til margra þátta. Viðtaka áheyranda og val á umfjöllunarefni prédikunar hafa leitt til þess að viðmælendur upplifa félagslegt taumhald í starfi sínu. Þá virðist einnig sem yfirmenn, söfnuðir og jafnvel samband ríkis og kirkju hafi áhrif á hvernig þeir prédika. Fram kemur að viðmælendurnir ritskoði sjálfa sig og þar með prédikun sína sem án vafa hefur áhrif á prédikun þeirra og líðan.

Engemann segir að trúverðugleiki prédikunar liggja að miklu leyti hjá prédikaranum sjálfum og því hvernig hann upplifir sjálfan sig í flutningi prédikunar. Eins sjáist það í því hvernig hann setji fram eigin vitnisburð í prédikun.⁵⁹⁶ Út frá orðum viðmælenda og hugmyndum Engemanns má rökstyðja að slík sjálfsritskoðun geti leitt til þess að sumir viðmælendur treysti sér ekki til að fjalla um allt sem þeir vilja í prédikun sinni.⁵⁹⁷

Af greiningu viðtalanna má merkja að viðmælendurnir séu lúnir eftir átakamál tímabilsins. Til marks um þetta má vísa í orð eins viðmælenda sem segir að eftir hrun hafi gagnrýni á kirkjuna aukist mikið. Hann segir einnig að átök vegna þungra mála innan kirkjunnar hafi náð hámarki árið 2007, og tiltekur þar mál samkynhneigðra sérstaklega.⁵⁹⁸ Greiningarkafllinn leiðir það í ljós að álagsþættir í starfi viðmælendanna hafi haft áhrif á upplifanir þeirra og reynslu, sem aftur hafi haft áhrif á prédikun þeirra, gerð hennar og flutning. Sumir viðmælendanna virðast upplifa að þeir hafi haft ástæðu til að óttast félagslegt taumhald.⁵⁹⁹ Einn viðmælandi segir frá því að hann óttist taumhald yfirvalda á því hvað hann geti leyft sér að flytja í prédikun sinni.⁶⁰⁰ Annar viðmælandi segir að samband ríkis og kirkju hafi haft þvingandi áhrif á prédikun. Hann fullyrta að kirkjan gæti átt á hættu að verða beitt einhvers konar viðurlögum ef prestar fjölluðu um ákveðin mál.⁶⁰¹ Hvort sem slíkt taumhald er órökstudd upplifun eða raunveruleg hefur það haft áhrif á innihald prédikunar.

Í ljósi þess hversu taumhald er tengt valdi hér í þessari umfjöllun má hafa í huga það sem fram kemur í máli Sarah Travis sem rannsakað síðnýlenduhyggju með augum prédikunarfræðinnar. Hún heldur því fram að mikilvægt sé að prédikun sé aftengd valdi eftir því sem kostur er.⁶⁰² Travis telur að prédikarar þurfi að vera meðvitaðir um vald sitt þegar þeir flytja prédikun.⁶⁰³ Þetta má bera saman við kenningar Webers sem hélt því fram að völd sem áður voru hefðbundin hafi glatað hluta lögmætis síns.⁶⁰⁴ Í anda kenninga hans mætti halda því fram að valdið sé ekki að hverfa, heldur þurfi það að festa sig í sessi með öðrum hætti en áður var. Út frá þessu má færa rök fyrir því að vígðir þjónar kirkjunnar hafi haft vald er felst í því að skilgreina orðræðu í prédikun.

⁵⁹⁴ Sjá kafla 5.1.1, 126

⁵⁹⁵ Sjá Kafla 5.1, 123.

⁵⁹⁶ Sjá kafla 5.1.2, 134.

⁵⁹⁷ Sjá kafla 5.1.4, 136–141.

⁵⁹⁸ Sjá kafla 5.1.2, 130.

⁵⁹⁹ Sjá kafla 5.1.1, 129–132.

⁶⁰⁰ Sjá kafla 5.1.3, 134.

⁶⁰¹ Sjá kafla 5.1.1, 125.

⁶⁰² Sjá kafla 5.1.1, 129–132.

⁶⁰³ Sjá kafla 5.1.1, 127–128.

⁶⁰⁴ Sjá kafla 5.1, 123–124.

Af orðum eins viðmælandans má ráða að hann hafi prédikað um ýmis erfið mál sem leitt hafi til þess að hann setti sig í hlutverk einhvers konar samvisku í prédikun sinni.⁶⁰⁵ Annar viðmælandi segir að hann muni örugglega fjalla aftur um græðgi í prédikun. Enn annar segir að ekki sé hægt að ætlast til þess að öllum líki það sem hann leggi áherslu á í sinni guðfræði, þegar kemur að prédikun.⁶⁰⁶ Travis bendir einnig á að flókið geti verið að prédika um erfið mál þannig að innihald skili sér. Enda séu áheyrendur mjög ólíkir að bakgrunni og reynslu. Hún leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að prédikarar dragi úr eigin valdi í prédikun.⁶⁰⁷

Viðmælendurnir ræddu um valdhafa innan þjóðkirkjunnar sem, að þeirra mati, hafi í sumum tilvikum brugðist trausti almennings og samstarfsaðila.⁶⁰⁸ Einn viðmælandi segir að fólk hafi sagt sig úr þjóðkirkjunni vegna biskups málsins.⁶⁰⁹ Í máli annars viðmælanda kemur fram að kristnitökuhátiðin á Þingvöllum hafi orðið til þess að fólk fjarlægðist þjóðkirkjuna. Að hans mati hafi henni ekki borið gæfa til að vera kirkja þjóðarinnar við þau tímamót.⁶¹⁰ Við skoðun á biskups málinu kemur í ljós hversu mikil áhrif valds eru innan þjóðkirkjunnar (sjá ítarlega umfjöllun í inngangi). Rannsóknarnefnd kirkjuþings komst að þeirri niðurstöðu að þáverandi biskup, Ólafur Skúlason, hafi viljað sópa máli kvenna sem ásökuðu hann um kynferðislegt ofbeldi, undir teppið.⁶¹¹ Biskups málið stóð í langan tíma og samkvæmt frásögn viðmælanda hafði það veruleg áhrif, bæði innan þjóðkirkjunnar og utan hennar.⁶¹² Að mati Durkheim er þvingun eitt af einkennum félagslegs taumhalds. Samkvæmt því er hann heldur fram getur félagslegur þrýstingur leitt til þess að einstaklingurinn fylgi reglum, venjum eða viðmiðum, jafnvel án þess að hann átti sig á því.⁶¹³

Reiði fær sitt pláss í greiningarkaflanum. Með því er átt við undirliggjandi reiði viðmælandanna sem má finna í orðum þeirra og þá reiði sem viðmælendur segjast hafa fundið hjá sóknarbörnum sínum. Viðmælendurnir ræða ekki með beinum hætti eigin reiði eða leiðir til að finna henni farveg í prédikuninni.⁶¹⁴ Í rannsóknarskýrslu kirkjuþings kemur fram að, þegar þjóðkirkjan gerði upp biskups málið, hafi verið settar fram ásakanir í garð ákveðinna presta um að ganga erinda þáverandi biskups.⁶¹⁵ Sumt fólk hafi upplifað að þjóðkirkjan sem stofnun hafi tekið afstöðu með þeim sem valdið hafa í biskups málinu. Sé þessi tilgáta rétt, má draga þá ályktun að slíkt viðhorf hafi haft áhrif á reynslu, upplifanir og prédikun viðmælandanna. Enda hafi sumt fólk verið reitt valdhöfum innan þjóðkirkjunnar að prestunum meðtöldum.⁶¹⁶ Fram kom í máli eins viðmælandans að fólk hafi verið reitt vegna meintra kynferðisbrota Ólafs

⁶⁰⁵ Sjá kafla 5.1.1, 126.

⁶⁰⁶ Sjá kafla 5.1.3, 134.

⁶⁰⁷ Sjá kafla 5.1.1, 127-128.

⁶⁰⁸ Sjá kafla 5.1.1, 127.

⁶⁰⁹ Sjá kafla 5.1.1, 127.

⁶¹⁰ Sjá kafla 5.1.1, 126.

⁶¹¹ Sjá kafla 1.2.3, 20-24

⁶¹² Sjá kafla 5.1, 123.

⁶¹³ Sjá kafla 2.2.1, 64-65.

⁶¹⁴ Sjá kafla 5.1, 122-123.

⁶¹⁵ Sjá kafla 1.2.3, 20-24.

⁶¹⁶ Sjá kafla 4.2.4, 115.

Skúlasonar biskups og sökum þess að Karl Sigurbjörnsson biskup hafi ekki staðið með konunum þegar fjallað var um ásakanirnar innan þjóðkirkjunnar.⁶¹⁷ Af orðum viðmælandans má draga þá ályktun að reiði hans beinist raunverulega að biskupunum. Upplifun hans er að prestar hafi í þessu máli galdið fyrir sök annarra og orðið þess vegna fyrir reiði almennings. Þegar þetta er dregið saman er það mat höfundar að reiði og viðhorf almennings sem viðmælendurnir segja frá hafi haft áhrif á líðan viðmælandanna og mögulega prédikun þeirra líka.

Í greiningarkaflanum kemur fram að áheyrendum hafi fundist umfjöllun um græðgi óþægileg. Í því samhengi segjast viðmælandur hafa upplifað að fólk hafi ekki skilið það sem þeir fjölluðu um í prédikun sinni. Einn viðmælandi greinir frá þeirri upplifun að fólk hafi ekki viljað heyra það sem hann sagði þegar hann prédikaði um græðgi.⁶¹⁸ Annar segir að enginn hafi verið að hlusta á það sem prédikað var þrátt fyrir það að hann telji sig hafa prédikað skýrt og skorinort.⁶¹⁹ Algengt er að viðmælandur nefni græðgi og siðrof í sömu andrá. Velta má því upp hvort þeir hafi sumir notað siðrofshugtakið án þess að þekkja félagsfræðilega merkingu þess eða skilgreiningu. Einn viðmælandinn segir að það hafi þurft að vara við siðrofinu og græðginni en segist ekki hafa vitað hvað siðrof var fyrr en eftir hrun. Annar sagði „nú eru hugmyndakerfin okkar fallin, nú eru veraldlegar stofnanir samfélagsins allt það sem við töldum réttast og best, nú er það augljóslega búið að verða fyrir mjög miklum hnekki“.⁶²⁰ Hér virðast viðmælendurnir leggja ólíkan skilning í orðið siðrof. Annar viðmælandanna virðist leggja siðrof og græðgi að jöfnu en hinn fara á dýptina í því að skoða hvað á sér stað í samfélaginu. Hjá enn öðrum viðmælanda kemur fram að hann telji eftirlitskerfi samfélagsins hafa brugðist.⁶²¹ Þetta má bera saman við skilgreiningu Þórodds Bjarnasonar í kenningakafla ritgerðarinnar. Hann heldur því fram að siðrof geti orðið í kjölfar samfélagslegra breytinga, félagslegrar yfirfærslu og stjórnmalalegra og efnahagslegra kreppa eða vaxtar. Slíkt ástand dragi úr áhrifum siðferðislegra viðmiða og samfélagslegra reglna.⁶²² Það má því draga þá ályktun að sumir viðmælandanna hafi kannast við félagsfræðilega merkingu hugtaksins þó að vissulega sé munur á hugmyndum þeirra um siðrof og hvernig það er skilgreint sem félagsfræðilegt hugtak af Þóroddi Bjarnasyni.

Í ljósi atburðarásar málanna sem rakin eru í inngangskafla ritgerðarinnar má velja upp þeirri spurningu hvort raunverulegt eða ímyndað taumhald hafi haft áhrif á prédikun viðmælandanna þegar kom að málum sem tengdust hruninu, biskupsmálinu og einum hjúskaparlögum. Athyglisvert er að þessi mál eru gjarnan nefnd í sömu andrá og engu líkara en að þau hafi orðið eitt í hugum viðmælandanna. Í því ljósi verður ekki fjallað um þau hvert og eitt í niðurstöðum nema þegar rætt er um áhrif einstakra mála eins og þau koma fram í umræðum.

⁶¹⁷ Sjá kafla 4.2.4, 115.

⁶¹⁸ Sjá kafla 4.2.2, 103.

⁶¹⁹ Sjá kafla 4.2.2, 106.

⁶²⁰ Sjá kafla 4.2.2, 101–101.

⁶²¹ Sjá kafla 5.2, 142.

⁶²² Sjá kafla 2.2.1, 65–66.

6.1.2 Prédikun og traust

Inngangur að niðurstöðum

Í viðtalsrannsókninni er rætt um traust í garð þjóðkirkjunnar og gagnrýni á viðfangsefni hennar. Fram kemur sú upplifun viðmælendanna að þjóðkirkjan njóti ekki sérlega mikils trausts í samfélaginu.⁶²³ Einn viðmælandi bendir á það að ummæli Karls Sigurbjörnssonar biskups um hjónaband samkynhneigðra hafi valdið miklum deilum og trúnaðarbresti í garð þjóðkirkjunnar.⁶²⁴ Í greiningarkaflanum kemur fram að sumir prestar hafi barist fyrir réttindum hinsegin fólks til hjúskapar m.a. í prédikun en aðrir hafi unnið gegn réttindum samkynja para á sama tíma.⁶²⁵ Viðmælendurnir héldu því fram að heimasöfnuðir njóti trausts, jafnvel hjá fólki sem hefur sagt sig úr þjóðkirkjunni.⁶²⁶ Einn viðmælandi segir frá þeirri upplifun sinni að mikil gagnrýni hafi beinst að kirkjunni þegar stór mál henni tengd runnu saman í einn punkt á hrunárunum.⁶²⁷

Samantekt niðurstaðna

Höfundur dregur þá ályktun að sumir viðmælendanna séu þeirrar skoðunar að rof hafi orðið á milli þjóðkirkju og þjóðar. Fram kom í máli viðmælenda að rofið megi rekja til þess að þjóðkirkjan hafi stundum staðsett sig með valdhöfum, en ekki þeim valdlausu. Í því samhengi má nefna kristnitökuhátíðina sem dæmi.⁶²⁸ Fram kemur í máli viðmælenda að yfirstjórn þjóðkirkjunnar hafi brugðist í veigamiklum málum. Því var haldið fram af viðmælenda að kristnitökuhátíð hafi ekki verið haldin með þjóðinni heldur fyrir þjóðina í samvinnu þjóðkirkjunnar og stjórn málafla. Þegar traust í garð þjóðkirkjunnar bar á góma í viðtölunum kom fram sú skoðun sumra viðmælendanna að fólk treysti heimasöfnuðum sínum umfram þjóðkirkjuna sem stofnun. Einnig kom fram að sumir viðmælendur töldu að fólki myndist vera munur á heimasöfnuðum annars vegar og þjóðkirkjunni hins vegar.⁶²⁹

Umræður

Í ljósi þess hve þjóðkirkjan er áberandi í samfélaginu er afar líklegt að hún verði fyrir gagnrýni. Gera má ráð fyrir að erfið mál geti komið upp í störfum hennar og meðal þjóna hennar. Eins og rætt er í inngangskafli barðist þjóðkirkjan sem stofnun undir forystu biskups gegn réttarbótum samkynhneigðs fólks til hjónabands. Hluti starfandi presta setti sig einnig á móti lagasetningu um ein hjúskaparlög en skýrt var að þjóðkirkjan setti sig upp á móti þeirri lagasetningu.⁶³⁰ Þó er ljóst að fjöldi presta var fylgjandi hinum nýju lögum og margir þeirra voru tilbúnir til að berjast fyrir henni m.a. í prédikun sinni.⁶³¹

⁶²³ Sjá kafla 5.1, 123.

⁶²⁴ Sjá kafla 5.1.2, 129.

⁶²⁵ Sjá kafla 5.1.2, 129.

⁶²⁶ Sjá kafla 5.1.2, 130.

⁶²⁷ Sjá kafla 5.1.2, 130.

⁶²⁸ Sjá kafla 5.1.1, 126.

⁶²⁹ Sjá kafla 5.1.2, 129–130.

⁶³⁰ Sjá kafla 1.2.2, 15–20.

⁶³¹ Sjá kafla 5.1.2, 129.

Það má færa rök fyrir því að kringumstæður eins og hér er lýst, þar sem biskup vill eitt og þorri presta annað hafi virkað sem félagslegt taumhald á hluta prestastéttarinnar. Þeir hafi ekki haft sig í frammi til að styggja ekki biskupinn. Þetta kallast á við það sem Eunjoo Mary Kim segir en hún líkt og Travis rannsakað síðnýlenduhyggju út frá prédikunarfræði. Fram kemur að fólk sé jaðarsett m.a. vegna kynhneigðar sinnar. Kim hefur lagt áherslu á það hversu mikilvægt er að sinna jaðri samfélagsins, sérstaklega í prédikun. Hún bendir einnig á að jaðarhópar séu oft skilgreindir í neikvæðu ljósi þeirra sem valdið hafa og nefnir að miðjan spegli iðulega yfirburði sína gagnvart jaðrinum.⁶³² Viðmælendur þessarar rannsóknar virðast líta á framkomu æðstu manna kirkjunnar gagnvart konum og hinsegin fólki líkum augum. Af orðum þeirra má greina þreytu vegna afstöðu þjóðkirkjunnar og sumra kollega þeirra í garð hinsegin fólks.⁶³³ Einn viðmælandi heldur því fram að prédikun sé alltaf að einhverju leyti byggð á vitnisburði um það sem prédikari hafi reynt í eigin lífi. Annar viðmælandi segir að hann hafi fundið sig knúinn til að prédika um ástand hrunáranna þrátt fyrir að hann hafi sjálfur verið þátttakandi í efnahagslegri velsæld í aðdraganda hruns.⁶³⁴ Af því sem þriðji viðmælandinn segir má draga þá ályktun að ekki hafi fengist niðurstaða í mál hinsegin fólks fyrr en eftir langa og harða baráttu við yfirstjórn þjóðkirkjunnar. Hann segir að eftir þessi átök hafi hann ásamt öðrum þátttakendum verið þreyttur og illa farinn.⁶³⁵ Í því samhengi er vert að rifja upp orð Kim um mikilvægi þess í prédikun að vekja fólk til vitundar um fleiri sjónarhorn á tilveruna en bara þau sem það þekkir sjálf.⁶³⁶

Reynsla prédikarans skiptir verulegu máli við flutning prédikunar. Anna Carter Florence heldur því fram að prédikun sem byggir á persónulegum vitnisburði færi prédikaranum leið til að sinna prédikun sinni af heilum hug. Hún segir einnig að vitnisburðarprédikanir snerti við fólk.⁶³⁷ Höfundur metur það svo að upplifun sumra viðmælendanna um trúverðugleika sinn hafi haft áhrif á prédikun þeirra. Einn viðmælandi veltir því fyrir sér hvað þjóðkirkjan hafi gert til kalla fram reiði hjá fólki. Í máli hans kemur fram að reiðin hafi orðið til vegna erfiðra mála sem þjóðkirkjan þurfti að fást við. Þrátt fyrir allt sem á hafi gengið telur viðmælandinn að traust ríki enn á milli þjóðkirkjunnar og þjóðarinnar.⁶³⁸ Greining viðtalsrannsóknarinnar leiðir í ljós hversu mikilvægt það er viðmælendunum að traust sé til staðar í starfi þeirra. Þá kemur einnig fram hversu mikilvægur trúverðugleiki þeirra er þeim.⁶³⁹ Samkvæmt Florence og Newton þurfa prédikarar ekki að óttast frásagnir sem tengist þeirra eigin lífi. Slíkar prédikanir, séu þær einlæggar, ættu þvert á

⁶³² Sjá kafla 5.1.2, 133–134.

⁶³³ Sjá kafla 5.1.1, 128–130.

⁶³⁴ Sjá kafla 5.1.3, 133.

⁶³⁵ Sjá kafla 5.1.1, 127.

⁶³⁶ Sjá kafla 5.1.2, 132.

⁶³⁷ Florence, *Preaching as Testimony*, xxiii–xxvi.

⁶³⁸ Sjá kafla 5.1, 123.

⁶³⁹ Sjá kafla 5.1, 123.

móti að styrkja stöðu þeirra sem flytja þær.⁶⁴⁰ Engemann ræðir hversu mikilvægt er að prédikarar þekki sjálfa sig, takmarkanir sínar og getu. Stundi þeir sjálfsrannsóknir sem tengjast þessum sviðum má álykta að þeir upplifi trúverðugleika sinn meiri en ella.⁶⁴¹ Gagnrýni, áföll og ótti hafa vafalítið áhrif á prédikun, gerð hennar og flutning og þar með viðtöku hennar. Einn viðmælandi segir að fólk bregðist oft við í varnarháttum og þar séu prestar engin undantekning.⁶⁴²

Í viðtali heldur einn viðmælandinn því fram að heimasöfnuðir njóti trausts umfram þjóðkirkjuna sem stofnun.⁶⁴³ Út frá greiningunni metur höfundur að óvarlegt sé að álykta að þetta sé algilt en viðhorf sem þessi geta haft áhrif á upplifun viðmælenda af prédikun sinni.⁶⁴⁴ Orðræða viðmælenda um aðgreiningu heimasafnaða frá þjóðkirkjunni benda til þess að kirkjuskilningur sé að breytast eða hafi jafnvel þegar breyst. Þess ber þó að geta að þjóðkirkja í þeim skilningi er öllum opin og á erindi við alla. Í inngangskafli var rætt um viðbrögð kirkjunnar við krísum og í því samhengi voru hugmyndir og kenningar Hjalta Hugasonar reifaðar. Fram kemur í máli hans að á tímum eigi sér stað „átök milli þjóðkirkjunnar og trúarlegs, menningarlegs og samfélagslegs umhverfis hennar.“ Í þessu samhengi kemur fram að lúthersk kirkja hafi mögulega þróað með sér einhvers konar krísu-guðfræði.⁶⁴⁵ Hjalti vinnur meðal annars með hugtakið innhverfingu sem útskýrt er í inngangskafli. Hann nefnir biskups málið sem dæmi um mál sem þjóðkirkjan hafi þurft að bregðast við og segir innhverfingu þjóðkirkjunnar hafa birst í formi neikvæðra viðbragða er feli í sér ákveðna varnarhætti.⁶⁴⁶

Hugmyndir Haraldar Hreinssonar falla vel að þessari umræðu en hann er þeirrar skoðunar að þjóðkirkjan þurfi að bregðast við breyttum aðstæðum þegar hún tekur þátt í samfélagslegri umræðu. Í því samhengi er valdastaða kirkjunnar nefnd en Haraldur heldur því fram að þjóðkirkjan þurfi að nota einhver ráð til að hætta að útskýra sjálfa sig og hlutverk sín.⁶⁴⁷ Í framhaldi af þessu er rétt að benda á að umboð presta til prédikunar verður til við vígslu þeirra til þjónustu.⁶⁴⁸ Í ritgerðinni verða hugmyndir viðmælenda rannsóknarinnar um aðgreiningu heimasafnaða og þjóðkirkjunnar ekki rannsakaðar frekar þar sem þær falla ekki innan ramma ritgerðarinnar. Áhugavert væri að rannsaka málefnið á öðrum vettvangi.

⁶⁴⁰ Sjá kafla 5.2.3, 158.

⁶⁴¹ Sjá kafla 5.1.3, 136–141.

⁶⁴² Sjá kafla 5.1.2, 132.

⁶⁴³ Sjá kafla 5.1.2, 130.

⁶⁴⁴ Sjá kafla 6.1.1, 164–167.

⁶⁴⁵ Sjá kafla 1.2, 13–14.

⁶⁴⁶ Sjá kafla 1.2, 13–14.

⁶⁴⁷ Sjá kafla 1.2, 13–14.

⁶⁴⁸ Sjá kafla 1, 3–6.

6.1.3 Prédikun - texti, tungutak og túlkun

Inngangur að niðurstöðum

Hlutverk prédikara er að túlka texta sem koma fram í textaröð þjóðkirkjunnar og flytja þá fyrir söfnum sinn. Í viðtalsrannsókninni koma fram vísbendingar um að reynsla, skoðanir, upplifanir og gildi viðmælendanna hafi áhrif á það sem þeir túlki og fjalli um í prédikun. Þeir taka þátt í samfélagslegri umræðu og blanda sér jafnvel í pólitísk deilumál. Viðmælendurnir virðast allir vera þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt að þeir ræði samfélagsleg álitamál í prédikun. Fram kom í greiningarkafla ritgerðarinnar hversu mikilvægt tungutakið sé í prédikun. Tungutak þurfi að vera skiljanlegt þegar samfélagslegum boðskap sé komið á framfæri. Prédikarar þurfi að gæta sín og nota varfærið tungutak þegar fjallað er um viðkvæm málefni og áleitni samfélagsleg mál.

Samantekt niðurstaðna

Að mati sumra viðmælendanna snýst prédikun um það að finna og setja fram þemu eða kjarna úr ritningartextum. Guðfræðileg hugtök eins og frelsi, trú og samhjálp eru þar mikilvæg. Hluti þessarar vinnu er að vinna með textann og tungutakið sem beitt er við flutning prédikunar til þess að hún verði skiljanleg fyrir áheyrendur, þ.e. þá sem sækja guðspjónustur. Guðfræðileg túlkun ritningartexta er persónubundin, sem hefur áhrif á hvernig lagt er út frá textum í prédikun. Gera þarf ráð fyrir að áheyrendur, rétt eins og prédikarar, túlki það sem þeir sjá og heyra með misjöfnum hætti.

Umræður

Í greiningarkaflanum koma fram vísbendingar um að upplifun viðmælenda, reynsla þeirra og líðan hafi haft áhrif á túlkun þeirra. Einn viðmælandi ræðir hversu miklu máli það skipti að tengja ritningartexta við eigin reynslu. Hann segir að samþætting reynslu, samfélags og texta sé leið til að prédika til fólks um mál sem varða almannaheill.⁶⁴⁹ Annar viðmælandi segist vinna með texta til að gera það sem hann flytji í prédikun skiljanlegt.⁶⁵⁰ Prédikunarvinna viðmælenda rannsóknarinnar felst í því að túlka texta og flytja þá þannig að áheyrendur skilji það sem flutt er í prédikuninni.⁶⁵¹ Engemann segir það falla í hlut áheyrenda að túlka það sem þeir heyri í prédikun í samhengi við eigin trú og ritningartexta.⁶⁵² Hann bendir á hversu mikilvægt það er fyrir prédikara að túlka texta, eigi hann að vera til gagns í prédikun.⁶⁵³

Í greiningarkaflanum voru hugmyndir Wilfried Engemanns og Wilhelm Gräbs nýttar til að fjalla um mikilvægi þess að nota tungutak sem telst venjulegt, almennt málfar sem tengist samfélaginu, daglegu lífi og veruleika fólks til að ná til þess í prédikun.⁶⁵⁴ Einn viðmælandi segist gera ráð fyrir að prédikari leggi sig fram um að útskýra, til að áheyrendur skilji þá

⁶⁴⁹ Sjá kafla 5.1.4, 138.

⁶⁵⁰ Sjá kafla 5.1.4, 138.

⁶⁵¹ Sjá kafla 5.1.4, 138–141.

⁶⁵² Sjá kafla 5.1.4, 140.

⁶⁵³ Sjá kafla 5.1.4, 140.

⁶⁵⁴ Sjá kafla 5.2.1, 150.

ritningartexta sem birtir eru í guðsþjónustu. Annar viðmælandi segir að það geti verið erfitt að flytja prédikun á máli sem fólk skilji. Sá þriðji segir mikilvægt að samskiptin séu alltaf á jafnréttisgrundvelli, eigi boðskapur prédikunarinnar að ná til áheyrenda.⁶⁵⁵ Þegar þetta er dregið saman má greina að viðmælendur hafa mörg sjónarhorn á hvað það er sem skiptir máli þegar rætt er um textavinnu og túlkun. Þeim finnst þeir þurfa að gæta sín og nota varfærið tungutak þegar fjallað er um viðkvæm, áleitn samfélagsleg mál í prédikun.⁶⁵⁶

Viðmælendurnir störfuðu við óvenjulegar aðstæður í hruninu. Einn viðmælandinn sagðist leggja sig fram um að prédika um mál samtímans út frá eigin reynslu og prédika gegn græðgi og jafnvel siðrofi. Þetta þyrfti að vinna út frá ritningartexta eða jafnvel hugrenningartengslum við það sem væri að gerast hverju sinni.⁶⁵⁷ Annar viðmælandi sagði að það væri undarlegt að prédika út frá fallegum biblíutexta á sama tíma og hann fjalli um hörmungar hruntímans.⁶⁵⁸ Sá þriðji taldi mikilvægt að finna þemu í textanum sem ættu við það sem fjallað er um, og var á sama máli varðandi mikilvægi þess að tvinna eigin reynslu við prédikun sína.⁶⁵⁹ Í kenningakafla ritgerðarinnar er vísað í orð Engemans sem heldur því fram að ekki þurfi endilega að útskýra texta í prédikun. Prédikari þurfi heldur ekki að vera sammála textanum, en þó verði prédikun að tilheyra þeim sem hana flytur, er hann prédikar fyrir söfnuð sinn.⁶⁶⁰ Gräb segir það falla í hlut áheyrenda að túlka það sem sagt er.⁶⁶¹ Það má því færa rök fyrir því að sjónarmið hvers prédikara hljóti að vera persónulegt að einhverju leyti. Þrátt fyrir að algeng aðferðafræði prédikunar sé að útskýra ritningartexta í prédikun er ekki nauðsynlegt að gera það. Hluti prédikunar getur falist í því að gefa áheyrendum tækifæri til að vinna með slíkar tengingar á eigin spýtur, þ.e. að leggja eigin skilning í ritningartextann. Sú skoðun Engemans, að tenging við hversdaginn í prédikun hafi jákvæð áhrif á upplifun áheyrenda, kemur fram í greiningarkaflanum. Viðtakendur prédikana fá þá tækifæri til að máta boðskapinn við það sem þeir upplifa í eigin lífi.⁶⁶²

Sjónarmið viðmælenda eru ólík þegar kemur að túlkun og notkun ritningartexta. Einn þeirra segist vinna með textann með það að markmiði að gera prédikun sína aðgengilega og skiljanlega. Hann segist stundum laga textann að áheyrendum sínum, enda sé honum afar mikilvægt að þeir skilji það sem hann leitast við að koma á framfæri. Annar viðmælandi telur að hægt sé að finna ólík sjónarhorn á sannleikann í sumum málum sem prédikað er um. Þriðji viðmælandinn leggur áherslu á að stilla lengd prédikunar í hóf, en bendir jafnframt á að prédikun um þyngri málefni samtímans krefjist þess að finna réttan tón.⁶⁶³ Áhugavert er að hér birtist á ný sjálfsritskoðun sem tengist því að ákveðnir einstaklingar eru á meðal

⁶⁵⁵ Sjá kafla 5.2.1, 146.

⁶⁵⁶ Sjá kafla 5.2.1, 146.

⁶⁵⁷ Sjá kafla 4.2.1, 90.

⁶⁵⁸ Sjá kafla 5.1.4, 140.

⁶⁵⁹ Sjá kafla 4.2.1, 91.

⁶⁶⁰ Sjá kafla 2.1.2, 56.

⁶⁶¹ Sjá kafla 5.1.4, 141–142.

⁶⁶² Sjá kafla 5.1.3, 136.

⁶⁶³ Sjá kafla 5.1.4, 138.

kirkjugesta. Það virðist ekki síður erfitt á stundum að prédika um aðstæðubundnar kringumstæður eins og kemur fram hjá einum viðmælanda rannsóknarinnar. Hann tengir öll stóru málin saman: Hrunið, kristnitökuhátiðina, mál samkynja para og biskups málið og segir þau öll vera pólitísk. Honum þykir erfitt að prédika inn í slíkar aðstæður.⁶⁶⁴

Engemann heldur því fram að efniviður hvers prédikara sé sjálfsþekking, lífsviðhorf, lífsreynsla, hugsjónir og tilfinningar. Hann telur að persónuleiki prédikarans sé alltaf viðfangsefni prédikunarfræðinnar.⁶⁶⁵ Flestir hljóta að taka undir það, að í prédikun ætti tjáning að vera skiljanleg og orðræðan skýr og trúverðug. Gräb heldur því fram að tungutak prédikunar sé gjarnan of flókið. Orð sem eiga að vera frelsandi og lífgefandi séu þá flutt þannig að fólk eigi erfitt með að skilja það sem sagt er.⁶⁶⁶ Einn viðmælandi segir að prédikun sé í rauninni lifandi orð. Hann hafi fjölbreytta ritningartexta, og þá geti hann nýtt sér til að fjalla um hvað sem er. Takist það, þá lifni textarnir og guðspjallið við.⁶⁶⁷ Það má í þessu ljósi færa rök fyrir því að textinn sem unnið er með geti undir flestum kringumstæðum hjálpað prédikurum að fjalla um hvað sem þeir kjósa.

Viðmælendurnir nota ólíkar aðferðir við undirbúning þráðikunar, hvort sem þær eru fluttar í töluðu máli eða birtar á hinum ýmsu netmiðlum. Hluti af viðfangsefni þeirra er að velta fyrir sér notkun og framsetningu á stafrænum miðlum fyrir sér þegar þráðikanir eru annars vegar. Einn þeirra segir að hann gangi alltaf frá þráðikunum sínum þannig að þær séu tilbúnar til birtingar á netinu. Hann segir að líklega hefði það skipt sköpum á hruntímabilinu hefðu netið og netmiðlar verið lengra komin.⁶⁶⁸ Kim segir að stafræn tækni geri þráðikurum kleift að birta þráðikanir í hnattrænu samhengi. Engemann er á svipuðu máli, en hann telur að fólk geti tjáð sig á stafrænum miðlum og nýtt þar nýja samskiptahætti.⁶⁶⁹ Flestir viðmælendur rannsóknarinnar ræddu um það hvernig þeir undirbúa stafrænar þráðikanir eða postillur sem eru þá birtar á netinu. Einn viðmælandinn sagði að ef hann væri að fjalla um siðrof í þráðikun og hrun væri að eiga sér stað, myndi hann nota samfélagsmiðla til að tryggja að fólk heyrði í honum.⁶⁷⁰ Höfundur metur niðurstöðurnar þannig að viðmælendurnir telji að breyta þurfi þráðikunum frá því að þær eru fluttar á töluðu máli og til þess að þær eru birtar á stafrænum miðlum. Fram kemur í greiningarkafnum að það sé áskorun fyrir viðmælendurna að birta þráðikun sem flutt hafi verið í guðspjónustu í kirkju á stafrænum miðli ef gengið er út frá því að hver miðill hafi ólík viðmið þegar kemur að lengd og birtingu texta. Þannig mæli ekkert á móti því að kalla birt efni á hvers konar miðlum þráðikanir svo framarlega sem efnið sé sett fram sem slíkt.⁶⁷¹ Það hafa orðið til fjölmargir vef- og samfélagsmiðlar sem byggja á kristnum grunni á síðustu árum. Svokallaðar netkirkjur er að finna víða um heim, þar með talið á

⁶⁶⁴ Sjá kafla 5.1.1, 127

⁶⁶⁵ Sjá kafla 5.1.3, 136.

⁶⁶⁶ Sjá kafla 5.2.1, 146.

⁶⁶⁷ Sjá kafla 5.2.1, 146.

⁶⁶⁸ Sjá kafla 5.1.4, 139–140.

⁶⁶⁹ Sjá kafla 5.1.4, 143.

⁶⁷⁰ Sjá kafla 5.1.4, 140.

⁶⁷¹ Sjá kafla 5.1.4, 139–141.

Norðurlöndunum, þar sem birtir eru ritningartextar og prédikanir eru eingöngu settar fram á stafrænu formi. Höfundur telur að áhugavert væri að rannsaka sérstaklega þær breytingar sem stafræn tækni og tilkoma netsins hefur haft á prédikanir, undirbúning þeirra og birtingu. Þegar viðtölin voru tekin var staðan önnur enda hefur mikil þróun átt sér stað á netmiðlum frá því að rannsóknarvinnan hófst. Ekki var rými fyrir slíka athugun í þessari ritgerð og mun höfundur því rannsaka þetta á öðrum vettvangi.

Hætta er á því að tungutak í prédikun sé í einhverjum tilfellum illskiljanlegt, í það minnsta fyrir yngri áheyrendur. Tungutak getur verið formlegt og hátíðlegt án þess að vera torskilið. Engemann segir að tungumál feli í sér alls kyns upplýsingar um það sem sagt er, en einnig um þann sem flytur prédikunina.⁶⁷² Gräb heldur því fram að mögulega henti ræðuform prédikunarinnar ekki lengur í samtímanum, vegna þeirra breytinga og þróunar sem hafa átt sér stað. Af þessu má draga þá ályktun að tungutakið sem notað er hafi margvísleg áhrif á viðtöku prédikana. Prédikararnir eru flestir meðvitaðir um áhrif tungutaks í prédikun sinni og ígrunda það í samhengi við flutning prédikunarinnar. Að mati höfundar væri óráðlegt að fullyrða um það, hvort tungutak í prédikun geti verið ástæða þess að áheyrendur hafi ekki heyrt eða tileinkað sér það sem viðmælendurnir birtu í prédikunum sínum á áttatímanum. Það kemur vel fram í greiningarkaflanum að viðmælendur hafi lagt sig fram um að gera mál sitt skiljanlegt. Áhugavert væri að rannsaka það nánar, út frá upplifun viðtakenda prédikunar, hvort og þá hvernig þeir heyri eða skilji það sem fjallað er um í prédikun. Slík rannsókn fellur ekki undir rannsóknarspurningu ritgerðarinnar og mun höfundur rannsaka viðfengsefnið síðar.

6.1.4 Prédikun og samfélagsleg álitamál

Inngangur að niðurstöðum

Fram kemur í viðtalsrannsókninni að gott sé að nota prédikun til samfélagsgreiningar.⁶⁷³ Flutningur prédikunar feli í sér flókin samskipti við áheyrendur, sem séu ólíkir með fjölbreytt viðhorf og upplifanir. Flestir viðmælendurnir segjast fjalla um samfélagsmál í prédikun og sumir þeirra halda því fram að það eigi að prédika um það sem miður fari í samfélagslegri hegðun og stangist á við siðferði og réttlætishegðun.⁶⁷⁴ Sumir þeirra velta fyrir sér samfélagslegum álitamálum og hvaða áhrif þau hafi haft á þá sjálfa og prédikun þeirra.⁶⁷⁵ Í greiningarkaflanum eru vísbendingar um að miðlun prédikana sé ekki einföld. Prédikarar þurfi að fást við ólíkar áskoranir við flutning þeirra.⁶⁷⁶

⁶⁷² Sjá kafla 5.2.1, 147.

⁶⁷³ Sjá kafla 5.2.2, 148.

⁶⁷⁴ Sjá kafla 5.2.2, 150.

⁶⁷⁵ Sjá kafla 5.2.2, 149–150.

⁶⁷⁶ Sjá kafla 5.2.1, 147–148.

Samantekt niðurstaðna

Í greiningarkafnum koma fram vísbendingar um mikilvægi þess að fjalla um samfélagsleg mál í prédikun. Í slíkri prédikun kemur sér vel að byggja á eigin reynslu prédikara.⁶⁷⁷ Þó eru ekki allir viðmælendur samþykkir þessari nálgun. Sumir viðmælendanna telja að það hafi ekki verið hægt að tala um efnahagshrunið raunverulega fyrr en eftir að það hafði átt sér stað. Í prédikun hruntímans var fjallað um óeðlilegar samfélagslegar aðstæður. Sumum viðmælendunum fannst mikilvægt að minna fólk á að taka ábyrgð. Áberandi stef kemur fram í máli viðmælendanna um að þeim finnst að áheyrendur þeirra hafi ekki viljað heyra fjallað um græðgi og önnur álitamál hrunáranna í prédikun.

Umræður

Greiningarkaflinn leiðir í ljós að viðmælendum finnst flestum eðlilegt að tengja prédikun við pólitísk og samfélagsleg álitamál. Einn viðmælandi rannsóknarinnar hefur þann skilning að, þegar prédikað er um aðstæður fólks, þurfi prédikari að vinna út frá eigin lífi og eiga samtál við áheyrendur.⁶⁷⁸ Annar viðmælandi telur sig ekki eiga erindi með samfélagsmál í prédikun og segist ekki þurfa að hafa vit fyrir söfnuði sínum. Enn annar viðmælandinn segist hafa viljað tala við áheyrendur sína um hrunið.⁶⁷⁹ Þegar orð viðmælendanna eru metin, má sjá að þeir hafa ólíkar skoðanir á því, hvort og þá hvernig prédikun eigi að tengjast umfjöllun um samfélagsleg mál. Einn viðmælandi telur sig vera pólitískan í prédikun sinni en þó ekki flokkpólitískan. Hann er þeirrar skoðunar að prédika skuli sem víðast þegar þörf er á því.⁶⁸⁰ Í inngangskafli kemur fram að prédikun eigi að „vekja söfnuðinn til trúar, vonar og kærleika. Til að ná því má prédikun vera ágeng og ögrandi, stingandi og stuðandi.“⁶⁸¹ Hér er því haldið fram, út frá niðurstöðum viðtalsrannsóknarinnar, að viðmælendur hafi lagt sig fram um að ná til fólks í prédikun sinni þrátt fyrir ólík viðhorf til þeirra mála sem prédikað var um. Rannsóknin gefur til kynna að viðmælendurnir hafi unnið við erfiðar kringumstæður á hrunárunum. Viðmælandi benti á að prédika þurfi um fagnaðarerindið en einnig það sem aflaga fer. Þetta eigi að gera þrátt fyrir að ekki sé allt fullkomið í lífi prédikarans og mannleg mistök ættu ekki að hindra hann í prédikun.⁶⁸² Í greiningarkafnum koma fram vísbendingar um að breyttar samfélagslegar aðstæður hafi áhrif á prédikunarhlutverk viðmælendanna og sýn þeirra á samfélagið. Færa má rök fyrir því að staða áheyrenda sé mikilvæg þegar rætt er um prédikun og viðtöku hennar. Eins og fram kemur í rannsókninni glímdu áheyrendur, eins og aðrir, við erfiðar kringumstæður og áföll hrunáranna. Þá kemur einnig skýrt fram að viðmælendur rannsóknarinnar lögðu sig fram við flutning prédikana í erfiðum kringumstæðum hrunáranna.⁶⁸³

⁶⁷⁷ Sjá kafla 5.2.2, 148–149.

⁶⁷⁸ Sjá kafla 5.2.2, 148.

⁶⁷⁹ Sjá kafla 5.2.2, 149.

⁶⁸⁰ Sjá kafla 5.2.2, 150.

⁶⁸¹ Hjalti Hugason, „Trú og pólitík“, í *Kirkjublaðið*, 21. október 2024. Sótt 18.11.2024 af <https://www.kirkjubladid.is/gestaglugginn/tru-og-politik/>

⁶⁸² Sjá kafla 5.2.2, 150

⁶⁸³ Sjá kafla 5.2.3, 153.

Í greiningarkaflanum koma fram vísbendingar um að á hrunárunum hafi prédikun í sumum tilfellum innifalið siðaprédikun og orðræðu um samviskumál, þegar fjallað var um óreiðuna í aðdraganda hrunsins. Einn viðmælandi lýsir þeirri upplifun sinni að hann hafi orðið að vara við græðgi og siðrofi í prédikun þrátt fyrir að hann hafi ekki áttað sig á að siðrof hefði átt sér stað fyrir en eftir hrun. Annar segir það hafa verið skyldu sína að fjalla um það sem gerðist á hruntímanum í prédikun sinni. Þriðji viðmælandinn sem hér er vísað til, sagðist ekki vilja gagnrýna fólk sem dæmt hafi verið fyrir efnahagsbrot í hruninu.⁶⁸⁴ Viðmælendur hafa hér ólíkar skoðanir. Fram kemur í greiningarkaflanum að prédikun um græðgi og hrun hafi fengið dræmar viðtökur áheyrenda.⁶⁸⁵ Engemann segir að siðaprédikanir séu ekki við hæfi, og að prédikari skyldi ekki vera í hlutverki siðadómar, en geti þrátt fyrir það lagt fram siðferðilegar spurningar í prédikun.⁶⁸⁶ Einn viðmælandi heldur því fram að varasamt geti verið að ræða samfélagsleg álitamál í prédikun. Hann nefnir sérstaklega umfjöllun um siðrof, græðgi og kynferðisbrotamál þrátt fyrir að hafa sjálfur prédikað um slík mál.⁶⁸⁷

Travis heldur því fram að gott sé að höfða til reynslu fólks í prédikun og mæta því þar sem það er statt í lífi sínu og starfi.⁶⁸⁸ Velta má upp þeirri spurningu, hvort það sem sumir hafa kallað græðgi á tíma hrunsins, hafi aðrir álitnið heilbrigða þátttöku í samfélagi sem virtist vera á grænni grein efnahagslega. Greina má af viðbrögðum viðmælendanna hvernig þetta kemur allt saman í einn punkt þar sem þeir velta því fyrir sér hvað veldur.⁶⁸⁹ Sterkar vísbendingar eru um að erfitt sé að prédika í efnahagslegu hruni og samfélagslegu áfalli, ekki eingöngu til einstakra hópa heldur til heildarinnar. Rökstyðja má að allt liggi undir í umræðunni, þjóðarhugtakið og þjóðkirkjuhugtakið sem bæði eru í upplausn vegna samfélagslegra áfalla. Út frá upplifunum viðmælanda rannsóknarinnar má finna vísbendingar um þjóðkirkju í uppnámi, ekki bara á einhverju andartaki heldur í langvinnu uppnámi erfiðra mála.⁶⁹⁰ Út frá því sem hér hefur komið fram er ljóst að viðmælendur hafi prédikað undir miklu álagi við erfiðar samfélagslegar kringumstæður á hrunárunum.

Átakalínur voru bæði í samfélaginu og innan þjóðkirkjunnar, varðandi lagasetningar um réttindi hinsegin fólks til hjónavígslu í kirkjum þjóðkirkjunnar. Þær tengdust einnig umræðum um ein hjúskaparlög í prédikun. Í greiningarkaflanum er vísað í viðmælanda sem segir frá því að Karl Sigurbjörnsson biskup hafi gengið svo langt að segja opinberlega að yrðu lög um hjónaband samkynhneigðra samþykkt jafngilti það því að henda hjónabandinu á öskuhaugana.⁶⁹¹ Sumum viðmælendum rannsóknarinnar var í mun að segja frá því að þeir hafi staðið með hinsegin fólki í prédikun sinni en aðrir minntust ekki á að hafa haft skoðun á málinu, hvað þá heldur prédikað um það. Einn viðmælandi sagði ekki lengur deilt um málefni hinsegin fólks innan þjóðkirkjunnar. Hann segir að þeir sem voru á móti hjónabandi samkynhneigðra hafi látið í minni pokann fyrir þeim sem voru hjónabandinu samþykki.⁶⁹² Hann hélt því fram að þáverandi biskup, Karl Sigurbjörnsson hefði gengið of langt með

⁶⁸⁴ Sjá kafla 5.2, 142.

⁶⁸⁵ Sjá kafla 5.2, 143.

⁶⁸⁶ Sjá kafla 5.2.2, 155.

⁶⁸⁷ Sjá kafla 5.1.1, 126.

⁶⁸⁸ Sjá kafla 5.2.2, 154.

⁶⁸⁹ Sjá kafla 5.1.1, 127–129.

⁶⁹⁰ Sjá kafla 5.1.1, 127–129.

⁶⁹¹ Sjá kafla 5.1.2, 130.

⁶⁹² Sjá kafla 5.1.2, 130.

neikvæðum viðhorfum sínum gagnvart samkynhneigðum.⁶⁹³ Telja má að reynt hafi á viðmælendurna þegar kollegar þeirra voru á ólíkri skoðun í þessu máli og tjáðu það í prédikunum. Í inngangskafli kemur fram að meirihluti presta hafi stutt mál hinsegin fólks þegar átökin stóðu yfir. Hópur 90 presta, djákna og guðfræðinga birtu á sínum tíma eindreginn stuðning sinn við ein hjúskaparlög.⁶⁹⁴ Að sama skapi er ljóst að bæði valdhafar innan þjóðkirkjunnar og allnokkrir prestar innan hennar studdu ekki málið.⁶⁹⁵ Engemann heldur því fram að félagslegar og persónulegar aðstæður skipti máli þegar prédikun og pólitísk ræða eru túlkaðar, rétt eins og eigi við um öll samskipti. Óvenjulegar og áhrifaríkar aðstæður hafi áhrif á skilning og samskipti og þar með viðtöku prédikunar.⁶⁹⁶

Þegar rætt er um ein hjúskaparlög má færa rök fyrir því að um hafi verið að ræða persónulegt, pólitískt og félagslegt álitamál á þeim tíma sem málið var til umfjöllunar í samfélaginu. Í greiningarkaflanum kemur skýrt fram hjá einum viðmælanda að baráttan með hinsegin fólki hafi verið löng og tekið sinn toll.⁶⁹⁷ Í ljósi þess hversu skýr afstaða þjóðkirkjunnar var á móti einum hjúskaparlögum má álykta að það hafi haft áhrif á prédikun viðmælendanna óháð því hvoru megin þeir stóðu í átökunum. Einn viðmælendinn segir frá því að hann hafi prédikað um bankana og hvernig þeir hafi féflett fólk í hruninu.⁶⁹⁸ Annar viðmælandi sagði að ekki hafi mátt prédika um þá einstaklinga sem voru að græða í hruninu.⁶⁹⁹ Veruleiki viðmælendanna á átakatíma hefur samkvæmt því er fram kemur í greiningarkaflanum, verið flókinn, sem hefur vafalítið haft áhrif á það hvernig þeir nálguðust efni prédikana sinna.⁷⁰⁰

6.1.5 Prédikun í áfallaaðstæðum

Inngangur að niðurstöðum

Niðurstöður ritgerðarinnar gefa vísbendingar um að samfélagsleg áföll átakatímans hafi haft mikil áhrif á viðmælendur.⁷⁰¹ Meta má út frá frásögnum viðmælendanna að kirkjur og söfnuðir þeirra hafi orðið að miðdepli fyrir úrvinnslu áfalla.⁷⁰² Viðmælendurnir segjast hafa lagt sig fram um að prédika um mál sem þeir töldu vera efst á baugi. Þeir lýsa starfsháttum sínum á þann veg að þeir hafi gert sitt besta til að mæta þeim sem sóttu guðsþjónustur í heimasöfnuðum sínum og haft vilja til að prédika um mál er tengdust sorgar- eða áfallaviðburðum hrunáranna.⁷⁰³ Sálgæsluprédikun skiptir viðmælendur miklu máli og þeir ígrunda hvað þurfi að eiga sér stað í slíkri prédikun þegar hún er flutt.⁷⁰⁴ Rannsóknin gefur vísbendingar um að flestir viðmælendurnir hafi verið meðvitaðir um gildi þess að stunda sálgæslu í prédikun sinni. Þeir hafi þannig gegnt lykilhlutverki í fyrstu úrvinnslu áfalla í söfnuðum sínum.

⁶⁹³ Sjá kafla 5.1, 123.

⁶⁹⁴ Sjá kafla 1.2.2, 15–19.

⁶⁹⁵ Sjá kafla 1.2.2, 15–19.

⁶⁹⁶ Sjá kafla 5.2.2, 152.

⁶⁹⁷ Sjá kafla 5.1.1, 127.

⁶⁹⁸ Sjá kafla 5.2.2, 150.

⁶⁹⁹ Sjá kafla 5.1.3, 134.

⁷⁰⁰ Sjá kafla 5.1.3, 134–135.

⁷⁰¹ Sjá kafla 1.3, 28–29.

⁷⁰² Sjá kafla 5.2.3, 152–153.

⁷⁰³ Sjá kafla 5.2.3, 153.

⁷⁰⁴ Sjá kafla 5.2.4, 156.

Samantekt niðurstaðna

Í útkomukaflanum og greiningarkaflanum kemur fram hjá viðmælendum að þeir hafi sinnt ýmsu í aðstæðum tengdum áföllum hrúnáranna. Þeir hafi boðað fagnaðarerindið, talað inn í erfiðar kringumstæður og stundað hvort tveggja sálgæslu og kærleikspjónustu. Lesa má úr orðum þeirra að þeim finnist mikilvægt að tala til áheyrenda í erfiðum kringumstæðum.⁷⁰⁵ Viðmælendurnir virðast oft hafa tekist á við eigin ótta þegar þeir prédikuðu um erfið álitamál. Eins kemur fram að þeim þyki mikilvægt að segja alltaf satt og rétt frá þegar prédikað er um erfiðar kringumstæður eða áföll. Ein ástæða þess að þeir setja ekki prédikanir fram á vefnum er að þeir upplifi sig berskjaldaða gagnvart gagnrýni.

Umræður

Álykta má að viðmælendurnir hafi verið meðvitaðir um þá ábyrgð sína við að sinna fólki í prédikun þegar sorgarviðburðir og áföll eiga sér stað. Flestir segjast þeir leggja sig fram um að stunda sálgæslu í prédikun. Þrátt fyrir það virðast þeir upplifa óöryggi um það hvernig best sé að nálgast verkefnið. Einn viðmælandi sagðist hafa prédikað til fólks sem hafi verið að fást við kreppu í eftirleik hrunsins og verið í sorg. Fólkið hafi jafnframt haft áhyggjur af öðrum í sömu sporum.⁷⁰⁶ Annar viðmælandi segir að hann hafi lagt áherslu á að mæta sóknarbörnum sínum. Hann er þeirrar skoðunar að prédikun sé sálgæsla.⁷⁰⁷ Þriðji viðmælandinn tekur undir með hinum. Hann segist hafa prédikað í sálgæsluskyni til fólks sem var í áfalli og illa statt og segir þetta hafa verið mjög erfiðar kringumstæður.⁷⁰⁸ Travis færir rök fyrir því að áföll hafi áhrif á samfélög og í því ljósi sé mikilvægt að ræða um samfélagsleg áföll. Travis bendir einnig á að áföll hafi misjöfn áhrif á fólk.⁷⁰⁹ Newton segir jafnframt að prédikun þurfi að vera upplýsandi og útskýrandi og koma boðskap á framfæri þannig að hann skiljist í nútímasamfélagi. Hann bendir á að svonefndar aðstæðuprédikanir, nýtist sérlega vel í kringumstæðum áfalla.⁷¹⁰

Travis leggur áherslu á að í prédikun sé hægt að bregðast við þjáningu áheyrenda, hvort svo sem prédikun sé flutt í kirkju eða á netmiðlum. Prédikun geti orðið til þess að söfnuðurinn nái að vinna sig út úr áfalli. Hún segir einnig að prédikarar eigi að geta brugðist við erfiðum kringumstæðum enda séu þeir í sálgæslu vanir erfiðum aðstæðum.⁷¹¹ Vísbendingar koma fram í greiningarkaflanum um að viðmælendurnir hafi þekkt til verka þegar kemur að úrvinnslu sorgarviðburða. Einn viðmælandi segist sjá hlutverk sitt þannig að honum beri skylda til að sinna öllum með sama hætti, bæði sekum og saklausum. Hann segist leggja sig fram um það að tengja prédikun sína við aðstæður fólks.⁷¹² Annar viðmælandi segist hafa leitast við að prédika um málefni hrunsins. Í því ljósi velti hann því upp hvort það sé í lagi að hugsa um eigin

⁷⁰⁵ Sjá kafla 5.2.4, 156.

⁷⁰⁶ Sjá kafla 5.2.4, 156.

⁷⁰⁷ Sjá kafla 5.2.4, 156.

⁷⁰⁸ Sjá kafla 5.2.4, 156.

⁷⁰⁹ Sjá kafla 5.2.4, 157.

⁷¹⁰ Sjá kafla 5.2.4, 157.

⁷¹¹ Sjá kafla 5.2.4, 157.

⁷¹² Sjá kafla 5.2.3, 153–154.

hag á sama tíma og hann reyni að hugga fólk.⁷¹³ Þriðji viðmælandinn er ekki sama sinnis. Hann heldur því fram að prédikarar hruntímans hafi ekki staðið sig nægjanlega vel í því að koma boðskap um náungakærleik á framfæri í prédikun sinni.⁷¹⁴ Hér kemur vel fram hversu sálgæsla í prédikun er viðmælandunum mikilvæg. Florence heldur því fram að mikilvægi þess að vera sannur í prédikun og flytja vitnisburð um mál þar sem fólk er t.d. sakað um eitthvað að ósekju eða þar sem ranglæti hefur átt sér stað. Með því að gera slík mál opinber þá missi þau áhrifavald sitt. Hún tiltekur einnig að prédikarar þurfi að vinna með eigin tilfinningar áður en þeir geti prédikað um aðstæður eða atburði sem þeir hafi orðið vitni að.⁷¹⁵ Travis segir að það geti verið flókið að bregðast við kringumstæðum áfalla í prédikun en það sé mikilvægt að vinna með áfallasögur samfélagsins. Alltaf sé þó áriðandi að koma fagnaðareringinu jafnhliða á framfæri.⁷¹⁶ Af þessu má merkja að prédikun í kringumstæðum áfalla sé margslungin.

Þjóðkirkjan starfar með kærleikspjónustu í fyrirrúmi og fram kemur í rannsókninni að mörg sóknarbörn þjóðkirkjunnar hafi átt erfitt efnahagslega í hruninu. Einn viðmælandinn segir frá því að skjólstaðingur sem áður hafði verið vel stæður hafi leitað til kirkjunnar til að fá hjálp því hann hafi ekki átt fyrir mat. Hann tiltekur að aðstæður fólks hafi verið afar erfiðar í kjölfar hrunsins og að hann hafi leitast við að mæta þeim í prédikun.⁷¹⁷ Hér má aftur greina aðstæður sem gera prédikun á áfallatímum vandasama þar sem erfitt getur verið að mæta sértækum hópum í almennri prédikun. Florence heldur því fram að prédikarar þurfi að glíma við eigin tilfinningar áður en þeir geti prédikað um atburði eða aðstæður sem þeir hafi orðið vitni að.⁷¹⁸ Florence og Engemann segja bæði að aðferðir vitnisburðarprédikunar séu mikilvægar, ekki síst í því ljósi að prédikarinn geti þar sýnt að boðskapur hans hafi haft áhrif á hans eigið líf.⁷¹⁹

Í efnahagshruninu sköpuðust einstakar efnahagslegar kringumstæður sem þjóðin öll þurfti að takast á við. Viðmælandur rannsóknarinnar voru þar ekki undanskildir. Einn viðmælandi sagðist yfirleitt vera öruggur með sig þegar hann prédikaði en sagðist þó stundum hafa verið óviss um eigin stöðu.⁷²⁰ Annar viðmælandi veltir því fyrir sér hversu frjálsglega hann megi tala í prédikun.⁷²¹ Hann segist stöðugt þurfa að meta hvaða mál hann megi taka fyrir í prédikuninni. Þegar viðmælandur rifja upp reynslu sína og upplifanir frá hruntímanum lýsa margir þeirra verulegum óþægindum sem þeir urðu fyrir. Sú staða hefur haft áhrif á starf þeirra og líðan. Þrátt fyrir þetta kemur skýrt fram að þeir telji sig fyrst og fremst hafa lagt áherslu á að liðsinna sóknarbörnum sínum. Fram kemur að þeir hafi prédikað gegn óheilbrigðu ástandi sem átti rætur að rekja til upplausnar og óreiðu á hruntímabilinu.

⁷¹³ Sjá kafla 5.2.3, 153–154.

⁷¹⁴ Sjá kafla 5.2.3, 153–154.

⁷¹⁵ Sjá kafla 5.2.2, 158.

⁷¹⁶ Sjá kafla 5.2.2, 158.

⁷¹⁷ Sjá kafla 5.2.3, 152.

⁷¹⁸ Sjá kafla 5.2.3, 154.

⁷¹⁹ Sjá kafla 5.1.3, 139.

⁷²⁰ Sjá kafla 5.1.3, 135.

⁷²¹ Sjá kafla 5.1.3, 134.

6.2 Lokaorð

6.2.1 Inngangur

Í inngangskafli gerði höfundur grein fyrir þeim stefnum innan prédikunarfræðinnar sem ritgerðin fellur undir. Án þess að glíma við kenningarkerfi síðnýlenduhyggjunnar nýtir höfundur sér þó hugtök úr prédikunarfræði sem ber þess merki að vera undir áhrifum hennar. Þar má nefna hugtökin áföll, vald, miðju og jaðar. Þessi hugtök eru rædd sem hluti af þeim samfélagslegu viðfangsefnum sem prédikunin tekst á við.

Höfundur styðst við kortlagningu Marlene Ringgaard Lorensen á empírískum rannsóknum í prédikunarfræði á Norðurlöndum til að staðsetja ritgerðina í fræðilegu samhengi.⁷²² Í ritgerðinni hefur verið sýnt fram á það að hún eigi heima í Norðurlandaflóru prédikunarfræðinnar.

Sérstaða þessarar ritgerðar felst í því að rannsaka reynslu íslenskra presta á umbrotatímum í sögu íslensks samfélags og þjóðkirkjunnar. Viðmælendur lýstu upplifunum sínum í starfi sem prestar og prédikarar innan íslensku þjóðkirkjunnar. Rannsóknin er framlag til bæði íslenskrar prédikunarfræði og alþjóðlegrar. Í ritgerðinni eru færð rök fyrir því að prédikunarfræðin hafi ekki gefið þeim samfélagslegu áföllum sem prédikarar og áheyrendur hafi upplifað nægjanlegan gaum. Brugðið er ljósi á reynslu og upplifun viðmælanda af því að starfa á tímum átaka og samfélagslegs áfalls. Á þessu tímabili þurftu þeir að takast á við umfangsmikil mál sem skulu á þjóðkirkjunni og starfsfólki hennar, auk þess sem hrúnið hafði verulega áhrif á líf þeirra og störf. Höfundur áttaði sig betur eftir því sem leið á úrvinnslu viðtalsrannsókna og samsetningu ritgerðarinnar sem heildar hversu mikilvægt það er að skoða takmarkanir rannsóknar með opnum huga. Undirkaflinn hér á eftir fjallar einmitt um þennan mikilvæga þátt rannsóknarinnar.

6.2.2 Takmarkanir rannsóknarinnar

Í eigindlegum rannsóknum verða oft til takmarkanir sem þarf að greina og vinna með. Hér á eftir verður greint frá helstu takmörkunum rannsóknarinnar. Iðulega þarf að skoða siðferðileg álitamál í rannsóknum. Í undirkaflanum hér á eftir er rætt um álitamál sem komu upp í ferlinu. Eins og áður hefur komið fram voru þátttakendur upplýstir um framkvæmd rannsóknarinnar og hvernig unnið væri úr niðurstöðum. Höfundur gat nýtt sér „hvað“ og „hvernig“ spurningar til að tengja atburði og upplifanir.⁷²³ Þannig gat hann nálgast þau fyrirbæri sem komu upp og fengið viðmælanda til að skilgreina betur og dýpka mál sitt.⁷²⁴

Viðtölin voru framkvæmd í tveimur hlutum, fyrri hluti haustið 2015 og seinni huti í byrjun árs 2016. Málin sem fjallað er um og marka átakatímamann sem höfundur nefnir svo, lýkur flestum samkvæmt skilgreiningum höfundar á árunum 2012-2015. Viðtöl hefjast á sama ári og málinu

⁷²² Sjá kafla 1.4, 30-31.

⁷²³ Charmaz, *Constructing Grounded Theory*, 94.

⁷²⁴ Charmaz, *Constructing Grounded Theory*, 351–352.

um ein hjúskaparlög lýkur formlega, hruntímanum líkur formlega árið 2013 og biskupsmálinu 2012. Langur tími er liðinn frá tíma kristnitökuháttíðarinnar á Þingvöllum sem lauk árið 2001 einnig er nokkuð langur tími frá efnahagshruninu sjálfu sem stóð árin 2008-2009. Tími sem liðið hefur frá atburðum getur vissulega haft áhrif á minni viðmælenda og túlkun þeirra á atburðum, þar sem endursögn af reynslu þeirra mótast mögulega að einhverju leyti í ljósi síðari atburða og þróunar. Um leið má þó líta á þetta sem styrkleika þar sem fjarlægð í tíma getur skapað rými til ígrundunar og heildstæðari túlkunar á eigin reynslu og upplifunum.

Þátttakendur í rannsókninni voru átta talsins. Þrátt fyrir að slíkur fjöldi sé í fullu samræmi við markmið eigindlegra rannsókna um dýpt fremur en breidd takmarkar hann möguleika til alhæfingar um niðurstöður.⁷²⁵ Viðmælendahópurinn endurspeglar ekki alla prestastéttina. Niðurstöður varpa fyrst og fremst ljósi á upplifanir og reynslu þeirra presta er þátt tóku í rannsókninni. Markmið rannsóknarinnar voru afmörkuð og því þurfti færri viðmælendur en ella. Höfundur ákvað í samráði við leiðbeinanda að fjöldinn yrði átta prestar þar sem það var talið nægjanlegt til að þjóna markmiðum rannsóknarinnar um dýpt fremur en breidd. Það var mat leiðbeinanda og höfundar að með þessum fjölda viðmælenda fengist nægjanleg breidd og dýpt í gagnasafni til að svara rannsóknarspurningunni. Endurtekin þemu komu skýrt fram í greiningunni sem styður þessa ákvörðun. Einnig var það mat leiðbeinanda og höfundar að þessi fjöldi tryggði mettuð gagna.⁷²⁶

Höfundur var ekki prestur þegar viðtölin voru tekin en var vígður til prestsþjónustu stuttu seinna og hefur því verið starfandi prestur á úrvinnslutíma rannsóknarinnar. Í því ljósi hefur hann skoðanir á prédikun og flutningi hennar sem byggja hvort tveggja á menntun og eigin upplifunum og reynslu. Greina má hvort tveggja kosti og galla þegar spyrjandi þekkir nokkuð vel það sem spurt er um. Kostirnir eru þeir að höfundur hafði þokkaleg tök á að tala sama fagmál og viðmælendur, getur skilið og samsamað sig við það sem þeir segja án þess endilega að vera sammála því eða láta eigin skoðanir í ljós. Gallarnir eru helst þeir að mati höfundar að sum þeirra mála sem komu upp í viðtalsrannsókninni voru mál sem hann hefur skoðanir á. Því var mikilvægt í rannsóknarferlinu að setja þær til hliðar og gæta þess að fara sem hlutlausasta leið í spurningum. Höfundur lagði áherslu á að greina eigin sjónarmið í viðtölum rannsóknar með það að leiðarljósi að rödd viðmælenda myndi njóta sannmælis. Höfundur hefur gætt að sér allan tímann en getur þó ekki annað en gert grein fyrir að áhugaefni hans hafi beint honum í ákveðnar áttir við rannsóknina í úrvinnslu, vali efnis og efnistöku.

Í þessu ljósi hefur verið mikilvægt fyrir höfund að vera vakandi fyrir sjálfum sér og eigin áliti á því sem kom fram í viðtölum og við úrvinnslu þeirra. Höfundur vill árétta hér að hann er að gera rannsókn á samstarfsfólki sínu og vinnur hjá þjóðkirkjunni sem oft er nefnd á nafn og fjallað um í ritgerðinni. Þetta gæti haft áhrif á túlkanir hans. Í þessu ljósi hefur höfundur þurft að vera mjög vakandi fyrir aðgreiningu á milli sín og viðmælendanna. Fyrir höfund var það áskorun við greiningar og niðurstöðuvinnu ritgerðarinnar að halda eigin skoðunum og áliti í

⁷²⁵ Hennink o.fl., *Qualitative Research Methods*, 88-90.

⁷²⁶ Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, „Réttmæti og áreiðanleiki,“ 226-231.

fjarlægð frá ritgerðinni. Í ljósi þess að rannsóknarspurning ritgerðarinnar er lýsandi en hvorki normatíf né súbjektíf hefur höfundur þurft að leggja nokkra vinnu í að halda sér við lýsandi hátt í niðurstöðuvinnu. Í lokavinnslu ritgerðarinnar hefur höfundur dregið lýsandi niðurstöður með því að ræða upplifanir viðmælenda og hvernig þær koma heim og saman við þá reynslu er höfundur nýtir sér frá þeim kennismiðum sem unnið er með í ritgerðinni. Höfundur hefur lagt áherslu á að fella hvorki gildisdóma né draga ályktanir út frá eigin skoðunum eða sjónarmiðum. Þannig hefur hver fullyrðing sem fram er sett í niðurstöðum verið byggð á því sem áður hefur fram komið í ritgerðinni. Hér má greina tengingu við gæðamat rannsóknarinnar þar sem áreiðanleiki hennar, sem hefur áhrif á samræmi og trúverðugleika rannsóknarinnar, er til umfjöllunar.

Á rannsóknartímanum ígrundaði höfundur starfsaðferðir sínar reglulega og var meðvitaður um að vera rannsóknartækið sem notað er í doktorsverkefninu. Hann hafði greiddan aðgang að leiðbeinanda og doktorsnefnd í námsferlinu til þess að ræða rannsókn og framvindu verksins. Þau atriði sem höfundur fékkst við og ígrundaði má deila í sex flokka. Þessir flokkar eru: nafnleysi, hlutlægni, kynbundið vald, öryggi og hvenær rannsókn megi vera stýrandi og hvenær ekki.

Hvað nafnleysi viðmælendanna varðar getur stundum verið snúið að setja öll gögn fram. Þetta tengist réttmæti sem fjallað er um í gæðamati rannsókna. Eins og fram kom fyrr í þessum kafla og sökum þess hversu prestastéttin er fámenn á Íslandi krafðist það tölverðrar vinnu að taka úr gögnum hvort tveggja upplýsingar og orðfæri til að tryggja að ekki væri hægt að auðkenna viðmælendur.⁷²⁷ Sem dæmi um þetta má nefna að ef fjallað væri um miðaldra karl sem hefði starfað í ákveðinn tíma í söfnuði á höfuðborgarsvæðinu væri tiltölulega auðvelt fyrir þau sem til þekkja að geta sér til um hver viðkomandi aðili væri. Sem dæmi um leiðir til þess að bregðast þessum vanda var notuð sú leið að sleppa upplýsingum um hvar viðkomandi ynni sem prestur eða í hvaða söfnuði viðkomandi starfaði. Þá var ekki greint frá því í rannsókninni hvort þátttakandi þjónaði í litlum eða stórum söfnuði sem gæti gefið vísbendingar um hver ætti í hlut. Þegar fjallað er um jafn viðkvæm og persónuleg gögn og verða til í viðtalsrannsókninni er mikilvægt að hafa réttmætissjónarmið í huga og tryggja ytra réttmæti, þ.e. að leitast við að tryggja sannleiksgildi þeirra upplýsinga er fram koma jafnvel þótt breyta eða sleppa þurfi smávægilegum þáttum í svörum viðmælenda.

Hlutlægni er annar þáttur í gæðamati rannsókna sem tengist því að höfundur líti til eigin skoðana og viðurkenni þær forsendur sem hann gefur sér, taki tillit til þeirra við vinnslu rannsóknarinnar og tryggi þannig hlutleysi sitt gagnvart niðurstöðum. Annað atriðið sem höfundur ígrundaði sem mögulega takmörkun rannsóknarinnar voru eigin möguleikar á hlutleysi. Í kenningakafla ritgerðarinnar var fjallað um minnihlutahópa og forréttindahópa, aðallega út frá kenningum Travis og Kim. Þar var hugsunin að útskýra og vinna með völd og valdaójafnvægi. Þegar kemur að viðtölum sem að öllu leyti er stjórnad af höfundi er ekki hægt að líta fram hjá því að hann er miðja þeirra viðtala og í valdastöðu sem slíkur. Spurningar eru

⁷²⁷ Sigurður Kristinsson, „Grunnþættir í siðfræði rannsókna“, 108–109.

lagðar fram samkvæmt viðtalsrömmum, þær geta leitt af sér afleiddar spurningar, viðtöl eru kóðuð og þemu valin. Að lokum greinir höfundur og túlkar útkomuna sem lýkur með því að settar eru fram niðurstöður ritgerðarinnar. Í þessu ljósi var mikilvægt fyrir höfund að vera vakandi fyrir eigin skoðunum og álit á því sem kom fram í viðtölum og við úrvinnslu þeirra.

Enn eitt atriðið sem höfundur ígrundaði og tengist einnig hlutlægni var kynbundið vald og hvernig það getur takmarkað rannsóknina. Viðmælendur voru af báðum kynjum. Í því ljósi þarf að gæta að stöðu höfundar sem karlkyns spyrjanda. Helmingur viðmælenda rannsóknarinnar eru konur. Í ritgerðinni er fjallað um kynbundið vald út frá kenningum Kim og Travis. Í ljósi þess að karlmenn hafa lengi verið í kynbundnum valdastöðum og þá ekki síst í vísindasamfélaginu velti höfundur því fyrir sér og hafði í huga hvort þessi mögulega valdastaða hans hefði áhrif á möguleikana til að taka viðtöl við kvenkyns viðmælendur á jafnréttisgrundvelli. Í þessu samhengi má álykta að einhverjir kvenkyns viðmælenda höfundar hafi mögulega talað öðruvísi við hann af því hann er karlmaður. Þetta er þó atriði sem ekki er hægt að fullyrða um og kom ekki fram meðan á rannsókn stóð. Upplifun höfundar var að ekki hefði verið greinanlegur munur á einlægni í samtölum eftir kynjum.

Gera má ráð fyrir að vantraust þátttakenda til yfirstjórnar þjóðkirkjunnar hafi mögulega haft áhrif á rannsóknarferlið í viðtölunum. Sumir viðmælenda greindu frá því að þeir gætu ekki prédikað um hvað sem er af ótta við viðbrögð utanaðkomandi. Þetta varð til þess að höfundur lagði enn ríkari áherslu á að gera allt sem í hans valdi stóð til að gera gögn órekjanleg. Til að vera trúr gögnum rannsóknarinnar þurfti að setja þessar áherslur gagnanna fram en á sama tíma vildi höfundur virða viðmælendur sína og skapa öruggar aðstæður fyrir viðtölin. Höfundur er ekki nafnlaus, ólíkt viðmælendum rannsóknarinnar. Því taldi hann mikilvægt að vera trúr viðmælendum, birta þær vísbendingar er gögnin gefa, axla ábyrgð gagnvart viðmælendum og gæta að siðferðislegri stöðu höfundar gagnvart lesendum.

Að lokum vill höfundur víkja nokkrum orðum að þeirri spurningu hvort og þá hvernig viðtalsrammarnir eru stýrandi fyrir viðtalið. Nokkrar spurningar í öðrum viðtalsramma rannsóknarinnar gætu verið stýrandi. Þetta telur höfundur réttlætanlegt í ljósi rannsóknarspurningarinnar. Auk þess komu orðin eða hugtökin upphaflega frá þátttakendum rannsóknarinnar eins og skýrt er betur hér síðar í kaflanum. Í þessu samhengi vill höfundur vísa í það sem Hennink, Hutter og Bailey segja varðandi það að viðtalsrammar eigindlegra rannsókna séu í öllum tilfellum fyrst og fremst til viðmiðunar og breytist mjög oft og þróist í viðtölum hverju sinni.⁷²⁸ Ástæðan fyrir seinni viðtalsrammanum var sú að viðtölin, rétt eins og doktorsverkefnið, höfðu þróast og var því ákveðið að leggja meiri áherslu á spurningar með tengingum við efnahagshrunið í þeim ramma.

Eftirfarandi eru samanburðardæmi um spurningar úr tveimur viðtalsrömmum sem notaðir voru við rannsóknina:

⁷²⁸ Hennink o.fl., *Qualitative Research Methods*, 112–116.

Viðtalsrammi 1:

-Fyrir hverja er prédikunin skrifuð (kirkjugesti, samfélagsmiðla, fjölmiðla)?

Viðtalsrammi 2:

-Mig langar að biðja þig í upphafi samtals okkar að ræða við mig um stöðu prestsins sem samvisku safnaðarins í prédikunum og boðun út frá aðdraganda hrunsins, hruninu sjálfu og eftirleik þess. Hvernig brást þú sjálf/ur við græðgismisvæðingunni/einstaklingshyggjunni og afleiðingum hennar sem má líkja við siðrof í þínum prédikunum og framsetningu á þessum tíma?

Viðtalsrammi 1:

-Hvað er gert til að koma henni á framfæri víðar en í guðsþjónustum o.s.frv.?

Viðtalsrammi 2:

-Í framhaldi af þessu langar mig að biðja þig að segja mér hvað þú telur að þurfi að gera til að boðun/prédikun inn í kringumstæður eins og voru í aðdraganda hrunsins nái til þeirra er á hlýða. Og í samhengi við það hvort prestar/kirkjur þurfi þá að nota aðra miðla samhliða prédikun í kirkjunni til að koma boðskapnum á framfæri.

Viðtalsrammi rannsóknarinnar þróaðist á milli viðtalanna tveggja. Í seinni viðtölunum, sem voru framkvæmd í ársbyrjun 2016, valdi höfundur að bæta við spurningum er varða efnahagshrunið og notaði þar orð eða hugtök sem geta talist gildishlaðin. Þau höfðu komið afgerandi fram hjá viðmælendum í fyrri hluta viðtalanna og við fyrstu greiningu þeirra. Hugtökinn voru því tekin frá þátttakendum rannsóknarinnar. Má þar nefna hugtök eins og siðrof, græðgi og græðgismisvæðingu sem höfundur taldi að hefðu orðið almenn á hruntímanum. Spurningar í viðtalsrömmum eru ekki lesnar upp í viðtölum þar sem þær eru eingöngu til viðmiðunar fyrir spyrjanda. Höfundur velti því fyrir sér hvort orðalag spurninga væri með þeim hætti að hugtökum og orðum væri haldið að viðmælendum en taldi að svo hefði ekki verið. Notkun gildishlaðinni hugtaka gæti mögulega talist stýrandi. Þar sem um var að ræða hugtök sem komu frá þátttakendum viðtalsrannsóknarinnar var það mat höfundur að réttlætjanlegt væri að hafa slík hugtök í seinni viðtalsrammanum þar sem ákveðið var að auka áherslu á hruntímann. Það hefur verið hluti af lærdómsferli höfundar að skoða vandlega siðfræði rannsókna. Hluti þess hefur verið að ígrunda hvernig gildishlaðnar spurningar geti verið leiðandi.

Nálgun sem þessi gæti vafalítið haft áhrif á svör viðmælenda og var því tekið tillit til þess við túlkun niðurstaðna.

Höfundur hefur leitast við að mæta þessari takmörkun með gagnrýnni sjálfsskoðun og með því að greina sem skýrast á milli lýsinga viðmælenda og túlkunar höfundar. Höfundur er sannfærður um að hefði hann vitað það sem hann veit í dag um verkefnið og ferli rannsókna hefði hann að öllum líkindum unnið þennan þátt rannsóknarinnar öðruvísi í upphafi.

Þegar þau atriði sem hér hafa verið nefnd sem mögulegar takmarkanir á rannsókninni eru dregin saman telur höfundur að þess hafi verið gætt að nefna þau atriði er skipta máli þegar litið er til gæða rannsóknarinnar. Höfundur hefur litið í eigin barm í ferlinu og gætt þess að hafa hlutlægni í huga. Þessi takmörkun varð hluti af lærdómsferli höfundar og hefur aukið vitund hans um siðferðileg atriði í eiginlegum rannsóknum. Álitamál sem komið hafa upp hafa verið leyst í samráði við leiðbeinendur og fengið farsæla niðurstöðu. Í næsta undirkafla verður fjallað nýbreytni rannsóknarinnar og frekari rannsóknir.

6.2.3 Nýbreytni og frekari rannsóknir

Eftirfarandi eru helstu atriði sem teljast til nýbreytni rannsóknarinnar en skáletruð orð draga fram áherslu hvers atriðis:

1. Þetta er fyrsta doktorsrannsóknin á Íslandi um *reynslu prédikara* sem gerir hana að framlagi til íslenskrar prédikunarfræði.
2. *Alþjóðleg nýlunda* er falin í að rannsaka reynslu prédikara í efnahagshruni heillar þjóðar.
3. Rannsóknin varpar *nýju ljósi á áhrif félagslegs taumhalds* á prédikun og sjálfsupplifun prestsins.
4. Fjallað er um *traust og trúverðugleika* í samskiptum prests og safnaðar í gegnum sálgæslu prédikunarinnar.
5. Rannsókn ritgerðarinnar færir fram *nýja þekkingu* um reynslu prédikara í samfélagslegu áfalli.
6. Ný þekking hefur orðið til um reynslu prédikara í *aðdraganda einna hjúskaparlaganna*.
7. Í ritgerðinni er birt reynsla af því að *prédika undir ásökunum* á hendur biskupi um kynferðisbrot.
8. Prédikun á *nýrri öld samfélagsmiðla* er rannsökuð í ritgerðinni og reynsla prédikara af notkun þeirra.
9. Fjallað er um reynslu prédikara á *tíma nýs kirkjuskilnings*.
10. *Stafræn tækni og internetið* í þágu trúarlegrar boðunar eru tekin til skoðunar sem bregður upp mynd af framtíð kirkjulegs starfs á netinu.
11. Í þessari ritgerð er í fyrsta sinn, að einhverju marki, varpað ljósi á aðdraganda hrunsins, hrunið sjálft og eftirmála þess *út frá kirkjulegu sjónarhorni*.

Öllum rannsóknum eru takmörk sett. Það hlýtur að teljast hluti lærdómferils sem höfundur hefur farið í gegnum að skoða hvað framtíðin ber í skauti sér. Í þessari rannsókn hafa komið fram ýmis atriði sem féllu utan þeirra marka sem viðmið og rannsóknarspurning settu, en sem vert er að skoða nánar í framtíðinni. Hér verða nefnd dæmi um þætti sem gætu orðið að viðfangsefni síðari rannsókna byggðra á þessari rannsókn.

Fyrst ber að nefna vangaveltur viðmælenda um aðgreiningu heimasafnaða og þjóðkirkjunnar, sem komu fram í rannsókninni. Umræða beindist að því hvort og þá hvernig félagslegt taumhald biskups, safnaðarmeðlima og stjórnvalda hafi áhrif á prédikun. Höfundur hefur hug á að vinna frekar með þennan þátt. Leiða má líkum að því að það sé ekki eingöngu orðfæri eða

tjáningarform viðmælanda sem hafi áhrif á skilning áheyrenda. Mögulegt er að aðrir þættir séu einnig ástæða þess að áheyrendur hafi ekki heyrt eða tileinkað sér það sem þeir boðuðu í prédikunum sínum á átakaímanum. Vert væri að rannsaka þetta nánar út frá sjónarhorni áheyrenda og upplifun þeirra. Í máli viðmælanda kemur fram að þeir breyti prédikun sinni eftir því hverjir eru viðstaddir guðspjónustu. Þetta atriði kallar á nánari rannsókn. Þegar viðtölin voru tekin var staða netmiðla önnur en hún er nú, á miðjum þriðja áratug aldarinnar. Mikil þróun hefur átt sér stað í birtingu efnis á stafrænum vettvangi síðan þá. Mikilvægt er að kanna sérstaklega hvaða áhrif þessi þróun hefur haft á prédikun. Bæði með tilliti til undirbúnings þeirra og birtingar.

6.2.4 Samantekt

Í ritgerðinni fæst höfundur við upplifanir og reynslu viðmælanda á tímum samfélagslegra áfalla og áhrif þeirra á prédikanir. Söguleg greining í inngangskafli leiðir í ljós að þjóðkirkjan hafi glímt við ýmsar áskoranir af félagslegum toga á átakatímanum. Áhrif prédikunar á þessum tíma voru rannsökuð í ritgerðinni og einnig hvaða afleiðingar þau áföll sem riðu yfir hafi haft á viðmælendur, prédikun þeirra og áheyrendur. Ritgerðin lýsir reynslu af því að prédika í efnahagslegu hruni sem veldur samfélagslegu áfalli. Ekki er einungis prédikað til sérstakra hópa heldur til heildarinnar á áfallatíma þegar rökstyðja má að þjóðarhugtakið og þjóðkirkjuhugtakið séu í uppnámi. Prédikun viðmælendanna litaðist af reynslu þeirra og upplifunum á þessum viðsjárverðu tímum, rétt eins og viðtaka prédikunarinnar.

Viðmælendurnir virðast hafa upplifað ástand hrunárana sem siðrof. Greina má að sumir þeirra hafi haft skilning á félagsfræðilegri merkingu hugtaksins en aðrir nýtt það sem einhvers konar regnhlífahugtak yfir græðgi og aðra hegðun sem talin var neikvæð á hrunárunum. Viðmælendurnir hafa áhyggjur af taumhaldi yfirvalda, yfirboðara síns og þeirra safnaða sem þeir hafa heitið að þjóna sem prédikarar. Þeir óttast viðurlög eða afleiðingu ef þeir prédika um mál sem ekki séu vel séð af ákveðnum aðilum. Þetta, ásamt fleiri atriðum á borð við þátttöku þeirra í efnahagslegri uppsveiflu hrunárana, bendir til þess að þeir efist um trúverðugleika sinn í prédikun.

Umræða var um heimasöfnuði sem mögulega nytu trausts umfram þjóðkirkjuna sem stofnun. Spyrja má hvort þessi skýra aðgreining milli þjóðkirkjunnar sem stofnunar og safnaðarins á heimaslóðum standist nánari skoðun. Mögulega sé um að ræða eftiráskýringu sem byggir á túlkun viðmælanda frekar en staðreyndum. Tæplega er hægt að sýna fram á að sú tvískipting sé fyrir hendi með óyggjandi gögnum. Viðmælendurnir prédika til fólksins í söfnuðunum sem hefur orðið fyrir áfalli þrátt fyrir að þeim finnist að trúverðugleiki þeirra sé ekki lengur til staðar. Valdsmunur er viðmælendum ofarlega í huga í rannsókninni. Það er ólíku saman að jafna, valdstöðu biskups, prófasta eða presta, hvað þá heldur prests og sóknarbarns. Það hefur ekki verið auðvelt fyrir viðmælendurna að starfa í þeim aðstæðum sem lýst hefur verið í ritgerðinni, né heldur hefur verið auðvelt að segja fólki sem ekki hefur upplifað það sjálft hvernig mætti skilja eða vinna úr slíkum aðstæðum.

Hafið er yfir vafa að reynsla og upplifun viðmælendanna í þeim aðstæðum áfalla sem uppi voru á hrunárunum hafi haft mikil áhrif á prédikun þeirra. Átakatíminn reyndist viðmælendunum erfiður. Sjálfir lýsa þeir því hvernig þeir voru staddir í miðri hringiðu samfélagslegs áfalls og þurftu að sinna almenningi sem leitaði til þeirra á sama tíma. Þeir lýsa gríðarlegum álagstíma í starfi sínu og virðast hafa trúað því að stjórnvöld og þjóðkirkjan stæðu jafnvel á móti þeim. Greina má í máli viðmælendanna að þeir hafi verið í uppnámi, þeir hafi talað til fólks sem var í uppnámi og þeir hafi prédikað um samfélag í uppnámi. Að ákveðnu leyti má tala um þetta sem kjarna umfjöllunarinnar í þessari ritgerð.

Heimildaskrá

- Alþingi, *Öll erindi í 485. máli: Hjúskaparlög, staðfest samvist o.fl. Sr. Sigríður Guðmarsdóttir og fleiri prestar (till. og undirskriftarlistar).*
<https://www.althingi.is/altext/erindi/138/138-2719.pdf>
- Appelrouth, Scott og Edles, Laura D. *Classical and Contemporary Sociological Theory.* Sage Publications, 2016.
- Arnfríður Guðmundsdóttir. „Kirkjan sem öruggur staður: Um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar.“ *Ritröð Guðfræðistofnunar* 22, nr. 34 (2012): 10–35.
<https://timarit.is/page/6688289#page/n11/mode/2up>
- Bhabha, Homi K. „Tvístrun þjóðarinnar: Tími, frásögn og jaðar nútímapjóðarinnar.“ *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar* 5, nr. 2 (2005): 177–220.
<https://timarit.is/page/6204014?iabr=on#page/n1/mode/2up>
- Berg, Bruce L. *Qualitative research methods for the social sciences.* Allyn and Bacon, 1998.
- Berglind Gísladóttir og Sigríður Halldórsdóttir. „Inngangur að aðferðafræði.“ Í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstýrt af Sigríði Halldórsdóttur, 23–26. Háskólaútgáfan, 2021.
- Berglind Guðmundsdóttir. „Áföll og áfallahjálp: Hvað er rétt að gera og hvað ekki?“ *Læknablaðið* 108, nr. 05 (2022). doi:10.17992/lbl.2022.05.689
- Charmaz, Kathy. *Constructing grounded theory: A practical guide through qualitative analysis.* 2. útgáfa. Sage Publications, 2014.
- Clinebell, Howard. *Basic Types of Pastoral Care & Counseling: Resources for the Ministry of Healing & Growth.* Abingdon Press, 2011.
- Conger, Jay A. „Max Webers conceptualization of charismatic authority: It’s influence on organizational research.“ *Leadership quarterly* 4, nr. 4 (1993): 277–288.
<https://www.sciencedirect.com/science/article/abs/pii/104898439390035R>
- Craddock, Fred B. *As One Without Authority: Revised and With New Sermons.* Chalice Press, 2001.
- Creswell, John W. *Qualitative Inquiry & Research Design: Choosing Among Five Approaches.* Sage Publications, 2013.
- Durkheim, Émile. *The Division of Labour in Society.* Þýtt af W. D. Halls. Macmillan, 1984.
- Durkheim, Émile. *Suicide: A Study in Sociology.* Kindle útgáfa. The Free Press, 1997.

- Durkheim, Émile. „Selected writings“. Í *Selected Writings*, ritstýrt af Anthony Giddens. Cambridge University Press, 2005.
- Eberhard Harbsmeier og Hans Raun Iversen. *Praktisk teologi*. Anis, 1995.
- Efnahags- og viðskiptaráðuneytið, *Skýrsla efnahags- og viðskiptaráðherra til Alþingis* (Efnahags og viðskiptaráðuneytið, 2012).
<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6925/Framtidarskipan-fjarmalakerfisins.pdf?sequence=1>
- Einar Sigurbjörnsson, *Embættisgjörð, Guðfræði þjónustunnar í sögu og samtíð*. Guðfræðistofnun, 2012.
- Einar Sigurbjörnsson, *Kirkjan játar: Saga og mótun kristinna trúarjátninga og yfirlit yfir helstu kirkjudeildir kristninnar játningarrit íslensku Þjóðkirkjunnar með skýringum*. Skálholtsútgáfan, 2002.
- Eiríkur Bergmann. *Iceland and the International Financial Crisis: Boom, Bust and Recovery*. Palgrave Macmillan, 2014.
- Engemann, Wilfried. *Homiletics: principles and patterns of reasoning*. Þýtt af Anna Walschofer. De Gruyter, 2019.
- Engemann, Wilfried. „Maðurinn fram í dagsljósið: Mannfræðilegar forsendur trúariðkunar.“ Í *Ritroð guðfræðistofnunar* 29, nr. 43 (2016): 41–53.
<https://ojs.hi.is/index.php/ritrodgudfraedistofnunar/issue/view/284>
- Engemann, Wilfried. *Á mælikvarða mannsins: Leiðin til samtíma prédikunar*, ritstýrt og þýtt af Gunnari Kristjánssyni. Kjalarnesprófastsdæmi, 2012.
- Engemann, Wilfried. „Prédikunarundirbúningur og prédikunargreining í hóp.“ Í *Skynjun og skilningur, prédikunarseminar í Skálholti 26.–28. október 2008*. Kjalarnesprófastsdæmi, 2011.
- Engemann, Wilfried. „Samtal í prédikun.“ Í *Jesús og jaðarfólkið: Mannskilningur og trú, Prédikunarseminar í Skálholti 10.–11. október 2010*. Kjalarnesprófastsdæmi, 2010.
- Esterberg, Kristin. *Qualitative methods in social research*. McGraw Hill, 2002.
- Florence, Anna Carter. *Preaching as Testimony*. Kindle útgáfa. Westminster John Knox Press, 2007.
- Forsætisráðuneytið, *Skýrsla nefndar forsætisráðherra um réttarstöðu samkynhneigðra*. Forsætisráðuneytið, 2004. <https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti->
- Fritz Már Jörgensson. „Prédikun í opinberu rými.“ Í *Trú og þjóðfélag: Afmælisrit til heiðurs Pétri Péturssyni prófessor*, ritstýrt af Bjarna Randver Sigurvinssyni, Agli Benedikt Hreinssyni og Jónasi Elíassyni, 259–267. Háskólaútgáfan, 2021.

- Gaarden, Marianne. *The Third Room of Preaching: The Sermon, the Listener, and the Creation of Meaning*. Presbyterian Publishing, 2017.
- Gaarden, Marianne. „Den skjulte kirkegænger.“ Í *Kritisk forum for praktisk theology*, ritstýrt af Marianne Gaarden og Kirstine Helboe Johansen, 53–70. Forlaget Anis, 2014.
<https://www.eksistensen.dk/media/wysiwyg/Tidsskrifter/KritiskForum/2014/Kritiskforum-137.pdf>
- Gaarden, Marianne og Lorensen, Marlene Ringgaard. „Listeners as Authors of Preaching: Empirical and Theoretical perspectives“. Í *Homiletic* 38, nr. 1 (2013): 28–45.
<https://homiletic.net/index.php/homiletic/article/view/3832>
- Geir Þ. Þórarinnsson. „Hvað er siðrof?“ *Vísindavefurinn*, 11. desember 2009.
<http://visindavefur.is/svar.php?id=54215>
- Grace, Meghan og Seemiller, Corey. *Generation Z: A Century in the Making*. Routledge, 2019.
- Gräb, Wilhelm. *Orðið er laust: Um predikun í samtímanum*, þýtt af Gunnari Kristjánssyni og Kristínu Þórunni Tómasdóttur, ritstýrt af Gunnari Kristjánssyni. Kjalarnessprófastsdæmi, 2013.
- Greenwood, Royston og Lawrence, Thomas B. „The Iron Cage in the Information Age: The Legacy and Relevance of Max Weber for Organizational Studies.“ *Organizational studies* 26, nr. 4 (2005): 493–499. doi:10.1177/0170840605051465
- Guðmundur Oddsson. „Innihaldsgreining.“ Í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstýrt af Sigríði Halldórsdóttur, 381–402. Háskólaútgáfan, 2021.
- Guðni Th. Jóhannesson. *Hrunið: Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*. JPV útgáfa, 2009.
- Guðrún Johnsen. *Bringing Down the Banking System: Lessons from Iceland*. Palgrave MacMillan, 2014.
- Guðrún Kvaran. „Hvað er tvítala og hvaða dæmi um greinarmun tvítölu og fleirtölu finnast í nútíma íslensku?“ *Vísindavefurinn*, 24. janúar 2002.
<https://visindavefur.is/svar.php?id=2067>
- Haraldur Hreinsson. „Guðfræði- og trúarbragðafræðideild í breyttu samfélagi.“ *Ritroð Guðfræðistofnunar* 36, nr. 56 (2023), 10–25.
<https://timarit.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/119>
- Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst, Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Hólum. „Siðareglur háskólanna um vísindarannsóknir.“ *Hi.is*, 2020.
https://www.hi.is/sites/default/files/ame18/reglur_sidanefnd_hv_5_nov_2020.pdf
- Heitink, Gerben. *Practical Theology: History, Theory, Action Domains: Manual for Practical Theology, Studies in Practical Theology*. W.B. Eerdmans Pub. Co, 1999.
- Helga Jónsdóttir. „Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð.“ Í *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*, ritstýrt af Sigríði Halldórsdóttur og Kristjáni Kristjánssyni, 67–84. Háskólaútgáfan, 2003.

- Helga Jónsdóttir. „Viðtöl í eiginlegum og megindlegum rannsóknum.“ Í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstýrt af Sigríði Halldórsdóttur, 147–170. Háskólaútgáfan, 2021.
- Hennink, Monique M., Hutter, Inge og Bailey, Ajay. *Qualitative Research Methods*. Kindle útgáfa. Sage Publications, 2011.
- Hjalti Hugason, „Trú og pólitík“, í *Kirkjublaðið*, 21. október 2024.
<https://www.kirkjubladid.is/gestaglugginn/tru-og-politik/>
- Hjalti Hugason. „Kirkja í krísu: Íslenska þjóðin mætir nútímanum.“ *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar* 12, nr. 2 (2012): 9–32.
<https://timarit.is/page/6497486#page/n29/mode/2up>
- Hjalti Hugason, „Trúarbrögð og trúarstofnanir í upphafi 21. aldar: Hlutverk og áskoranir,“ *Ritröð Guðfræðistofnunar* 22, nr. 35 (Háskóli Íslands, 2012): 58–93.
- Hjálparstarf kirkjunnar. *Starfsskýrsla 2008–2009*. Hjálparstarf kirkjunnar, 2009.
- Hjálparstarf kirkjunnar. *Starfsskýrsla 2009–2010*. Hjálparstarf kirkjunnar, 2010.
- Hrefna Friðriksdóttir. „The Nordic gay and lesbian marriage: No children allowed“. LL.M ritgerð, Harvard Law School, 1996.
- Hrefna Friðriksdóttir. „Leyfilegar og óleyfilegar fjölskyldur: Mannréttindi og lagaleg staða samkynhneigðra fjölskyldna.“ Í *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf*, ritstýrt af Rannveigu Traustadóttur og Þorvaldi Kristinssyni, 47–74. Háskólaútgáfan, 2003.
- Karl Sigurbjörnsson, *Trú.is* (blogg). <https://kirkjan.is/predikanir-og-pistlar/60efbbe1-2a11-ea11-810a-005056bc594d>
- Karl Sigurbjörnsson. *Trú.is* (blogg). <https://kirkjan.is/kirkjan/tru.is/grein/?itemid=44a6c3db-2a11-ea11-810a-005056bc594d>
- Kessler, R. C., Sonnega, A., Bromet, E., Hughes, M. og Nelson, C. B. *Posttraumatic stress disorder in the national comorbidity survey*. (Archives of General Psychiatry, . 52, 1995), 1048-1060.
- Kim, Eunjoo Mary. *Christian Preaching and Worship in Multicultural Contexts*. Kindle útgáfa. Liturgical Press, 2017.
- Kim, Eunjoo Mary. *Preaching in an Age of Globalization*. Kindle útgáfa. Westminster John Knox Press, 2010.
- Kirkjuþing. *Gerðir kirkjuþings*. Kirkjuþing 2015.
<https://timarit.is/page/6863608#page/n97/mode/2up>
- Kirkjuþing, *Gerðir kirkjuþings*. Kirkjuþing, 1997.
<https://timarit.is/page/6491228?iabr=on#page/n3/mode/2upg>

- Kirkjubing. *Gerðir kirkjubings*. Kirkjubing, 1996.
<https://timarit.is/page/6491340#page/n115/mode2up>
- Kvale, Steinar og Brinkmann, Svend. *Interviews: Learning the Craft of Qualitative Research Interviewing*. Sage Publications, 2009.
- Lartey, Emmanuel Y. „Postcolonial Studies in Practical Theology.“ Í *International Handbook of Practical Theology*, ritstýrt af Birgit Weyel, Wilhelm Gräb, Emmanuel Lartey og Cas Wepener, 661–676. De Gruyter, 2022. doi:10.1515/9783110618150-050
- Lorensen, Marlene Ringgaard., „Nyere nordisk homiletik: Empirisk vending, fremmedhed og resonans.“ *Norsk Tidsskrift for Praktisk Teologi*, nr. 37 (2020): 42–53. <https://journals.mf.no/tpt/article/view/5304/4339>
- Lorensen, Marlene Ringgaard og Johansen, Kirstine Helboe. „Homiletics in the Nordic Countries.“ *Praktische Theologie* 55, nr. 2 (2020): 88–93. doi:10.14315/prth-2020-550207
- Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir. „Réttmæti og áreiðanleiki í eiginlegum rannsóknum.“ Í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstýrt af Sigríði Halldórsdóttur, 219–236. Háskólaútgáfan, 2021.
- Merton, Robert K. „Social structure and anomie.“ *American Sociological review* 3, nr. 5 (1938): 672–682. doi:10.2307/2084686
- Mitchell, Terry, Arseneau, Courtney og Thomas, Darren. „Colonial Trauma: Complex, Continuous, Collective, Cumulative and Compounding Effects on the Health of Indigenous Peoples in Canada and Beyond.“ *International Journal of Indigenous Health* 14, nr. 2 (2019): 74–94. doi:10.32799/ijih.v14i2.32251
- Newton, Willie J. *Life-Situation Preaching for African-Americans*. Kindle útgáfa. Pickwick Publications, 2019.
- Orwell, George. *Animal Farm*. Secker and Warburg, 1945.
- Ólafur Arnarson. *Sofandi að feigðarósi*. JPV útgáfa, 2009.
- Ólafur Skúlason, Við tímamót: Hirðisbréf Ólafs Skúlasonar, Reykjavík: Skálholt, 1997.
- Páll Skúlason. „Nokkur hugtök og úrlausnarefni í túlkunarfræði.“ Í *Mál og túlkun: Safn ritgerða um mannleg fræði með forspjalli eftir Pál Skúlason*, ritstýrt af Páli Skúlasyni, 175–200. Hið íslenska bókmenntafélag, 1981.
- Pétur Pétursson. „Stofnun eða andi: Kirkjukreppur frá einveldi til lýðræðis.“ *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar* 12, nr. 2 (2012): 77–100.
- Pétur Pétursson. „Karisma og kapital: Íslenska útrásin borin saman við vakningarhreyfingu.“ Í *Þjóðarspegillinn*, ritstýrt af Helgu Ólafs og Huldu Proppé, 222–229. Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, 2010. <http://hdl.handle.net/1946/6690>

- Pétur Pétursson, „Kristnitökuhátiðin á Þingvöllum og staða þjóðkirkjunnar við þúsaldamót,“ *Ritröð Guðfræðistofnunar*, 42, nr. 1 (2016), 26–40.
- Pétur Pétursson. „Fyrir og eftir árið 2000: Félagsfræðilegar kannanir á trúarlífi Íslendinga.“ Í *Rannsóknir í félagsvísindum VI: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2005*, ritstýrt af Úlfari Haukssyni, 123–138. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005.
<https://skemman.is/bitstream/1946/8634/1/F%C3%A9lagsv%C3%ADsindab%C3%B3kin%202005.pdf>
- Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni, *Til móts við nútímann*.“ Í *Kristni á Íslandi*, IV. bindi, ritstýrt af Hjalta Hugasyni, 199–422. Alþingi, 2000.
- Pétur Sigurgeirsson, *Kirkjan öllum opin: Hirðisbréf til presta og safnaða á Íslandi*, Reykjavík: Biskupsembættið, 1986.
- Ragnheiður Harpa Arnardóttir. „Aðferðafræði meginlegra rannsókna: Yfirlit yfir helstu rannsóknarsvið.“ Í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstýrt af Sigríði Halldórsdóttur, 407–428. Háskólaútgáfan, 2021.
- Rannsóknarnefnd Kirkjubings. *Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot*. Kirkjubing, 2011.
<https://kirkjan.is/library/Samnyttar-myndir/Skrar/skyrsla-rannsoknarnefndar-kirkjuthings.pdf>
- Rydström, Jens. *Odd couples: A history of gay marriage in Scandinavia*. University of Amsterdam, 2011. doi:10.1515/9789048514854;
- Saul, Jack. *Collective trauma, Collective Healing: Promoting Community Resilience in the Aftermath of Disaster*. Taylor & Francis, 2022.
- Shils, Edward. *The constitution of society*. The University of Chicago Press, 1982.
- Sigríður Benediktsdóttir, Jón Daníelsson og Gylfi Zoëga. „Lessons from a Collapse of a Financial System.“ *Economic Policy* 26, nr. 66 (2011): 183–235. doi:10.1111/j.1468-0327.2011.00260
- Sigríður Guðmarsdóttir. „The dissemination of Vikings: Postcolonial contexts and economic meltdown.“ Í *Contextual Theology, Skills and Practices of Liberating Faith*, ritstýrt af Sigurd Bergmann og Mika Vähäkangas, 112–125. Routledge Taylor and Francis group, 2020. doi:10.4324/9780429348006-7
- Sigríður Guðmarsdóttir. „In that Vesture, Let There be Diversity: Reading Augustine at Gay Pride Reykjavík.“ *Journal of the European Society of Woman in Theological Research* 18, nr. 18 (2010), 125–136. doi:10.2143/ESWTR.18.0.2056275
- Sigríður Guðmarsdóttir. „Natur som kilde til liv.“ Í *Moder Jord i klimakteriet*, ritstýrt af Birgitta Nyrinder, 75–87. Arcus förlag, 2008.
- Sigríður Guðmarsdóttir. „Rof-Kristur og konan með blóðlátin: Tengsl Krists og samtíma af sjónarhóli Graham Wards og kvennaguðfræði.“ *Ritröð Guðfræðistofnunar* 17, nr. 25 (2007): 45–64. <https://timarit.is/page/6558848#page/n46/mode/2up>

- Sigríður Halldórsdóttir. „Yfirlit yfir eiginlegar rannsóknaraðferðir.“ Í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstýrt af Sigríði Halldórsdóttur, 191–204. Háskólaútgáfan, 2021.
- Sigríður Halldórsdóttir. „Fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferð.“ Í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstýrt af Sigríði Halldórsdóttur, 255–276. Háskólaútgáfan, 2021.
- Sigurður Kristinsson. „Grunnþættir í siðfræði rannsókna.“ Í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstýrt af Sigríði Halldórsdóttur, 99–116. Háskólaútgáfan, 2021.
- Sigurlína Davíðsdóttir. „Eiginlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir?“ Í *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*, ritstýrt af Sigríði Halldórsdóttur og Kristjáni Kristjánssyni, 219–235. Háskólaútgáfan, 2003.
- Snæfríður Þóra Egilsson og Hanna Björg Sigurjónsdóttir. „Grunduð kenning í anda félagslegrar mótunarhyggju.“ Í *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*, ritstýrt af Sigríði Halldórsdóttur, 333–348. Háskólaútgáfan, 2021.
- Sólveig Anna Bóasdóttir. *Ást, kynlíf og hjónaband*. Salka, 2008.
- Stefán Ólafsson. „Íslenska efnahagsundrið: Frá hagsæld til frjálshyggju og fjármálahruns.“ *Stjórnmal og stjórnsýsla*, nr. 2 (2008): 231–256. doi:10.13177/irpa.a.2008.4.2.6
- Stjórnarráðið, *EFTA-dómstóllinn sýknar Ísland – Icesave-málinu lokið*. Sótt 10.01.2026 af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2013/01/28/EFTA-domstollinn-syknar-Island-Icesave-malinu-lokid/>
- Svanur Kristjánsson. „Kirkjan og lýðræðishefðin.“ Í *Þjóðkirkjan og lýðræðið: Erindi frá málþingi í Skálholtsdómkirkju 23.-24. ágúst 2009*, ritstýrt af Gunnari Kristjánssyni og Skúla S. Ólafssyni, 111–120. Kjalarnessprófastsdæmi, 2009.
- Swinton, John og Harriet, Mowatt. *Practical Theology and Qualitative Research*, 2. útgáfa. SCM Press, 2016.
- Travis, Sarah. *Unspeakable: Preaching and Trauma-Informed Theology*. Kindle útgáfa. Cascade Books, 2021.
- Travis, Sarah, „Troubled Gospel: Postcolonial Preaching for the Colonized, Colonizer, and Everyone In Between.“ *Homiletic*, nr. 1 (2015): 47–55. <https://homiletic.net/index.php/homiletic/article/view/4121>
- Travis, Sarah. *Decolonizing Preaching: The Pulpit as Postcolonial Space*. Kindle útgáfa. Cascade Books, 2014.
- Waters, Tony og Waters, Dagmar, ritstj., *Weber's Rationalization and Modern Society: New Translations on Politics, Bureaucracy, and Social Stratification* (Palgrave MacMillan, 2015).
- Weber, Max. *Economy and society*. Þýtt og ritstýrt af Keith Tribe. Harvard University Press, 2019.

Weber, Max. *The Theory of Social and Economic Organization*, þýð. A. M. Henderson og Talcott Parsons. Oxford University Press, 1947.

Wendt, Alexander. „Anarchy is what States Make of it.“ *The Social Construction of Power Politics: International Organization* 46, nr. 2 (1992): 391–425.
doi:10.1017/S0020818300027764

Póroddur Bjarnason. „Anomie along European Adolescents: Conceptual and Empirical Clarification of a Multilevel Sociological Concept.“ *Sociological forum* 24, nr. 1 (2009): 135–161. doi:10.1111/j.1573-7861.2008.01089.x

Pórunn Valdimarsdóttir. „Til móts við nútímann: Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar.“ Í *Kristni á Íslandi*, IV. bindi, ritstýrt af Hjalta Hugasyni, 11–195. Alþingi, 2000.